


skoðun 28




## Ný og látlaus fatalína

*Útskrifaðist úr skólanum sem fóstrar Project Runway*

**allt** 4

## Leita að arftaka Stiegs

*Bókaforlög reyna að selja næsta Stieg Larsson.*

**fólk** 54




# FRÉTTABLAÐIÐ

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

**Fimmtudagur**

**2. desember 2010**
283. tölublað 10. árgangur
Sími: 512 5000




## Samstaða mikilvæg

*Logi Már Einarsson er nýkjörinn formaður Arkitektafélagsins.*

**tímamót** 38

## Fjórar tilnefndar

*Fjórar konur hljóta tilnefningu til Íslensku bókmenntaverðlaunanna.*

**menning** 44



## Fram upp í 2. sætið

*Fram vann sinn sjötta sigur í röð í N1 deild karla í gær.*

**sport** 62

### veðrið í dag




**LÉTTIR TIL** Í dag má búast við norðlægum áttum, 3-8 m/s en hvassara við S- og SA-ströndina. Horfur eru á stöku éljum við suðaustur og austurströndina en annars verður bjart með köflum.

**VEÐUR** 4

# Íslenskt fyrirtæki vill selja þúsund rafjeppa hér á landi

**Íslenska fyrirtækið NLE hefur skrifað undir viljayfirlýsingu um sölu á þúsund rafjeppum á Íslandi. Til greina kemur að bílarnir verði settir saman hérlendis. Ætla að fá 300 fyrirtæki til að taka þátt í þjóðarátaki.**

**SAMGÖNGUMÁL** Íslenska þróunarfélagið Northern Lights Energy (NLE) hefur skrifað undir viljayfirlýsingu við bandaríska fyrirtækið AMP Electric Vehicles um sölu á eitt þúsund rafjeppum hér á landi á næstu fimm árum. Verkefnið er hluti af þjóðarátaki um rafbílavæðingu Íslands sem NLE stendur að.

Gísli Gíslason, stjórnarformaður NLE, segir stefnuna ekki einungis vera að flytja 200 rafjeppa til landsins á hverju ári heldur sé stefnt að því að þeir verði settir saman á Íslandi. „Það er mjög líklegt að AMP setji upp samsetningarverksmiðju hér á Íslandi. Það er ekki eins flókið og menn halda. Við fáum svo vonandi fyrstu bílana strax í janúar.“

Gísli útskýrir að samsetningu bílanna megi líkja við módelsmíði. Íslendingar muni hins vegar setja bílana saman, en það skapi störf og spari gjaldeyri.

Sighvatur Lárusson, framkvæmdastjóri NLE, segir að félagið velji sér verkefni sem „hafa samfélagslega ábyrgð, skipta máli og hafa langtíma virkni. Stærsta verkefnið okkar er þjóðarátak um rafbílavæðingu Íslands og samningurinn við AMP er einn hlutinn af því verkefni, enda þurfum við að tryggja komu rafbíla hingað til lands svo það gangi upp“.

Þátttakendur í þjóðarátakinu eru nú þegar fimmtíu stofnanir og fyrirtæki. Umhverfisráðuneytið er þar á meðal. „Við stefnum á að fá á næstu mánuðum allt að 300 fyrirtæki og stofnanir til að taka þátt í þjóðarátakinu,“ segir Sighvatur.

Pöntun á þúsund bílum hingað til lands er ein sú stærsta sem hefur verið gerð á heimsvísu, skrifar Jim Motavalli á netmiðil CBS fréttastofunnar bnet.com., en Motavalli skrifar að jafnaði fyrir The New York Times. Í grein hans kemur fram að Steve Burns, stjórnarformaður AMP, telji Ísland hafa einstakt tækifæri til að verða fyrsta landið þar sem rafbílavæðing geti haft mikla samfélagslega þýðingu. Þúsund stórir rafbílar hafi augljóslega mikla þýðingu í landi þar sem um 210 þúsund bílar séu á götunum. Ekki heillast þeir félagar minnst af því að aðeins þarf 50 megavött til að knýja alla bíla hér á landi ef þeim yrði öllum skipt út í allsherjar rafbílavæðingu. Það jafngildir þriðjungi af orkuframleiðslu Blönduvirkjunar. **- shá**

### Rafjeppinn

- Fer allt að 240 kílómetra á hverri hleðslu.
- Nær 100 kílómetra hraða á innan við sjö sekúndum.
- Hámarkshraði læstur í 150 kílómetrum á klukkustund.
- Fimm klukkustundir tekur að fullhlaða rafhlöðuna ef hún er tóm



**Á KAFI Í SNJÓ** Óvenju mikil snjókoma hefur verið í Frakklandi og víðar í Evrópu sem hefur sett allar samgöngur úr skorðum. Í borginni Lyon í Frakklandi þurfti að aflýsa 116 flugum auk þess sem tíu þúsund vörubílar komust ekki leiðar sinnar. Þessir krakkar létu það þó ekki á sig fá og skemmtu sér konunglega fyrir framan parísarhjólið í Bellecour í Lyon. NORDICPHOTOS/AFP

Fara gegn bankastjórunum:

## Segir engan kaupa friðhelgi

**VIÐSKIPTI** Ekki er útilokað að slitastjórn Landsbankans sæki bætur til Björgólfsfeðga og fyrrverandi bankaráðs gamla Landsbankans vegna ákvarðana og lánveitinga í aðdraganda bankahrunsins.



**HERDÍS HALLMARSDÓTTIR**

Tveir fyrrverandi bankastjórar og forstöðumaður fyrirtækjasviðs bankans hafa verið krafðir um tugi milljarða vegna vanrækslu í starfi. Ekki er útilokað að bætur verði sömuleiðis sóttar til endurskoðenda bankans.

„Enginn getur keypt sér friðhelgi,“ segir Herdís Hallmarsdóttir, sem sæti á í slitstjórn Landsbankans. **- jab /** **sjá síðu 24**

Íslendinga þyrstir í jólatónleika og metfjöldi fer á Frostrósir og Jólagesti Björgvins:

## Þrjú hundruð milljónir í jólatónleika

**FÓLK** Um 39 þúsund Íslendingar eyða samtals 300 milljónum króna í miða á Frostrósir og Jólagesti Björgvins Halldórssonar, samkvæmt útreikningum Fréttablaðsins. Þetta verður að teljast algjört einsdæmi í íslenskri tónleikasögu. Bæði Jólagestir og Frostrósir verða með ferna tónleika í Laugardalshöllinni og er nánast uppselt á þá alla. Þá mun Frostrósagengið halda 21 tónleika úti á landsbyggðinni, þar af sex í menningarhúsi Norðurlands, Hofi.

Algjört jólatónleikaæði virðist hafa gripið Íslendinga því það seldist upp á tvenna aðventutónleika Baggalúts fyrir norðan án þess að þeir væru auglýstir að ráði. Þá gengur vel að selja miða á jólatónleika Sigríðar Beinteinsdóttur í Grafarvogskirkju, Helga Möller verður með jólatónleika í Laugarneskirkju um miðjan mánuðinn og svo verða 33. Jólasöngvar Kórs Langholtskirkju á sínum stað. **- fgg /** **sjá síðu 70**










SPURNING DAGSINS



*Birkir, eru FH-ingar núna Hafnfirðingabrandarinn?*

**„Nei, þetta var okkar rimma síðast, en sú næsta verður eflaust jafnari.“**

Birkir Ívar Guðmundsson átti stórleik í marki Hauka þegar þeir unnu stórsigur á erkifjendunum í FH í fyrradag.

Niðurstöður nýrrar rannsóknar hjálpa til við greiningu á blöðruhálskirtilskrabbameini:

# Lengd fingra segir til um áhættuna

**HEILBRIGÐISMÁL** Lengd fingra karla getur gefið vísbendingu um hversu hætt þeim er við að fá krabbamein í blöðruhálskirtil. Breska ríkisútvarpið BBC greinir frá því að þetta megi lesa úr nýrri rannsókn sem birt var í læknaritinu British Journal of Cancer Study.

Rannsóknin leiddi í ljós að karlar sem eru þannig vaxnir að vísifingur þeirra er lengri en baugfingurinn séu mun ólíklegri til að fá krabbamein í blöðruhálskirtil.

Niðurstaða rannsóknarinnar var fengin með því að bera saman hendur fimmtán hundruð sjúklinga með krabbamein í blöðruhálskirtli og þrjú þúsund heilbrigða karla.

Fram kemur í umfjöllun BBC að lengd fingra sé fastsett fyrir fæðingu og talið að hún tengist magni hormóna í móðurkviði.

Minna magn testósteróns fyrir fæðingu gerir það að verkum að vísifingur verður lengri og getur um leið orðið til þess að líkaminn myndar síður krabbamein í blöðruhálskirtli síðar á ævinni, segja aðstandendur rannsóknarinnar við Warwick-háskóla og Stofnun krabbameinsrannsókna í Bretlandi.

Prófessor Ros Eeles, einn höfunda rannsóknarinnar, sagði niðurstöðuna kalla á frekari rannsóknir, en yrðu þær staðfestar þá myndi fingramæling geta orðið einföld mæling á krabbameinshættu. **- óká**



**HANDÞVOTTUR** Hlutfallsleg lengd fingra er sögð ráðast af magni hormóna í móðurkviði. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



**BYGGINGARKRANI** Víða á höfuðborgarsvæðinu standa byggingarkranar sem ekki eru í notkun.

Tekið á krönum í Hafnarfirði:

## Vilja kortleggja ónotaða krana

**HAFNARFJÖRÐUR** Skipulags- og byggingarráð Hafnarfjarðar ætlar að láta athuga á hvaða stöðum í bænum byggingarkranar eru uppistandandi sem ekki eru í notkun.

Ráðið samþykkti einnig að leggja til við bæjarstjórn að lagðar yrðu dagsektir á fyrirtækið Mótás, fjarlægði það ekki byggingarkrana af lóðinni á Hvaleyrarbraut 26.

Fyrirtækið hafði óskað eftir því að hafa kranann á lóðinni í nokkra mánuði til að ráða þar efni. Ráðið sagði hins vegar að uppsetning kranans væri ekki í tengslum við neinar framkvæmdir og því bæri að fjarlægja hann. **- gar**

HJÁLPARSTARF

### Prjónahópur endurvakinn

Prjónahópur Rauða krossins í Hveragerði hefur verið endurvakinn, að því er fram kemur á vef Rauða kross Íslands. „Á fyrsta hittingi mættu níu galvaskar konur,“ segir þar en hittast á hálfsmánaðarlega, á miðvikudagskvöldum klukkan átta. „Á fyrstu kynningu var Örn Guðmundsson, varaformaður deildarinnar, með sýnikennslu á hvernig jólasería er búin til úr þæfðri ull.“

# Gnýr og slysahætta af hraðakstri í þjóðgarði

**Vegagerðin og Þingvallanefnd ætla að draga úr miklum hraðakstri sem Ólafur Örn Haraldsson þjóðgarðsvörður segir fylgja nýjum vegi um Lyngdalsheiði. Hraðanum fylgi slysahætta, mengun og hávaði sem spilli friðsæld Þingvalla.**

**UMFERÐ** „Eftir að nýi Lyngdalsheiðarvegurinn milli Þingvalla og Laugarvatns var opnaður hefur hraði og hávaði frá umferð aukist mikið í þjóðgarðinum og um leið slysahætta,“ segir Ólafur Örn Haraldsson, þjóðgarðsvörður á Þingvöllum.

Nýr vegur yfir Lyngdalsheiði var tekinn í notkun í haust. Í stað þess að beygt væri af þeim vegi á gatnamótum inn á Gjábakkaveg sem liggur inn í friðlandið eru vegirnir tveir nú í beinu framhaldi hvor af öðrum.



**ÓLAFUR ÖRN HARALDSSON**

„Vegir beggja vegna þjóðgarðsins bera 90 kílómetra hraða og greinilegt er að bílstjórar þurfa að stilla sig þegar í þjóðgarðinn kemur og aka þar á löglegum 50 kílómetra hraða. Vegurinn gegnum þjóðgarðinn er mjög mjór og hlykkjóttur og útsýni afar takmarkað af hrauni og kjarri. Jafnframt þessu eru nokkur útskot og útsýnisstaðir þröngir og þar leynast bílar og fólk á ferli. Lítið þarf því út af að bera til að slys verði á veginum,“ segir Ólafur, sem kveður mestu hættuna vera austanmegin, í nágrenni Hrafnagjár.

Vegagerðin og Þingvallanefnd hafa að sögn Ólafs með sér náið samstarf um aðgerðir til að draga úr umferðarhraða í þjóðgarðinum. Hann segir að gripið verði til margvíslegra ráðstafana í því skyni næsta vor.

Ólafur bendir á að kyrrð og friðsæld sé meðal þess sem eftirsóknarverðast sé í þjóðgarðinum. „Nú hafa orðið mikil umskipti þegar umferðin er mest í gegnum hann, ekki síst um helgar, en einmitt þá er flest fólk í þjóðgarðinum og vill njóta einstakrar náttúrufegurðar umhverfis Þingvallavatn,“ segir hann.

Gerð nýja vegarins um Lyngdalsheiði var nokkuð umdeild þegar hann var í undirbúningi. Vísindamenn bentu á hættu á mengun frá umferð sem smám saman myndi leita út í Þingvallavatn. „Það drægi enn frekar úr gæðum vatnsins en verulega hefur dregið úr tærleika vatnsins á undanförnum árum. Mengun frá umferð eykst með auknum hraða og er því enn ríkari ástæða til að ekið sé á löglegum hraða um þjóðgarðinn,“ segir þjóðgarðsvörður. **gar@frettabladid.is**

**Nýr vegur og hámarkshraði í friðlandinu**






**OFAN AF LYNGDALSHEIÐI** Beinn og breiður vegur liggur nú af Lyngdalsheiði inn í friðlandið á Þingvöllum. Þjóðgarðsvörður segir ökumenn gleyma að draga úr hraðanum þegar komið sé inn á Gjábakkaveg. MYND/EINAR SÆMUNDSEN

Framtíðarsýn í Mosfellsbæ:

## Bærinn verði heilsumiðstöð

**SVEITARSTJÓRNIR** Þróunar- og ferðamálanefnd Mosfellsbæjar leggur til að sveitarfélagið taki þátt í einkahlutafélagi um heilsuklasa í bænum.

„Framtíðarsýn klasans, sem hefur vinnuheitið „Heilsuvin í Mosfellsbæ“ er að Mosfellsbær verði þekktur sem miðstöð heilsueflingar og heilsutengdrar ferðaþjónustu á Íslandi með fjölbreytta starfsemi á sviði lýðheilsu, heilsueflingar og endurhæfingar,“ segir í minnisblaði þar sem enn fremur kemur fram að tilgangurinn sé að tvöfalda umfang heilbrigðisstarfsemi í bænum. Gert er ráð fyrir að hlutafjárframlag Mosfellsbæjar verði að hámarki þrjár milljónir af því hlutafé sem safnist á næsta ári. **- gar**

SI kannar raforkuverð:

## Dreifing hefur hækkað meira

**IÐNAÐUR Dreifing raforku hefur hækkað meira í verði en raforka frá árinu 2005, þegar samkeppni í orkusölu komst á. Þetta kemur fram í athugun sem Efla verkfræðistofa hefur gert fyrir Samtök iðnaðarins (SI).**



**BRYNDÍS SKÚLADÓTTIR**

**Í frétt á vef SI er haft eftir Bryndísi Skúladóttur, forstöðumanni umhverfismála hjá SI, að niðurstöðurnar sýni mikinn mun á verði milli dreifiveitusvæða. Hún bendir á að dreifing raforku sé sérleyfisstarfsemi sem lúti eftirliti Orkustofnunar. Þróunin veki upp spurningar um hvort tekjurammar hafi virkað eins og til hafi verið ætlast. - óká**

Ókeypis heyrnarmæling
úrvals heyrnartæki
og afbragðs þjónusta!
HEYRNARSTÖÐIN
Læknastöðin, Kringlunni • Sími 568 7777 • heyrnarstodin.is

Hægari skógareyðing þökkuð átaki í að framfylgja umhverfislöggjöf í Brasilíu:

# Skógareyðing ekki minni í 22 ár

**BRASILÍA** Eyðing Amazon-regnskógarins hefur ekki verið hægari í 22 ár, að því er fram kemur í gögnum frá ríkisstjórn Brasilíu.

Izabella Teixeira, umhverfisráðherra Brasilíu, segir gervihnattamyndir sýna eyðingu skóga sem nemi 6.450 ferkílómetrum frá því í ágúst 2009 til júlí 2010. Það mun vera fjórtán prósentum minni skógareyðing en ári fyrr. Skekkjumörk í mælingunni eru þó nokkur, eða tíu prósent.

Geimrannsóknastofnunin sem tók myndirnar segir í tilkynningu að eyðing skóganna hafi ekki verið minni frá árinu 1988.

„Skógareyðingin hefur ekki verið minni í sögu Amazon og við erum staðföst í þeirri viðleitni okkar að draga enn frekar úr henni,“ sagði Teixeira í gær á ráðstefnu Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar, sem fram fer í Cancun í Mexíkó. Á fréttavef breska ríkisútvarpsins BBC er eftir henni haft að nýju tölurnar séu „frábærar“. Teixeira segir stjórnvöld í Brasilíu stefna að því að ná skógareyðingu Amazon-regnskógarins niður í 5.000 ferkílómetra á ári fyrir árið 2017.

Árangurinn sem nýju loftmyndirnar sýna segja brasilísk stjórnvöld að megi þakka átaki í að framfylgja umhverfislöggjöf landsins. **- óká**



**BRUNNINN REGNSKÓGUR** Ársgömul mynd af brunnum skógi í ólöglegri landnemabyggð í norðurhluta Brasilíu. NORDICPHOTOS/AFP


JÓNSSON & LE'MACKS • jl.is
Kringlan
Ein gjöf til...
Pakkasöfnun og piparkökuleikur
Taktu þátt í góðgerðarsöfnun á jólagjöfum undir jólatré Kringlunnar í samstarfi við Mæðrastyrksnefnd og Fjölskylduhjálp Íslands. Pósturinn kemur pökkum af landsbyggðinni undir tréð þér að kostnaðarlausu.
Piparkökuleikur Kringlunnar, Ljóma og Hagkaups til styrktar Barnaspítala Hringsins er í fullum gangi. Tekið er á móti piparkökum á þjónustuborði til 10. desember. Vegleg verðlaun.
Nánari upplýsingar á kringlan.is
KOMIN Í JÓLASKAP
Opið til 21 í kvöld
Mán - mið 10-18:30, fim 10-21, fös 10-19, lau 10-18, sun 13-18 | Sími 517 9000

## GENGIÐ 01.12.2010

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 116,28 | 116,84 |
| Sterlingspund | 181,73 | 182,61 |
| Evra | 152,11 | 152,97 |
| Dönsk króna | 20,409 | 20,529 |
| Norsk króna | 18,879 | 18,991 |
| Sænsk króna | 16,642 | 16,740 |
| Japanskt jen | 1,3874 | 1,3956 |
| SDR | 177,73 | 178,79 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
206,187

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Aukin bílasala í Bandaríkjunum er sögð vita á gott fyrir efnahagsbata í landinu:

# Sala Hyundai jókst um 45 prósent

**BANDARÍKIN, AP** Allir helstu bílaframleiðendur, að Toyota undanskildum, hafa greint frá mikilli söluaukningu nýrra bíla í nýliðnum mánuði. Þróunin er sögð til marks um hægan bata bílaiðnaðarins vestra.

Ford, General Motors, Chrysler, Nissan, Hyundai og Honda hafa greint frá söluaukningu upp á tugi prósentna. Toyota, sem hefur ítrekað þurft að kalla inn bíla vegna galla, greinir frá samdrætti í sölu.

Greinendur segja að sölutölurnar, að viðbættum góðum sölutölum frá í október, bendi til þess að neytendur sem haldið hafi störfum sínum í yfirstandandi efnahagsþrengingum séu nú nægilega bjartsýnir á framtíðina til þess að eyða peningum og uppfæra bílakost sinn.

Þróunin er sögð boða gott fyrir almennan efnahagsbata, því þegar stjórnendur fyrirtækja sjái merki um aukna neyslugleði fólks þá aukist vilji þeirra til að ráða meira starfsfólk, en atvinnuleysi í Bandaríkjunum er sagt hafa hamlað efnahagsbata þar mánuðum saman.

Mesta söluaukningin var hjá Hyundai sem seldi 45 prósentum fleiri bíla í nóvember í ár, miðað við sama tíma í fyrra. Í öðru sæti er Nissan með söluaukningu upp á 27 prósent. **- óká**



**NÝIR BÍLAR** 2011 árgerð Cherokee jeppa á bílasölu í Bandaríkjunum. Chrysler Group hefur aukið sölu sína frá ári til árs, átta mánuði í röð. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Hæstiréttur staðfestir úrskurð:

# Árásarmaður áfram inni

**DÓMSMÁL** Hæstiréttur hefur staðfest úrskurð Héraðsdóms Reykjavíkur þess efnis að Þorvarður Davíð Ólafsson, sem réðst á föður sinn, Ólaf Þórðarson tónlistarmann, 14. nóvember síðastliðinn og stórslasaði hann skuli sæta gæsluvarðhaldi til 27. desember.

Í úrskurði Hæstaréttar kemur fram að maðurinn hafi játað árásina. Hann kveðst hafa neytt kókaíns áður en hann réðist á Ólaf. Þorvarður Davíð mun gangast undir geðrannsókn vegna málsins. **- jss**

Bankarnir græða 35 milljarða:

# Íslandsbanki hagnast um 13,2 milljarða

**VIÐSKIPTI Íslandsbanki hagnaðist um 13,2 milljarða króna á fyrstu níu mánuðum ársins, þar af um tæpa 4,9 milljarða á þriðja ársfjórðungi, samkvæmt óendurskoðuðu uppgjöri.**

**Eiginfjárhlutfall bankans var 22,6 prósent í septemberlok samanborið við 19,8 prósent í lok síðasta árs. Fjármálaeftirlitið setur bönkunum 16 prósenta eiginfjárhlutfall.**

**Viðskiptabankarnir þrír hafa nú skilað uppgjöri fyrir fyrstu níu mánuði ársins. Hagnaður þeirra eftir skatt nam samtals 35 milljörðum króna.** **- jab**

# Leikskólagjöld hækka mest

**Útreikningar sjálfstæðismanna sýnir að í fjárhagsáætlun borgarinnar geti árskostnaður fjölskyldu með þrjú börn hækkað um nær 100 þúsund krónur. Meirihlutinn segir borgina bjóða upp á lægstu leikskólagjöldin.**

**REYKJAVÍK** Kostnaður vegna leikskóla og grunnskóla hjá reykvískri fjölskyldu með þrjú börn, gæti hækkað um nær 100 þúsund krónur á ári samkvæmt útreikningum borgarstjórnarflokks Sjálfstæðismanna.



HANNA BIRNA KRISTJÁNSDÓTTIR



DAGUR B. EGGERTSSON

Sjálfstæðismenn átelja harðlega þá leið sem meirihluti Besta flokksins og Samfylkingar ákvað að fara til að brúa um fimm milljarða bil milli tekna og gjalda borgarinnar. Í fjárhagsáætlun er gert ráð fyrir að sækja 919 milljónir með hækkun á gjaldskrá.

Í útreikningum sem miða við að tvö börn séu í leikskóla og eitt í grunnskóla hafa hækkanir á leikskólagjöldum og lækkun systkinaafsláttar í för með sér hækkun um rúmar 70 þúsund krónur. Ofan á það koma hækkanir á skólamat og frístundaskóla upp á 27 þúsund krónur.

Hanna Birna Kristjánsdóttir, oddviti sjálfstæðismanna, segir að ef litið sé til hækkana á sköttum og gjöldum sjái fjölskyldur fram á allt að 100 til 150 þúsunda króna hækkun á útgjöldum frá þessu ári til þess næsta.

„Við erum að miða við venjulegar barnafjölskyldur í Reykjavík þar sem þetta kemur hvað harðast niður. Við miðum út frá tölum Hagstofunnar um meðallaun og meðalíbúðaverð, en það eru margir kostnaðarliðir sem meirihlutinn er að bæta við, sem við tökum ekki inn í þennan reikning.“

**75%** Afsláttur af leikskólagjöldum í Reykjavík fyrir annað og þriðja barn. Var áður 100 prósent.

Hanna Birna segir hækkanir meirihlutans á þjónustugjöldum margar vera tilviljanakenndar.

„Sumar hækkanir teljum við hófsamar til dæmis þar sem hækkað er um fimm til sjö prósent, en þegar þú ert farinn að hækka um 20 prósent við frístundaheimilin og þjónustu við eldri borgara upp í 45 eða jafnvel 88 prósent á einstaka þjónustu þá er það orðið meira en hóflegt.“

Dagur B. Eggertsson, formaður borgarráðs, segir í samtali við Fréttablaðið að ef ekki hefði verið ráðist í hækkanir í leikskólum hefði þurft að skera niður annars staðar.

„Okkur finnst þetta ekki ósanngjörn breyting því að það er enn verulegur afsláttur fyrir þá sem eru með fleiri en eitt barn. Miðað við önnur sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu erum við enn með langlægstu leikskólagjöldin, þó við séum fyrst og fremst að horfa til þess að þeim sé dreift á sanngjarnan hátt.“

Dagur segir að borgin sé í erfiðri aðstöðu sem verði að bregðast við. „Við erum að reyna að vinna úr málum með eins miklu raunsæi og sanngirni og hægt er.“

**thorgils@frettabladid.is**



**HÆKKAÐ Á LEIKSKÓLUM** Meirihlutinn í Reykjavík fyrirhugar að hækka leikskólagjöld og lækka systkinaafslátt. Myndin er frá leikskólanum Hofi. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

### Áhrif hækkana skatta og gjalda á fjölskyldu í Reykjavík:

**Útreikningar borgarstjórnarflokks Sjálfstæðisflokksins**

| | 2010 | Árskostnaður | 2011 | Árskostnaður |
|---|---|---|---|---|
| Leikskólagjöld - barn 1 | 20.655 | 227.205 | 21.760 | 239.360 |
| Leikskólagjöld - barn 2 | 100% | 0 | 75% | 59.840 |
| Skólamáltíðir | 5.000 | 52.500 | 5.500 | 57.750 |
| Sorphirða | 16.300 | 16.300 | 21.300 | 21.300 |
| Fasteignaskattur | 0,214% | 51.360 | 0,225% | 48.600 |
| Lóðaskattur | 0,08% | 2.880 | 0,165% | 5.346 |
| Útsvar | 13,03% | 1.050.739 | 13,20% | 1.064.448 |
| OR gjöld | 8.800 | 105.600 | 11.200 | 134.400 |
| Frístund | 8.365 | 87.833 | 10.038 | 105.399 |
| Síðd.hressing Frístund | 2.150 | 22.575 | 2.580 | 27.090 |
| Samtals | | 1.616.992 | | 1.763.533 |

Mismunur frá fyrra ári: 146.542

Borgarstjórnarflokkur Sjálfstæðisflokks gengur í þessu dæmi út frá því að um sé að ræða hjón með þrjú börn, þar af tvö á leikskóla og eitt í grunnskóla. Heildarlaun hjónanna eru 700.000 krónur samtals. Fasteignamat húsnæðis lækkar úr 24 milljónum króna niður í 21,6 milljónir í ár. Lóðaverð fer úr 3,6 milljónum niður í 3,24 milljónir.

### ÖLFUS

**Áfram hámarksútsvar**

Útsvarshlutfall í sveitarfélaginu Ölfusi verður áfram í hámarki á næsta ári, eða 13,28 prósent. Sveitarstjórnin gerir þó fyrirvara um að álagningarhlutfallið verði 14,48 prósent ef af tilfærslu þjónustu við fatlaða frá ríki til sveitarfélaga verður.

### VEGAGERÐ

**Múlagöng lokuð**

Múlagöng verða lokuð í tvær nætur vegna viðgerða. Fyrsta lokun var í nótt og sú seinni verður í kvöld, að því er fram kemur á vef Vegagerðarinnar. Lokunin stendur frá miðnætti og til klukkan sex að morgni.

### LEIÐRÉTTING

Í fréttaskýringu um Árbótarmálið á síðu 18 í blaðinu í gær var sagt að starfsmaður heimilisins hefði verið dæmdur fyrir kynferðisbrot í október í fyrra. Hið rétta er að hann var dæmdur síðastliðinn október. Hann var hins vegar ákærður í september í fyrra.






## VEÐURSPÁ



**Soffía Sveinsdóttir** veðurfréttamaður

**KÓLNAR Á NÝ** Í dag lækkar hitastigið á landinu og búast má við svölu veðri næstu daga. Horfur eru á nokkuð björtu veðri, einkum S-til. Við austurströndina má búast við éljum en að öðru leyti verður úrkomulítið að mestu. Fram undan eru því svalir hægviðrisdagar.



**Á MORGUN** 10-15 m/s SA-til, annars hægviðri.

**LAUGARDAGUR** Hægur vindur um allt land.

**HEIMURINN**

| | |
|---|---|
| Alicante | 15° |
| Basel | 4° |
| Berlín | -7° |
| Billund | 0° |
| Frankfurt | -6° |
| Friedrichshafen | -3° |
| Gautaborg | 1° |
| Kaupmannahöfn | 1° |
| Las Palmas | 21° |
| London | 1° |
| Mallorca | 14° |
| New York | 6° |
| Orlando | 17° |
| Ósló | -8° |
| París | -3° |
| San Francisco | 13° |
| Stokkhólmur | 1° |

Vindhraði er í m/s. Hitastig eru í °C. Gildistími korta er um hádegi.

**AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jón Laufdal *jonl@frettabladid.is* **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Hendrik Sigurðsson *hendrik@frettabladid.is*, Guðmundur Steinsson *gudmundurs@365.is*, Laila Awad *laila@365.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is*, Sigmundur Halldórsson *sigmundur@frettabladid.is* **ALLT SÍMI 512-5402:** Jóna María Hafsteinsdóttir *jmh@365.is*, Henný Árnadóttir *henny@365.is*, Þórdís Hermannsdóttir *thordish@365.is* **SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5016:** Sigríður Hallgrímsdóttir *sigridurh@frettabladid.is*, Hlynur Þór Steingrímsson *hlynurs@365.is*, Bjarni Þór Sigurðsson *bthor@365.is*, Benedikt Freyr Jónsson *benediktj@365.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Sigurlaug Aðalsteinsdóttir *sigurlaug@365.is*, Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is*, Guðný Gunnlaugsdóttir *gunny@365.is*


2 stk.
JÓLASTJÖRNUR
STÓRAR OG FLOTTAR
1.499,-
JÓLIN KOMA
JÓLABLAÐIÐ ER KOMIÐ TIL ÞÍN!
1.490,-
LÆGSTA LÁGA VERÐ HÚSASMIÐJUNNAR*
Aðventuljós úr tré
5899631-3
999,-
Silkirósir
24 stk í búnti
rauðar, hvítar,
appelsínugular,
bleikar,
12478501
Töfrasproti
180W
1850030
1.990,-
LÆGSTA LÁGA VERÐ HÚSASMIÐJUNNAR*
3.990,-
LÆGSTA LÁGA VERÐ HÚSASMIÐJUNNAR*
Blandari
Bomann, 500W
1850037
1.799,-
LÆGSTA LÁGA VERÐ HÚSASMIÐJUNNAR*
JÓLASERÍUR
Verð frá
239,-
LÆGSTA LÁGA VERÐ HÚSASMIÐJUNNAR*
MINI-KERZENLICHTERKETTE NIEDERVOLT
GUIRLADE DE MINI BOUGIES-BASSE TENSION
LOW VOLTAGE MINI CANDLE LIGHT SET
CATENA A PICCOLE CANDELE-BASSO VOLTAGEGIO
699,-
LÆGSTA LÁGA VERÐ HÚSASMIÐJUNNAR*
Grenilengja
20x2.74 mtr
2718500
HÚSASMIÐJAN
JÓLABLAÐIÐ 2010
Prinsessa
Margir kjólar.
5857588
HÚSASMIÐJAN
JÓLABLAÐIÐ ER KOMIÐ ÚT!
blómaval
*Vörur merktar "Lægsta lága verð Húsasmiðjunnar" er lægsta verð sem Húsasmiðjan býður á viðkomandi vörum á hverjum tíma. Húsasmiðjan leggur sig fram um að bjóða alltaf lágt verð en ábyrgist ekki að "Lægsta lága verð Húsasmiðjunnar" sé alltaf lægsta verð á markaðnum.

**KJÖRKASSINN**



*Ertu ánægð(ur) með niðurstöðu stjórnlagaþingskosninganna?*

| | |
|---|---|
| JÁ | 45,1% |
| NEI | 54,9% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Telur þú starf stjórnlagaþingsins mikilvægt?*

Segðu þína skoðun á visir.is

vísir

Norður-Kóreumenn hafa harðlega gagnrýnt heræfingar Bandaríkjanna og Suður-Kóreu:

# Kínverjar hvetja til sex ríkja viðræðna

**SUÐUR-KÓREA, AP** „Ég veit að það varð mannfall sunnanmegin,“ sagði Choe Song-il, norðurkóreskur hermaður sem fenginn var til að fylgja fréttamönnum til þorpsins Panmunjom á hlutlausa landsvæðinu milli Norður- og Suður-Kóreu. „Ég vona að aldrei aftur komi til hernaðarátaka af þessu tagi milli norðurs og suðurs.“

Sáttatónninn í orðum hans stakk nokkuð í stúf við harðorðar yfirlýsingar norðurkóreskra stjórnvalda undanfarið, sem hafa hótað stríði verði Suður-Kórea með hernaðartilburði af hvaða tagi sem er á landi eða hafsvæði því sem Norður-Kórea gerir tilkall til.

Sameiginlegar heræfingar Bandaríkjanna og Suður-Kóreu hafa verið sunnar í hafinu. Norður-Kóreumenn hafa harðlega gagnrýnt þessar heræfingar, þótt þær hafi einkum snúist um að prófa samskiptakerfi og engum skotum hafi verið hleypt af.

Kínastjórn hvetur nú til þess að sex ríkja viðræður hefjist að nýju um að Norður-Kórea fái eldsneyti og aðstoð í skiptum fyrir kjarnorkuafvopnun. Norður-Kórea hefur áður gripið til hernaðaraðgerða og hótana, en látið af þeim þegar viðræður um aðstoð hefjast.

Bandaríkjamenn, Suður-Kórea og Japan, sem hafa tekið þátt í viðræðum ríkjanna sex ásamt Norður-Kóreu, Kína og Rússlandi, hafa þó verið treg til að fallast á viðræður að þessu sinni. **- gb**



**CHOE SONG IL** Norður-kóreskur hermaður í viðtali við vestræna fjölmiðla. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Tilkynningum fjölgar lítillega:

## Fleiri barnaverndarmál í dreifbýlinu

**FÉLAGSMÁL** Tilkynningum til barnaverndarnefnda fjölgaði um rúmlega eitt prósent fyrstu níu mánuði þessa árs samanburðið við sama tíma í fyrra. Fram kemur á vef Barnaverndarstofu að fjölgunin sé minni en var í samanburði fyrstu þriggja og sex mánaða áranna 2009 og 2010. Fjölgun þá var um þrjú prósent.

„Tilkynningum fækkaði um tæplega tvö prósent á höfuðborgarsvæðinu, en fjölgunin á landsbyggðinni var tæplega sjö prósent,“ segir í frétt Barnaverndarstofu.

Tilkyningarnar fyrstu níu mánuði ársins varða 5.773 börn. Tæpur helmingur er vegna áhættuhegðunar, en 31,3 prósent vegna vanrækslu. **- óká**

Vilja nýja aðferðafræði:

## Betra að líta á sprautufíkla sem sjúklinga

**FÉLAGSMÁL** Alþjóða Rauði krossinn telur að hægt sé að draga verulega úr útbreiðslu alnæmis ef sprautufíklar séu meðhöndlaðir sem sjúklingar frekar en afbrotamenn. Í skýrslu sem gefin var út í tilefni af alþjóðlega alnæmisdeginum 1. desember kemur fram að meðan dregið hafi úr nýsmitun alnæmis í Afríku hafi hún aukist mikið meðal sprautufíkla um heim allan.

„Í skýrslunni er sagt að stjórnvöld hafi brugðist þessum hópi með því að dæma fólk í fangelsi í stað þess að veita sprautufíklum betri aðgang að heilbrigðiskerfinu,“ segir á vef Rauða kross Íslands og tiltekið að Rauði krossinn líti á mikla aukningu alnæmissmits meðal sprautufíkla sem almennt heilbrigðisvandamál. **- óká**

# Óhagstæð skattalög stöðva gagnaverin

**Frumvarp sem ætlað var að jafna stöðu gagnavera hér og í ríkjum ESB kemst ekki nærri því markmiði segja samtök gagnavera. Ekki hægt að selja þjónustuna þar til lögunum hefur verið breytt segir stjórnarformaður Verne Holding.**

**EFNAHAGSMÁL** Gera þarf miklar breytingar á frumvarpi fjármálaráðherra til að það nái því markmiði að gera samkeppnisstöðu gagnavera hér á landi sambærilega við gagnaver í ríkjum Evrópusambandsins, segir Friðrik Þór Snorrason, formaður Samtaka íslenskra gagnaversfyrirtækja.

Þrjú atriði í lögum um virðisaukaskatt standa nú í vegi fyrir opnun gagnavera, segir Friðrik. Öll snúa þau að skattlagningu á viðskiptavini gagnaveranna, ekki verin sjálf.

Þar er í fyrsta lagi um skattlagningu að ræða á búnað sem fyrirtæki sem fái hýsingu hjá gagnaverunum flytji til landsins. Í öðru lagi kröfur um að fyrirtæki sem hér fái hýsingu stofni fyrirtæki um rekstur-inn hér á landi.

Í þriðja lagi er um skattlagningu að ræða á þjónustu við viðskiptavini erlendis.

Í öllum tilvikum er íslensk löggjöf óhagstæðari gagnaverum en löggjöf ESB, segir Friðrik. Frumvarp fjármálaráðherra tekur aðeins á síðastnefnda atriðinu, en gengur ekki nægilega langt, segir Friðrik.

„Það er allt stopp hér þar til þetta verður lagað. Þau gagnaver sem hafa laðað viðskiptavini til landsins hafa gert það með þeim formerkjum að þetta verði bætt,“ segir Friðrik.

Vilhjálmur Þorsteinsson, stjórnarformaður Verne Holding, segir að þar til lögunum verði breytt sé ekki hægt að selja þjónustu íslenskra gagnavera. Kostnaður viðskiptavina íslenskra gagnavera verði mun meiri en viðskiptavina gagnavera í ríkjum ESB.

Frumvarp fjármálaráðherra um breytingu á lögum um virðisaukaskatt er nú hjá efnahags- og skattanefnd Alþingis, sem mun óska eftir umsögnum frá hagsmunaaðilum.

Kristján L. Möller, formaður iðnarnefndar Alþingis, segir að nefndin muni fylgjast með framgangi málsins og kalla fulltrúa gagnaveranna á sinn fund til að heyra í þeim hljóðið.

brjann@frettabladid.is



**GAGNAVER** Aðstæður á Íslandi þykja heppilegar fyrir rekstur gagnavera, meðal annars vegna þess að raforka er ódýr og umhverfisvæn og loftslagið er kalt. Skattalegt umhverfi er ekki jafn hagstætt. NORDICPHOTOS/AFP

### Kemur á óvart ef frumvarp dugir ekki

Eftir ríkisstjórnarfund í Reykjanesbæ fyrr í mánuðinum tilkynntu stjórnvöld um nokkrar aðgerðir sem grípa átti til. Þeirra á meðal var að leggja fram frumvarp um breytingu á lögum um virðisaukaskatt til að gera samkeppnisstöðu gagnavera samkeppnisfæra við gagnaver í ríkjum ESB.

Stuttu síðar lagði Steingrímur J. Sigfússon fjármálaráðherra fram frumvarp sem tekur á þeim hluta vandans sem snýr að skattlagningu á þjónustu við viðskiptavini erlendis.

„Það kemur mér verulega á óvart ef þetta frumvarp leysir ekki vandann hvað varðar þennan þjónustuþátt,“ segir Steingrímur. Hann segist hafa talið að Samtök íslenskra gagnaverafyrirtækja væru sátt við þá lausn sem þar væri boðið upp á. Mögulega verði gerðar einhverjar breytingar á frumvarpinu í meðförum þingsins.

Ekkert er í frumvarpinu um skattlagningu á búnað erlendra fyrirtækja sem fá hýsingu hér á landi. Steingrímur segir það mál að hluta til hjá ESA, eftirlitsstofnun EFTA. Verið sé að vinna í því máli á fullu og vonir standi til þess að því ljúki sem fyrst.


JÓLATILBOÐ

Mjög öflugt grill fyrir íslenskar aðstæður



· Mikil orka 16,5 kw/h
· Ryðfrítt lok og takkaborð
· Grillgrindur úr pottjárni
· 3 brennarar úr pottjárni
· Sterk viðargrind
· Neistakveikja í rofa
· Skúffa fyrir fitu
· Hitamælir
· Grillflötur: 64 x 49cm
· Stærð:136 x 106 x 62cm

16,5 kw/h

39.900

FULLT VERÐ 69.900

Nr: 00553

LANDMANN Er frá Þýskalandi

www.grillbudin.is

Grillbúðin www.grillbudin.is

Hlíðasmára 13, Kóp - S. 554 0400

YFIR 20 GERÐIR GASGRILLA Á TILBOÐI





Lyfjaval APÓTEK

Bílaapótek Hæðarsmára Mjódd • Álftamýri

Lyfjaval.is • sími 577 1160

Ósamræmis gætir milli ráðuneytis og formanns Bændasamtakanna:

# Segir rangt að ráðuneyti neiti vinnu

**EVRÓPUMÁL** Upplýsingafulltrúi sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytisins segir alrangt að ráðuneytið hafi neitað að vinna að aðildarviðræðum stjórnvalda við ESB. Það er í mótsögn við ummæli formanns Bændasamtakanna.

Í Fréttablaðinu var nýlega haft eftir formanni samninganefndar Íslands að samtökin hefðu ekki viljað sitja fund um landbúnaðarmál sem fór fram í Brussel og það hefði veikt stöðu nefndarinnar.

Í blaðinu á þriðjudag vísaði Haraldur Benediktsson, formaður Bændasamtakanna, því hins vegar á bug og sagði samtökin hafa tekið að sér verk í tengslum við aðildarviðræðurnar, sem hefði í raun átt að vera á könnu ráðuneytisins.

„Ráðuneytið neitar allri vinnu en ber raunverulega ábyrgð á að fylgja eftir hagsmunum atvinnuvegarins, ekki við,“ sagði hann.

Bjarni Harðarson, upplýsingafulltrúi ráðuneytisins, sagði í svari við fyrirspurn Fréttablaðsins að ráðuneytið hefði ekki „neitað allri vinnu“ eins og Haraldur sagði.

„Nei, það er alrangt og ég hef ekki trú á að talsmaður bænda hafi haldið því fram í viðtali við blaðið. Vinna ráðuneytisins að þessum málum liggur meðal annars í margs konar rýnivinnu og fundahöldum með innlendum og erlendum aðilum.“ **- þj**





Friðrika Hjördís Geirsdóttir

# ENN EIN METSÖLUBÓKIN!

## LÉTTIR RÉTTIR HAGKAUPS

Höfundur uppskrifta er Rikka

*Verði þér að góðu*



| NÆRINGARGILDI | LDS |
|---|---|
| Kcal: | 158 / 8% |
| Prótein: | 3 G / 6% |
| Fita: | 10,2 G / 16% |
| Kolvetni: | 14,8 G / 5% |
| Trefjar: | 2,9 G / 12% |
| C-vítamín: | 60 MG / 100% |
| Járn: | 0,9 MG / 5% |

Leiðbeinandi dagsskammtur (LDS) er miðaður við 2.000 kcal (hitaeininga) orkuþörf.

NÆRINGARINNIHALD fylgir hverri uppskrift




**1.999kr.**

24 Hagkaup **OPIÐ** ALLAN sólarhringinn Skeifan & Garðabær

**HAGKAUP** *Ein ferð betra verð*

## VEISTU SVARIÐ?



1 Hver er stofnandi Wikileaks?

2 Hver er fyrirliði kvennalandsliðsins í fótbolta?

3 Hvort er orðið Hagkaup í eintölu eða fleirtölu samkvæmt nýjum leiðbeiningum Íslenskrar málnefndar?

SVÖR

1. Julian Assange 2. Rakel Dögg Bragadóttir 3. Eintölu

Mikil snjókoma og kuldar setja mannlífið úr skorðum víða í Evrópu:

# Átta hafa orðið úti í Póllandi

**SVISS, AP** Miklir kuldar og óvenjumikil snjókoma torvelda fólki lífið víða í Evrópu þessa dagana, einkum þó norðan til í álfunni.

Að minnsta kosti átta manns hafa orðið úti í Póllandi og flugvöllum hefur þurft að loka í Bretlandi, Danmörku og Sviss, auk þess sem þúsundir bílslysa hafa orðið, þar af tvö þúsund í Þýskalandi í fyrrinótt.

„Það er óvenjukalt loft yfir stórum hluta austanverðs Atlantshafs og þegar það mætir hlýju lofti, til dæmis frá Miðjarðarhafinu, fáum við mikið af snjó,“ segir Hainz Maurer, veðurfræðingur í Sviss.

Frostið var víða 20 til 30 stig á Celsius og spáð er miklum næturkuldum áfram en í dag ætti að draga úr snjókomunni.

Loka þurfti Gatwick-flugvelli við London í gær og þurfti af þeim sökum að fresta um 600 flugferðum. Einnig þurfti að loka flugvellinum í Genf og miklar tafir urðu á flugvellinum í Zürich.

Í Danmörku voru íbúar á Sjálandi hvattir til að halda sig heima meðan versta veðrið gengi yfir. - gb



Á ÞOTU Í SKOTLANDI Þessi piltur skemmtir sér vel í snjónum. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Afbrotatölur í Reykjavík:

## Færri afbrot í Vesturbænum

**LÖGREGLUMÁL** Afbrotum í vesturbæ Reykjavíkur hefur fækkað á milli ára. Þetta kom fram á fundi lögreglunnar með lykilfólki í hverfinu á mánudag. Innbrotum á svæðinu hefur fækkað mikið á milli ára ef bornir eru saman fyrstu tíu mánuðir ársins við sama tímabil í fyrra. Þetta á við um innbrot í bíla og fyrirtæki en innbrot á heimili eru næstum því jafnmörg á umræddu tímabili. Lögreglan segir þetta áhyggjuefni en með samstilltu átaki sé líka hægt að fækka innbrotum á heimili.

Desemberuppbót í vinnuleit:

## Full uppbót er tæp 45 þúsund

**FÉLAGSMÁL Atvinnuleitendur sem tryggðir eru innan atvinnuleysistryggingakerfisins fá desemberuppbót. Ríkisstjórnin samþykkti á fundi sínum í gær tillögu Guðbjarts Hannessonar, félags- og tryggingamálaráðherra, þar að lútandi.**

**Fram kemur á vef Vinnumálastofnunar að full uppbót sé 44.857 krónur, en greiðsla hvers og eins reiknist í hlutfalli við rétt hans til atvinnuleysisbóta árið 2010.**

**„Uppbótin verður greidd þeim sem hafa staðfest atvinnuleit á tímabilinu 20. nóvember til 5. desember á þessu ári og ræðst heildarfjárhæðin af fjölda daga sem viðkomandi hefur verið skráður án atvinnu,“ segir á vef stofnunarinnar.** - óká

Óánægja með störf ráðherra:

## Mesta ánægjan með Katrínu

**KÖNNUN** Katrín Jakobsdóttir menntamálaráðherra er vinsælasti ráðherrann samkvæmt nýjum þjóðarpúlsi Gallup. Um 32 prósent aðspurðra segjast vera ánægð með störf hennar en 38 prósent óánægð. Þetta kom fram í fréttum RÚV í gær.



KATRÍN JAKOBSDÓTTIR

Tæplega 21 prósent aðspurðra er ánægt með störf Jóhönnu Sigurðardóttur forsætisráðherra en um 63 prósent óánægð. Rúm 30 prósent eru ánægð með störf Steingríms J. Sigfússonar fjármálaráðherra, en 55 prósent óánægð. Aðeins 12 prósent aðspurðra eru ánægð með störf Árna Páls Árnasonar viðskiptaráðherra og 65 prósent óánægð.

# Mörg snilldarverk unnin við skrifpúlt Sveinbjarnar

**Skrifpúlt Sveinbjarnar Egilssonar hefur verið afhent til varðveislu á Bessastöðum. Við púltið vann hann, og síðar Benedikt Gröndal og Einar Benediktsson, að mörgum snilldarverkum bókmenntanna.**

**MENNING** Skrifpúlt Sveinbjarnar Egilssonar, kennara, þýðanda og skálds, var í gær afhent til varðveislu á Bessastöðum.

Ólafur Ragnar Grímsson, forseti Íslands, veitti púltinu viðtöku úr hendi afkomenda Ragnars Ásgeirssonar garðyrkjuráðunauts, bróður Ásgeirs forseta. Ragnar keypti púltið af Einari Benediktssyni skáldi þegar sá síðarnefndi fór í Herdísarvík á sínum tíma.

Skrifpúltið er sögulegur gripur enda voru mörg snilldarverk úr bókmenntasögunni unnin við það.

Sveinbjörn var kennari í Bessastaðaskóla fyrir um 200 árum og fyrsti rektor Lærða skólans. Samhliða skólastörfum þýddi hann forn grísk rit, orti ljóð og mótaði rannsóknir á texta um íslenska tungu.

Hann þýddi á íslensku kviður Hómers, sex samræður Platons og önnur forngrísk rit. Jafnframt íslenskaði hann Opinberunarbók Biblíunnar, aðra Mósebók og Spámannabækurnar. Þá þýddi hann Snorra-Eddu og Íslendingasögur á latínu og orti jólasálminn Heims um ból eftir þýskri fyrirmynd.

Sveinbjörn orti líka barnakvæðin ástsælu Fljúga hvítu fiðrildin og Fuglinn segir bí bí bí.

Benedikt Gröndal, sonur Sveinbjarnar, eignaðist púltið og vann við það. Hann var náttúrufræðingur og rithöfundur og lauk meistaraprófi í norrænum fræðum við Hafnarháskóla, fyrstur Íslendinga. Líkt og faðir hans kenndi Benedikt við Lærða skólann auk þess að teikna, yrkja ljóð og semja sögur og leikrit.

Síðar eignaðist Einar Benediktsson púltið. Eins og Sveinbjörn og Benedikt vann Einar við púltið að ýmsum sinna þjóðþekktu verka.

Skrifpúltið hefur lengi fylgt ætt Ragnars Ásgeirssonar. Létu afkomendur hans gera það upp. Það verður fært á þjóðminjaskrá og varðveitt á Bessastöðum um ókomna tíð.

bjorn@frettabladid.is



SKRIFPÚLTIÐ AFHENT Afkomendur Ragnars Ásgeirssonar afhentu í gær púltið til varðveislu á Bessastöðum. Það stendur nærri brjóstmynd af Ásgeiri Ásgeirssyni, fyrrverandi forseta, bróður Ragnars. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



HAGANLEGT Ljóst er að vandað var til verka við smíði skrifpúltsins á sínum tíma. Afkomendur Ragnars létu gera það upp eftir kúnstarinnar reglum áður en þeir afhentu það til varðveislu á Bessastöðum.



EIGENDASAGAN Í púltinu er að finna skjal yfir eigendur þess. Fyrstur var Sveinbjörn Egilsson, þá Benedikt Gröndal, svo Einar Benediktsson, þá Ragnar Ásgeirsson svo Úlfur Ragnarsson og loks Ragnar Önundarson.

### Gullið jafnvægi

Í sögu Bessastaða sem kom út árið 1947 segir Vilhjálmur Þ. Gíslason: „Sveinbjörn Egilsson er tákn hins besta og lífshæfasta í Bessastaðaskóla. Og meira en það. Hann er ímynd þess, sem þróttmest var og fágaðast í íslenskum menntum á 19. öld. Í eðli hans og störfum þrinnast saman sterkustu og fínustu þræðir íslenskra mennta og íslensks manngildis eins og það var spunnið öldum saman úr þjóðlegum fræðum og innlendu söguefli og úr klassískri mennt og kristinni kenningu. Í engum íslenskum manni síðari alda, sem látið hefur eftir sig ritaðar heimildir, hafa þessir þrír máttarviðir menningarinnar komið eins vel fram, hvergi hafa þeir mótað annan mann svo einsteyptan og heilsteyptan eins og Sveinbjörn Egilsson, engan mann með eins lifandi og gullnu jafnvægi milli lærdóms og listar og lífs.“






Sjálfstæðisflokkurinn mælist enn stærsti flokkur landsins samkvæmt Gallup:

# Fylgi stjórnarinnar 36 prósent

**KÖNNUN** Ríkisstjórnin nýtur stuðnings 36 prósenta þjóðarinnar samkvæmt nýjum þjóðarpúlsi Gallup. Það er 6 prósentustigum meiri stuðningur við ríkisstjórnina en mældist í sambærilegri mælingu í október. Þetta kom fram í fréttum Ríkisútvarpsins í gær.

Í lok október mældist ríkisstjórnin með 30 prósenta fylgi og hafði þá ekki notið minni stuðnings frá kosningum, en mælist nú með 36 prósent.

Samfylkingin bætir við sig, fer úr 18 prósentum í síðustu mælingu í tæp 22 prósent. Sjálfstæðisflokkurinn tapar fylgi, fer úr 36 prósentum í 34. Sjálfstæðisflokkurinn hefur mælst stærsti flokkur landsins undanfarna 13 mánuði, samkvæmt Ríkisútvarpsins.

Vinstri græn fá tæplega 18 prósent, Framsóknarflokkurinn 13 prósent og Hreyfingin tæp 8 prósent.



LEIÐTOGAR RÍKISSTJÓRNARINNAR Ríkisstjórn Jóhönnu og Steingríms nýtur 36 prósent fylgis. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Tæplega 6.800 manns tóku þátt í könnuninni og var svarhlutfall 67 prósent, 12 prósent aðspurðra tóku ekki afstöðu og 18 prósent sögðust skila auðu eða ekki myndu kjósa ef gengið yrði til kosninga nú.

Tilboðin standa aðeins yfir frá föstudegi til sunnudags 3. - 5. desember

# Toys"R"Us

Special offers



12.999
SPARIÐ 5.000

154564
**FORGARÐUR ATLANTIS (8078)**
8-14 ára.
Venjulegt verð 17.999



6.999
SPARIÐ 3.000

125348
**BARBIE A FASHION ÆVINTÝRAHESTUR OG HESTVAGN**
Með pláss fyrir BARBIE og Ken.
Venjulegt verð 9.999

471368
**STIGA ULTIMATE PRO SLEÐI**
Þjóttu niður brekkuna á trylltum hraða sem stjórnað er af sveigða framskíðinu. STIGA Ultimate PRO er hannað fyrir þá sem elska hraða og hasar.
Venjulegt verð 11.999



7.999
SPARIÐ 4.000



136422
**FOOD'N'FUN RAFMAGNS-ELDHÚS**
Eldavél með 2 "gashellum" og ljósi og hljóði.
Hægt er að opna hurðarnar á kæliskápnum og ofninum.
62 x 98 x 37 cm.
Þarf 3 C-rafhlöður.
Venjulegt verð 9.999

6.999
SPARIÐ 3.000



093470
**KUNG ZHU RISA ORRUSTUSVIÐ**
2 inngangar um göng, 8 fánar og 2 U-tenglar.
Venjulegt verð 5.999

3.499
SPARIÐ 2.500



1/2 VERÐ
3.499
SPARIÐ 3.500

522564
**BEN 10 ALIEN FORCE SKÖPUNARÞRAUT GEIMVERU**
Búðu til geimveru áður en tíminn rennur út.
Inniheldur 4 persónur og 8 geimveru samsetningarkort.
Venjulegt verð 6.999



5.999
SPARIÐ 3.000

089128
**NEW BORN BABY UMÖNNUNAR-MIÐSTÖÐ**
Umönnunarmiðstöðin inniheldur baðkar, hillur og skáp með herðatrjám. Alls 24 hlutir.
Venjulegt verð 8.999



Fáðu jólabæklinginn í versluninni

**AFGREIÐSLUTÍMI**
VIRKA DAGA: 11-19
(AKUREYRI 10-18.30)
LAUGARDAGA: 10-18
(AKUREYRI 10-17)
SUNNUDAGA: 12-18
(AKUREYRI 13-17)

Tilboðin gilda til og með 3. - 5.12.2010. VSK er innifalinn í verði.
Fyrirvarar eru gerðir vegna mögulegra prentvillna.



**SKILTI ÞAKIÐ SNJÓ** Ekki er gott að segja hvaða vegamerkingar eru undir snjóskreytingunni á þessu vegaskilti í Þýskalandi. NORDICPHOTOS/AFP

Meirihluti er andvígur lögleiðingu kannabisefna:

# Ungir karlar vilja lögleiða

**KÖNNUN** Ríflega helmingur karla á aldrinum 18 til 29 ára er hlynntur lögleiðingu kannabisefna á Íslandi samkvæmt nýlegri könnun MMR. Almennt er afgerandi meirihluti almennings andvígur lögleiðingu samkvæmt könnuninni.

Alls sagðist 83,1 prósent þeirra sem afstöðu tóku andvígt lögleiðingu en 16,9 prósent voru fylgjandi.

Mikill munur var á afstöðu fólks eftir aldri og kyni. Þannig sagðist 51 prósent ungra karla styðja lögleiðingu en 19,4 prósent kvenna á sama aldri. Þegar allir aldurshópar eru skoðaðir saman sögðust 25 prósent karla vilja lögleiðingu en aðeins 9,1 prósent kvenna.

Ungt fólk er frekar fylgjandi lögleiðingu kannabisefna en þeir sem eldri eru. Alls vilja 34,6 prósent fólks á aldrinum 18 til 29 ára lögleiða efnin, 13,5 prósent fólks á aldrinum 30 til 49 ára og aðeins 7,1 prósent fólks á aldursbilinu 50 til 67 ára, samkvæmt niðurstöðum könnunar MMR.

Könnunin var gerð í dagana 3.- 5. nóvember. Alls tóku 94 prósent afstöðu til spurningarinnar. - bj

**Fáir vilja lögleiðingu**

**Ert þú fylgjandi eða andvíg(ur) því að að neysla kannabisefna verði gerð lögleg á Íslandi?**




Heimild: MMR

Ný brú yfir Hvítá opnuð:

# Styttra frá Reykholti til Flúða

**SAMGÖNGUR Árnesingar fögnuðu opnun nýju brúarinnar yfir Hvítá við Flúðir í gær. Garðyrkjubændur gáfu skólabörnum beggja megin ár grænmeti fram að jólum í tilefni dagsins.**

**Heimamenn segja að brúin sé með stærstu samgöngubótum á Suðurlandi í áraraðir en hún var opnuð fyrir umferð í gærmorgun. Með henni styttast leiðir innan héraðs umtalsvert, til dæmis um 26 kílómetra milli þorpanna á Flúðum í Hrunamannahreppi og í Reykholti í Biskupstungum.**



**ÍSAFJÖRÐUR** Bæjarráðið mótmælir áformum ríkisstjórnarinnar.

Greiða meira fyrir orkuna:

# Segja hækkun verða óbærilega

**SVEITARSTJÓRNIR** Bæjarráð Ísafjarðarbæjar mótmælir áformum ríkisstjórnarinnar um að fella niður endurgreiðslur virðisaukaskatts á húshitunarkostnaði og áformum um að lækka niðurgreiðslur til húshitunar með rafmagni.

„Samanlagt munu þessi áform ríkisstjórnarinnar leiða til óbærilegrar hækkunar á húshitunarkostnaði á svo kölluðum „köldum svæðum á landsbyggðinni“ umfram þær hækkanir sem orkuveiturnar hafa þegar ákveðið,“ segir bæjarráðið. „Nú þegar er húshitunarkostnaður í þéttbýli á landsbyggðinni og dreifbýli tvö- til þrefaldur á við það sem hann er á hitaveitukyntum landsvæðum.“ - gar

# Ráðuneytið vissi af skorti á markaðnum

**Landbúnaðarráðuneytið fékk tvö bréf með beiðni um aukinn innflutningskvóta fyrir kjúkling en ráðherra kannast ekki við þau. Reglugerð krefst vottorða um að innflutt kjöt sé salmonellufrítt, en ráðherra hélt því gagnstæða fram.**

**LANDBÚNAÐUR** Leifur Þórsson, framkvæmdastjóri Ferskra kjötvara ehf., hafði samband við sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytið í sumar sökum fyrirsjáanlegs skorts á kjúklingi á markaðnum vegna salmonellusýkingar hjá framleiðendum.

Leifur fer fram á það í bréfi sínu, dagsettu 30. júlí síðastliðinn, fyrir hönd Aðfanga og verslana Haga, sem eru eigendur Ferskra kjötvara, að leyfi fyrir auknum innflutningi á kjúklingi verði skoðað innan ráðuneytisins. Leifur ítrekaði beiðni sína 5. ágúst.

Að sögn Leifs hafði Ólafur Friðriksson, skrifstofustjóri framleiðslu- og markaðsskrifstofu ráðuneytisins, samband við hann símleiðis í kjölfarið og sagðist hafa athugað stöðuna meðal framleiðenda. Ekki væri að sjá að von væri á skorti á vörunum og því ekki ástæða til að endurskoða innflutningskvóta á erlendum kjúklingi.

Jón Bjarnason, sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra, sagði í samtali við Fréttablaðið í fyrradag að



**JÓN BJARNASON**



**ANDRÉS MAGNÚSSON**

ráðuneytinu hefðu aldrei borist formlegar fyrirspurnir um rýmkun á kvóta né heldur athugasemdir varðandi skort á kjúklingi á markaðnum.

Í blaði gærdagsins sagði Jón Bjarnason að innfluttum kjúklingi fylgdi ekki vottorð um að hann væri salmonellufrír. Í reglugerð landbúnaðarráðuneytisins nr. 509/2004 segir hins vegar að allt hrátt innflutt kjöt skuli geyma í frysti í mánuð og því skuli fylgja „opinbert vottorð sem staðfestir að afurðirnar séu lausar við salmonellusýkla.“

„Það er ekki hægt að horfast í augu við þessa vitleysu, hvað sem ráðherra segir,“ segir Andrés Magnússon, framkvæmdastjóri Samtaka verslunar og þjónustu. „Öllu innfluttu kjöti fylgir heilbrigðisvottorð og ekkert kemur inn í landið án þess að hafa verið fryst í 30 daga.“

Andrés segir ráðherra vera grímulaust að ganga á hagsmuni neytenda og hann sinni engu um þeirra þarfir. „Það eina sem honum gengur til er að vernda hagsmuni innlendra framleiðenda. Þeir hafa hvað eftir annað átt við salmonellusýkingar, sem leiða svo til þess að framleiðendur geta ekki sinnt þörfinni á markaðnum,“ segir hann.

Hvorki náðist í Jón Bjarnason né Ólaf Friðriksson við vinnslu fréttarinnar. sunna@frettabladid.is

Lögregla gerði húsleit:

# Játaði sölu á heimabruggi

**LÖGREGLUMÁL** Karlmaður um þrítugt hefur játað við yfirheyrslur hjá lögreglu að hafa stundað umfangsmikla bruggstarfsemi og sölu afurðanna.

Rannsóknarlögreglumenn fóru í húsleit í fyrrakvöld í vesturbæ Kópavogs. Þar fundu þeir afkastamikla landabruggverksmiðju í bílskúr. Í skúrnum reyndust vera 400 lítrar af áfengi auk 850 lítra af gambra. Suðuttæki voru einnig á staðnum auk annarra áhalda til bruggframleiðslu. Gerði lögregla tækin og áfengið upptækt. - jss

Með dælu í sendibíl:

# Olíuþjófar voru staðnir að verki

**LÖGREGLUMÁL Tveir piltar, sautján og nítján ára, voru staðnir að verki þegar þeir voru að stela dísilolíu úr tönkum í Reykjanesbæ fyrr í vikunni.**

**Piltarnir voru búnir að fara á einn stað og stela olíu og voru að gera sig klára í næstu atrennu þegar lögreglan tók þá. Þeir höfðu útbúið sig vel áður en þeir hófu leiðangurinn, því þeir voru með dælu og tunnu aftan í lokuðum sendibíl. Þeir voru búnir að dæla upp 200 lítrum úr tanki í eigu fyrirtækis í tunnuna þegar þeir voru stöðvaðir.** - jss


**Er þinn auður í góðum höndum?**

Auður býður trausta og árangursríka **eignastýringu**

Bókaðu tíma hjá ráðgjöfum okkar í síma 585-6500 eða á radgjof@audur.is

PIPAR\TBWA • SÍA • 102068



AUÐUR CAPITAL

Borgartúni 29 | S. 585 6500 | www.audur.is


Aldrei meiri afgangur á þjónustujöfnuði frá 1990:

# Þrjátíu og fimm milljarðar afgangs

**EFNAHAGSMÁL** Þjónustujöfnuður við útlönd var jákvæður um 35,3 milljarða króna á þriðja fjórðungi þessa árs, samkvæmt bráðabirgðatölum sem Hagstofa Íslands birti í gær. Útflutningur þjónustu nam 97,3 milljörðum króna, en innflutningur 62milljörðum.

Fram kemur í umfjöllun Greiningar Íslandsbanka að þessi afgangur þjónustujöfnuðar á fjórðungnum sé sá mesti í krónum talið frá því að farið var að taka saman ársfjórðungslegar tölur um greiðslujöfnuð árið 1990.

„Skýring á þessum mikla afgangi liggur bæði í samdrætti í innfluttri þjónustu og aukningu í útfluttri þjónustu,“ segir í umfjöllun bankans og bent á að innflutt þjónusta hafi lækkað um 7,6 prósent milli ára á sama tíma og útflutt þjónusta hafi hækkað um 2,0 prósent. „Endurspeglar þetta efnahagsástandið þar sem samdráttur hefur verið mikill á innlendum vettvangi og kaupmáttur krónunnar lítill á sama tíma og hagvöxtur hefur verið að glæðast í umheiminum og útflutningur hefur notið lágs raungengis.“

Fram kemur í frétt Hagstofunnar að samgöngur séu stærsti þjónustuliðurinn, bæði í útflutningi og innflutningi, og að afgangur vegna þeirrar þjónustu hafi verið um 18,6 milljarðar króna. „Afgangur ferðaþjónustu var um 13,7 milljarðar og afgangur af annarri þjónustu um 3,0 milljarðar,“ segir á vef Hagstofunnar. - óká



**Í BLÁA LÓNINU** Ferðaþjónusta skilar mestu í afgangi á þjónustujöfnuði við útlönd, samkvæmt tölum Hagstofunnar. FRÉTTABLAÐIÐ/HARI

Eitthvað fyrir alla

Gott verð!

# Við bjóðum til bókajóla...

## Mörg þúsund nýir íslenskir og erlendir titlar!






4.540,-

**Árni Matt**
Verð: ~~5.490,-~~




3.980,-

**Ég man þig**
Verð: ~~4.890,-~~




3.490,-

**Stelpur**
Verð: ~~4.190,-~~




3.490,-

**Skáldsagan um Jón**
Verð: ~~4.490,-~~




4.190,-

**Öldin okkar**
Verð: ~~5.290,-~~




ATH! Bókin Orrustan um Spán fylgir frítt með.
Meðan birgðir endast.

4.180,-

**D-dagur. Orrustan um normandí.** Verð: ~~4.790,-~~




1.950,-

**Enn meiri hamingja**
Verð: ~~2490,-~~




2.790,-

**Þokan**
Verð: ~~3.390,-~~




4.890,-

**Trú - Mannfólkið andspænis guði.** Verð: ~~5.990,-~~




2.440,-

**Forngripasafnið**
Verð: ~~3.190,-~~



3.980,-

**Handritið að ...**
Verð: ~~4.990,-~~




3.840,-

**Sigurvegarinn stendur einn.** Verð: ~~4.890,-~~

***Verð gilda til og með 8. desember 2010***

Skiptimiðinn

Eymundsson.is

Eymundsson
*Bóksali frá 1872*



**ELDUR Í ISTANBÚL** Mikill eldur kom upp í sögufrægri lestarstöð í Istanbúl í vikunni. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Ríkissaksóknari ákærir mann um þrítugt fyrir sérlega hættulega líkamsárás:

# Réðst á konu með hnúajárni

**DÓMSMÁL** Ríkissaksóknari hefur ákært tæplega þrítugan karlmann fyrir Héraðsdómi Suðurlands fyrir að ráðast á konu, misþyrma henni og hrinda í baðkar. Þá er maðurinn ákærður fyrir vopnalagabrot og fleira.

Það var í lok september á þessu ári sem maðurinn réðst á konuna í heimahúsi. Hann sló hana í höfuðið með hnúajárni svo hún féll í gólfið. Þar sem hún lá sló hann hana ítrekað með handarjaðrinum, með hnefann krepptan um hnúajárnið, bæði í höfuð og líkama.

Eftir þetta greip hann um háls hennar og lyfti henni upp að vegg. Þar þrengdi hann svo að öndunarvegi hennar að henni sortnaði fyrir augum. Maðurinn sleppti þá takinu og hrinti henni svo að hún féll niður og lenti ofan í baðkari. Konan hlaut sár, bólgur og mar á höfði og víðs vegar á líkama.

Eftir þetta ók maðurinn undir áhrifum fíkniefna og án ökuréttar þar til lögregla stöðvaði hann við Rauðavatn. Í vasa hans fannst hnúajárnið, svo og amfetamín í bílnum.

Konan krefst tæplega 1,6 milljóna króna í skaðabætur. **- jss**



**RAUÐAVATN** Lögreglan stöðvaði manninn við Rauðavatn og handtók hann. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Orkuveitan með opið hús:

# Áttatíu ára afmæli fagnað

**IÐNAÐUR** Í tilefni áttatíu ára afmælis hitaveitunnar verður opið hús hjá Orkuveitu Reykjavíkur á laugardaginn, 4. desember.

Gestum og gangandi er boðið að fræðast um heita vatnið og sjá hvernig unnið er hjá Orkuveitunni. „Um leið verður hitaveitan úr Hellisheiðarvirkjun afhent formlega til reksturs, en virkjunin framleiðir einnig rafmagn," segir á vef Orkuveitunnar.

Opið verður á Bæjarhálsi milli klukkan eitt og fjögur. **- óká**


# Betri stjórnmál

- tillögur umbótanefndar, kynning og umræður

**Flokksstjórnarfundur Samfylkingarinnar, Hótel Loftleiðum, laugardaginn 4. desember kl. 11.00**

| | |
|---|---|
| | Skráning og afhending fundargagna frá kl. 10.00 |
| kl. 11.00 | **Jóhanna Sigurðardóttir, formaður,** setur fundinn |
| | **Dagur B. Eggertsson, varaformaður** |
| | *Næstu skref í umbótastarfi Samfylkingarinnar* |
| kl. 11.15 | **Verkstjórn umbótanefndar kynnir tillögur nefndarinnar** |
| | Ásgeir Beinteinsson, Hólmfríður Sveinsdóttir, |
| | Jón Ólafsson og Kolbrún Benediktsdóttir |
| | Verkstjórn svarar fyrirspurnum |
| kl. 12.30 | Matarhlé |
| kl. 13.00 | **Hringborðsumræður - viðbrögð og sjónarmið flokksfélaga** |
| | *Hvernig tryggjum við vandaða meðferð tillagna umbótanefndar?* |
| | Fundargestir vinna á hringborðum |
| kl. 14.15 | **Jóhanna Sigurðardóttir, formaður** |
| | *Betri stjórnmál – ábyrgð Samfylkingarinnar* |
| | **Almennar umræður** |
| | Áætluð fundarlok kl. 15.30 |
| | Fundarstjóri: Margrét S. Björnsdóttir, formaður framkvæmdastjórnar |



**Allir Samfylkingarfélagar velkomnir** **xs.is**






**BYLGJAN KYNNIR:**

ÁRLEGIR ÞORLÁKSMESSUTÓNLEIKAR BUBBA MORTHENS VERÐA Í HÁSKÓLABÍÓI ÞANN **23. DESEMBER** OG HEFJAST **KL. 22.00.**
SÉRSTAKUR GESTUR BUBBA ER JÓNAS SIGURÐSSON.

MIÐASALA ER HAFIN Á **MIDI.IS.**
MIÐAVERÐ **3.500 KR.**

ALLAR NÁNARI UPPLÝSINGAR Á **PRIME.IS.**

prime BYLGJAN 989






**WIKILEAKS Í PAKISTAN** Viðskiptavinur í raftækjaverslun í Pakistan les um kjarnorkuáform stjórnar landsins á sjónvarpsskjá. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

# Heimtar að Assange verði tekinn af lífi

**Ráðgjafi forsætisráðherra Kanada vill að Julian Assange verði tekinn af lífi. Kínverjar lokuðu vefsíðu Wikileaks. Bandaríkjamenn ætla að setja ný lög til verndar uppljóstrurum, í von um að stöðva lekann.**

**BANDARÍKIN** Harkalegustu viðbrögðin við birtingu leyniskjala bandarísku utanríkisþjónustunnar á Wikileaks komu frá Tom Flanagan, sem er ráðgjafi forsætisráðherra Kanada, Toms Harper. „Satt að segja tel ég að það ætti að taka Assange af lífi," sagði Flanagan í sjónvarpsviðtali.

Mike Huckabee, fyrrverandi forsetaframbjóðandi repúblikana í Bandaríkjunum, segir hins vegar að sá Bandaríkjamaður sem lak skjölunum til Wikileaks eigi dauðarefsingu skilda fyrir landráð.

Bandarísk stjórnvöld reyna hins vegar að hraða í gegnum þingið nýjum lögum um vernd uppljóstrara. Þau eiga að gera ríkisstarfsmönnum kleift að gefa viðeigandi ríkisstofnunum viðkvæmar upplýsingar um spillingu, sóun og lélega stjórnun stofnana sem þeir starfa hjá, án þess að eiga á hættu brottrekstur, málshöfðun eða aðra refsingu.

Tilgangurinn er sá að veita fólki annan farveg fyrir gagnrýni sína en að senda viðkvæmar upplýsingar til Wikileaks eða annarra samtaka af svipuðu tagi.

„Þangað til þessi lög verða samþykkt mun Wikileaks áfram vera öruggasta leiðin fyrir uppljóstrara sem ekki hafa áhuga á að útrýma sjálfum sér af starfsvettvangi sínum," segir Tom Devine, lögfræðilegur framkvæmdastjóri óháðra bandarískra samtaka sem heita Government Accountability Project. Þau voru stofnuð árið 1977 og vinna að því að tryggja öryggi uppljóstrara.

> Þessi uppljóstrun er ekki aðeins árás á utanríkishagsmuni Bandaríkjanna. Þetta er árás á alþjóðasamfélagið.
>
> **HILLARY CLINTON**
> UTANRÍKISRÁÐHERRA BANDARÍKJANN

Bandaríkin hafa harðlega fordæmt birtingu Wikileaks á leyniskjölunum, þar sem finna má upplýsingar úr trúnaðarsamtölum, meðal annars skoðanir bandarískra stjórnarerindreka á stjórnmálamönnum ýmissa ríkja.

„Þessi uppljóstrun er ekki aðeins árás á utanríkishagsmuni Bandaríkjanna. Þetta er árás á alþjóðasamfélagið," sagði Hillary Clinton, utanríkisráðherra Bandaríkjanna, sem varð uppvís að því að hafa beðið leyniþjónustumenn að safna viðkvæmum persónuupplýsingum um yfirmenn hjá Sameinuðu þjóðunum. Víðast hvar hafa ráðamenn annarra landa tekið í svipaðan streng, þótt orðalagið sé misjafnlega afdráttarlaust.

Kínversk stjórnvöld ákváðu að taka enga áhættu og lokuðu einfaldlega á vefsíðuna svo almenningur í Kína fengi örugglega ekki að lesa sitthvað sem gæti þótt vandræðalegt fyrir stjórnina.

**gudsteinn@frettabladid.is**

Rausnarlegur styrkur:

# Söfnuðu fyrir Hjartavernd

**SAMFÉLAGSMÁL Hjartavernd fékk afhentan 1.200.000 króna styrk í síðustu viku, sem er afrakstur söfnunarátaks fjölskyldu Rúnars Júlíussonar, Hamborgarafabrikkunnar og N1.**

**Eins og flestir vita lést Rúnar langt fyrir aldur fram vegna kransæðasjúkdóms í fyrra.**

**Viðskiptavinir Hamborgarafabrikkunnar og N1 gátu lagt sitt af mörkum með því að kaupa disk frá minningartónleikum um Rúnar og runnu 1.000 krónur af hverjum diski til Hjartaverndar.** - þj

Ísland mun taka sér óbreytta hlutdeild í makrílveiðum árið 2011:

# Makrílviðræður skiluðu engu

**SJÁVARÚTVEGUR** Lokatilraun strandríkja sem aðild eiga að makrílveiðum í NA-Atlantshafi til að komast að samkomulagi um hlutdeild Íslands í makrílveiðum næsta árs skilaði engum árangri. Fundað var í Ósló dagana 25.-26. nóvember með þátttöku ESB, Noregs, Færeyja og Íslands en Rússland átti þar áheyrnarfulltrúa.

Jón Bjarnason, sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra, hefur ákveðið að Ísland taki sér óbreytta hlutdeild í makrílveiðunum á næsta ári, að teknu tilliti til aukningar í ráðgjöf Alþjóðahafrannsóknarráðsins (ICES). Ísland mun jafnframt beina því til hinna strandríkjanna að taka tillit til þessa við kvótaákvarðanir sínar með það í huga að heildarveiðar fari ekki fram úr vísindalegri ráðgjöf.

Fram undan er röð tvíhliða viðræðna milli ESB og Noregs, ESB og Færeyja og Noregs og Færeyja um fiskveiðiheimildir. Þá skýrist væntanlega endanlega hvort samkomulag tekst milli þessara þriggja aðila. Búast má við að ESB og Noregur bíði með að taka ákvörðun um eigin makrílveiðar þangað til. - shá



**MAKRÍLL** Íslenskar útgerðir munu veiða um 130 þúsund tonn af makríl árið 2011 þar sem ekkert samkomulag náðist um veiðarnar. FRÉTTABLAÐIÐ/ÓSKAR

Samgöngubót til Keflavíkur:

# Rútuferðum í flugið fjölgar

**SAMGÖNGUR** Iceland Excursions munu hefja áætlunarakstur milli Keflavíkurflugvallar og Reykjavíkur í mars næstkomandi og verða farnar allt að tíu ferðir á dag næsta sumar og jafnvel fleiri. Þetta kemur fram í tilkynningu frá fyrirtækinu.

Kynnisferðir hafa lengi haft sérleyfi á þessari leið en þegar Samband sveitarfélaga á Suðurnesjum tóku það yfir opnaðist möguleiki fyrir önnur fyrirtæki. - þj



**HALDA HÁTÍÐ** Aðstandendur barnaskemmtunarinnar Andrés Utangátta safna fyrir Velferðarsjóð Suðurnesja.

Barnaskemmtun að Ásbrú:

# Jólafjör fyrir Velferðarsjóð

**SKEMMTUN** Barnaskemmtun verður haldin til styrktar Velferðarsjóði Suðurnesja í kvikmyndahúsinu á Ásbrú í Reykjanesbæ næstkomandi laugardag.

Skemmtunin kallast „Andrés Utangátta“ og fer fram í Andrews Theater milli kl. 15 og 16. Þar munu margir skemmtikraftar koma fram og aðgangur er ókeypis meðan húsrúm leyfir. Í stað aðgangseyris hafa aðstandendurnir, Keilir, Velferðarsjóðurinn og Þróunarfélag Keflavíkurflugvallar, leitað til fyrirtækja um að styrkja sjóðinn, sem úthlutar mat til Suðurnesjamanna sem þess þurfa með. - þj



**Í SKÓLANUM** Frá æfingu í Slysavarnaskóla Landsbjargar. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Vélasalan styrkir sjómenn:

# Kostar nám í slysavarnaskóla

**SJÁVARÚTVEGUR Vélasalan í Reykjavík hefur ákveðið að kosta ungt fólk til náms í Slysavarnaskóla sjómanna sem Slysavarnafélagið Landsbjörg á og rekur.**

**Með því að kosta ungt fólk til náms vonast Vélasalan til að leggja sitt af mörkum til öryggismála á sjó og landi.**

**Í tilkynningu frá Vélasölunni segir að fyrirtækið hafi um árabil tengst slysavörnum og aukna öryggi sjófarenda. Gunnar Friðriksson, stofnandi Vélasölunnar, var meðal annars formaður Slysavarnafélagsins til fjölda ára og er þetta átak ekki síst til að halda uppi merki hans.** - þj

## PERSÓNUVERND

**Sautján leyfi í nóvember**

Persónuvernd gaf í nóvember út 17 leyfi til vinnslu persónuupplýsinga í tengslum við rannsóknir og verkefni, að því er fram kemur á vef stofnunarinnar. Yfirlit yfir verkefnin sem fengu heimild til söfnunar upplýsinga er að finna á www.personuvernd.is.




BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS
898
KR. kg
BÚRFELLS
HAMBORGARHRYGGUR
1498
KR. kg
KS LÉTTREYKTUR LAMBAHRYGGUR
25% AFSLÁTTUR MERKT VERÐ: 1998 KR.KG
2159
KR. kg
ÚRBEINAÐ BIRKIREYKT
LAMBALÆRI
SS
1708
KR. kg
ÚRBEINAÐUR BIRKIREYKTUR
LAMBAFRAMPARTUR
LOKSINS
KOMNAR AFTUR
598
KR. kg
KS FROSNAR SVIÐALAPPIR
269
KR. kg
KS FROSIN LAMBASVIÐ
698
KR. kg
KS FROSIÐ LAMBASÚPUKJÖT 1.FLOKKUR
NAUTA Veisla
FERSKT NAUTAHAKK
898
KR. kg
FERSKT NAUTAHAKK
ÍSLANDS LAMB
1598
KR. kg
FERSKAR LAMBALÆRISSNEIÐAR Í RASPI
20% AFSLÁTTUR MERKT VERÐ:1998 KR.KG
Sérskorið ferskt lambalæri þar sem efsti
hluti mjaðmabeins og rófubeinið er
skorið frá og því er meira kjöt
ÍSLANDS LAMB
1259
KR. kg
ÍSLANDSLAMB JURTAKRYDDAÐ LAMBALÆRI
NAUTA Veisla
Nautaborgarar 4 stk. m/brauði
498
KR. 4 stk
FJÓRIR NAUTABORGARAR M/BRAUÐI
JÓLATERTA
495
KR. 600g
MYLLU JÓLATERTUR 600g ÞRJÁR TEGUNDIR
Konfekt
1498
KR. 650g
NÓA KONFEKT 650g
Robin klementínur 2,3 kg
Toppurinn í klementínunum
Robin
695
KR. 2.3kg
ELLEFU LÍTRAR
998 kr.
JÓLA BLANDA
VÍKING JÓLABLANDA Malt og appelsín - Fjórar dósir 500ml = 2 ltr.
COCA COLA KIPPA Coke eða Coke Light - Sex 1.5 ltr. flöskur = 9 ltr.
Konfekt
998
KR. 700g
BÓNUS KONFEKT 700g
JÓLA PIPARKÖKUR
359
KR. 500g
BÓNUS
PIPARKÖKUR
500g
BÓNUS BÝÐUR BETUR
Hér færðu vildarpunkta
VILDARPUNKTA
VISA Vildarklúbbur

BONUS BONUS BONUS BONUS

# Innfluttar pekingendur 2.6 kg

**1898 kr.stk.** 3100 stk.í boði




# Innfluttar kalkúnabringur

**1998 kr.kg.**




BONUS BÝÐUR BETUR
Hér færðu veltutengda VILDARPUNKTA
VISA Vildarklúbbur

**FRÉTTASKÝRING:** Stjórnlagaþingið tekur til starfa í febrúar

# Fá frí frá störfum og laun alþingismanna

**Seta á stjórnlagaþingi er fullt starf. Aðsetur þess verður í fyrrum húsnæði Háskólans í Reykjavík í Ofanleiti. Verkefni þingsins er að semja frumvarp að nýrri stjórnarskrá og senda Alþingi til meðferðar. Þingið er friðheilagt að lögum.**

Þeir 25 sem kjörnir voru til setu á stjórnlagaþingi fá frí frá vinnu á meðan þingið situr.

Í lögum um þingið segir að þeir sem taki sæti á stjórnlagaþingi og bera skyldur samkvæmt ráðningar- og kjarasamningum eiga rétt á leyfi frá störfum sínum þann tíma sem þeir gegna þingstörfum.

Eftir því sem næst verður komist er þetta einstakt ákvæði í íslenskum lögum. Fá, ef nokkur dæmi eru þess að starfsmanni á almennum vinnumarkaði sé með lögum veitt frí í vinnu til að gegna öðru starfi.

Í lögum um þingfararkaup er kveðið á um rétt manna til að fá leyfi frá opinberu starfi til að gegna þingmennsku. Hvergi er minnst á einkamarkaðinn.

Helst er að finna fyrirmynd fríákvæðisins í lögum um fæðingar- og foreldraorlof. Í þeim segir að ráðningarsamband haldist óbreytt í orlofi. Starfsmaður eigi rétt á að hverfa aftur í starf sitt að orlofi loknu. Sé þess ekki kostur skuli hann eiga rétt á sambærilegu starfi hjá vinnuveitanda.

Stjórnlagaþingmenn fá sömu laun og alþingismenn. Þau eru 520 þúsund krónur á mánuði. Forseti þingsins, sem þingmenn kjósa úr eigin röðum, fær sömu laun og forseti Alþingis. Þau eru samsvarandi launum ráðherra og nema 855 þúsund krónum á mánuði.

Þrjár starfsnefndir starfa á vegum stjórnlagaþings. Formenn þeirra fá greitt fimmtán prósenta álag ofan á laun sín, samsvarandi álagi formanna fastanefnda Alþingis. Formenn nefnda stjórnlagaþingsins fá því rétt tæpar sex hundruð þúsund krónur á mánuði.

Fulltrúar á stjórnlagaþingi sem búa utan höfuðborgarsvæðisins fá greiddan vikulegan ferðakostnað og verður þeim séð fyrir gistingu í Reykjavík.

Samkvæmt lögum um stjórnlagaþing skal það koma saman eigi síðar en 15. febrúar 2011 og ljúka störfum 15. apríl 2011. Þingið getur sjálft ákveðið að ljúka störfum fyrr en sjái það fram á að geta ekki lokið skyldum sínum á tveimur mánuðum getur það óskað eftir því við Alþingi að starfstími þess verði framlengdur um aðra tvo mánuði.

Stjórnlagaþing nýtur sömu verndar og Alþingi samkvæmt stjórnarskrá og XI. kafla almennra hegningarlaga. Í 36. grein stjórnarskrárinnar segir: „Alþingi er friðheilagt. Enginn má raska friði þess né frelsi.“

Í ellefta kafla almennra hegningarlaga er meðal annars hin fræga hundraðasta grein en hún er svohljóðandi: „Hver, sem ræðst á Alþingi, svo að því eða sjálfræði þess er hætta búin, lætur boð út ganga, sem að því lýtur, eða hlýðir slíku boði, skal sæta fangelsi ekki skemur en 1 ár, og getur refsingin orðið ævilangt fangelsi, ef sakir eru mjög miklar.“

Aðsetur stjórnlagaþingsins verður í Ofanleiti 2. Þar var áður Háskólinn í Reykjavík til húsa. Á fyrstu hæð verður þingsalur, nefndaaðstaða verður á annarri hæð og á þeirri fimmtu starfsaðstaða þingmanna og starfsfólks.

Húsnæðið þykir henta vel undir starfsemina og þarf ekki að ráðast í breytingar á innréttingum.

Kostnaður við stjórnlagaþingið mun liggja öðru hvoru megin við hálfan milljarð króna. Kostnaður við þingið sjálft er talinn verða rúmar 200 milljónir og kosningar til þess kostuðu um 230 milljónir.

Til viðbótar er kostnaður við aðra þætti, svo sem þjóðfund um stjórnarskrá.



**Björn Þór Sigbjörnsson**
bjorn@frettabladid.is


## Hlutverk, viðfangsefni og skipulag

**Hlutverk stjórnlagaþings er einfaldlega að endurskoða stjórnarskrána.**

*Samkvæmt lögunum sem um þingið gilda ber því að taka sérstaklega til umfjöllunar eftirfarandi þætti:*

1. Undirstöður íslenskrar stjórnskipunar og helstu grunnhugtök hennar.
2. Skipan löggjafarvalds og framkvæmdarvalds og valdmörk þeirra.
3. Hlutverk og stöðu forseta lýðveldisins.
4. Sjálfstæði dómstóla og eftirlit þeirra með öðrum handhöfum ríkisvalds.
5. Ákvæði um kosningar og kjördæmaskipan.
6. Lýðræðislega þátttöku almennings, m.a. um tímasetningu og fyrirkomulag þjóðaratkvæðagreiðslu, þar á meðal um frumvarp til stjórnarskipunarlaga.
7. Framsal ríkisvalds til alþjóðastofnana og meðferð utanríkismála.
8. Umhverfismál, þar á meðal um eignarhald og nýtingu náttúruauðlinda.

Þingið getur svo ákveðið að taka fleiri þætti til umfjöllunar.

**Stjórnlagaþing kýs sér forseta og varaforseta og formenn þriggja starfsnefnda þingsins. Þeir fimm skipa forsætisnefnd stjórnlagaþings.**

*Starfsnefndirnar, sem í sitja tveir þingfulltrúar auk formanns, eru:*

1. Nefnd um undirstöður íslenskrar stjórnskipunar, dómstóla og réttarríkið.
2. Nefnd um skipan löggjafarvalds og framkvæmdarvalds og hlutverk forseta lýðveldisins.
3. Nefnd um kosningamál og þjóðaratkvæðagreiðslur.

Allir þingfulltrúar eiga seturétt á fundum nefnda með málfrelsi og tillögurétti.



**HÚSAKYNNIN** Aðsetur stjórnlagaþings verður í fyrrum húsnæði Háskólans í Reykjavík.


**ÞORVALDUR GYLFASON**


**ÓMAR RAGNARSSON**


**SALVÖR NORDAL**


**ANDRÉS MAGNÚSSON**


**ILLUGI JÖKULSSON**


**GÍSLI TRYGGVASON**


**GUÐMUNDUR GUNNARSSON**


**INGA LIND KARLSDÓTTIR**


**KATRÍN FJELDSTED**


**KATRÍN ODDSDÓTTIR**


**ÞORKELL HELGASON**


**FREYJA HARALDSDÓTTIR**


**ARI TEITSSON**


**PÉTUR GUNNLAUGSSON**


**SILJA BÁRA ÓMARSDÓTTIR**


**LÝÐUR ÁRNASON**


**PAWEL BARTOSZEK**


**VILHJÁLMUR ÞORSTEINSSON**


**ÞÓRHILDUR ÞORLEIFSDÓTTIR**


**EIRÍKUR BERGMANN EINARSSON**


**ARNFRÍÐUR GUÐMUNDSDÓTTIR**


**ÁSTRÓS GUNNLAUGSDÓTTIR**


**DÖGG HARÐARDÓTTIR**


**ERLINGUR SIGURÐARSON**


**ÖRN BÁRÐUR JÓNSSON**

## Í heyranda hljóði og kallað eftir tillögum

*Þingfundir stjórnlagaþings verða haldnir í heyranda hljóði og eru öllum opnir eftir því sem húsrúm leyfir.*

Nefndir þingsins geta einnig ákveðið að halda fundi sína í heyranda hljóði og opna öllum eftir því sem húsrúm leyfir.

**Allir geta lagt fram tillögur**

Stjórnlagaþing mun auglýsa með víðtækum hætti eftir tillögum frá almenningi, hagsmunasamtökum eða öðrum sem kunna að vilja koma tillögum sínum og öðrum erindum á framfæri við þingið.

## Verklagið

Verklag stjórnlagaþingsins verður, í grófum dráttum, tvískipt. Fyrst verður fjallað í nefndum um tiltekin viðfangsefni. Þegar niðurstöður og tillögur liggja fyrir mun forsætisnefndin undirbúa frumvarp til stjórnskipunarlaga.

Þá hefst meðferð þingsins á frumvarpinu sem rætt verður við tvær umræður. Við fyrri umræðu skal ræða frumvarpið í heild. Að henni lokinni veita starfsnefndir umsagnir og forsætisnefnd veitir álit. Að því búnu verða einstakar greinar frumvarpsins ræddar og breytingartillögur við þær. Hverjum þingfulltrúa er frjálst að leggja fram breytingartillögur.

Þegar umræðu er lokið verða atkvæði greidd um hverja grein frumvarpsins og breytingartillögur við þær.

Þegar stjórnlagaþing hefur samþykkt frumvarp til stjórnskipunarlaga skal það sent Alþingi til meðferðar.



**STJÓRNARSKRÁIN** Kristján níundi gaf Íslendingum stjórnarskrá árið 1874. Kristjáni var reist stytta sem Einar Jónsson myndhöggvari gerði. Stendur hún við Stjórnarráðshúsið í Lækjargötu.


**Frítt fyrir börnin á jólahlaðborð Domo.**

Frítt er fyrir börn yngri en 12 ára og geta 3 börn verið með hverjum foreldrum og tvo börn með einu foreldri.

Borðið kostar 7300 fyrir fullorðna.

Gildir alla sunnudaga til jóla opið frá kl 17.00

Borðapantanir í síma 5525588 eða domo@domo.is

DOMO.IS · ÞINGHOLTSSTRÆTI 5

# Epli og spil



## MacBook 13”

**2,4GHz** Intel Core 2 Duo
2GB innra minni
250GB harður diskur
**NVIDIA GeForce 320M** 256MB skjástýring
Innbyggð iSight vefmyndavél
Tvö USB 2.0 tengi
Þráðlaust WiFi netkort (801.11n), Bluetooth
**Allt að 10** klst rafhlöðu ending

**Verð: 169.990,-**

## MacBook Air

Nýlent





**MacBook Air 11”**
Intel Core 2 Duo
2-4 GB innra minni
64/128 GB SSD diskur
Aðeins 1kg
**Verð frá: 179.990.-**

**MacBook Air 13”**
Intel Core 2 Duo
2-4 GB innra minni
128/256 GB SSD diskur
Aðeins 1,32kg
**Verð frá: 239.990.-**

## iMac 21,5”

1920 x 1080 dílar; milljónir lita; IPS-tækni
4GB 1066MHz DDR3 SDRAM
500GB Serial ATA, 7200 rpm Harður diskur
NIVIDIA GeForce 9400M
Innbyggð iSight vefmyndavél (1,3MP upplausn)
Fjögur USB 2.0, Eitt FireWire 800, SD-kortarauf
Innbyggt Airport Extreme (802.11n)
Innbyggt Bluetooth 2.1 + EDR
Þráðlaust íslenskt lyklaborð og þráðlaus Magic Mouse



**Verð frá 209.990.-**

## Nýr Office Pakki fyrir Mac

Office : mac 2011

Microsoft hefur gefið út nýja útgáfu af hinum vinsæla Office pakka fyrir Mac.

**Verð frá 18.990.-**



## Opið til 21

alla fimmtudaga

## Ókeypis námskeið

**www.epli.is/fraedsla**

## Nýr iPod nano

8GB - 35.990.-
16GB - 43.990.-

Geymir allt að 4000 lög
Allt að 24 klst rafhlöðuending
Vegur aðeins 21g
FM útvarp
7 litir



**Apple búðin**
Sími 512 1300
Laugavegi 182

**Afgreiðslutími:**
Mán. - mið. 10-18 | Fim. 10-21
Fös. 10-18 | Lau. 12-16

www.epli.is

epli.is

Með fyrirvara um prentvillur og verðbreytingar.

**FRÉTTAVIÐTAL:** Ragnar Guðmundsson, forstjóri Norðuráls, um fyrirhugað álver í Helguvík

# Tilbúnir að fara strax af stað

**Enn eru framkvæmdir við fyrirhugað álver Norðuráls í Helguvík í biðstöðu. Ragnar Guðmundsson forstjóri segir allar forsendur liggja fyrir af hálfu fyrirtækisins, öll leyfi séu fyrir hendi og fjármögnun liggi fyrir. Hins vegar sé beðið eftir staðfestingu frá orkufyrirtækjum varðandi orkuafhendingu. Í viðtali við Þorgils Jónsson segir Ragnar mikilvægt að koma málinu á rekspöl, enda sé mikil þörf á uppbyggingu og verðmætasköpun eins og málum sé háttað hér á landi.**




**BJARTSÝNN** Ragnar Guðmundsson, forstjóri Norðuráls, segist finna almennan stuðning við álver í Helguvík, enda geti það skipt sköpum fyrir efnahagslífið. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Hverju sæta þessar tafir á Helguvíkurverkefninu?

Fimm ár eru liðin síðan undirbúningur hófst og við byrjuðum framkvæmdir 2008. Þá var HS Orka búin að panta túrbínu fyrir stækkun Reykjanesvirkjunar og menn voru komnir með ákveðnar áætlanir varðandi undirbúning og fjármögnun sem var verið að vinna eftir. Síðan brast kreppan á um haustið og breytti forsendum hjá öllum aðilum tímabundið.

Meðal annars breyttist efnahagurinn hjá orkufyrirtækjunum mjög snögglega vegna gengishrunsins og aðgangur þeirra að fjármagni minnkaði tímabundið. Á sama tíma eru síðan tafir á leyfisferli og öðrum undirbúningi, sem hefur tekið lengri tíma en var áætlað. Við sjáum líka að það fer í gang ákveðin hringekja með eignarhaldið í HS Orku. Þá hafa áætlanir HS Orku um orkuöflun, eins og þær voru kynntar í upphafi, ekki staðist, hverju svo sem þar er um að kenna.

*Er orsaka þessara tafa að finna hjá stjórnvöldum?*

Ríkisstjórnin undirritaði fjárfestingarsamning við okkur á síðasta ári og iðnaðarráðherra hefur nýlega tekið frumkvæði með uppsetningu samráðsvettvangs allra aðila. Svo tóku sveitarfélögin sig saman um að ráða mann til að greiða úr málum, þannig að það er allt á réttri leið. Fjárfestingarsamningurinn er skýr og um hann gilda lög frá Alþingi. Hann er mjög mikilvægur í augum móðurfélags Norðuráls. Hins vegar hafa ýmsir hlutir tekið allt of langan tíma í opinbera kerfinu. Marga mánuði hefur tekið að klára kærur og skipulagsbreytingar og atburðarásin í kringum eignarhald Hitaveitu Suðurnesja hefur valdið miklum töfum og áhyggjum fjárfesta erlendis.

*Hvar strandar málið þá núna?*

Það má segja að bæði hafi leyfismál tekið lengri tíma en ætlað var og menn hafa jafnvel verið meðvitað að tefja fyrir því ferli, eins og til dæmis í neðri Þjórsá. Það tefur fyrir og það er líka eldsneyti í þá villandi umræðu að ekki sé til næg orka fyrir stóriðju.

### Fórum ekki of bratt af stað

Fóruð þið of bratt af stað ef litið er til baka?

Við fórum ekki af stað fyrr en fyrir lá mat á umhverfisáhrifum fyrir 800 MW hér á suðvesturhorninu og við þurfum 150 MW fyrir hvern áfanga, svo það á að vera úr nægu að spila. Þegar við sömdum við HS á sínum tíma voru sveitarfélögin á svæðinu eigendur fyrirtækisins og allar orkulindir sem rætt var um í landi sveitarfélaganna. Þau sátu því í stjórn, vissu af öllum samningum og samþykktu þá, en það breyttist þegar á leið.

*Varð þá forsendubrestur eftir að þið komust á fulla ferð í undirbúningi?*

Nei, ekki forsendubrestur, en aðstæður breyttust töluvert og hrunið hefur áhrif á alla aðila tímabundið. Mikilvægt er að horfa á málið í heild en sumar forsendur eru nú hagstæðari en áður. Allar tekjur eru í Bandaríkjadölum, en framkvæmdakostnaður er að hluta í íslenskum krónum, sem gerir innlendar framkvæmdir ódýrari auk þess sem staða á verktakamarkaði ætti að skila sér í hagstæðari tilboðum. Á móti hærra vaxtaálagi koma mjög lágir grunnvextir og langtímahorfur með álverð eru betri en þegar samningarnir voru gerðir. Við hjá Norðuráli teljum aðstæður að öllu samanlögðu ásættanlegar og erum tilbúin að fara strax af stað. Það stendur ekki á okkur.

### Hagkvæm staðsetning í Helguvík

*Hefði ekki verið hyggilegra að stækka álverksmiðjuna á Grundartanga í stað þess að reisa nýja í Helguvík?*

Við erum í raun að nýta nánast öll þau starfsleyfi og mat á umhverfisáhrifum sem eru á Grundartanga og erum mjög stór vinnuveitandi á því svæði. Hugsunin með staðsetningunni í Helguvík er að vera nálægt þeim orkuuppsprettum sem eru á Reykjanesi. Þetta snýst því líka um hagkvæmni í orkuflutningum, en okkur finnst einnig skynsamlegt að horfa til hafnarinnar í Helguvík, sem þegar hefur verið byggð og hentar með tiltölulega litlum breytingum vel fyrir þessa starfsemi.

Svo er þar líka mjög öflugur vinnumarkaður sem við horfum til, þannig að verkefnið passaði mjög vel inn í þetta samfélag að okkar mati. Þangað vantaði starfsemi af því tagi sem getur nýtt þann menntunargrunn sem var á svæðinu, en þarna er til dæmis mikið af iðnaðarmönnum sem hafa unnið fyrir varnarliðið. Eins er líka mikill sjávarútvegur þarna á svæðinu og við erum að nota að mörgu leyti sömu þjónustu og sá geiri, til dæmis varðandi þjónustu vélsmiðja og annarra iðnfyrirtækja svo eitthvað sé nefnt. Um helmingur þeirra starfa sem verða til koma af höfuðborgarsvæðinu og þar skipta góðar samgöngur miklu máli. Svo skiptir það líka máli að sveitarfélögin ætluðu öll, sem eigendur HS, að vinna að þessu verkefni. Og þegar allir aðilar hafa komið sér saman eru allar forsendur til þess að byggja upp heilbrigðan og góðan rekstur.

*Hvaða hlutverki hefur opinber umræða um stóriðju og orkumál gegnt í ferlinu?*

Það hafa verið ýmsar rangfærslur þar sem efnahagsleg umræða hefur verið á villigötum og eins þegar menn hafa stillt málinu upp með þeim hætti að áliðnaðurinn ógni annarri atvinnuuppbyggingu með því að taka til sína alla fáanlega orku. Staðreyndin er þó sú, varðandi orkukosti hér á suðvesturhorninu, að búið er að vinna mat á umhverfisáhrifum fyrir meira en 800 MW á svæðinu og jafnvel talað um að það séu um 1.400 til 1.500 MW í þeim kostum sem hafa minnst umhverfisáhrif, þannig að það á að vera til orka fyrir hvern sem er og margs konar starfsemi. Það væri bara gott að fá fleiri tegundir af fyrirtækjum inn á svæðið og mjög jákvætt fyrir okkur. Við eigum til að mynda mjög gott samstarf við járnblendiverksmiðju Elkem á Grundartanga þar sem við sameinumst um ýmsa þjónustu sem skilar báðum fyrirtækjum hagræði. Ég held að þetta geti allt unnið saman og það sé bara ekki rétt að stilla einni atvinnugrein upp á móti öðrum.

> Við finnum fyrir mjög miklum og víðtækum stuðningi við Helguvíkurverkefnið, alls staðar í þjóðfélaginu.

### Andstaða við álið í ætt við trúarbrögð

*Hvernig horfir fyrir áliðnaði um þessar mundir?*

Þessi iðnaður er þess eðlis að menn verða að gera ráð fyrir sveiflum, en horfurnar eru nokkuð góðar þar sem allar spár gefa til kynna verulega aukningu á álnotkun. Þar munar ekki minnst um aukna notkun í farartækjum, en álið á vel við kröfur um aukinn léttleika til að spara eldsneyti og aukinn styrk og öryggi en miðað við sama styrk er ál þrefalt léttara en stál.

Það er í raun verið að sækjast eftir áli í farartæki af umhverfisástæðum til að létta bíla og járnbrautir og þar af leiðandi minnka kolefnisútblástur þannig að mótrökin eftir umhverfissjónarmiðum bíta svolítið í halann á sér. Við erum að horfa upp á hnattrænt vandamál sem verður að horfa á heildrænt til að finna bestu lausnina, meðal annars með því að hafa stjórn á neyslunni, sem stýrir eftirspurninni eftir öllum hlutum, og reyna að lágmarka áhrif þeirrar neyslu sem á sér stað.

*Ef litið er framhjá orkumálum, snýst málið kannski um að almenningur hefur efasemdir við meiri stóriðju?*

Það kom skýrt fram í könnun sem var gerð fyrir Samál fyrir stuttu að viðhorf til áliðnaðar hér á landi er geysilega jákvætt, sérstaklega meðal þeirra sem eru búsettir nálægt álverunum, og það sýnir að við erum að reyna að vinna með nágrönnum okkar og standa okkur vel.

Þetta virðist hins vegar vera ákveðin pólitísk stöðutaka að stilla okkur upp sem einhverju neikvæðu og er í ætt við trúarbrögð þar sem verður að vera eitthvað vont til að þjappa sér saman gegn. Það er bara liður í áróðurstækni að stilla þessu upp með þessum hætti.

*Telur þú þá að almenningur sé að snúast á sveif með Helguvíkurverkefninu?*

Almennt held ég að fólk beri ágætt skynbragð á mikilvægi iðnaðarins fyrir hag Íslands sem einn af okkar undirstöðuatvinnugreinum. Þar er hægt að bera saman við sjávarútveginn, sem hefur líka verið að ganga í gegnum ákveðna þróun í ætt við þessa klasahugsun sem hefur verið í umræðunni. Við sjáum hvernig ýmis konar fyrirtæki hafa verið að spretta upp sem eru ekki undirstöðu ef ekki væri íslenskur sjávarútvegur. Þar eru þekkingarfyrirtæki, fjármálafyrirtæki og fleira og það sama má sjá í áliðnaðinum. Með því að hafa þrjú fyrirtæki á markaðnum eru mikil umsvif. Fyrirtæki sem hafa verið að þjónusta okkur eru farin að selja sína þekkingu út fyrir landsteinana og sá hópur er sívaxandi. Varðandi orkugeirann er sú þekking mikilvæg sem orðið hefur í byggingu og rekstri jarðvarmavirkjana sem skapar okkur ákveðna sérstöðu. Sú þekking væri í raun ekki til í sama mæli á Íslandi nema af því að menn hafa getað byggt upp þessi fyrirtæki og þekkinguna í kringum þau á síðustu árum og áratugum, meðal annars með því að selja orku til stóriðju þar sem frumtekjurnar liggja og byggja utan á sig. Þetta hangir allt saman og nú eru fjölmörg tækifæri fyrir íslensk fyrirtæki erlendis.

Við finnum fyrir mjög miklum og víðtækum stuðningi við Helguvíkurverkefnið, alls staðar í þjóðfélaginu. Fólk hefur þungar áhyggjur af stöðu atvinnumála og þekkir af fenginni reynslu að svona verkefni skila miklum árangri. Það er alveg sama hvert ég fer, það er alltaf sama spurningin: Hvenær ætlið þið að fara á fulla ferð?



**Þorgils Jónsson**
thorgils@frettabladid.is

## Samfélagsleg áhrif álvers í Helguvík

Ragnar segist sannfærður um að framkvæmdir geti komist fljótt á beinu brautina. Það gæti haft með sér mikil jákvæð áhrif, ekki síst í atvinnumálum þar sem 10.000 störf munu myndast á framkvæmdatímanum og 2.000 störf yrðu til frambúðar.

„Verkefnið getur valdið straumhvörfum í atvinnumálum á Suðurnesjum og á höfuðborgarsvæðinu.



**FRÁ FRAMKVÆMDUM Í HELGUVÍK.** Ragnar segir verkefnið í Helguvík geta valdið straumhvörfum í atvinnumálum á Suðurnesjum.

Það getur haft mikil áhrif á lífskjör á landinu, atvinnustig og annað slíkt. Það hefur sýnt sig með því að spár gera ráð fyrir innan við tveggja prósenta hagvexti á næsta ári, en helmingi meiri ef hjólin fara að snúast í Helguvík. Svo hafa framkvæmdirnar ekki síst óbein áhrif, til dæmis á væntingar fólks sem fer að sjá að það sé eitthvað nýtt að fara að gerast. Það hefur svo þau áhrif að almenningur fer að hugsa öðruvísi um eigin buddu. Fólk fer að eyða peninum í viðhald á húsum, kaup á bílum eða listaverkum eða í að fara frekar út að borða. Ég held að þessi huglægu áhrif séu mjög mikilvæg í þessu og fleiri stórum verkefnum sem verið er að vinna að. Íslenskt efnahagslíf getur tekið miklum breytingum á stuttum tíma ef menn einsetja sér að klára þessi mál og gera þau fljótt og vel og sérstaklega getur þetta hjálpað minni fyrirtækjum, sem munar um öll verkefni."

# TIL HAMINGJU, HELGI HALLGRÍMSSON

Sveppabókin er tilnefnd til Íslensku bókmenntaverðlaunanna.
Glæsilegt brautryðjandaverk um íslenska sveppi.
Nauðsynleg handbók fyrir allt sveppaáhugafólk og aðra unnendur íslenskrar náttúru.






**SKRUDDA.IS**



TOSHIBA FARTÖLVA
15,6"
Toshiba Satellite L500D-16N
• 2.2Ghz AMD Turion II Dual Core Mobile M500
• 4GB DDR2 800MHz minni
• 500GB SATA diskur
• 15.6" WXGA LED breiðskjár
• DVD og CD-RW skrifari
• VGA myndavél í skjá
• ATI Radeon HD 4570 skjákort
• Windows 7 Home Premium
119.990
FRÁBÆR
ÞÚ FÆRÐ ALLA HÖRÐU JÓLA
INTENSO
MYNDARAMMI
Intenso PHOTOPROMOTER8
Stafrænn 8" MYNDARAMMI. Spilar myndir beint af USB 2.0 eða kortum. Klukka, fjarstýring, standur ofl. Skyggnusýningar.
17.990
Logitech
HÁSKERPU VEFMYNDAVÉL
Logitech HD WebCam C270
Vefmyndavél með HD 720P myndbands-upplausn, 3MP myndatöku, hljóðnema með Rightsound, Rightlight. Virkar með Windows Live Messenger, Skype o.fl.
5.990
Logitech
HÁSKERPU VEFMYNDAVÉL
Logitech HD WebCam C510
HD 720p vefmyndavél með 8MP kyrrmyndatöku, RightLight 2. innb. hljóðnema með RightSound tækni. Ber kennsl á andlit. Virkar með skype, MSN o.fl. Samanbrjótanleg. Taska fylgir.
9.990
Logitech
HÁSKERPU VEFMYNDAVÉL
Logitech HD Pro WebCam C910
HD 720p með Full HD 1080p hreyfimynda-upptöku, sjálfv. fókus, steréó hljóði með 2 hljóðnemum, 10MP kyrrmyndum, Carl Zeiss linsu. RightLight 2. Þekkir andlit. 1 takki á YouTube ofl
21.990
TOSHIBA
FARTÖLVUTASKA USB FJÖLTENGI OPTICAL MÚS
Toshiba Starter Kit
Fartölvupakki með tösku fyrir 15.6" tölvu með 2 auka hólfum ásamt 4 tengja USB fjöltengi og USB optical mús.
9.990
EPSON BLEKSPRAUTU PRENTARI
Epson S22
Bleksprautuprentari sem prentar A4 í 5760 x 1440p upplausn og allt að 28 bls. á mín. USB. Windows, Mac ofl.
8.490
EPSON ÞRÁÐLAUST FJÖLNOTATÆKI
Epson SX420W
Prentari og skanni með LCD skjá og þráðlausu netkorti. Prentar A4 í 5760 x 1440p upplausn og 35 bls. á mín. Skannar í 1200 x 2400. Kortalesari. USB. Windows, Mac ofl.
14.990
HÁTALARAKERFI
Logitech
Logitech Z313
25W 2.1 hátalarakerfi með bassaboxi og snúrutengdri fjarstýringu með heyrnatólatengi.
11.990
HÁTALARAKERFI
Logitech
Logitech Z323
2.1 30W hátalarakerfi, 360° hljóð, bassa-box, 2 RCA tengi og tengi fyrir heyrnatól.
12.990
22"
PHILIPS LCD SKJÁR
Philips 220S2SB
22" LCD skjár með 1680 x 1050 dpi, dýnamískri 1:500.000 skerpu, 5ms, D-Sub, DVI-D og 16,7 milljón liti.
37.990
TViX
HÁSKERPU SPILARI
DViCO TViX N-1 H.264
HD margmiðlunarspilari sem spilar alla staðla í USB, nettengdar tölvur eða í sjónvarp. Spilar af USB minnislyklum, USB flökkurum eða tölvum yfir LAN. HDMI, Component og A/V tengi. USB, 10/100 Ethernet og kortalesari.
1080P
HDMI
H.264
LAN
24.990
HÁSKERPUSPILARI
AC Ryan Playon!HD Mini
H.264 háskerpu 1080p sjónvarpsflakkari með HDMI, Component, Composite, optical tengi. Spilar efni af USB lyklum og kortum. Halar niður beint á diskinn af Bittorent ofl. NAS fyrir heimanet. Fullkomin fjarstýring.
1080P
HDMI
H.264
LAN
29.990
Logitech
HEYRNARTÓL
Logitech G35
Leikjaheyrnatól með hljóðnema, Dolby 7.1 surround, 3 forritanlegum G -leikjatökkum, Noise Cancelling hljóðnema ofl.
34.990
21,5"
PHILIPS LED FLATSKJÁR
129.990
GRAPHICS BY ATI SKJÁKORT
ATI Radeon HD6850
1GB Ati Radeon HD6850 skjákort með 775MHz kjarna, 4000MHz GDDR5 minni, Dual DVI, HDMI, Display Port ofl.
34.990
MARGMIÐLUNARTÖLVA
Ace AMD 3
• CoolerMaster Elite 310 turnkassi
• AMD DualCore Athlon II 250 3.0GHz
• 4GB Dual DDR3 1333MHz minni
• 640GB WD Blue SATA 3 diskur
• DVD og CD skrifari
• 21.5" LED Philips 221EL2SB skjár
• 1GB MSI ATI Radeon MD5450 skjákort
• Logitech S120 hátalarar
• Realtek High Def 7.1 True Blue-Ray hljóðkort
• Lyklaborð með ábrenndum íslenskum stöfum
• Logitech B110 Optical mús
• Windows 7 Home Premium - 64bit - Aero 3D
iPad ER LENT
FÆST Í NOKKRUM ÚTGÁFUM
Verð frá: 95.990
Opið í Tölvulistanum Nóatúni alla helgina 4. og 5. des. Laug. kl. 10-18 og sunnud. kl. 13-17.



JÓLATILBOÐ
PAKKANA Á BETRA VERÐI Í TÖLVULISTANUM
Logitech
ALHLIÐA FJARSTÝRING
Logitech Harmony Remote 600
Alhliða fjarstýring sem stýrir allt að 5 tækjum. Með baklýstum LCD skjá og tökkum. Uppsetning fyrir öll tæki í gegnum netið.
14.990
MANHATTAN
VIÐGERÐASETT
Manhattan TOOLKIT
13 stykkja viðgerðasett fyrirtölvur og tengd tæki.
1.790
MANHATTAN
HEYRNARTAPPAR
Manhattan HEAD MH
Einfaldir og þægilegir eyrnatappar með góðan hljóm.
1.490
MANHATTAN
TALNABORÐ
Manhattan NUM MH
USB tengt talnaborð fyrir tölvu sem flýtir fyrir innslætti í töflureiknir eða reiknivél.
1.990
MANHATTAN
TÖLVUMÚS
Manhattan MH1 Optical Mini
Einföld tölvumús með þremur tökkum. Gengur Windows og Mac
2.990
CORSAIR
4GB 10 ára ábyrgð
MINNISLYKILL
Corsair 4GB USB2
4GB handhægur og traustur minnislykill.
3.490
Logitech
HLJÓÐ NEMI
Logitech USB Digital Desktop Mic
Hljóðnemi með USB, með Mute hnappi og ljósi sem logar þegar kveikt er á honum.
5.990
LEIKJAPINNI
Logitech
Logitech F510
Rumble stýripinni fyrir leikina með tvöföldu titrings „feedback“ fljótandi örvatakka og USB tengi Stillanlegt með hugbúnaði.
8.990
Logitech
LEIKJAPINNI
Logitech F710
Þráðlaus 2.4GH stýripinni fyrir leikina með Nano sendi, tvöföldu titrings feedback, fljótandi örvatakka og USB tengi. Stillanleg með hugbúnaði.
10.990
LEIKJAMÚS
Logitech
Logitech MX518
Optical tölvumús með stillanlegri næmni, fjölda Macro takka ofl. Pottþétt í leikina.
7.990
LEIKJAMÚS
Logitech
Logitech G700
Þráðlaus leikjamús með 13 Macro tökkun, nano sendi, leikjalaser, minni fyrir 5 stillingar, LED skjá og USB tengingu. Endurhlaðanleg með USB.
21.990
CORSAIR
MINNISLYKILL
Corsair 32 GB USB2 Mini
32GB minnislykill höggvarinn og með 10 ára ábyrgð. Einn sá allra minnsti. sérstök gúmmívörn tryggir endingu þrátt fyrir mikið hnjask
16.990
WACOM TEIKNIBORÐ
Wacom Bamboo Fun P+T A6
248x176x8,5mm tölvuteikniborð með penna. Virkar sem teikni- og snertiborð. Windows og Mac.
18.990
PHILIPS
MP4 SPILARI
Philips SA2ARA04K
GoGear 4GB Ariaz MP4 spilari með FullSound, 2.4" LCD litaskjá, diktafóni, RDS FM útvarpi með minnum, upptöku, tónjafnara, USB 2.0, hleðslurafhlöðu (45 klst). Geymir allt að 900 lög. Uppfæranlegur.
19.990
PHILIPS O'NEILL
HEYRNARTÓL
Philips SHO9560
The Stretch O´Neill heyrnatól. Nánast óbrjótanleg. 5 stjörnu þægindi. Með Dynamic 40mm hátölurum, djúpum bassa, Neodymium, 12Hz - 24kHz, 32 Ohm, 105dB næmni, 24k gulltengi og Cable stress relief tengi. Vafinn slitsterkur 1.2m OFC kapall.
19.990
Logitech
LYKLABORÐ
Logitech UltraX Premium
Lyklaborð með íslensku stafasetti og USB.
3.990
TÖLVULISTINN
TL.IS
REYKJAVÍK • AKUREYRI • EGILSSTAÐIR • KEFLAVÍK • SELFOSS • HAFNARFJÖRÐUR
NÓATÚNI 17
SÍMI 414 1700
GLERÁRGÖTU 30
SÍMI 414 1730
MIÐVANGI 2-4
SÍMI 414 1735
HAFNARGÖTU 90
SÍMI 414 1740
AUSTURVEGI 34
SÍMI 414 1745
REYKJAVÍKURVEGI 66
SÍMI 414 1750

# neytendur
*hagur heimilanna*

**937 KRÓNUR** er meðalverðið á sveppum í verslunum landsins í nóvember samkvæmt mælingu Hagstofu Íslands. Verðið hefur hækkað um 45 prósent frá árinu 2006, þegar það var 645 krónur.

## FRÉTTAMOLAR

### Leikföng innkölluð í Evrópu

Á vef Neytendastofu er að finna tilkynningar um vörur sem taldar eru geta verið hættulegar og ástæða til að vekja athygli neytenda og innflytjenda á þeim þrátt fyrir að þær hafi ekki verið markaðssettar hér á landi svo vitað sé.



Meðal þess er varað er við er Simba leikfangahestur sem innflytjandi í Frakklandi hefur innkallað og nefnist „Toy horses – Champion Beauty´s“. Á vörunni eru sagðir sterkir seglar sem geti losnað og valdið hættu séu þeir gleyptir.

Þá hafa yfirvöld í Þýskalandi innkallað boga- og örvasett þar sem boginn er sagður of kraftmikill og geti því valdið meiðslum.

Sömuleiðis hafa yfirvöld í Póllandi hafa tekið af markaði Bubba Byggis leikfangatraktor þar sem á honum séu smáir hlutir sem geti valdið köfnun. Vöruheitið er sagt „ The Best Architect“.

Leikföngin eru í öllum tilvikum framleidd í Kína og samræmast ekki leikfangatilskipun né Evrópustöðlum um framleiðsluna. Nýjasta og eldri lista um hættulegar vörur er að finna á vefnum neytendastofa.is.

### Skráningu hættulegustu efnanna lokið

Borist höfðu 24.675 skráningarskýrslur um 4.300 efni þegar um mánaðamótin rann út frestur til að skrá efni samkvæmt REACH, reglugerð um skráningu, mat og leyfisveitingu efna. Á vef Umhverfisstofnunar kemur fram að þessi fyrsti skráningarfrestur af þremur hafi tekið á hættulegustu efnunum og efnum sem séu framleidd eða flutt inn í 1.000 tonna magni eða meiru á ári hverju. Efnastofnun Evrópu tekur við skráningum og íslensk fyrirtæki í hópi skráningaraðila. „Á heimasíðu Efnastofnunar Evrópu má lesa meira um þennan merkisdag í sögu efnalöggjafar í Evrópu.“ segir á vef Umhverfisstofnunar.

# Heimagert laufabrauð er betra, hagkvæmara og skemmtilegra

**Laufabrauðsgerð hefur verið hluti af jólaundirbúningi fjölda Íslendinga í gegnum árin. Þó hefur þessi aldagamla hefð átt undir högg að sækja á síðustu árum og sækja nú fjölskyldur enn meira í stórmarkaði og bakarí til þess að kaupa kökurnar tilbúnar.**

Hjördís Stefánsdóttir, hússtjórnarkennari við Verkmenntaskólann á Akureyri, segir að alltaf geti færri og færri heimili sinnt því að baka sitt eigið laufabrauð, skera það út og steikja. Oft nýti fólk sér þjónustu hjá bökurum og stórmörkuðum til þess að birgja sig upp fyrir jólin.

Hjördís segist sjálf kaupa tilbúið laufabrauð hjá bakara á Akureyri sem henni þykir búa til laufabrauðsdeig sem líkist mest hennar eigin. Svo býr hún einnig til deig frá grunni og sker út til þess að fá afgangana þegar kökurnar eru skornar.

„Það er alveg dásamlegt að fá svoleiðis,“ segir Hjördís. „Það er ekki síst vegna afganganna sem ég baka mitt eigið deig.“

Þótt það sé heilmikil vinna að hnoða, fletja út, skera og steikja sitt eigið laufabrauð getur það svo sannarlega borgað sig. Lausleg verðkönnun Fréttablaðsins leiddi í ljós að verð á ósteiktum laufabrauðskökum í bakaríum landsins getur verið allt á bilinu 50 til 80 krónur og steiktar kökur geta kostað frá 100 til 130 krónur stykkið. Sá fyrirvari er gefinn að ef keypt er mikið magn af laufabrauðskökum getur verðið lækkað. Könnunin var ekki tæmandi og er því mögulegt að verð sé lægra eða hærra í öðrum bakaríum.



**LAUFABRAUÐIÐ SKORIÐ** Hjördís og móðir hennar að skera út laufabrauð við kertaljós, konfekt og jólatónlist. Mæðgurnar notast eingöngu við vasahnífa við útskurðinn. MYND/HJÖRDÍS STEFÁNSDÓTTIR

### Verðkönnun*

| | Krónur |
|---|---|
| **Hveiti, 1 kg:** | 100 |
| **Smjörlíki, 250 g:** | 160 |
| **Mjólk, 1 lítri:** | 107 |
| **Steikingarfeiti, 2,5 kg:** | 1.200 |
| **SAMTALS:** gerir meira en 50 kökur. | 1.567 |
| **50 ósteiktar kökur:** (65 krónur stykkið) | 3.250 |
| **50 steiktar kökur:** (120 krónur stykkið) | 6.000 |

**Athugið að verð er byggt á lauslegri könnun og er sá fyrirvari gefinn að það geti verið hærra eða lægra hjá ýmsum verslunum.*

### Laufabrauð Hjördísar, um 50 kökur

**Hráefni**
750 g hveiti
¾ tsk. salt
1 ½ msk. sykur
1/8 tsk. hjartarsalt
1/8 tsk. lyftiduft
50 g smjörlíki
5 dl mjólk



***Aðferð***
Öllu þurrefni blandað saman í hrærivélarskál. Smjörlíkið er brætt í potti og mjólkinni hellt út í. Blandan hituð að suðu, síðan kæld svo verði rétt ylvolgt. Hellt saman við þurrefnin og hrært vel saman í hrærivélinni. Deigið á að vera passlega mjúkt. Hnoðað aðeins á borði og skipt í 2 til 3 lengjur. Lengjurnar skulu geymdar í plasti í nokkrar klukkustundir eða til næsta dags. Þá verður auðveldara að breiða deigið út í mjög þunnar kökur. Notið disk eða eitthvert annað kringlótt form til þess að skera kökurnar út. Geymið afgangana og steikið. Gott er að láta eldhúspappír á milli kaka (5 til 10 í hverjum bunka) til að þær haldist rakar. Skerið út falleg munstur í kökurnar með vasahníf eða laufabrauðsjárni og flettið.

***Steiking***
*Hitið steikingarfeiti í djúpum, víðum potti. Feitin er tilbúin þegar byrjar að rjúka úr henni. Leggið eina köku í feitina í einu - gott er að nota steikingargaffal til að snúa þeim. Steikið í nokkrar sekúndur og snúið síðan við. Þegar þær eru gullinbrúnar eru þær veiddar upp úr og lagðar á þykkt lag af eldhúspappír eða gömlum dagblöðum og feitin látin renna af þeim. Setjið einnig blöð ofan á kökurnar, þrýstið létt ofan á flötum diski til að þær verði sléttar. Látið kökurnar kólna alveg og geymið þær í lokuðum bauk.*

Hjördís segir að stemningin ein og sér sé þess virði að fjölskyldur komi saman til að skera laufabrauð fyrir jólin, svo ekki sé minnst á sparnaðinn.

„Fjölskyldur sameinast í þessari gömlu hefð. Hlusta á jólalög, spjalla saman og kenna börnum að skera út og fletta kökunum,“ segir hún. „Og þegar stórar fjölskyldur eru að gera um hundrað kökur eða jafnvel fleiri, þá kemur fljótt í ljós að það borgar sig. Það munar miklu upp á kostnaðinn.“

Hvort sem fólk er að hugsa um útgjöld fyrir jólin eða það eitt að skapa jólalega fjölskyldustemningu er ljóst að það getur munað miklu að gera sitt eigið laufabrauð í stað þess að kaupa það tilbúið í næstu búð.

sunna@frettabladid.is




**NEYTANDINN:** Hannes Óskarsson póstmaður

## Tæplega suður á tankinum

Verstu kaupin eru áreiðanlega þegar ég fór að skipta um bíl,“ segir Hannes Óskarsson, póstmaður á Ísafirði.

„Ég átti gamlan Subaru-station og líkaði vel við hann en fór út í þá vitleysu að selja hann fyrir lítinn pening. Ég keypti annan bíl og var ein fjögur ár að borga hann niður en slapp fyrir horn nokkrum mánuðum áður en fjármagnsskandallinn gekk yfir. Sá bíll hefur reynst mér dálítið þungur í skauti. Hann er alkohólisti á bensínið. Þettar er fjórhjóladrifinn Subaru Impreza með tvö þúsund kúbika vél sem skilar 116 hestöflum. Tankurinn tekur um 45 lítra og dugir tæplega suður frá Ísafirði,“ segir Hannes sem kveðst einnig hafa verið í vandræðum með viðhald á nýja bílnum.

„Það er allt rafmagnsknúið í þessum bíl sem var ekki í þeim gamla þannig að ég gat gert við hann sjálfur. Ég sá eftir þeim bíl. En nýi bílinn er samt ekki til sölu því hann hefur svo sem reynst ágætlega,“ segir Hannes, sem í fljótu bragði man ekki eftir neinum sérstaklega góðum kaupum sem hann hefur gert. „Ég man þetta kannski betur ef ég fæ mér lögg af góðu koníaki. Það kostar álíka mikið eins og bensínið á bílinn svo kannski eru bestu kaupin í koníakinu.“



## GÓÐ HÚSRÁÐ Gúgglið tekur frænkunum fram

*Bergur Ebbi Benediktsson, lögfræðingur, tónlistarmaður og rithöfundur.*



Bergur Ebbi segir hefðina í kringum húsráð hafa gjörbreyst á síðustu árum. Þau séu ekki lengur þessi alþýðufróðleikur sem var. „Ég gúggla bara allt sem ég þarf að vita. Til dæmis hvernig á að bóna bíl, þrífa ofn, hlutfallið milli kanils og sykurs og svo framvegis. Þar fær maður yfirleitt betri svör en hjá einhverjum gömlum frænkum. Netið hefur tekið mystíkina úr þessu, það eru engar leyniuppskriftir eða þess háttar lengur. Þetta er allt á netinu.“

# Nýsköpun á aðventunni

## Matvælafyrirtæki kynna íslenskt góðgæti um helgina

## Nýsköpun í 100 ár

Ölgerðin

**Ölgerðin Egill Skallagrímsson býður í heimsókn.**
**Líttu við á milli kl. 13-15 laugardaginn 4. desember nk.**

**Egils appelsín** – sjáðu hvernig Egils appelsín verður til og bragðaðu á þessum klassíska drykk.

**Frumkvöðlakot** – kátir krakkar geta komið og blandað sinn eigin safa eða gosdrykk.

**Borg Brugghús** – vertu með þeim fyrstu til að bragða á nýjungum bruggmeistaranna.

**Floridana VIRKNI** – hverjar eru dularfullu jurtirnar sem VIRKA?

**Bjórskólinn** – kíktu í eina skóla landsins með 10 bjórdælur og spjallaðu við kennarana okkar.

**Visitor Center** – fáðu að vita hvernig Taste the Saga, ný afþreying fyrir ferðamenn, varð að veruleika.

**Ekki missa af einstöku tækifæri til að smakka Egils appelsín og nýtt öl, gæða þér á piparkökum og fræðast um sögu Ölgerðarinnar.**

## Má bjóða þér nýlagað kaffi ...

**Í góðum kaffibolla felst nýsköpun í tækni, framleiðslu og þjónustu.**

**Laugardaginn 4. desember**
**Kaffitár**, Stapabraut 7 í Reykjanesbæ, býður gestum og gangandi að koma og skoða kaffibrennsluna kl. 14-16. Starfsfólk Kaffitárs pakkar kaffi í neytendaumbúðir sem verður afhent Fjölskylduhjálp og Mæðrastyrksnefnd fyrir jólin. Kaffitár og starfsfólk gefa vinnuna og hráefnið. Í heimsókninni verður líka hægt að bragða á vörum frá **Nóa Síríus**.

**Te og Kaffi**, Stapahrauni 4, Hafnarfirði býður fólki að koma og fylgjast með fagmönnum að störfum og skoða kaffibrennsluna kl. 13-16.

## ... og með því?

**Jólastemning, smákökur og spjall við fagmenn.**

**Laugardaginn 4. desember kl. 14-16**
**Hagabakarí**, Hagamel
**Gamla bakaríið**, Ísafirði
**Reynir bakari**, Dalvegi 4, Kópavogi
**Bakarameistarinn**, Suðurveri
**Bakarameistarinn**, Mjódd
**Bakarameistarinn**, Glæsibæ
**Bakarameistarinn**, Smáratorgi
**Bakarameistarinn**, Austurveri
**Bakarameistarinn**, Húsgagnahöllinni
**Geirabakarí**, Borgarnesi
**Sveinsbakarí**, Arnarbakka
**Sveinsbakarí**, Skipholti
**Fjarðarbakarí**, Dalshrauni 13, Hafnarfirði
**Bernhöftsbakarí**, Bergstaðastræti
**Vilberg Kökuhús**, Vestmannaeyjum

## Opin hús

Hjá **Jóa Fel**, Holtagörðum, verður opið hús kl. 9-16. Gestum gefst tækifæri á að skoða nútímalegt og framsækið bakarí við ljúfa tóna. Ný matreiðslubók Jóa Fel verður kynnt og fleira.

**Gæðabakstur/Ömmubakstur**, Lynghálsi 7 í Reykjavík, býður gestum að skoða glæsilegt og fullkomið bakarí kl. 11-15. Boðið verður upp á kleinur, smákökur, álegg frá Kjarnafæði, kaffi frá Te og kaffi og ískalda mjólk frá Mjólkursamsölunni. Blöðrur og fleira skemmtilegt.

**Kökulist**, Hafnarfirði, Jón Rúnar kökugerðarmeistari tekur vel á móti gestum kl. 14-16 og sýnir handverksbakarí sem er í fremstu röð. Jón Rúnar hefur unnið til fjölda verðlauna fyrir handverk sitt.

## Jólailmur í Vetrargarðinum um helgina

**Fagþekking, þróun og nýsköpun í íslenskum matvælaiðnaði.**

**Laugardag kl. 13-18 og sunnudag kl. 12-17**
Félagar í Meistarafélagi kjötiðnaðarmanna verða að störfum í Vetrargarðinum í Smáralind. Sjáðu rétt handbragð og smakkaðu á kræsingunum.

Eftirtalin fyrirtæki kynna jólamat:
**Sláturfélag Suðurlands**
**Vífilfell**
**Kjarnafæði**
**Gæðabakstur**
**Ísfugl**

**Laugardagur kl. 16**
Félagar í Meistarafélagi kjötiðnaðarmanna og Landssamtök sauðfjárbænda heilgrilla léttreykta lambaskrokka og gefa gestum að smakka.
**Sunnudagur kl. 16**
Kjötiðnaðarmeistarar afhenda Mæðrastyrksnefnd úrbeinað hangikjöt.

MS
TE & KAFFI
Landssamband bakarameistara
KAFFITÁR
Meistarafélag kjötiðnaðarmanna
ÁR NÝSKÖPUNAR
SAMTÖK IÐNAÐARINS
NÓI SÍRÍUS
KJARNAFÆÐI
Vífilfell
ÍSFUGL
SS

# viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN nánar á vísir.is

**1.698** **MILLJÓNIR KRÓNA** eru heildarviðskipti með hlutabréf í Kauphöllinni í nóvember. Það jafngildir 77 milljónum króna í meðalveltu á dag. Meðalveltan á dag nam 132 milljónum í október. Úrvalsvísitalan lækkaði um tvö prósent í mánuðinum.

Munar um Icelandic Group í samningnum:

## Framtakssjóður borgar minna fyrir Vestia

Framtakssjóður Íslands hefur lokið við áreiðanleikakönnun á fyrirtækjum í eigu eignarhaldsfélagsins Vestia.

Finnbogi segir úrskurðar Samkeppniseftirlits til að ljúka viðskiptunum beðið. „Ég vona að það verði á næstunni. Það er slæmt fyrir fyrirtækin ef það dregst,“ segir hann.

Innan Vestia eru fjögur fyrirtæki sem Landsbankinn tók yfir í eftirmála efnahagshrunsins: Icelandic Group, Teymi, Húsasmiðjan og Plastprent. Fyrir á sjóðurinn þriðjungshlut í Icelandair Group.

Eftir áreiðanleikakönnunina, sem upphaflega var stefnt á að ljúka um miðjan nóvember, hefur verðmiðinn á Vestia lækkað um fjóra milljarða, úr 19,5 milljörðum króna í 15,5. Þá heldur Landsbankinn eftir nítján prósenta hlut í sjávarútvegsfyrirtækinu Icelandic Group, stærstu eign Vestia. Þessu til viðbótar lækkaði verðmat á Húsasmiðjunni og Plastprenti og hefur það áhrif á virðið. Þá mun Landsbankinn kaupa fjórðungshlut í Framtakssjóðnum í stað þrjátíu prósenta. Sex af átta starfsmönnum Vestia hafa hætt síðan í ágúst, þar á meðal framkvæmdastjórinn.

Finnbogi segir stefnu sjóðsins þá að skrá stærstu félögin á hlutabréfamarkað. Það eru Icelandair Group og Icelandic Group auk þess sem upplýsingatæknifyrirtækið Skýrr, sem heyrir undir Teymi, verði þar á meðal. Vinna við skráningu er ekki hafin, að sögn Finnboga. **- jab**



**KAUPIN INNSIGLUÐ** Finnbogi Jónsson, framkvæmdastjóri Framtakssjóðsins, og Steinþór Pálsson, bankastjóri Landsbankans, innsigluðu söluna á Vestia seint í ágúst. Stefnt var að því að ljúka áreiðanleikakönnun um miðjan nóvember. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

FRÉTTIR VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN




VERTU MEÐ VIÐSKIPTIN Í RASSVASANUM

Má bjóða ykkur meiri Vísi?

Deildu Vísi með öðrum. Þeir sem setja „like“ við Vísi á Facebook geta unnið óvænta vinninga í hverri viku.

Meiri Vísir. vísir.is




**SKILANEFND OG SLITASTJÓRN LANDSBANKANS** Ekkert útilokar að sótt verði að bankaráði gamla Landsbankans, að sögn Herdísar Hallmarsdóttur, sem sæti á í slitastjórn Landsbankans. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Krefjast milljarða af fyrri bankastjórum

**Slitastjórn Landsbankans hefur tekið um fjörutíu skýrslur af þrjátíu fyrrverandi starfsmönnum gamla bankans. Ekkert réttlætir kröfu á hendur Björgólfsfeðgum. Endurskoðendur eru taldir hafa breytt uppgjöri bankans frá 2007.**

Engin friðhelgi var gefin og ekkert útilokar að Björgólfsfeðgar og fyrrverandi bankaráð gamla Landsbankans verði krafnir um bætur vegna hugsanlegra brota eða vanrækslu í starfi.

Skilanefnd og slitastjórn Landsbankans hefur krafið fyrrverandi bankastjóra og forstöðumann fyrirtækjasviðs gamla Landsbankans um 37 milljarða króna vegna vanrækslu í starfi. Þá er ekki talið útilokað að endurskoðendafyrirtækið PricewaterHouseCoopers sé bótaskylt vegna vanrækslu við endurskoðun uppgjöra bankans frá 2007 og fyir að bæta eiginfjárstöðu hans. Slitastjórn telur ekki útilokað að eiginfjárhlutfall Landsbankans hafi verið undir átta prósenta lögbundnu lágmarki í lok árs 2007. Í uppgjöri er það sagt 11,7 prósent.

Herdís Hallmarsdóttir, lögmaður sem sæti á í slitastjórn Landsbankans, segir skýrslur hafa verið teknar af fyrrverandi stjórnendum gamla Landsbankans, millistjórnendum og starfsfólki. Við skýrslutökur var spurt um afskipti fyrrverandi eigenda bankans og bankaráði af rekstri hans.

„Ekkert hefur komið fram við rannsóknina sem gefur tilefni til að ætla að þeir [innskot blm. Björgólfur Guðmundsson og Björgólfur Thor Björgólfsson] beri skaðabótaskyldu gagnvart bankanum á grundvelli þess að þeir hafi verið svokallaðir skuggastjórnendur og haft afskipti af rekstri hans,“ segir hún.

Skilanefnd og slitastjórn Landsbankans greindi opinberlega frá því í gær að hún hafi krafið þá Sigurjón Þ. Árnason og Halldór J. Kristjánsson, fyrrverandi bankastjóra Landsbankans, um bætur upp á samtals 37 milljarða króna með áföllnum kostnaði vegna vanrækslu í tveimur málum. Þá er Elín Sigfúsdóttir, fyrrverandi forstöðumaður fyrirtækjasviðs bankans, krafin um átján milljarða vegna hlutdeildar í öðru málanna.

Bótakrafan á hendur þremenningunum varðar meinta vanrækslu á innheimtu ábyrgðar Kaupþings banka í Lúxemborg upp á átján milljarða króna vegna láns Landsbankans til Fjárfestingarfélagsins Grettis, sem var eigu Björgólfsfeðga. Saknæmið felst í því að ganga ekki að tryggingunni þrátt fyrir slælega skuldastöðu Grettis, að mati skilanefndar Landsbankans.

Krafan á hendur þeim Sigurjóni og Halldóri varðar veitingu láns upp á nítján milljarða króna til fjárfestingarbankans Straums 2. október 2008, örfáum dögum áður en Fjármálaeftirlitið greip inn í rekstur Landsbankans. Björgólfur Thor Björgólfsson var stjórnarformaður Straums og helsti hluthafi hans.

Krafan er óskipt og felur í sér að geti einn ekki greitt hana fellur hún á þá sem eftir standa.

Þeir Sigurjón og Halldór sendu frá sér tilkynningar í gær þar sem þeir vísa kröfunni á bug.

**jonab@frettabladid.is**

Svansprent fær vottun og má nota umhverfismerki Svansins:

## Öll framleiðslan á að vera vistvæn

Prentsmiðjan Svansprent í Kópavogi má nota norræna umhverfismerkið Svaninn, þekktustu umhverfisviðurkenningu Norðurlanda.

Í tilkynningu fyrirtækisins kemur fram að umhverfismerkið Svanurinn hafi verið tekið í notkun árið 1989 og frá þeim tíma hafi um 6.000 vörur og þjónusta hlotið slíka vottun.

„Eigendur og starfsfólk Svansprents hafa um nokkurt skeið unnið skipulega að því að gera alla framleiðslu prentsmiðjunnar vistvæna sem leiddi til þess að Svandís Svavarsdóttir umhverfisráðherra afhenti Svansprenti Svaninn sem staðfestingu vottunarinnar við hátíðlega athöfn í prentsmiðjunni nýverið,“ segir í tilkynningunni.

Eigandi og stofnendur Svansprents eru hjónin Jón Svan Sigurðsson og Þuríður Ólafsdóttir en prentsmiðjan hóf starfsemi árið 1967. Hjá Svansprenti vinna nú þrjár kynslóðir fjölskyldunnar, en alls starfa þar um 30 manns.




**VOTTUN AFHENT** Svandís Svavarsdóttir umhverfisráðherra afhenti nýverið Jóni Svan Sigurðssyni og fjölskyldu hans Svaninn. MYND/KOM

„Framvegis getur prentsmiðjan notað Svansmerkið á prentgripi og aðrar prentvörur til að undirstrika að prentsmiðjan fylgi afar ströngum vistvænum gæðakröfum.“ Fram kemur í tilkynningu fyrirtækisins að meðal krafna Svansins sé að minnst 95 prósent allra efna sem notuð eru í framleiðslunni séu samþykkt af Svaninum, afskurður sé lágmarkaður og að pappír sé úr nytjaskógum og framleiddur samkvæmt ströngum kröfum. **- óká**

Andersen & Lauth

Reykjavik

established 1934

# 30% afsláttur af öllum jakkafötum fyrir jólin

Laugavegi 7

Sími: 5516811

Opnunartímar:
mánud.- fimmtud. 11-18
föstud. 11-18:30
laugard. 11-17

markhonnun.is




# Hátíðasteikur í úrvali



















Skráðu þig á póstlistann á **www.netto.is**
Mjódd - Salavegi - Hverafold - Akureyri - Höfn - Grindavík - Reykjanesbær



# HAMBORGARHRYGGUR
ÚRBEINAÐUR–KJÖTSEL

**30%** afsláttur

**1.259**kr/kg
áður 1.798 kr/kg

# AFTER DINNER
MINTS 200 G




**199**kr/pk.
frábært verð

## *allt hreint fyrir jól*




**GJAFAKORT NETTÓ**
GÓÐ GJÖF
FYRIR ALLA

KJÚKLINGALEGGIR
SAFFRAN

**28%** afsláttur




**598**kr/kg
áður 831 kr/kg

# ASTONISH
# HREINGERNINGARVÖRUR
Í MIKLU ÚRVALI




**VERÐ FRÁ**
**259**kr/stk.

REYKTUR EÐA GRAFINN LAX
1/2 FLAK
OPAL SEAFOOD



**25%** afsláttur

**2.249**kr/kg
áður 2.998 kr/kg

**Tilboðin gilda 02. - 05. des.**
eða meðan birgðir endast

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Landbúnaðarráðherra villir um fyrir neytendum.

## Ofurkjúklingurinn

Lengi hefur því verið haldið að neytendum að íslenzkt fuglakjöt væri miklu betri vara en útlent af því að það væri sjúkdómafrítt. Þetta hefur kannski stuðlað að því að einhverjir hafa átt auðveldara með að sætta sig við að innlend framleiðsla sé vernduð með ofurtollum á innfluttan kjúkling og kalkún. Rökin sem iðulega eru notuð fyrir tollvernd búvöruframleiðslu, um varðveizlu sveitamenningar, dreifðrar búsetu og landbúnaðarlandslags, eiga nefnilega ekki við um kjúklingarækt. Hún er stunduð í stórum skemmum og á fleira sameiginlegt með iðnaði en hefðbundnum landbúnaði.

Yfirburðir íslenzka kjúklingsins hvað varðar hreinleika og hollustu virðast þó ekki ótvíræðir. Undanfarna mánuði hefur ítrekað vantað kjúkling til að anna eftirspurn neytenda vegna þrálátra kamfýlóbakter- og salmonellusýkinga á íslenzkum kjúklingabúum. Fréttablaðið sagði frétt af kjúklingaskortinum um miðjan október og spurði í framhaldinu landbúnaðarráðuneytið, sem skammtar leyfi til að flytja inn búvörur á lægri tollum, hvort ekki væri ástæða til að auka innflutningskvótann til að mæta eftirspurn eftir kjúklingi. Þá fengust þau svör að ástandið væri alveg að fara að lagast og engin ástæða væri til að rýmka innflutningshöftin.

SKOÐUN



Ólafur Þ. Stephensen
olafur@frettabladid.is

Enn er kjúklingaskortur vegna salmonellusýkinga en ráðuneytið situr við sinn keip. Jón Bjarnason landbúnaðarráðherra var fastur í gömlu rullunni um íslenzka ofurkjúklinginn í Fréttablaðinu í gær: „Það er mjög strangt heilbrigðiseftirlit hér á landi og fólk þarf ekki að óttast að í búðum séu smitaðir kjúklingar. Við höfum státað af því að vera með heilbrigðustu kjúklingaframleiðsluna miðað við nágrannalöndin. Það fer ekkert á markað sem er smitað."

Ráðherrann bætti við að útlendur kjúklingur væri ekkert endilega laus við salmonellu; honum fylgdi „ekkert vottorð" upp á það. Það er reyndar rangt, því að innfluttur kjúklingur verður – samkvæmt reglugerð úr ráðuneyti Jóns Bjarnasonar – að hafa vottorð um að hann sé „laus við salmonellasýkla".

Um miðjan nóvember varð dálítil rekistefna út af merkingum á dönskum kjúklingi, sem segja hann lausan við salmonellu. Matvælastofnun gaf þá út tilkynningu þar sem segir að dönsku kjúklingarnir hafi vissulega staðizt salmonelluprófið. „Þetta gefur þó ekki leyfi til fullyrðingar um að þeir séu án salmonellu, því ómögulegt er að útiloka með fullri vissu að salmonella geti leynst í hráu kjöti og geta slíkar fullyrðingar veitt neytendum falskt öryggi ... Fullyrðing á umbúðum innfluttra kjúklinga um að þeir séu lausir við salmonellu getur gefið í skyn að þeir séu öruggari til neyslu en íslenskir kjúklingar. Þetta er villandi og því ekki leyfilegt," sagði Matvælastofnun þá.

Verður stofnunin ekki að gera athugasemd við fullyrðingar Jóns Bjarnasonar, um að enginn salmonellusmitaður íslenzkur kjúklingur sé í búðum, fyrst ekkert er hægt að fullyrða um það? Eða gildir annað ef sannleikanum er hagrætt í þágu innlendrar vöru?

Í raun ætti ekki að rugla saman umræðu um heilbrigði fuglakjöts og hvort ástæða sé til að leggja ofurtolla á innflutning. Gera bara sömu, ströngu heilbrigðiskröfur til allrar vöru sem fer á markað, hafa innflutning tollfrjálsan og leyfa svo neytendum að velja. Þeir eru ekki endilega öruggari þótt þeir velji íslenzka kjúklinginn.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRI:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is*
Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. Issn 1670-3871




## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Að þjóðlegum hætti

Utanríkisráðherra hefur svarað fimm liða fyrirspurn Vigdísar Hauksdóttur um viðbrögð við kveðju utanríkisráðherra Bandaríkjanna 17. júní. Af handahófi birtast hér tvær af spurningunum fimm og svör við þeim. „Hvernig brást ráðuneytið við kveðju þeirri sem utanríkisráðherra Bandaríkjanna, Hillary Clinton, sendi Íslendingum 17. júní sl.?" Svar: „Það sem af er árinu 2010 hafa um 130 ríki fengið formlega kveðju á þjóðarhátíðardegi sínum. Ísland var í hópi ellefu þjóða sem fengu slíka kveðju á myndskeiði frá utanríkisráðherra Bandaríkjanna. Að þjóðlegum hætti var kærum þökkum komið formlega á framfæri til þess sem svo fallega ávarpaði Íslendinga á þjóðhátíðardegi þeirra."



### Gleði og ánægja

„Hefur það áhrif á viðbrögð við kveðjunni að leiðtogar Evrópusambandsins samþykktu á fundi 17. júní að hefja formlegar viðræður við Ísland um aðild að ESB, sama dag og Hillary Clinton sendi kveðjuna?" Svar: „Ráðuneytinu hefur ekki tekist að greina bein eða óbein tengsl á milli þeirra tveggja jákvæðu gerninga gagnvart Íslandi sem fram komu af hendi annars vegar leiðtoga Evrópusambandsins og hins vegar utanríkisráðherra Bandaríkjanna þennan nefnda dag. Að yfirveguðu máli er ráðuneytið þeirrar skoðunar að þar sé um tvo óskylda atburði að ræða. Ráðuneytið fullvissar háttvirtan þingmann um að hvorugur atburðurinn hafði áhrif á viðbrögð þess við hinum, en báðir vöktu sams konar viðbrögð: Gleði og ánægju fyrir Íslands hönd."



bjorn@frettabladid.is

## HALLDÓR




## Misvægi atkvæða í ESB

Stjórnlagaþing



Kristinn H. Gunnarsson
fyrrv. alþingismaður

Ritstjóri Fréttablaðsins telur misvægi atkvæða vera brot á grundvallarmannréttindum og segir að stjórnmálafræðingar hafi ekki fundið í veröldinni jafnkerfisbundna mismunun og hann telur vera hér á landi. Með þessu styður hann þá skoðun sína að landið eigi að vera eitt kjördæmi og finnur að því í skoðun föstudagsblaðsins að ég skuli vera annarrar skoðunar.

Nú liggja fyrir úrslit í kosningunni til stjórnlagaþings þar sem landið var eitt kjördæmi. Það fyrirkomulag leiðir greinilega fram að meirihlutinn fær ekki aðeins meirihluta þingsæta heldur nánast öll. Minnihlutinn fær nánast enga fulltrúa kjörna af sínu landsvæði. Kjósendur á Vesturlandi, Vestfjörðum, Norðurlandi vestra, Austurlandi, Suðurlandi og Suðurnesjum eru sviptir fulltrúum sínum. Þetta misvægi er miklu meira en það sem ritstjóri Fréttablaðsins gagnrýnir, en lætur samt nú óátalið. Það skiptir líklega öllu máli á hvorn veginn misvægið er.

Misvægi atkvæða er víða þekkt og er rökstutt með því að líta til allra þátta og vega þá og meta saman. Íbúar í höfuðborg Bandaríkjanna fá ekki að kjósa til öldungadeildar, þar sem þeir hafi mikil áhrif fyrir í krafti aðseturs þingsins og ríkisstjórnar. Misvægi atkvæða í Kaliforníu og Alaska er 1:54, en bæði ríkin kjósa tvo fulltrúa til öldungadeildar. Misvægi atkvæða í Bretlandi milli kjördæma var mest 1:4 síðast þegar ég leit á það.

En kannski er athyglisverðast misvægið milli landa í kosningum til Evrópuþingsins. Ég hygg að ritstjóri Fréttablaðsins sé fylgjandi því að Íslendingar gangi í Evrópusambandið. Í kosningunum í fyrra var misvægi atkvæða milli kjósenda í Möltu og Danmörk 5:1, milli Danmerkur og Þýskalands 2:1 og milli Möltu og Þýskalands 10:1.

Þetta er fyrirkomulag sem ritstjórinn segir vera brot á grundvallarmannréttindum, en ESB og aðildarlönd þess ekki. Ef Íslendingar ganga í sambandið og fá jafnmarga þingmenn og Malta þá vex mesta misvægi atkvæða upp í 15:1. Ég veit ekki annað en að íslensk stjórnvöld geri kröfu til þess að fá þetta misvægi atkvæða.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál) *hdm@frettabladid.is*
**HELGAREFNI:** Sigríður Björg Tómasdóttir *sigridur@frettabladid.is* **MENNING:** Bergsteinn Sigurðsson *bergsteinn@frettabladid.is* **ALLT OG SÉRBLÖÐ:** Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* og Sólveig Gísladóttir *solveig@frettabladid.is*
**ÍÞRÓTTIR:** Henry Birgir Gunnarsson *henry@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*

# Skáldskapur með skýringum

Í DAG
Þorvaldur Gylfason
prófessor



Tíminn er eins og vatnið, og vatnið er kalt og djúpt eins og vitund mín sjálfs. Og tíminn er eins og mynd, sem er máluð af vatninu og mér til hálfs. Og tíminn og vatnið renna veglaust til þurrðar inn í vitund mín sjálfs.

**Bundið mál og óbundið**

Þessi upphafserindi Tímans og vatnsins, höfuðkvæðis Steins Steinarr, eru göldrótt og allt kvæðið. Galdurinn er sá, að textinn er bæði bundinn og óbundinn. Það er enginn vandi að yrkja kvæði. En það er galdur að yrkja kvæði eftir réttum bragreglum og leyfa því samt að hljóma eins og hversdagslegt spjall um daginn og veginn. Þá list kunni Steinn Steinarr. Tónskáldin Atli Heimir Sveinsson og Jón Ásgeirsson hafa báðir samið tónverk við Tímann og vatnið, öll erindin 21. Bæði verkin eru til á samnefndum diskum.

Og svo er annar galdur í kvæðinu, sem Guðmundur Ólafsson hagfræðingur lýsti svo listilega í vor sem leið í Kiljunni, menningarþætti Egils Helgasonar blaðamanns í Ríkissjónvarpinu. Guðmundur lýsti þar Tímanum og vatninu sem ástríðufullu ástarkvæði. Sá skilningur er nýr fyrir mörgum, jafnvel þótt þeir hafi kunnað kvæðið utan bókar í hálfa öld eða lengur. Skáldskapur kallar stundum á skýringar, sem geta opnað lesandanum nýjar gættir og glugga. Þetta vita margir um músík: þeir hlýða á lærða fyrirlestra um tónlist og tónfræði, þar sem til dæmis strengjakvartettar Beethovens eru brotnir til mergjar takt fyrir takt og nótu fyrir nótu með nákvæmum skýringum í sögulegu og ævisögulegu samhengi. Fátt veit ég sjálfur skemmtilegra, en það er annað mál.

Hitt er sjaldgæfara, að kveðskapur sé fluttur með skýringum línu fyrir línu eins og Guðmundur Ólafsson gerði í Kiljunni (sjá notendur.hi.is/lobbi/). Bókmenntafræðingar líta sumir svo á, að öllum skýringum við skáldskap sé ofaukið, kvæði skáldanna skýri sig sjálf. En það er ekki örlát skoðun eins og skýringar Guðmundar við Tímann og vatnið vitna um. Guðmundur gæti með líku lagi, býst ég við, opnað kvæði Einars Benediktssonar fyrir Íslendingum eða að minnsta kosti þeim hluta þjóðarinnar, sem finnast kvæði Einars torskilin. Torræð kvæði er hægt að skilja á ýmsa vegu. Góðir kennarar og kvæðamenn eins og Guðmundur Ólafsson geta lýst upp leiðina. Ísland á mörg góð skáld, dauð og lifandi.

> Bókmenntafræðingar líta sumir svo á, að öllum skýringum við skáldskap sé ofaukið, kvæði skáldanna skýri sig sjálf. En það er ekki örlát skoðun

**Næsti bær við Stein**

Þórarinn Eldjárn er á okkar dögum næsti bær við Stein Steinarr eins og Kvæðasafn hans, sem kom út 2008 mikið að vöxtum, vitnar um. Í skáldskap Þórarins rennur bundið mál og óbundið víða út í eitt. Saumurinn sést hvergi. Þannig hljómar til dæmis kvæði Þórarins Vont og gott:

„Það er svo vont að liggja á köldum klaka kalinn í gegn og skjálfa allur og braka. Hugsa bara þetta: – Svaka svaka svakalega er vont að liggja á klaka. Það er svo gott að liggja í mjúkum mosa mæna upp í himininn og brosa. Hugsa bara þetta: – Rosa rosa rosalega er gott að liggja í mosa.“

Takið eftir, hvernig textinn flýtur. Þetta er óbundið mál, létt og leikandi, en samt rígbundið, enda hefur Tryggvi M. Baldvinsson tónskáld samið svellandi tangó við kvæðið. Þetta skemmtilega lag Tryggva og tíu önnur lög hans við kvæði Þórarins Eldjárn auk laga við ljóð níu annarra skálda er að finna á diskinum Gömul ljósmynd, sönglög eftir Tryggva M. Baldvinsson (12 tónar, 2006). Mæli einnig með honum. Auk Tryggva hafa tónskáldin Jóhann G. Jóhannsson, Jóhann Helgason og nú síðast Haukur Tómasson allir gefið út sérlega diska með lögum við ljóð Þórarins.

Sum kvæði Þórarins eru bundin að hætti gömlu skáldanna og sóma sér vel í þeim flokki án þess að hljóma eins og símtöl í hæsta gæðaflokki. Önnur eru óbundin eins og til dæmis Sameining:

„Tilkynnt hefur verið að Litlisannleikur hf. og Hálfsannleikur ehf. hafi nú sameinast undir nafninu Stórisannleikur ohf. Einfarinn sf. boðar jafnframt til hópferðar í innlönd. Hvað sem því líður er það staðföst ákvörðun okkar hjá Perluþjónustunni að láta ekki deigan síga og sækja nú æ fastar á djúpið. Við verðum áfram með besta svínafóðrið.“

Tökum að endingu eitt kvæði enn eftir Þórarin Eldjárn, Eðlisfræði:

„Afstæðiskenningu Einsteins trúi ég ekki læt mér hana í léttu rúmi liggja enda fráleitt að við hinir vantrúuðu þurfum að axla sönnunarbyrðina. Af skammtakenningunni þoldi ég ekki einu sinni minnsta skammtinn tregðulögmálið sá til þess. Með árunum aðhyllist ég hinsvegar æ meir gangteoríu Jóns Á. Bjarnasonar og nýt þess að mega sanna hana sem oftast við mismunandi aðstæður.“

## AF NETINU

### Samkeppni í pulsusölu



Þrátt fyrir að samkeppni eigi að ríkja milli fyrirtækjanna samkvæmt íslenskum lögum þá er verð á bensíni og olíu nánast það sama á öllum stöðvunum og samkeppni virðist fyrst og femst vera í pulsusölunni og ævisögum útvalinna. Furðulegt að hagræðing skili sér ekki í verðlagningu á mest keyptu smávörunni til landsins, eldsneytinu, jafnvel beint úr sjálfsalanum? Eða erum við neytendur að greiða niður sjoppureksturinn á bensínstöðvunum við flest stærri gatnamót á höfuðborgarsvæðinu?.

blog.eyjan.is/vilhjalmurari
**Vilhjálmur Ari Arason**

### Kort en ekki biðraðir



Biðraðir eftir mat eru fráleitar og ástæðulausar. Samtök ríkis og góðgerða eiga að gefa út greiðslukort fyrir þá, sem skortir fé fyrir mat. Þau eiga að semja við Bónus og Krónuna um að taka þessi kort gild fyrir aðrar vörur en sælgæti, snakk og goss. Mánaðarlega á síðan að leggja inn á þessi kort sem nemur fjölskyldustærð. Ef ástæða er til að hafa sérstakan lager fyrir gefnar vörur, á hann að vera opinn alla virka daga og taka við þessum kortum. Biðraðirnar skaða sjálfstraust fólks og eru þar að auki að hálfu skipaðar fólki, sem ekki þarf aðstoð. Svo sem fólki, er kemur beint frá Kanarí.

jonas.is **Jónas Kristjánsson**

**SENDIÐ OKKUR LÍNU**

Fréttablaðið og Vísir hvetja lesendur til að senda línu og leggja orð í belg um málefni líðandi stundar. Greinar og bréf skulu vera stutt og gagnorð. Tekið er á móti efni á netfanginu greinar@frettabladid.is eða á vefsíðu Vísis, þar sem finna má nánari leiðbeiningar. Ritstjórn ákveður hvort efni birtist í Fréttablaðinu eða Vísi eða í báðum miðlunum að hluta eða í heild. Áskilinn er réttur til leiðréttinga og til að stytta efni.



# Eru Vinstri græn á móti gagnaverum?

Gagnaver

Friðrik Þór Snorrason
framkvæmdastjóri Skyggnis



Undanfarin fjögur ár hefur verið unnið að því að markaðssetja Ísland sem ákjósanlegan stað fyrir uppbyggingu gagnavera. Kostir landsins eru margir, s.s. velmenntað og vinnusamt starfsfólk, öflugar gagnatengingar til Evrópu og Bandaríkjanna, hrein græn orka, milt loftslag og nægt land undir gagnaverin. Það hefur verið opinber stefna núverandi og fyrri ríkisstjórna að laða gagnaver til landsins. Á grunni þeirra stefnu hefur verið lagt út í milljarða fjárfestingar í gagnasamböndum til og frá landinu og hafnar eru framkvæmdir við byggingu gagnavera sem selja eiga erlendum fyrirtækjum þjónustu sína.

### Ójöfn samkeppnisstaða

Kostir Íslands eru það miklir að erlendir sérfræðingar hafa spurt af hverju gagnaversiðnaðurinn hafi ekki nú þegar náð að skjóta styrkum rótum á Íslandi. Með réttu gætu nokkur stór gagnaver þegar verið starfrækt hér á landi með fjölda manns í vinnu, ef vel hefði verið á málum haldið.

Svarið er einfalt. Rekstrarumhverfi íslenskra gagnavera er ekki samkeppnishæft við umhverfi gagnavera í Evrópu. Íslensk gagnaver og viðskiptavinir þeirra búa við tvísköttun, annars vegar þegar netþjónar eru fluttir til landsins og hins vegar þegar þjónusta gagnavera er flutt úr landi og seld til erlendra viðskiptavina. Einnig eru gerðar ríkar kröfur um að viðskiptavinir gagnaveranna stofni til fastrar starfstöðvar á Íslandi með tilheyrandi kostnaði. Gagnaver innan Evrópusambandsins (ESB) búa því við mun hagstæðara rekstrarumhverfi.

### Engar skattaívilnanir

Samtök gagnavera hafa um nokkurt skeið sóst eftir því að lagaumhverfi íslenskra gagnavera verði nútímavætt þannig að þau geti mætt samkeppni gagnavera innan Evrópusambandsins (ESB) á jafnræðisgrunni. Markmiðið er ekki að skapa iðnaðinum skattalegar ívilnanir heldur eingöngu að tryggja að samkeppnisstaða íslenskra gagnavera verið jöfn gagnaverum innan ESB. Samtökin hafa lagt fyrir fjármálaráðuneytið ítarlegar tillögur um þær breytingar sem gera þarf á lögum um virðisaukaskatt og tekjuskatt svo þessu megi ná fram. Í öllum tilfellum hafa tillögurnar verið rökstuddar með fordæmum frá ríkjum innan Evrópusambandsins.

### Stefna án innihalds?

Nýlega lagði Steingrímur J. Sigfússon, fjármálaráðherra, fram frumvarp um breytingar á lögum um virðisaukaskatt sem jafna á samkeppnisstöðu íslenskra gagnavera með því að tryggja að útflutt þjónusta þeirra sé undanþegin virðisaukaskatti. Í greinargerð með lögunum er að finna ýtarlega skilgreiningu á því hvaða þjónusta gagnavera sé undanþegin virðisaukaskatti og hvaða þjónusta sé það ekki. Þannig er gert ráð fyrir því að hýsingarþjónusta gagnavera sé skilgreind sem aðstöðuleiga, og því ekki undanþegin VSK á meðan gagnavinnsla er skilgreind sem útflutt þjónusta og því undanþegin VSK.

Við fyrstu sýn kann að virðist að með þessari aðgreiningu hafi fjármálaráðuneytið viljað hámarka skatttekjur landsins með því að tryggja að verðmætasköpun færi sem mest fram á Íslandi í tengslum við gagnaverin. Tilgangurinn er þó sennilega annar því í frumvarpinu er gert ráð fyrir að þrátt fyrir að viðskiptavinum sé seld þjónusta á sviði gagnavinnslu án VSK þurfi samt að greiða virðisaukaskatt af hýsingarþjónustunni.

Ójafnri stöðu íslenskra gagnavera er því viðhaldið með núverandi frumvarpi. Því er rétt að spyrja hvort Vinstri græn séu á móti uppbyggingu gagnaversiðnaðarins hér á landi? Ef svo er þá væri mun eðlilegra að koma hreint til dyranna og lýsa því yfir að íslensk stjórnvöld hafi ekki huga á að laða þessa starfsemi til Íslands. Það mun spara íslenskum frumkvöðlum, sem linnulaust hafa unnið að því að laða erlent fjármagn til landsins, mikla fjármuni og orku.

> Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að þrátt fyrir að viðskiptavinum sé seld þjónusta á sviði gagnavinnslu án VSK þurfi samt að greiða virðisaukaskatt af hýsingarþjónustunni. Ójafnri stöðu íslenskra gagnavera er því viðhaldið með núverandi frumvarpi.

### Hugsunarvillan

Erlendir viðskiptavinir íslensks sjávarútvegsfyrirtækis, stoðtækjaframleiðanda eða álvers eru ekki skattlagðir líkt og stefnt er að í tilfelli gagnavera í frumvarpi fjármálaráðherra. Þannig eru erlendir viðskiptavinir HP Granda ekki sérstaklega skattlagðir þegar hrá eða fullunnin matvæli eru seld úr landi. Þessari meginreglu er hins vegar kollvarpað í frumvarpi fjármálaráðherra. Tryggja á sértækar skatttekjur af erlendum viðskiptavinum íslensku gagnaveranna með því að neyða gagnaverin til að leggja virðisaukaskatt á þá þjónustu sem seld er út fyrir landsteinanna. Áhrif þessa verða að gagnaversiðnaðurinn mun ekki skapa ný störf og engar nýjar tekjur né skatttekjur verða til.

### Verndun lífsgæða

Til að vernda og auka lífsgæði Íslendinga þarf að auka getu samfélagsins til að skapa verðmæti. Vegna sérstöðu Íslands og þeirra landkosta sem landið hefur upp á að bjóða getur gagnaversiðnaðurinn leikið mikilvægt hlutverk í endurreisn íslensks samfélags. Ef rekstrarumhverfi íslenskra gagnavera er gert samkeppnishæft mun hér á landi rísa öflugur útflutningsiðnaður sem skapar fleiri hundruð störf og aflar landi og þjóð mikilvægra gjaldeyristekna. Íslenska ríkið og sveitarfélögin munu innheimta tekjuskatt, bæði af starfsemi gagnaveranna sjálfra sem og tekjuskatt af starfsmönnum gagnaveranna, fasteignaskatt, gatnagerðargjöld og orkuskatta eftir því sem við á.

### Uppbygging þekkingarkjarna

Í stað þeirrar orku, sem hefur farið í að breyta rekstrarumhverfi gagnavera, væri mun vænlegra ef iðnaðurinn og stjórnvöld tækju höndum saman um að móta sameiginlega stefnu um hvernig hámarka megi þau verðmæti sem verða til hér á landi í tengslum við gagnaverin. Megin viðfangsefni slíkrar vinnu væri að tryggja að hér á landi verði til þekkingarkjarnar sem laði að erlenda fjárfestingu og ýti undir verðmætasköpun og útflutning þjónustu.

Samtök gagnaversfyrirtækja hvetja Alþingi til að gera breytingar á frumvarpi fjármálaráðherra og að flýta þannig fyrir vexti gagnaversiðnaðarins.





Yfirburðir Fréttablaðsins staðfestir!

Fréttablaðið er sem fyrr mest lesna dagblað landsins með glæsilegt forskot á samkeppnisaðila sinn eins og síðasta könnun Capacent Gallup sýnir ótvírætt.

Auglýsing í Fréttablaðinu nær til yfir 94% lesenda blaðanna




Allt sem þú þarft...

Skörun blaðalesturs að meðaltali á dag, mán.-lau., höfuðborgarsvæðið 18-49 ára.
Heimild: Blaðakannanir Capacent ágúst – október 2010.

# TIL HAMINGJU EINAR FALUR




ÍSLENSKU BÓKMENNTA VERÐLAUNIN
*Tilnefning*

★★★★★

„Það er unun að lesa þessa bók."
*Ingi F. Vilhjálmsson – DV*



ÞJÓÐMINJASAFN ÍSLANDS
*National Museum of Iceland*

# FEGURÐIN BÝR Í BÓKUM

Við gefum út fegurstu bók heims og fögnum tilnefningu einnar fegurstu bókar ársins



ADC*E
Silfurverðlaun/Bækur, bókverk og ársskýrslur 2009

THE CUP INTERCONTINENTAL ADVERTISING CUP
Gullverðlaun/Best of Publications 2009

FÍT
Gullverðlaun/Grafísk hönnun fyrir prentmiðla 2009

## FLORA ISLANDICA FEGURSTA BÓK Í HEIMI

Alþjóðleg dómnefnd valdi Flora Islandica best hönnuðu bók í heimi
Bókin var hönnuð af Snæfríði Þorsteins og Hildigunni Gunnarsdóttur

CRYMOGEA

Crymogea | Barónsstíg 27 | 101 Reykjavík | sími 511 0910 | crymogea@crymogea.is | www.crymogea.is

# Skólinn kennir á lífið


Skóli og kirkja



Bjarni Karlsson
sóknarprestur og fulltrúi í velferðarráði Reykjavíkur


Nú heldur áfram umræðan um tillögugerð mannréttindaráðs borgarinnar varðandi samstarf kirkju og skóla og það hefur mikið að segja að jákvæður farvegur finnist í þessu máli.

Við viljum öll að leik- og grunnskóli sé öruggur og uppbyggilegur vettvangur sem miðli því helsta og besta sem samfélagið hefur að færa börnum á hverjum tíma. Þar viljum við að góðum siðgildum sé haldið á lofti og að börnin þjálfist í almennri lífsleikni um leið og vitsmunaleg og tæknileg færni þeirra fær ákjósanleg vaxtarskilyrði.

Þá er mikilvægt fyrir hvern skóla og foreldrasamfélag að eiga trausta bandamenn í nærumhverfi sínu, því hér gildir hið fornkveðna að það þarf þorp til þess að ala upp barn. Fjölbreytt þekking og félagsleg kunnátta vex af kynnum við margt fólk og okkur ber að tryggja að skólinn sé slíkt mannlífstorg sem miðli breiðri þekkingu. Við viljum glæða forvitni hinna ungu en kenna þeim varkárni. Við viljum að þau séu markviss í eigin lífi en taki jafnframt tillit til annarra. Og við viljum að þau verði sjálfstæðar siðverur og kunni fótum sínum forráð í fjölbreyttum heimi þar sem allt virðist falt og flest hægt.

Af þessum ástæðum þykir foreldrum og kennurum almennt mikilvægt að börn njóti þjónustu stofnana og félagasamtaka sem bjóða upp á fjölbreytta þroskamöguleika í tómstundum. Listnám, íþróttir, útivist, kirkjustarf, skátar o.m.fl. kemur þar við sögu en forsenda samstarfsins er þó ætíð ein; trúnaður. Foreldra- og skólasamfélagið verður að sjá verðugan bandamann í félagi sem býður barni upp á tómstundaiðkun og það verður að mega treysta því að þar fari ekkert fram sem ögri heill barnsins. Því er jákvætt að mannréttindaráð borgarinnar setji rammaviðmið um samskipti félaga og stofnana við skólasamfélagið, en það þarf að gæta þess að þeir rammar séu raunhæfir og beri ekki með sér neitt annað en umhyggju fyrir uppeldisaðstæðum barna. Ósættið sem nú ríkir um tillögur mannréttindaráðs er til komið vegna þess að margir þykjast greina þar andúð á milli lína. Mörgum finnst stafa þótti gagnvart kirkju og trú af tillögunum. Ég tek undir þá skoðun og álít ekki gott að yfirvöld noti andúð eða beiti þótta.

Nú ríður á að við byggjum upp gagnsætt og merkingarbært samfélag þar sem eining ríkir í fjölbreytileikanum. Við þurfum að þróa með okkur þjóðfélag sem er siðferðislega vakandi, sveigjanlegt og stefnufast í senn. Við þurfum að rifja upp

> Mörgum finnst stafa þótti gagnvart kirkju og trú af tillögunum. Ég tek undir þá skoðun og álít ekki gott að yfirvöld noti andúð eða beiti þótta.

og rækta þau siðgildi sem við viljum hafa í heiðri og til þess notum við almannarýmið. Siður samfélagsins er ekki einkamál heimilisins heldur vex hann fram í gagnvirkum tengslum heimilis, skóla og allra annarra stofnana.

Sjálfur er ég sóknarprestur og sit jafnframt í velferðarráði Reykjavíkur fyrir hönd Samfylkingarinnar, svo að málið er mér skyldara en ella. Og þar sem ég hef lýst mig vanhæfan til að fjalla um þetta mál í velferðarráði, því ég vil ekki að umsögn þess verði skýrð með veru minni, þá ætla ég hér að hvetja samherja mína í mannréttindaráði til að endurskoða tillögur sínar í anda jafnræðis og snúa þeim jafnt að öllum félögum og stofnunum sem víkja vilja góðu að börnum og unglingum.




FROSTI RÆÐIR UM SKILNAÐINN VIÐ MÍNUS, FÖÐURMISSI OG STJÓRNMÁLIN.

Ekki missa af Fréttablaðinu á morgun


# Nauðsyn trúnaðarsamskipta


Wikileaks



Luis E. Arreaga
sendiherra Bandaríkjanna á Íslandi


Obama forseti og Hillary Rodham Clinton utanríkisráðherra eru staðráðin í að blása lífi í samskipti Bandaríkjanna við önnur ríki. Þau hafa unnið hörðum höndum við að styrkja gömul tengsl og skapa ný til að mæta sameiginlegum áskorunum, allt frá loftslagsbreytingum til þess að binda enda á kjarnorkuvopnaváná og berjast gegn sjúkdómum og fátækt. Sem sendiherra Bandaríkjanna á Íslandi er ég skuldbundinn til að styðja við bakið á þessum verkefnum með því að efla samvinnu við Ísland. Ég trúi því að Ísland deili mörgum þessara markmiða og að saman getum við unnið þeim brautargengi. Vináttutengsl Íslands og Bandaríkjanna eru sterk og sagan ber þess glöggt merki.

Á undanförnum dögum hafa ákveðin skjöl vakið athygli fjölmiðla. Þau virðast innihalda mat sendierindreka okkar á stefnumálum, samningaviðræðum og leiðtogum ríkja um allan heim, þ.á m. Íslands, sem og fréttir af einkasamtölum við fólk innan og utan stjórnsýslu annarra ríkja.

Ég get ekki sagt með fullri vissu að þessi skjöl séu ósvikin. En ég get sagt að Bandaríkjunum þykir það miður þegar uppljóstrað er um leynilegar upplýsingar. Ég vísa til ummæla Hillary Clinton frá 29. nóvember: „Skynsamt fólk skilur þörfina á því að diplómatísk samskipti um viðkvæm mál geti átt sér stað, bæði til að vernda þjóðarhagsmuni og sameiginlega hagsmuni allra þjóða. Öll lönd, þ.m.t. Bandaríkin, verða að geta átt hreinskilin samskipti við einstaklinga og þjóðir. Og öll lönd, þ.m.t. Bandaríkin, verða að geta átt hreinskiptin einkasamtöl við önnur lönd um sameiginleg málefni."

Ég trúi því að skynsamt fólk skilji að ekki er hægt að setja samasemmerki milli innanhússskýrslna sendierindreka og opinberrar utanríkisstefnu hvers ríkis. Í Bandaríkjunum eru þær einungis einn þáttur af mörgum sem hafa áhrif á stefnu okkar, en forsetinn og utanríkisráðherrann eiga lokaorðið í því ferli. En samskipti ríkisstjórna eru ekki eina áhyggjuefnið. Okkur er líka umhugað um öryggi margra sem starfa að mannréttindamálum, blaðamanna, trúarleiðtoga, og annarra aðila utan ríkisstjórna sem á hreinskilinn hátt veita bandarískum sendierindrekum innsýn sína. Til að þessi samtöl geti átt sér stað þarf trúnaðartraust að vera til staðar. Ef hulunni er svipt af einstaklingi sem berst gegn spillingu, sem deilir upplýsingum um opinbert misferli eða vanrækslu, eða af félagsráðgjafa, sem leggur fram sannanir í kynferðisbrotamáli, þá getur slíkt haft alvarlegar afleiðingar: fangelsisvist, pyntingar, jafnvel dauða. Ég veit að margir Íslendingar styðja mannréttindabaráttu víða um heim og þeir skilja þá hættu sem getur steðjað að einstaklingum vegna svona uppljóstrana.

> Ég trúi því að skynsamt fólk skilji að ekki er hægt að setja samasemmerki milli innanhússskýrslna sendierindreka og opinberrar utanríkisstefnu.

Aðstandendur Wikileaks-vefsíðunnar segjast hafa u.þ.b. 250 þúsund trúnaðarskjöl í fórum sínum, sem mörg hver hafa nú þegar ratað til fjölmiðla. Hvað sem býr að baki birtingu þessara skjala, þá er það ljóst að fólki stafar raunveruleg hætta af því að þau skuli nú hafa verið gerð opinber, og í mörgum tilfellum einkum þeir sem hafa tileinkað líf sitt velferð annarra.

Ég vil endurtaka það sem Clinton utanríkisráðherra sagði: „Í Bandaríkjunum fögnum við umræðu um brýnar spurningar sem snúa að stjórnmálum. Við segjum álit okkar á þeim í kosningum. Þetta er ein af sterkustu hliðum lýðræðiskerfis okkar. Þetta er hluti af því hver við erum og er forgangsmál þessarar ríkisstjórnar. En það að stela trúnaðarskjölum og opinbera þau án tillits til afleiðinga, þjónar ekki almannahagsmunum, og er ekki rétta leiðin til að taka þátt í vitrænni umræðu."

Bandarísk stjórnvöld munu halda áfram að efla samstarf sitt við Ísland og vinna að þeim málefnum sem ríkjunum tveimur eru mikilvæg. Við höfum ekki efni á öðru. Ég á í nánu sambandi við íslensk stjórnvöld til að ganga úr skugga um að við einbeitum okkur að þeim verkefnum sem við stöndum frammi fyrir. Obama forseti, Clinton utanríkisráðherra og ég erum staðráðin í að vera áreiðanlegir bandamenn í því að byggja betri og farsælli heim fyrir alla.

# Hlýnun jarðar, Cancun og ábyrgð Íslands í loftslagsmálum


Loftslagsbreytingar



Mikael Lind
málvísindamaður og tónlistarmaður


Sendimenn frá fleiri en 190 löndum hafa komið saman í Cancun í Mexíkó til að ræða leiðir til að draga úr áhrifum frá hlýnun jarðar og er góð ástæða til. Árið 2010 er hið heitasta á plánetu okkar síðan mælingar hófust og í fréttunum getum við fylgst með afleiðingunum; skógareldar í Rússlandi sem kæfa íbúa Moskvu og flóð í Pakistan sem setja einn fjórða af landinu í kaf.

Eins og blaðamaðurinn Johann Hari á The Independent bendir á þá er meiri ástæða að hræðast náttúruhamfarir en þær hagfræðihamfarir sem tröllriðið hafa heiminum undanfarið því það er tvennt ólíkt að bjarga bönkunum frá gjaldþroti og að bjarga náttúrunni frá eyðileggingu.

Virtustu loftslagssérfræðingar heims hafa bent á að vatnsyfirborð jarðar gæti hækkað um u.þ.b. einn til einn og hálfan metra á þessari öld. Ef þessar spár reynast réttar mundi hafið kaffæra London, Bangkok, Feneyjar, Sjanghæ og Kaíró. Rannsókn á plöntusvifum sýndi nýlega fram á að 40% þeirra hafa drepist síðan 1950 vegna hlýnunar hafsins. Þessi svif framleiða helminginn af súrefni jarðar og drekka í sig koltvísýringa sem hafa annars hlýnandi áhrif á jörðina.

Eins og Noam Chomsky benti á í myndfyrirlestri sínum í Háskólabíói fyrir stuttu er það þannig að þrátt fyrir framsetningu margra fjölmiðla er meginmál umræðunnar um hlýnun jarðar varla eitthvert rifrildi á milli þeirra fræðimanna sem trúa að útblástur gróðurhúsagasa hafi hlýnandi áhrif á jörðina og þeirra sem trúa því ekki. Mjög fáir vísindamenn afneita að hlýnun jarðar er af manna völdum og sums staðar virðist lobbýismi olíufyrirtækja vera partur af spilinu hjá þeim sem þverneita að viðurkenna vandann. Alvöru umræðan í vísindaheiminum á sér stað á milli loftslagsfræðimanna um hversu slæmar afleiðingarnar verða. Það að það verði afleiðingar er þegar álitið sem staðreynd.

> Þrátt fyrir að vera lítið land ber Ísland ábyrgð ásamt öllum öðrum löndum í heiminum.

Þrátt fyrir að vera lítið land ber Ísland ábyrgð ásamt öllum öðrum löndum í heiminum. Það er stundum talað um þá sem vilja lifa „grænum lífsstíl" og þá sem vilja það ekki. En ég tel það líklegt að ef ástandið fari að versna samkvæmt spám fræðimanna þá mun varla vera um frjálst val að ræða miklu lengur. Er ekki það að passa vel upp á umhverfið frekar skylda gagnvart heiminum og sérstaklega börnum okkar sem erfa hann? Þynnkuna eftir náttúruhamfarir sem rekja má til kæruleysis í loftslagsmálum verður mun erfiðara að koma lagi á en bankakreppuna vegna kæruleysis stjórnmálamanna.

Það er margt sem mátti betur fara á Íslandi og til að verða fyrirmyndarland verður að stefna hærra og ekki slaka á markmiðinu. Þar sem Ísland er mikil bílaþjóð verður að vera auðveldara fyrir Íslendinga að keyra á grænu eldsneyti eða rafmagni. Það verður einnig að auðvelda aðgengi fjölgandi hóps hjólafólks með því að byggja fleiri hjólabrautir. Í Reykjavík og stærri borgum vil ég sjá fleiri vistgötur og það þarf að hvetja fólk til þess að nota bílinn sjaldnar í miðborginni. (Strikið í Kaupmannahöfn er vel heppnuð göngugata; getum við ekki reynt að fylgja þessu dæmi eftir?) Æskilegt væri að framleiða eins mikið hér á landi og hægt er til að koma í veg fyrir mengandi innflutning. Fyrirtækin verða að axla ábyrgð og leggja sitt af mörkum í þróun græns hagkerfis.

Ef horft er til framtíðar verður að skoða möguleika eins og að byggja lest frá Reykjavík til Keflavíkurflugvallar. Þannig mætti draga verulega úr mengun og einnig einfalda fyrir bæði Íslendinga og ferðamenn að ferðast á milli þessara staða á þægilegan hátt. Þetta og annað hefur verið rætt og tek ég því fagnandi, sem og frumlegum hugmyndum um notkun jarðvarma í stór gróðurhús varpað fram af Björk Guðmundsdóttur, John Perkins og fleiri. Þessi umræða verður að halda áfram og breiða úr sér. Setjum Ísland í fremstu röð grænna samfélaga!

# TIL HAMINGJU!




ÍSLENSKU BÓKMENNTA VERÐLAUNIN
Tilnefning 2010

4. sæti metsölulista Eymundsson
Skáldverk 24.11-30.11

„Virkilega hrífandi."
– Þorgerður E. Sigurðardóttir, Kiljunni



★★★★
– Einar Falur, Morgunblaðið

**Bergsveinn Birgisson** er tilnefndur til **Íslensku bókmenntaverðlaunanna 2010** fyrir **Svar við bréfi Helgu**

„Svo skemmtileg saga að maður skríkir."
– **Egill Helgason, Kiljunni**

★★★★★

„... sjaldgæf perla þar sem nútíð og fortíð, borg og sveit mætast og renna saman í óviðjafnanlegum texta."
– **Jón Yngvi, Fréttablaðið**

★★★★★

„Þetta er í fáum orðum sagt alveg dásamleg bók."
– **Ingi F. Vilhjálmsson**



**Óskar Árni Óskarsson** er tilnefndur til **Þýðingarverðlaunanna 2010** fyrir **Kaffihús tregans**

KLASSÍSKT MEISTARAVERK




Hrífandi og tregafull saga um þráhyggju og afbrýði í sérstökum ástarþríhyrningi

BJARTUR

DYNAMO REYKJAVÍK

# Skapandi greinar – burðarstoð atvinnulífs

Ríkisfjármál

Kolbrún Halldórsdóttir
formaður Bandalags íslenskra listamanna



Það eru athyglisverð tíðindin af kortlagningu skapandi greina, sem leiða fram í dagsljósið nýja burðarstoð í íslensku atvinnulífi. Umfang skapandi greina, fjölbreytni þeirra og mikilvægi fyrir hagkerfið hafa aldrei verið skráðar með skipulegum hætti, þó við sem störfum innan geirans höfum haft á tilfinningunni að stærðargráðan sé umtalsverð. Þegar samtök listamanna hafa þurft að réttlæta tilveru sína og verja opinber framlög til lista og menningar, hefur verið svekkjandi að geta ekki vitnað til hagstærða eins og aðrar atvinnugreinar gera jafnan. Hagtölur landbúnaðarins eru gefnar út með reglubundnum hætti, útflutningsverðmæti sjávarafurða er skráð niður í hvern þorskspord og hvert framleitt áltonn er reiknað með í heildarverðmæti stóriðju í landinu, en ekkert hefur verið vitað með vissu um skapandi greinar. Viðhorfið hefur hneigst í þá átt að afurðir lista- og menningargeirans séu ákjósanlegt skraut á útflutning frá Íslandi en hafi ekki sjálfstætt gildi. Nú er annað að koma á daginn.

Bandalag íslenskra listamanna hefur tekið virkan þátt í vinnunni við kortlagningu skapandi greina enda varðar verkefnið sameiginlega hagsmuni þeirra fjórtán aðildarfélaga sem koma saman undir hatti BÍL. Baráttan fyrir viðurkenningu starfa okkar er meðal annars fólgin í því að þurfa að verja þá fjármuni sem varið er til lista og menningar á fjárlögum íslenska ríkisins. Þannig er það árviss atburður að réttlæta þurfi fyrirkomulag það sem gildir um launasjóði listamanna skv. lögum um listamannalaun.

Á tímum samdráttar og niðurskurðar í ríkisútgjöldum þurfa allir málaflokkar að taka á sig skerðingar. Þar eru listir og menning ekki undanskilin og skorast listamenn ekki undan ábyrgð í þeim efnum. En niðurskurðarhnífnum þarf þó að beita með varkárni svo mikilvægir vaxtarsprotar bíði ekki varanlegt tjón. Upp á síðkastið hefur stjórn BÍL hitt að máli fjárlaganefnd og mennta- og menningarmálanefnd Alþingis til að ræða um einstaka þætti fjárlagafrumvarpsins.

Áherslur BÍL eru skýrar. Tryggja þarf faglega úthlutun opinberra fjármuna til menningarverkefna. Í því skyni er mikilvægt að fjárlaganefnd breyti vinnubrögðum sínum og láti af handahófskenndum úthlutunum af safnliðum en beiti sér þess í stað fyrir eflingu sjóða sem ætlað er slíkt hlutverk samkvæmt lögum. Þar er um að ræða m.a. Kvikmyndasjóð, Bókmenntasjóð, Tónlistarsjóð, Starfsemi atvinnuleikhópa og launasjóði listamanna. Á síðasta ári var samningi menntamálaráðuneytis við kvikmyndagerðarmenn kippt úr sambandi og kvikmyndasjóður skorinn umfram aðra sjóði. BÍL telur mikilvægt að samningurinn verði vakinn til lífs á ný svo áform um stóreflingu kvikmyndageirans geti gengið eftir. Hafa ber í huga að kvikmyndagerð er einhver öflugasti þátturinn í vef skapandi greina.

Í ljósi framangreindrar niðurstöðu rannsóknarverkefnisins um kortlagningu skapandi greina er mikilvægt að efla kynningarmiðstöðvar í skapandi greinum; Hönnunarmiðstöð, Kynningarmiðstöð íslenskrar myndlistar, Kvikmyndamiðstöð, Útflutningsskrifstofu íslenskrar tónlistar, Íslenska

> Þannig er það árviss atburður að réttlæta þurfi fyrirkomulag það sem gildir um launasjóði listamanna.

tónverkamiðstöð, Bókmenntasjóð og Sviðslistamiðstöð Íslands sem nú er í burðarliðnum. Í því sambandi ber einnig að hafa í huga hlutverk nýstofnaðrar Íslandsstofu, en lög um stofuna gera ráð fyrir að hún greiði fyrir kynningu lista og menningar á erlendri grund.

Af einstökum verkefnum leggur BÍL áherslu á að horfið verði frá áformum um að þurrka út af fjárlögum verkefnið „Tónlist fyrir alla“. Þar er um að ræða vel skilgreint verkefni, sem hefur skilað góðum árangri gegnum tíðina. Fjöldi barna og unglinga um land allt hefur fengið að njóta tónleika undir þess hatti. Meðal listamanna er ríkur vilji til að efla verkefnið og þróa það svo enn fleiri fái notið þess um komandi ár. Slík áform eru dauðadæmd ef fjárlagafrumvarpið verður óbreytt að lögum.

Nú, þegar fjárlagafrumvarpið er væntanlegt til þingsins eftir meðhöndlun fjárlaganefndar, er nauðsynlegt að horft sé til heildarmyndarinnar. Öflugur stuðningur við grasrótarstarf í listum og skapandi greinum er forsenda blómlegrar atvinnugreinar, sem á tilkall til þess að til hennar sé horft sömu augum og annarra grunnstoða í atvinnulífi þjóðarinnar.

# Glæsilegt stjórnlagaþing

Stjórnlagaþing

Tryggvi Gíslason
frambjóðandi 6428 til stjórnlagaþings



Nú er komið í ljós, hverjir sitja stjórnlagaþing 2011. Að mínum dómi hefur valið tekist mjög vel. Óska ég þingfulltrúum og þjóðinni allri til hamingju með þetta góða val.

Þótt búast hefði mátt við betri kjörsókn, er meira um vert, að 83.500 kjósendur nýttu sér atkvæðisrétt sinn í þessum mikilsverðu kosningum. Betra er, að hinn skapandi minnihluti velur 25 fulltrúa á stjórnlagaþing en sundurleitt Alþingi hefði kosið 12 vildarvini sína til þess að fjalla um drög að nýjum grundvallarlögum fyrir lýðveldið Ísland.

> Stjórnlagaþingið mun semja frumvarp að nýjum stjórnarskipunarlögum.

Fulltrúarnir 25 búa yfir mikilli þekkingu og mikilli reynslu, þeir hafa brennandi áhuga á þessu mikilsverða máli, hafa mikil tengsl út í samfélagið og eru ekki fulltrúar stjórnmálaflokka. Þetta mun nýtast vel.

Þjóðin mun fylgjast með störfum stjórnlagaþings og meðferð Alþingis á tillögum þingsins. Umræðan, sem staðið hefur undanfarin ár um lýðræði og jafnrétti, mun halda áfram og lýðræðisog réttlætisvitund þjóðarinnar á eftir að eflast af þeim sökum. Þá eiga skólar að koma til og kenna nemendum um lýðræði, jafnrétti – og mannvirðingu, því að lýðræði er ekki síst hugsun.

# Bankar Gilitrutt upp á?

Bækur

Þórir S. Guðbergsson
rithöfundur



Í viðtali í Kastljósi fyrir skömmu var rætt við Benedikt Erlingsson leikara og leikstjóra. Umræðan fjallaði um brúðuleikverkið Gilitrutt sem hinn dverghagi og frábæri listamaður Bernd Ogrodnik sýnir nú í notalegu og vinalegu leikhúsi sínu í Borgarnesi þar sem hver hreyfing, hvert hljóð, svipbrigði, svar og ekki síst þagnirnar skipta svo miklu máli. Næmi listamannsins er ótrúleg á þessu sviði.

Benedikt komst vel að orði eins og oft áður (einstaklega gott að hlusta á konuna hans líka) þegar fréttamaður spyr eitthvað á þá leið hvort þessi gamla saga um Gilitrutt eigi nokkurt erindi til nútímafólks.

„Gilitrutt . . . Gilitrutt,“ svaraði Benedikt. (Ath. Ekki er haft orðrétt eftir Benedikt). „Var hún ekki ógnvænleg, blessunin? Var hún ekki grimm? Hitti hún ekki fyrir konu sem var löt og nennti ekki einu sinni að hugsa? Getur Gilitrutt kannski birst svo ógnvænleg sem hún er í líki kreppunnar? Er hún blessun eða bölvun? Hvernig endar sú saga? Er Gilitrutt kannski fulltrúi náttúrunnar, umhverfisins, sem við eigum samleið með svo lengi sem við lifum á jörðinni? Spyr hún hver beri ábyrgð á því? Íslendingar bregðast gjarnan við erfiðum verkefnum með tvenns konar hætti. Annaðhvort: Þetta reddast. Og ef það reddast ekki: Helvítis fokking fokk!“

> Getur verið að Gilitrutt sé að banka upp á og spyrja hver beri ábyrgð á börnum okkar og barnabörnum og velfarnaði þeirra?

Getur verið að Gilitrutt sé að banka upp á og spyrja hver beri ábyrgð á börnum okkar og barnabörnum og velfarnaði þeirra? Börnin þrá samskipti við fullorðið fólk. Þau kalla eftir festu, öryggi og ást. Förum við með börnin í leikhús? Lesum við fyrir börnin okkar? Syngjum við með þeim? Um þessar mundir eru barnabækur keyptar í þúsundatali. Við vitum að lestur og samvera með börnum:

Skapar ró og eykur jákvæð samskipti og orðaforða barna.

Hvetur börn til að hugsa og spyrja.

Hvetur þau til að skoða og lesa og örvar hugmyndaflug.

Kannski er fokið í flest skjól þegar sumar bókabúðir neita að taka íslenskar barnabækur til sölu. Hvað segir Gilitrutt þá? Hvað er krumminn að krunka?

Hverju bergmála klettarnir? Hvað segir húmið og stjörnurnar og hvað býr í berginu? Finna börnin með tilfinninganæmi sínu hvað er á seyði? Kalla: ó, Guð. Gilitrutt er að koma?

Með samveru okkar við yngstu kynslóðina öðlumst við ætíð nýja og óvænta reynslu. Spurningarnar geta verið svo heimspekilegar og hjartanlega einlægar, svör þeirra og lausnir svo skemmtilega undarlegar. Njótum samverunnar með dýrmætum gimsteinum.

## SENDIÐ OKKUR LÍNU

Fréttablaðið og Vísir hvetja lesendur til að senda línu og leggja orð í belg um málefni líðandi stundar. Greinar og bréf skulu vera stutt og gagnorð. Tekið er á móti efni á netfanginu greinar@frettabladid.is eða á vefsíðu Vísis, þar sem finna má nánari leiðbeiningar. Ritstjórn ákveður hvort efni birtist í Fréttablaðinu eða Vísi eða í báðum miðlunum að hluta eða í heild. Áskilinn er réttur til leiðréttinga og til að stytta efni.

SVANUR
ungbarna heilgalli
Verð: 20.800 kr.
Stærðir: 62- 86
PRIMALOFT
Einnig fáanlegur í rauðu & grænu



Einstaklega hlýr og léttur heilgalli úr vatnsfráhrindandi efni. Einangraður með PrimaLoft® örtrefjablöndu.
66 NORÐUR

SPÓI
ungbarna ullarnærföt
Verð bolur: 3.800 kr.
Verð buxur: 3.500 kr.
Stærðir: 62 - 86
100% Merino ull



Hlý og góð ullarnærföt úr 100% Merino ull fyrir þau yngstu. Stungnir saumar til að koma í veg fyrir ertingu. Kláðafrí ull.
66 NORÐUR

KEEN
smábarna kuldaskór
Verð: 11.500 kr.
Stærðir: 21- 25
KEEN



Hlýir og léttir smábarna kuldaskór sem auðvelt er að klæða börnin í. Távörn og gott grip í sóla.
66 NORÐUR

# HEIMILISTÆKI Á FRÁBÆRU VERÐI!

Öll raftæki fást í Smáralind, minna úrval í öðrum verslunum



**Senseo**

**Kaffivél með gjafapakka**
HD7810S
- 1450w Senseo kaffivél
- Hellir upp á 1 eða 2 kaffibolla í einu

**14.990kr** GOTT VERÐ

Gjafaaskja með kakóhalda, kakói og 1 pakka af kaffi fylgir



**Melissa**

**Djúpsteikingarpottur**
643208
- 2000w djúpsteikingarpottur
- Tekur allt að 3,5L af olíu
- 5 hitastillingar
- Auðvelt að losa stórnborðið frá og setja í uppþvottavél

**8.990kr** GOTT VERÐ



**Melissa**

**Safapressa** 644018
- 600w safapressa
- Engin þörf á að taka fræin úr eða börkin af

**9.990kr** GOTT VERÐ

**PHILIPS**

**Töfrasproti 600w** HR1364
- Kröftugur mótor með Turbó möguleika
- Twist and Spice hnífar sem vinna bæði lárétt og lóðrétt
- Auðvelt að þrífa
- Þeytari fylgir

**7.990kr** GOTT VERÐ





**Melissa**

**Straujárn** 641031
- 1600w
- Ryðfrír stálbotn

**2.990kr** GOTT VERÐ



**SEVERIN**

**Raclettepanna** RG2681
- 1100w Raclette grill
- 8 mini pönnur

**8.990kr** GOTT VERÐ



**Melissa**

**Ryksuga** 640187
- 1800w ryksuga
- Sog kraftur 350w
- 5 filtera kerfi
- 360° snúningur
- 5,5 kg

**9.990kr** GOTT VERÐ



**Melissa**

**Multi trimmer** 638153
- Multi Trimmer fyrir skegg, nef og eyru
- 2 mismunandi hausar
- Vatnsheldur trimmer

**1.990kr** GOTT VERÐ



**3.990kr** GOTT VERÐ

**Melissa**

**Hársett** 635104
- Flott 5 í 1 hársnyrtisett krullu- og sléttujárn
- 2 hitastillingar
- 5 mismunandi krullujárn 19mm til 25mm
- Sléttujárni með tveimur plötum



**Melissa**

**Hárblásari** 635133
- Glæsilegur 2000w hárblásari
- 2 hraða og 3 hitastillingar
- Kaldur blástur
- Ofhitunarvörn

**2.990kr** GOTT VERÐ

**Melissa**

**Sléttujárn** 635134
- Svartar keramík plötur
- 2 hitastillingar

**2.990kr** GOTT VERÐ



Gildir til 9. desember eða á meðan birgðir endast.
Með fyrirvara um villur í texta.

HAGKAUP
Ein ferð betra verð

# Staða ábyrgðarmanna – stóðu bankarnir rétt að skjalagerð?

Dómur Hæstaréttar



Árni Helgason
lögmaður

Nýfallinn dómur Hæstaréttar um stöðu ábyrgðarmanna í þeim tilfellum sem skuldari hefur fengið greiðsluaðlögun setur strik í reikninginn fyrir þá sem vilja fara í greiðsluaðlögun. Ákvæði sem átti að tryggja þessa vernd í lögum um ábyrgðarmenn var talið stangast á við eignarréttarákvæði stjórnarskrárinnar og því að vettugi virðandi.

### Samkomulag frá 2001

Ljóst er að þetta setur strik í reikninginn fyrir þá sem ætla í greiðsluaðlögun. Hins vegar er þó ekki víst að öll nótt sé úti enn hjá ábyrgðarmönnum. Þótt lögin um ábyrgðarmenn frá 2009 séu ekki afturvirk og gildi því ekki um ábyrgðir sem veittar voru á árunum fyrir hrun gegnir öðru máli um samkomulag frá 2001 milli stjórnvalda, fjármálafyrirtækja og Neytendasamtakanna um notkun ábyrgða.

### Greiðslumat skilyrði

Í samkomulaginu, sem leysti af sambærilegt samkomulag frá 1998, kemur fram sú mikilvæga regla að þegar ábyrgðarmaður skrifar upp á sjálfskuldarábyrgð eigi honum að hafa verið kynnt greiðslumat skuldara. Hið sama á við um þegar veðleyfi er veitt í eign. Kynna á veðleyfisgjafa greiðslumat í slíkum tilfellum og verður það að koma skriflega fram á þeirri yfirlýsingu sem ábyrgðarmaðurinn skrifar undir. Sé slíkt ekki gert hefur verið litið svo á að viðkomandi fjármálastofnun hafi brugðist skyldum sínum og veðið eða sjálfskuldarábyrgðin metin ógild. Þetta á við þótt ábyrgðarmaður sé nákominn skuldara, t.d. skipta fjölskyldutengsl ekki máli að þessu leyti, en að vísu hefur ábyrgð verið talin standa ef maki ábyrgist skuldbindingu.

Þetta hefur ítrekað komið fram í úrskurðum nefndar um viðskipti einstaklinga við fjármálafyrirtæki sem hefur þessi mál til umfjöllunar og í úrlausnum dómstóla. Þessar reglur eiga eins og áður sagði við um sjálfskuldarábyrgðir sem veittar voru í hinni miklu lánaþenslu í aðdraganda hrunsins. Í þessu samhengi verður að hafa í huga að ekki er nægjanlegt að við lánveitingu hafi ábyrgðarmaður eða veðleyfisgjafi skrifað undir eða hakað við að hann óski ekki eftir greiðslumati skuldara, ef lánsfjárhæðin er hærri en ein milljón króna. Greiðslumatið verður að hafa legið fyrir og verið aðgengilegt ábyrgðarmanni, ella stenst skuldbindingin ekki.

Þetta á þó ekki við um ábyrgðir vegna skulda einkahlutafélaga og einnig verður að hafa í huga að ákveðnar fjármálastofnanir voru ekki aðilar að samkomulaginu upphaflega, t.d. lífeyrissjóðirnir. Ábyrgðarmenn eiga þó í slíkum tilfellum rétt á að hafa fengið eðlilega kynningu á efni skuldbindingarinnar. Í öðrum tilfellum eiga ákvæði samkomulagsins við og greiðslumat verður að liggja fyrir.

> Greiðslumatið verður að hafa legið fyrir og verið aðgengilegt ábyrgðarmanni, ella stenst skuldbindingin ekki.

### Mikilvægt að kanna stöðu

Af þessum sökum er sérstaklega mikilvægt að ábyrgðarmenn og veðleyfisgjafar kanni hvort fjármálastofnanir hafi staðið rétt að skjalagerð og kynningu greiðslumats þegar sjálfskuldarábyrgðin var veitt. Eins og sjá má í úrskurðum nefndar um viðskipti einstaklinga við fjármálafyrirtæki eru mörg dæmi um að þessu hafi ekki verið sinnt réttilega af hálfu fjármálastofnana og full ástæða fyrir fólk sem er í þeirri stöðu að háar fjárhæðir kunna að falla á þau að kanna þessi atriði. Þetta á sérstaklega við þar sem svo virðist að aðrar tilraunir til að rétta hlut ábyrgðarmanna hafi farið forgörðum.

### Frjálsir samningar – ábyrgðir

Að lokum má velta því upp hvort ekki mætti taka sjálfskuldarábyrgðir og veðleyfi í auknum mæli inn í greiðsluaðlögun og uppgjör skulda. Samkvæmt nýjum lögum um greiðsluaðlögun er kröfuhöfum og skuldurum heimilt að gera frjálsan samning til greiðsluaðlögunar og ekkert því til fyrirstöðu að slíkur samningur taki líka til sjálfskuldarábyrgða og veðleyfa.




FRÉTTABLAÐIÐ Á NETINU
Þú getur alltaf lesið Fréttablaðið frítt á Vísi eða fengið sendan daglegan tölvupóst með blaði dagsins. Nánari upplýsingar á: visir.is/dreifing



Allt sem þú þarft…

# Össur mistúlkar Lissabonfundinn

NATO



Þórarinn Hjartarson
sagnfræðingur og stálsmiður

Össur Skarphéðinsson kallar NATO-fundinn í Lissabon „heimssögulegan“. Í Fréttablaðsgrein 23. nóvember nefnir hann tvennt mikilvægast í „nýju grunnstefnunni“: a) barátta við „hermdarverk sem í dag er mesta ógnun við stöðugleika og frið“ og b) „gerbreytt skotflaugavarnarkerfi“ til varnar Vesturlöndum og Rússum – sem nú féllust í faðma.

Stóra verkefni NATO núna er stríðið í Afganistan (og Pakistan). Innrásarherinn telur 100.000 bandaríska hermenn og 50.000 frá öðrum NATO-ríkjum. Uppistaðan í síðarnefndu tölunni kemur frá 38 Evrópuríkjum. Innrásarherinn er nú þrefalt fjölmennari en hann var þegar Barack Obama tók við keflinu af Bush, og miklu skiptir stóraukin þátttaka Evrópulanda. Listi „viljugra þjóða“ hefur í raun lengst mjög.

Meginmálið varðandi Afganistan var að færa aftur allar dagsetningar um heimkvaðningu herja. Í stað verulegrar heimkvaðningar um mitt ár 2011 eru nú nefnd árslok 2014. Þá verður hernámið orðið 13 ára. Yfirmaður breska heraflans Sir David Richards sagði stuttu fyrir fundinn: „NATO verður að búa sig undir 30 til 40 ára hlutverk við að hjálpa afgönsku hersveitunum …“ (Daily Mail, 15. nóv). Í grein í Fréttablaðinu 20. nóvember skrifar Obama að NATO þurfi að „stofna til varanlegrar samvinnu við Afganistan“.

Á gunnfána Bandaríkjanna og NATO er letrað „stríð gegn hryðjuverkum“. Þegar Sovétríkin hrundu 1991 var mikill vandi á höndum. Réttlætingu vantaði fyrir 700 bandarískum herstöðvum vítt um hnöttinn og áframhaldandi tilvist NATO. Heimsvaldasinnar þurfa sýnilegan óvin og vanti hann þarf að búa hann til. Hann var fundinn í formi alþjóðlegs samsæris íslamskra hryðjuverkamanna, en sem kunnugt er liggja mestu olíulindir heims í löndum múslíma. Enda segin saga: hvar sem heimsvaldasinnar síðan (beint eða gegnum staðgengla) hafa ruðst inn á olíuauðug svæði, í Afganistan, Írak, Sómalíu, Súdan, Jemen m.m., hafa þeir fyrst „fundið“ þar dularfulla og hættulega íslamista, yfirleitt undir nafninu Al-Kaída. Það segir sína sögu að CIA-menn hafa nýlega metið það svo sjálfir að í Afganistan séu mesta lagi 50 til 100 félagar í Al-Kaída. Þeir nota það nú sem rök fyrir útvíkkun stríðsins til Pakistans (ABC News, 27 júní sl.).

Með því að veifa vígorðinu „stríð gegn hryðjuverkum“ vinna vestræn auðvaldsríki tvennt: Skálkaskjól til að taka þátt í ábatasömum ránsleiðöngrum með öflugustu vígvél heims og skálkaskjól til að skerða borgaraleg réttindi heima fyrir. Össur lýsti yfir stuðningi við „stríð gegn hryðjuverkum“ með þessum orðum: „Sarkozy, Frakklandsforseti, kvað skýrt að orði, og sagði að mesta sameiginlega ógnin við Rússland og þjóðir Atlantshafsbandalagsins stafaði af framferði ofbeldisfullra múslímskra öfgasamtaka.“ Með slíkri framsetningu án meðfylgjandi athugasemda eða efasemda gerir Össur þau orð að sínum.

„Eitt af því sem Rússar vilja eiga samstarf við bandalagsþjóðirnar að uppfylltum skilyrðum er gerbreytt skotflaugavarnarkerfi, sem á að verjast hugsanlegri ógn frá þeim 27 þjóðum, sem taldar eru búa yfir skotflaugum sem gætu á átakatímum ógnað íbúum Vesturlanda, og Rússa. Nokkrir þjóðarleiðtoganna hikuðu ekki við að nefna þar sérstaklega Íran og Sýrland,“ segir utanríkisráðherrann athugasemdalaust.

Meinar Össur með hönd á hjarta að einhver 27 ríki ógni Vesturlöndum? Og þar af séu Íran og Sýrland hættulegust? Hann kallar skotflaugavarnarkerfið „gerólíkt“ kerfinu sem Bush lagði upp með. Obama sjálfur segir að nýja gerðin sé „sterkari, kænni og hraðvirkari vörn fyrir bandaríska heri og bandamenn þeirra… en fyrri gerðin“ (New York Times 17. sept. 2009). Kerfið sem er í uppbyggingu verður inni á gafli Rússa, frá Eystrasaltslöndum um Pólland, Tékkland, Rúmeníu og Búlgaríu. Auk þess er í uppbyggingu þéttriðið skotflaugakerfi um Miðausturlönd, og kringum Íran sérstaklega, og frá skipum á öllum aðliggjandi hafsvæðum. „Gerólíkt“? Meinlausara?

> Össur túlkar Lissabonfundinn sem svo að ágreiningur við Rússa hafi verið jafnaður. Ég túlka hann hins vegar þannig að Rússar hafi beygt sig í duftið

Össur túlkar Lissabonfundinn sem svo að ágreiningur við Rússa hafi verið jafnaður. Ég túlka hann hins vegar þannig að Rússar hafi beygt sig í duftið fyrir því ógnarveldi sem króar þá inni. Frá 1990 hafa Bandaríkin og NATO flutt vígstöðvar sínar í austur, komið sér upp æ fleiri nýjum herstöðvum í gömlu lýðveldum og fylgiríkjum Sovétríkjanna. Pútín reyndi að mynda ný bandalög gegn því sem hann kallaði „einpóla heim“. Medvedev lét af þeirri stefnu í sumar þegar hann ásamt Kínverjum gekkst inn á harðar refsiaðgerðir gegn Íran, og þangað beinast nú spjótin meira ógnandi en nokkru sinni.

Í Lissabon kom NATO í fyrsta sinn opinskátt fram sem hnattrænt bandalag, og myndar nú meginstoð í gífurlega miðstýrðu einpóla, alþjóðlegu valdakerfi. Sá valdapóll þolir ekki óháða utanríkisstefnu nokkurs ríkis, ekki einu sinni mótþróa. Ágreiningsmál eru leyst með valdboði hinna sterku í bandalaginu og með hervaldi þegar með þarf. Stefna Medvedevs á Lissabonfundinum sýnist mér vera friðkaupastefna, ekki ólík því er Chamberlain þóttist hafa keypt „frið á okkar tímum“ í München 1938. Ekki sefaði það hungur úlfsins.



**Leikkonan Anne Hathaway** verður kynnir á Óskarsverðlaunaafhendingunni í febrúar. Fólk er farið að velta fyrir sér í hverju hún verði. Flestir tippa á Armani Prive en aðrir líklegir eru Valentino og Marchesa, sem Hathaway heldur mikið upp á, auk Oscars de la Renta, Vivienne Westwood og Erdem.




**Sölufulltrúar: Jóna María Hafsteinsdóttir** jmh@365.is 512 5473 **Þórdís Hermannsdóttir** thordish@365.is 512 5447













**Sölvi Tryggvason sjónvarpsmaður safnar hári og greiðir til hliðar.**

# *Finnst gaman að ögra*

Ég fór að safna hári í vor því kærastan mín hvatti mig til þess. Ég ætla að safna aðeins síðara en stefni samt ekki á neitt rokkhár,“ segir sjónvarpsmaðurinn Sölvi Tryggvason þegar Fréttablaðið forvitnast um sléttgreiddan lubbann sem hann hefur sést með á skjánum undanfarið.

„Daginn sem ég verð þreyttur á þessu þá klippi ég mig,“ bætir Sölvi við og vill ekki viðurkenna að hann sé að eltast við tískustrauma, en vatnsgreitt hár til hliðar hefur sést á höfðum Hollywood-stjarna og tískupöllunum á árinu.

„Ég er ekki að reyna að vera eins og þessi eða hinn. Það er frekar að ég setji stílinn fyrir aðra,“ segir hann og hlær. „Ég hef gaman af því að prófa mig áfram, bæði í fötum og hári, og ögra sjálfum mér aðeins. Til dæmis hef ég verið í fjólubláum jakkafötum í þættinum mínum! Ég sæi ekki Loga Bergmann eða Simma Guðmunds hafa það af,“ segir Sölvi og skellir upp úr. „Nei nei, í vinnunni reyni ég bara að vera snyrtilegur og vel klæddur. Um leið og útlitið dregur athyglina frá því sem er verið að segja er maður kominn í vandræði. Kannski er ég að gera það með hárinu á mér! En ef fólk er ánægt með sjálft sig þá ber það allt vel, sama hvort það er hárgreiðsla eða föt.“ *heida@frettabladid.is*



FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI




**Tískuhönnuðurinn og ljósmyndarinn Karl Lagerfeld** hefur gefið út dagatal fyrir næsta ár. Dagatalið er prýtt myndum af heimsfrægum fyrirsætum og leikkonum í líki grískra og rómverskra guða og hetja.




**Tilvalin jólagjöf**

Ný sending af vinsælu hringtreflunum - mjúkir, hlýir og flottir. Einnig mikið úrval af húfum, treflum, vettlingum, grifflum, hnésokkum og legghlífum.
Verð frá kr. 2990



SKARTHÚSIÐ
LAUGAVEGI 44
SÍMI 562 24 66



**Full búð af nýjum vörum.**
Komdu og líttu á úrvalið!



Teg:K 36984
Litir: rauðir og svartir
Stærðir: 36 - 40
Verð: 18.650.-



Teg: K 37126
Litur: grátt Stærðir: 36 - 40
Verð: 18.650.-

Misty skór
Laugavegi 178
Sími 551 2070.
Opið mán.-fös. 10-18.
Laug. 10-14.
Góð þjónusta - fagleg ráðgjöf.
www.misty.is
Vertu vinur




Jón Jósep Snæbjörnsson söngvari hefur látið toppinn vaxa og greiðir yfir ennið. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



Ásgrímur Már Friðriksson fatahönnuður kann tökin á greiðunni og hemur lokkana út á aðra hlið.

# Hár greitt til hægri

**Að greiða til hliðar hefur löngum þótt klassísk sparigreiðsla karlmanna. Þetta árið hefur mikið borið á þykkum lubba, vatnsgreiddum til hægri, á höfðum bæði Hollywood-stjarna og tískufyrirsætna og nú eru íslenskir snyrtipinnar einnig farnir að safna hári og greiða yfir ennið. Fréttablaðið tíndi til nokkrar stjörnur sem vatnsgreiða til hægri.**



Brad Pitt hefur oft gripið til þessarar klassísku greiðslu á hátíðarstundum. Hér er hann á rauða dreglinum með Angelinu Jolie.



George Clooney þykir bera hliðargreiðsluna vel og minnir óneitanlega Hollywood fjórða og fimmta áratugarins þegar Cary Grant og Humphrey Bogart voru upp á sitt besta.

Söngvarinn Robbie Williams á sviði með toppinn vel greiddan til hliðar.



Michael Urie sem leikur hinn óborganlega Mark í þáttunum Ugly Betty reynir að hemja krullurnar til hliðar.

MYND/NORDICPHOTOS/GETTY


Allt fyrir gel og akrílneglur á góðu verði!



- 4 Peru lampi
18.825 kr
- Naglaborar
31.375 kr
NAIL CREATION
S.Gunnbjörnsson ehf. Iðnbúð 8, 210 Garðabær





MIKIÐ ÚRVAL AF FATAEFNUM
NÝ BÚTASAUMSEFNI, ULLAREFNI, JERSEY, JOGGING, FLAUEL, SAMKVÆMISEFNI



Vogue
Reykjavík: Mörkin 4, s: 533 3500 Akureyri: Hofsbót 4, s: 462 3504



FULL BÚÐ AF NÝJUM VÖRUM



Vorum að taka upp mikið af
Soyja
vörum og jólakjólum í
stærðum 42-56
20%
afsláttur
af öllum buxum

MIND
Smart verslun fyrir konur - Firði Hafnarfirði
Sími 534 0073
Erum með opið á lau.
kl. 11-16
FJÖRÐUR
www.fjordur.is


## Litríkt sumar hjá Saunders

EINKUNNARORÐ JONATHANS SAUNDERS FYRIR VOR OG SUMAR 2011 ER FEGURÐ, HREINLEIKI, BJARTSÝNI OG LÉTTLEIKI.

Jonathan Saunders vill sitt sumar litríkt og létt og ætti það ekki að fara fram hjá neinum sem borið hefur augum nýjustu línu Saunders fyrir vor og sumar 2011. Litapalletta Saunders er skær og spannar allan regnbogann og skín hreinleikinn í gegn með hreinum og beinum línum. Mittið skipaði veigamikinn sess og afmarkaði Saunders það oft með skæru mittisbandi eða belti og skipti þar með flíkum sýningarstúlknanna upp. Saunders vék frá vinsælli ökklasídd sem svo margir hönnuðir hafa notað og stytti bæði kjóla og pils í tvær lengdir, sídd við mið læri eða við hné. Það er svo spurning hvort Saunders verði sannspár með þessa „nýju" sídd, eða hvort ökklasídd kjóla og pilsa haldi sér áfram.



Sumarið 2011 verður bjart og litríkt.

## ÚR HÁBORG TÍSKUNNAR
Bergþór Bjarnason skrifar frá París



# Eitruð tíska

Fataframleiðsla er langt frá því að vera hættulaus starfsemi. Oft fer þessi vinna fram í löndum utan Evrópu eða Evrópusambandsins. Þar er vinnuafl ódýrara og hægt að fara í kringum reglur Evrópusambandsins í eiturefnanotkun og vinnuöryggi svo ekki sé minnst á umhverfisvernd. Fyrst má nefna gallabuxur, sem verða sífellt flóknari. Nú eiga þær að vera rifnar, steinþvegnar og líkt og notaðar þótt glænýjar séu. Oft er notast við sandblástur til að gera gallabuxurnar „gamlar“ og við það fer smágerður sandurinn í lungu viðkomandi og safnast þar upp og veldur ýmsum sjúkdómum.

Flest ódýrari fatamerki, svo sem C&A, H&M, Zara og mörg fleiri, framleiða stóran hluta fatnaðar síns í Asíulöndum og nærri ógerningur er að ætla sér að sniðganga vörur sem þaðan koma því þær eru um allt. Svo eru það ekki aðeins ódýrari keðjur sem framleiða í Asíu því mörg dýrari merki blanda asískum vörur saman við það sem framleitt er í löndum sem teljast til fínni framleiðslulanda eins og víða í Evrópu. Mikið af ódýru leðri er framleitt í Kína en þar sem eftirspurnin er svo mikil hefur Kína ekki undan og hefur Bangladess bæst í hóp framleiðenda. Nánast í hverjum skókassa sem kemur frá Asíu er lítill poki með líkt og hvítum kristöllum til að draga í sig raka og koma í veg fyrir að leðrið mygli en þessir kristallar eru stórhættulegir og innihalda efni (dimethylfumarate) sem er bannað í Evrópu og getur valdið alvarlegum útbrotum og bruna á húð. Stundum eru gámar með leðurvörum sem koma frá Asíu svo eitraðir að þá verður að opna og viðra en sökum fjárskorts hjá innflutningseftirliti enda þessar vörur í verslunum um alla álfu.



Indland er land efnalitunar og í borg sem heitir Tirupur eru 10.000 litunarverksmiðjur. Litunin fer að mestu fram í stórum laugum þar sem berfættir starfsmenn vaða ofan í litarvatninu og sama á við þegar notaður er klór sem t.d. gerir bómullina hvíta. Vatnið flæðir svo út í jörð og vatn í nágrenninu með ófyrirsjáanlegum afleiðingum. Læknar í þessari borg segja að krabbamein hafi tvöfaldast á tíu árum og vilja tengja það efnalituninni en ekkert er að gert því þessi iðnaður skilar svo miklum hagnaði.

Lífrænt ræktuð bómull þykir óskaplega fín á Vesturlöndum. En þegar hún hefur komist í snertingu við öll baneitruðu litarefnin og klórið í sömu verksmiðjum er lífræna bómullin uppfull af skaðlegum efnum og hefur tapað öllum sínum gæðum nema fram sé tekið að litarefnin séu algjörlega náttúruleg.

*bergb75@free.fr*

# Frísklegur Wang

**Alexander Wang leit ekki við svörtum lit í sköpun nýjustu línu sinnar og var afraksturinn frísk-leg og létt lína fyrir næsta ár.**

Í nýjustu línu hins unga Alexanders Wang mátti ekki sjá eina einustu flík í svörtum lit. Wang lítur framtíðina björtum augum og lagði út með nýjustu línu sína með bjartsýni og hreinleika, sem gaf línunni létt og skemmtilegt yfirbragð. Sýning Alexanders Wang hófst með flíkum sem allar voru í hvítum lit sem gaf til kynna hreinleika og einfalt líf. Þegar á leið sýninguna mátti sjá pastelliti og brúna, gaf það línunni þann frískleika sem hönnun Wangs bar með sér. Sýningin minnti um margt á tískustrauma frá árinu 1990 og var greinilegt að Wang sótti innblástur sinn til hönnuða á borð við Helmut Lang og Ann Demeulemeester.

Lína Wangs höfðar vel til yngri kynslóðar tískudrósa sem vilja hafa flíkurnar þægilegar en jafnframt bera með sér flottan og elegant stíl.



Þægilegt og flott.



Tískuvikan er alþjóðlegt fyrirbæri. Fjórar stærstu sýningarnar fara fram tvisvar á ári í fjórum heimsborgum og alltaf í sömu röð. Fyrst New York, svo London, Mílanó og París.

**wikipedia.org**



Mjúka jólagjöfin
Lín Design | Laugavegi 176 | Sími 533 2220 | www.lindesign.is

FULL BÚÐ AF NÝJUM VÖRUM!
Jóla og útskriftarkjólarnir frá New York og París
20% afsláttur af öllum vörum

Verð 16.990,- m/afsl. 12.990,-


Verð 24.990,- m/afsl. 19.990,-
FLASH
Laugaveg 54, sími: 552 5201

FRÉTTIR | VIÐSKIPTI | ÍÞRÓTTIR | LÍFIÐ | UMRÆÐAN
VERTU MEÐ VIÐSKIPTIN Í RASSVASANUM
m.visir.is
Fáðu Vísi í símann og iPad!
Deildu Vísi með öðrum. Þeir sem setja „like“ við Vísi á Facebook geta unnið óvænta vinninga í hverri viku.
Meiri Vísir.
vísir.is

asa
Skreyttu þig skarti

Íslensk hönnun
Sölustaðir:
Meba Kringlunni og Smáralind | Michelsen úrsmiðir, Laugavegi 15 | Kraum Aðalstræti 10
Gullsmiður Dýrfinna Torfadóttir, Akranesi | Halldór Ólafsson, Glerártorgi Akureyri
Klassík, Egilsstöðum | Karl R. Guðmundsson, Selfossi | Palóma föt og skart, Grindavík

vera

TILBOÐ

20%

AFSLÁTTUR AF ÖLLUM BOLUM OG PEYSUM

FIMMTUDAG, FÖSTUDAG OG LAUGARDAG

olsen sandwich_

vera • Laugavegi 49
Sími 552 2020





Fallega jólaskeiðin frá Ernu
Verð 17.600

FÉLAG ÍSLENSKRA GULLSMIÐA

ERNA
Skipholti 3, s. 552 0775, www.erna.is




„Ég legg mikið upp úr einfaldleika en er oft með einhver látlaus aukaatriði með," segir Rebekka Jónsdóttir fatahönnuður.
FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM







FRÉTTABLAÐIÐ Á NETINU

Þú getur alltaf lesið Fréttablaðið frítt á Vísi eða fengið sendan daglegan tölvupóst með blaði dagsins. Nánari upplýsingar á: visir.is/dreifing




Allt sem þú þarft...


# *Látlaus aukaatriði*

**Rebekka Jónsdóttir fatahönnuður hefur vakið mikla athygli fyrir sérstaklega fallega fatalínu sem hún hannar undir merkinu REY. Nú um miðjan desember mun línan fást í þremur verslunum.**

Rebekka Jónsdóttir útskrifaðist sem fatahönnuður frá FIDM, Fashion Institute of Design and Merchandising, í Los Angeles árið 2008 en skólinn er líklega hvað þekktastur í dag fyrir að fóstra Project Runway sem Heidi Klum hefur umsjón með. Rebekka gaf út sína fyrstu fatalínu undir nafninu REY ári síðar og vetrarlínan nú í ár hefur vakið mikla athygli.

„Nei, ég hafði ekki verið að fikta neitt við saumaskap eða fatahönnun áður en ég skellti mér í námið. Ég hafði verið í myndlist og því með smá bakgrunn í teikningu og hafði málað í frístundum en annars var það bara brennandi áhugi á tísku sem var til staðar," segir Rebekka. „Skólinn heillaði því hann kennir fatahönnun út frá frekar praktískum vinkli. Ég taldi mig nokkurn veginn vita hvernig föt ég vildi gera en valdi námið því skólinn kenndi vel bæði tæknina á bak við hönnunina sem og hugmyndavinnuna."

Meðfram námi og eftir útskrift vann Rebekka hjá Rodarte og tók að sér ýmis verkefni sem stílisti, aðallega í tónlistarblöðum, til að mynda Blender. Línurnar sem Rebekka hefur sent frá sér eru tvær en fötin fást núna í Kiosk Reykjavík en munu fást í GK og Worn by Worship frá og með miðjum desember. Næsta lína verður tilbúin í febrúar.

„Ég legg mikið upp úr einfaldleika en er oft með einhver látlaus aukaatriði með. Einnig legg ég mikinn metnað í það að finna efni sem ég er hrifin af og er með hundrað prósent silki í helmingnum af línunni og silkiblöndu á móti. Ég er því oft lengi að finna efnin mín."

*juliam@frettabladid.is*



Bolur í klassísku sniði, úr silki-modal en bolurinn er fáanlegur í þremur litum, svörtu gráu og bleiku.

Silkikjóll með kímónó-ívafi.

Fallega sniðinn kóralbleikur bolur sem dettur aðeins niður yfir aðra öxlina.





STÆRSTI HÚSNÆÐISVEFUR LANDSINS

Fasteignir.is er stærsti og ítarlegasti húsnæðisvefur á Íslandi, með yfir 16 .000 eignir á skrá.

- Eini vefurinn með allar sölueignir á skrá
- Lifandi og uppfærður leiguvefur
- Fjölbreyttar upplýsingar í boði fyrir kaupendur, seljendur og leigjendur
- Opin hús, myndasýningar og þjónustusíður fyrir húseigendur

Þú færð góð ráð um fasteignaviðskipti og aðstoð við leigu á íbúð.
Þú finnur draumaeignina þína á fasteignir.is.

Fasteignir.is fylgir Fréttablaðinu á mánudögum.

FÉLAG FASTEIGNASALA



vísir.is
...ég sá það á Vísi



Vesti 6.290 krónur,
Köflótt skyrta 4.590 krónur.
**IANA Laugavegi.**



Bleikur kjóll 13.900 krónur.
**Allir krakkar. Bergstaðastræti 13.**



Hvítur bómullarkjóll með rauðum borða. Með honum fylgja tveir aðrir borðar í grænu og brúnu. 14.900 krónur. **Barnabúðin Garðastræti.**

# Litlar dömur og herramenn

**Allir fá þá eitthvað fallegt syngja börnin á jólatrésskemmtunum á aðventunni. Enda er það í flestum tilfellum rétt. Börnin fá flest einhvern sparilegan klæðnað fyrir jólin. Úr nógu er að velja eins og sjá má á broti af því sem í boði er í verslunum í bænum.**



Grár kjóll 12.900 krónur.
**Allir krakkar Bergstaðastræti 13.**



Rauð kápa 15.690 krónur.
**IANA Laugavegi 53b.**



Fjólublá kápa úr merinóull. 19.500 krónur. **Barnabúðin Garðastræti.**



Peysa úr bómull og merinó ull 11.500, stuttermaskyrta 5.400 krónur. **Barnabúðin Garðastræti 17.**

Tískumerkið Dior var stofnað af Christian Dior árið 1947. Stofnandinn lést árið 1957 en síðan þá hafa margir frægir hönnuðir starfað hjá merkinu. Þeirra á meðal eru Yves Saint Laurent, Marc Bohan, Gianfranco Ferre og John Galliano.



www.top-fashion-designers.info


Vetrarkápur



GLÆSILEG JÓLAGJÖF
skoðið yfirhafnir á heimasíðu www.laxdal.is
BERNHARÐ LAXDAL
Laugavegi 63 • s: 551 4422

Barnafatnaður frá *Ej sikke lej*, *Mini A Ture*, *Bifrost* og *Danefae*. Sokkabuxur frá Melton og íslensku merkin *Rendur* og *Sunbird*.
***20% afsláttur á öllum vörum frá Ej sikke lej, Mini A Ture og Bifrost.***
Rumputuski
Laugavegi 61 - 101 Reykjavík - S: 552 7722

FRÉTTIR VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN
MEIRI AFÞREYING
m.visir.is
Fáðu Vísi í símann og iPad!
Deildu Vísi með öðrum. Þeir sem setja „like“ við Vísi á Facebook geta unnið óvænta vinninga í hverri viku.
Meiri Vísir.
vísir.is

GEFÐU EINSTAKA GJÖF UM JÓLIN



FJÖLBREYTT ÚRVAL AF KÍNVERSKUM VÖRUM Á FRÁBÆRU VERÐI
HEILSU DREKINN
Kínversk heilsulind



HEILSU-TE OG TE-STELL Í MIKLU ÚRVALI
Sími: 553 8282 | heilsudrekinn@heilsudrekinn.is | www.heilsudrekinn.is | Skeifan 3j



Svipaður kjóll og Natalie Portman bar nýlega á rauða dreglinum.



Glaðlegir og skærir litir voru áberandi á sýningunni.



Hönnuðurinn Alber Elbaz tölti niður tískupallinn og þakkaði góðar viðtökur.

# Lanvin fyrir lítið

**Samstarf H&M tískukeðjunnar við víðfræga tískuhönnuði hefur vakið heimsathygli. Nýlega voru frumsýndar á tískupöllunum flíkur frá tískumerkinu Lanvin sem seldar verða í verslunum H&M. Tískukeðjan hefur í gegnum tíðina verið þekkt fyrir lágt verð og hefur því ekki notið mikilla vinsælda hjá stjörnunum. Það virðist þó vera að breytast enda sást leikkonan knáa Natalie Portman skarta kjól úr Lanvin-línu H&M á rauða dreglinum nýlega.**



Flíkurnar voru frumlegar.



Lína Lanvin fyrir H&M er mjög fjölbreytt.



Pífupils í yfirstærð.



Tískusýningin var lífleg og skemmtileg.


# Forskotið eykst!

Fréttablaðið er nú með 187% meiri lestur en Morgunblaðið.

Enn eru yfirburðir Fréttablaðsins á dagblaðamarkaði staðfestir. Það sést greinilega á lestrartölum milli ára. Morgunblaðið dalar en Fréttablaðið bætir við sig.

Við vitum sem er að dagblað á að vera skemmtilegt og upplýsandi. Það á að veita innsýn í líf fólks og varpa ljósi á atburði sem skipta okkur máli.

Við hlustum á raddir lesenda og erum lifandi vettvangur fyrir skoðanaskipti.

**Af þessum ástæðum hefur forskot Fréttablaðsins aukist úr 143% í 187%**




Meðallestur á tölublað, höfuðborgarsvæðið, 18–49 ára.
Könnun Capacent í ágúst til október 2009 og 2010.

Allt sem þú þarft...




XMAS
Jakki
14.990,-
Jakki
16.990,-
Skyrta
7.990,-
Skyrta
7.990,-
Skyrta
6.990,-
Sweat
9.990,-
BLEND
THE MODERN ART OF VINTAGE
XMAS collection 2010
Sweat
7.990,-
Peysa
7.990,-
Peysa
7.990,-
Peysa
6.990,-
Bolur
3.990,-
Bolur
4.990,-
BLEND
THE MODERN ART OF VINTAGE
BLEND
Smáralind // Kringlan
BLEND
www.blendcompany.com


Gallabuxur
6910-721
9.990,-
Gallabuxur
6910-100
9.990,-
Sweat
9.990,-
Sweat
9.990,-
Húfa
2.490,-
BLEND
THE MODERN ART OF VINTAGE
Hanskar
2.490,-
Gallabuxur
6646-844
11.990,-
Gallabuxur
6518-916
11.990,-
Sweat
6.990,-
Trefill
4.990,-
XMAS collection 2010
Bolur
6.990,-
Sweat
9.990,-
Jakki
19.990,-
Gallabuxur
14.990,-
Sweat
9.990,-
Bolur
4.990,-
Sweat
10.990,-
PSYCHO
COWBOY
BLEND
Smáralind // Kringlan
BLEND
www.blendcompany.com


XMAS collection 2010
Kjóll
9.990,-
BLEND
THE ART OF SEXY SWEET
Bolur
3.990,-
Bolur
2.990,-
Taska
3.990,-
Bolur
4.990,-
Sweat
4.990,-
Pils
4.990,-
Bolur
2.490,-
Bolur
2.490,-
Gallabuxur
10.990,-
Gallabuxur
8.990,-
Kjóll
7.990,-
Kjóll
6.990,-
BLEND
Smáralind // Kringlan
BLEND
www.blendcompany.com

SKYRTA
**8.990,-**



SKYRTA
**7.990,-**



SKYRTA
**5.990,-**



BINDI
**3.990,-**



BOXER
2 Í PAKKA
**3.990,-**



BUXUR
**12.990,-**



PEYSA
**7.990,-**



JAKKI
**21.990,-**



FRANK Q®

PEYSA
**7.990,-**



SKYRTA
**9.990,-**



SKYRTA
**8.990,-**



# GLEÐILEG JÓL

BLEND®

Árangur með Herbalife í 30 ár. Hringdu og fáðu frían prufupakka. Edda Borg S. 896 4662 www.lifsstill.is

Taktu þér tak! Með HERBALIFE nærðu árangri. Erla Bjartmarz S. 899 4183 www.eco.is Ný netverslun: www.betr-iheilsa.is/erla

## Fæðubótarefni

Viltu léttast? Eða þyngjast? Prófaðu Herbalife! Ólöf 861 5356, osa@ismennt.is

## Nudd



**TANTRA MASSAGE**
Authentic initiation into the tantric mysteries with tantra massage. Unique experience for men, women and couples. Tel: 698 8301 www.tantra-temple.com

Perfekt whole body massage with two or four hands 693 7597.

**Nudd**
Nudd nudd nudd heilnudd. Tilboð í dag. Uppl. í s. 616 6469.

# SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

## Ökukennsla

Ökukennsla, aðstoð við endurtökupróf og akstursmat. Kenni á BMW 520D. S. 893 1560 og 587 0102, Páll Andrésson.

# HEIMILIÐ

## Dýrahald

Labrador Retriever hreinræktaðir, ættb. færðir HRFÍ. Sprautaðir, tilb. til afh. S. 695 9597 / 482 4010 eftir kl 17.

Íslenskur fjárhundur. Hvolpur, tík fædd 6. october til sölu, er með ættbók frá HRFÍ, örmerkt og sprautuð. Upplýsingar í síma 8453681.

Labrador hvolpur til sölu. Hreinræktaður rakki með ættbók frá HRFÍ. Þetta er labrador eins og þeir eiga að vera , stór, ljúfur,kátur og duglegur. Uppl í s. 899 7167 eða helga1967@hotmail.com

## Ýmislegt

Er með rjúpur til sölu, seljast hamflettar og vacumpakkaðar, 1500kr stk. Sími: 840 0057

Auglýsingasími
512 5050
Allt sem þú þarft…

# HÚSNÆÐI

## Leigumiðlanir

**Leiguliðar ehf**
**Fossaleyni 16**
Skrifstofa Leiguliða auglýsir lausar íbúðir, leiguverð frá kr. 87.000. Reykjavík, Selfoss, Þorlákshöfn, Akranes, Hafnarfjörður. Gæludýr leyfð.
Sjá www.leigulidar.is eða 517 3440

## Húsnæði í boði

**GÓÐ GISTING Í MIÐBÆNUM**
**Dags, viku og mánaðarleiga.**
**GISTIHÚSIÐ EGILSBORG**
**sími 896 4661**

**www.leiguherbergi.is**

**1-2 manna herb.Funahöfða 17a -19 Rvk og Dalshraun 13 Hfj aðganur að internet, baði. eldh., þurrkara og þvottavél. 824 4535.**

**Room for rent 1-2 person,. Funahöfða 17a -19 Rvk og Dalshraun 13 Hfj Internet, bath, kitch, washing room incl. Uppl/info í S. 824 4535. www.leiguherbergi.is**

Room for rent/ herbergi til leigu á svæði 105. Þvottav., internet ofl. Uppl. s. 861 2229.

**Leigjendur, takið eftir!**
Þið eruð skrefi á undan í leit að réttu íbúðinni með hjálp Leigulistans. Kíktu inn á www.leigulistinn.is eða hafðu samb. við okkur í s. 511 1600.

## Sumarbústaðir



**Stórt sumarhús til leigu í Grímsnesi!**
Heitur pottur og sauna. Gistiaðstaða fyrir allt að 10 manns. Helgarleiga á 75þ. Aukanótt 18þ. Laust næstu helgar og um jól og áramót. Uppl. í s. 898 1598.

## Atvinnuhúsnæði

Til leigu 305 fm gott iðnaðar og lagerhúsnæði á 1 hæð með góðri ca 3.5metra innkeyrsluhurð að Lyngás 12 Garðabæ Uppl. Í síma 849-9987

Til leigu 464 fm iðnaðar og lagerhúsnæði á jarðhæð með góðri innkeyrsluhurð að stangarhyl 7 Lofthæð c.a. 4m Uppl. Í síma 849-9987

Til leigu c.a 250 fm skrifstofuhúsnæði á 1 hæð að stangarhyl 7. Uppl. Í síma 849-9987

Til leigu 407 fm iðnaðar og lagerhúsnæði í kjallara, innkeyrsluhurð með aðgengi niður ramp að vagnhöfða 7 Lofthæð c.a. 3m Uppl. Í síma 849-9987

## Geymsluhúsnæði

**www.geymslaeitt.is**
Sér geymslur frá 4 til 17 m2. Lágt verð. Opið 8-22. Búslóðir, lagerar, bókhald, iðnaðarmenn. Upphitað og vaktað. S: 564-6500

**Geymsluhúsnæði í Garðabæ.**
Eigum örfá pláss laus í Garðab. fyrir tjaldvagna / fellihýsi í vetur hagstætt verð og örrygisgæsla á svæðinu uppl: 661 3131 / 897 2000.

**geymslur.com**
Geymslur frá 3990.- kr á mán. Í Garðabæ (hjá Ikea) og Reykjavík (Fiskislóð) Upphitað, vaktað & öryggismyndavélar. S. 555 3464.

# ATVINNA

## Atvinna í boði

BÆJARBAKARÍ

Bæjarbakarí í Hafnarfirði óskar eftir að ráða starfsmann í afgreiðslu á tvískiptar vaktir frá 07-13 og 13-18:30 Íslenskukunnátta skilyrði. Umsóknareyðublöð á bakstur.is uppl. í s. 555 0480, Sigurður.

**Au-pair í Svíþjóð**
Íslensk fjölsk. í Lundi Svíþjóð óskar e. au-pair frá janúar n.k. Viðk. þarf að vera eldri en 18 ára, ábyrg og traust til að aðstoða 3. ára dreng v. aðlögun í nýju landi. Frekari uppl. gefur Sigrún í S. 692 1625 eða Birna í S. 499 1412 eða Birnag@hotmail.com.

**Vantar beitningamann**
Vantar vanar beitningarmann/konu til starfa í Reykjavík. Uppl. í S. 894 5454.

Culiacan leitar að hressum og duglegum starfskrafti í eldhús og afgr. Vinnut 7.30-15.30. Uppl í s 8688489

**Skemmtileg kvöldvinna**
Óskum eftir skemmtilegu fólki í símasölu frá kl. 17:30-21:30 virka daga. Uppl. e. hádegi í s. 868 4551.

LR vantar fólk til kynningarstarfa á norðurlandi. Uppl. í s. 894 0339.

Óskum eftir vönu starfsfólki til í ræstingastarfa, íslenskukunnátta skilyrði. Áhugasamir sendi á : raesting@raesting.is

Emami auglýsir eftir verslunastjóra og starfsfólki vegna opnunar nýrrar verslunnar. Fullt starf og hlutastarf. emami@emami.is; s:511-1881

## Atvinna óskast

Er húsa og húsgagnasmíðameistari með yfir 30 ára reynslu í byggingar og tréiðnaði. Tek að mér verkefni hvar sem er á landinu. Steinþór Jóhannsson, s. 773 4595.

# TILKYNNINGAR

## Tilkynningar

Allt milli himins og jarðar

**Viltu gefa? . . . Ekki henda!**
★ Sækjum ef óskað er
símar: 561 1000
661 6996
**Nytjamarkaður Samhjálpar**
Stangarhylur 3
110 Reykjavík
Opið alla daga
kl. 13 – 18 nema
laugard.og sunnud.

## Einkamál

**Spjalldömur 908 5500**
**Erum við meira enn áður.**

**Þú getur gert kraftaverk**
907 2002
Hjálparstarf kirkjunnar
www.help.is

## Nám

:fá+ HEILBRIGÐISSKÓLINN
FJÖLBRAUTASKÓLINN VIÐ ÁRMÚLA

### Framhaldsnám sjúkraliða í geðhjúkrun á vorönn 2011

Fjölbrautaskólinn við Ármúla/Heilbrigðisskólinn auglýsir eftir umsóknum um framhaldsnám sjúkraliða í geðhjúkrun. Námið er í samræmi við nýja námskrá á fjórða þrepi framhaldsskólans. Nemendur þurfa að hafa lokið sjúkraliðanámi og hafa unnið sem sjúkraliðar með starfsréttindi í a.m.k. 3 ár. Mikilvægt er að nemendur hafi lokið grunnnámi í lyfhrifafræði/lyfjafræði og hafi góða enskukunnáttu. Einnig er gerð krafa um að nemendur hafi góða þekkingu, leikni og hæfni í upplýsingatækni, þar með talið í helstu ritvinnsluforritum.

Staðbundið nám kostar 60.000 krónur á önn. Umsóknarfrestur er til 15. desember og skal skila umsókn á skrifstofu skólans og skulu fylgja henni eftirtalin gögn: Afrit af prófskírteini vegna sjúkraliðanáms og annars náms/námsskeiða, sem nýtast í framhaldsnáminu, starfsferilsskrá og meðmæli frá vinnuveitenda.

Allar nánari upplýsingar veitir Guðrún Hildur Ragnarsdóttir kennslustjóri sjúkraliðabrautar, netfang ghr@fa.is eða í síma 525 8800.

*Skólameistari*

## Tilkynningar

Sveitarfélagið ÁRBORG

### Auglýsing

**Um skipulagsmál í Sveitarfélaginu Árborg**

**Tillaga að breyttu deiliskipulagi Merkilandstúns Selfossi.**

Samkvæmt skipulags-og byggingarlögum nr.73/1997 með síðari breytingum, auglýsir bæjarstjórn Sveitarfélagsins Árborgar tillögu að breyttu deiliskipulagi Merkilandstúns Selfossi.

Gildandi skipulag er frá 23.desember 2009 og afmarkast af Austurvegi í norðri, Gaulverjabæjarvegi í austri, opnu svæði til sérstakra nota (hesthúsahverfi) í suðri og í vestri af lóð Bykó Langholti 1 og Austurvegi 66.

Tillaga að breytingu felst í því að nýtingarhlutfalli lóðanna Larsenstræti 3 og 5 minnkar ú 0.5 í 0.25. Annað er óbreytt frá gildandi deiliskipulagi.

Teikningar og greinagerð munu liggja frammi á skrifstofu skipulags-og byggingarfulltrúa í Ráðhúsi árborgar Austurvegi 2 Selfossi frá og með 2. desember 2010 til og með 30.desember 2010 Þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta er gefinn kostur á að gera athugasemdir við tillöguna. Frestur til að skila athugasemdum rennur út 13.janúar 2011 og skal þeim skilað skriflega til skipulags-og byggingarfulltrúa á skrifstofu hans að Austurvegi 2 800 Selfossi.

Á sama tíma eru teikningar og greinagerð til kynningar á heimasíðu Árborgar http://www.arborg.is þar sem hægt er að skoða þær og senda athugasemdir til skipulags-og byggingarfulltrúa í netfangið skipulag@arborg.is . Þeir sem ekki gera athugasemdir við tillöguna innan ofangreinds frests, teljast samþykkja þær.

Selfossi, 30.nóvember 2010
Bárður Guðmundsson
Skipulags og byggingarfulltrúi Árborgar

FRÉTTIR | VIÐSKIPTI | ÍÞRÓTTIR | LÍFIÐ | UMRÆÐAN




VERTU MEÐ VIÐSKIPTIN Í RASSVASANUM

Deildu Vísi með öðrum. Þeir sem setja „like“ við Vísi á Facebook geta unnið óvænta vinninga í hverri viku.

m.visir.is
Fáðu Vísi í símann og iPad!

Meiri Vísir.

vísir.is




VILDARÁSKRIFT AÐ STÖÐ 2 INNIHELDUR 2 2+ 2 BÍÓ 2 BÍÓ+ 2 EXTRA 2 EXTRA+ AUK STIGVAXANDI AFSLÁTTAR.
512 5100 | STOD2.IS | VERSLANIR VODAFONE | VERSLANIR OG ÞJÓNUSTUVER SÍMANS 800 7000

# Húsnæðismál hreyfihamlaðs fólks

Fatlaðir

María Játvarðardóttir
félagsráðgjafi



Nýlega var í fjölmiðlum fjallað um vanda fjölskyldu á Akureyri sem á fatlaðan dreng. Vandi af þessu tagi er algengur á Íslandi. Húsnæði er oft mjög óaðgengilegt fyrir hreyfihamlað fólk. Mikið er um tröppur, bæði utanhúss og innan, mörg hús eru byggð á pöllum og í lægri blokkum eru ekki lyftur. Algengt er að tröppur séu inn í hús. Ef hreyfihamlað fólk vill búa í eldri hluta Reykjavíkurborgar er nánast ekkert húsnæði til sem er aðgengilegt nema nýju, háu blokkirnar á Skúlagötunni.

Engin aðstoð er frá hinu opinbera til að gera endurbætur á húsnæði nema hægt er að fá hærri lán hjá Íbúðalánasjóði á sömu kjörum og önnur lán. Algengt er að ef fæðist hreyfihamlað barn í fjölskyldu eða einhver fjölskyldumeðlimur slasast eða veikist að gera þurfi endurbætur á húsnæði eða að fjölskyldan þarf að flytja ef ekki er unnt að breyta húsnæðinu.

Oft þarf að stækka baðherbergi, breikka dyr og opna rými. Ef fólk fatlast eða foreldrar eignast fatlað barn þýðir það oftast samdrátt í tekjum fjölskyldunnar því foreldrar geta ekki unnið á sama hátt og áður. Foreldrar fá umönnunargreiðslur en ef útgjöld eru mikil í tengslum við fötlun eða veikindi hrökkva þær ekki til. Það sem mér hefur samt alltaf fundist merkilegast í þessu máli er það að ég hef skilið stefnu stjórnvalda þannig að fatlað fólk og fötluð börn búi sem lengst heima hjá sér og hægt er. Hins vegar hefur verið til sjóður sem heitir Framkvæmdasjóður fatlaðra en hann hefur eingöngu verið notaður til að byggja húsnæði á vegum hins opinbera, sambýli, skammtímavistanir og íbúðakjarna fyrir fatlað fólk.

Foreldrar og fullorðið fatlað fólk hefur ekki getað sótt um styrki í þennan sjóð til að bæta aðstæður heima fyrir þannig að fatlað fólk geti búið á eigin heimili með fjölskyldu sinni. Sú félagslega einangrun sem fylgir slæmu aðgengi á Íslandi er samt verst. Þegar ég spyr fjölskyldurnar sem koma til mín hverja þau geti heimsótt með hreyfihamlaða barnið vefst fólki tunga um tönn. Margir geta ekki farið í heimsóknir með fatlaða barnið því allir ættingjarnir búa í óaðgengilegu húsnæði. Þessu til viðbótar má nefna skort á aðgengi að opinberu húsnæði og verslunum. Það er von mín að við stofnun Velferðarráðuneytis verði fundin leið til að styrkja fjölskyldur hreyfihamlaðra til endurbóta og breytinga á húsnæði.

> Nýlega var í fjölmiðlum fjallað um vanda fjölskyldu á Akureyri sem á fatlaðan dreng. Vandi af þessu tagi er algengur á Íslandi.

## AF NETINU

### Áttu þeir sem enginn þekkir að vinna?



Það er líka skrýtið tuð sem strax kemur upp um þessa 25 að þar sé alltof mikið af þjóðþekktu fólki. Við hverju bjuggust menn eiginlega? Að það yrðu kosnir á stjórnlagaþingið 25 frambjóðendur sem enginn þekkir? Hér er samt líka galli í kosningakerfinu sem þarf að skoða: Það miðast við að kjósandi velji fyrst og fremst einn fulltrúa, og svo næsta og þarnæsta til vara. Mér sýnist eðlilegra að hafa kosningakerfi sem miðast við að hver kjósandi velji hóp manna á svona samkomu. [...]

Hvað sem líður almennri ánægju með úrslit kosninganna til stjórnlagaþings dregur kjörsóknin úr vægi þess – það er ósanngjarnt en óhjákvæmilegt. Þá skiptir miklu að þingmennirnir nýju vinni vel saman, forðist fjas og reyni að ná fljótt samstöðu um grundvallaratriði máls. Það verður náttúrlega snúið – því slík samstaða má heldur ekki byggjast á lægsta samnefnara í viðhorfum þannig að sá ráði sem hægast vill fara. Nýja þingið er kosið til að ná árangri.

blog.eyjan.is/mordur

Mörður Árnason

### Allsendis ósár



Nú er ljóst að ég er í hópi meirihluta frambjóðenda til stjórnlagaþings, þeirra 497 sem ekki náðu kjöri! Hafði um 2/3 frambjóðenda að baki mér og um 1/3 ofar mér. Þakka veitt traust og er allsendis ósár. [...]

Með úrslitunum eftir talningu er ekki komin, en þarf einnig fylgja, tafla yfir það hvað hver frambjóðandi hlaut af atkvæðum í hvert sæti.

Annað sem mér þætti athyglisvert að fá birt, er hvernig atkvæði skiptust á varaval á eftir hverjum þeim sem valinn var í aðalvali. Það er að á eftir hverjum í 1. vali komi hverjir valdir voru í varasætum þar á eftir og hve mög atkvæði í hvert sætanna. Slík niðurstaða segir talsvert til um það hversu stefnufastir kjósendur voru. T.d. reikna ég með því að hjá einstaka frambjóðendum muni einstaka aðrir frambjóðendur alls ekki sjást sem varaval. Þessar tvær töflur saman, munu gefa áhugaverða mynd af hegðun kjósenda. Þær verða einnig nauðsynlegt gagn til að hafa til hliðsjónar þegar ákveðið er hvort svona kerfi verði notað aftur.

blog.eyjan.is/fia

Soffía Sigurðardóttiri

Orkuveita Reykjavíkur

# Opið hús hjá Orkuveitu Reykjavíkur laugardaginn 4. desember

Komdu í heimsókn. Í tilefni **80 ára afmælis hitaveitunnar** bjóðum við hjá **Orkuveitunni** alla velkomna til okkar á **Bæjarhálsinn milli klukkan 13:00 og 16:00.**

**Skemmtileg dagskrá fyrir alla fjölskylduna:**

- Klukkan 13:15 verður tekin í notkun ný hitaveita frá Hellisheiðarvirkjun, sem hingað til hefur aðeins framleitt rafmagn.
- Fræðsla um heita vatnið á staðnum.
- Skráðu þig í Orkuna mína og þú gætir dottið í lukkupottinn.
- Teiknisamkeppni fyrir börnin sem fá glaðning fyrir þátttökuna. Fimm myndir úr teiknisamkeppni barnanna fá sérstök verðlaun.
- Jólasmákökur með kaffinu fyrir gesti og gangandi.
- Skipulagðar ferðir verða um húsið þar sem innviðir fyrirtækisins verða skoðaðir.

**Hellisheiðarvirkjun** verður opin á sama tíma og þar verður hægt að fræðast um allt varðandi virkjunina. Einnig eru allir velkomnir í **dælustöðina í Öskjuhlíðinni** (fyrir ofan bensínstöð Skeljungs á Bústaðarvegi) og í **ventilhúsið í Öskjuhlíðinni** (fyrsta beygja til hægri áður en þú kemur á bílastæðin við Perluna).

Nánari upplýsingar um opið hús er að finna á www.or.is.

Hlökkum til að sjá þig,
starfsfólk Orkuveitu Reykjavíkur

ÍSLENSKA/SIA.IS/ORK 52528 12/10



• Orkuveita Reykjavíkur rekur stærstu hitaveitu í heimi

www.or.is

# tímamót

timamot@frettabladid.is



**MARIA CALLAS (1923-1977) SÓPRANSÖNGKONA** fæddist þennan dag.

*„Ég veit ekki hvað gerist þegar ég stíg á svið. Þar er eitthvað annað sem tekur yfir.“*

## Merkisatburðir

**1914** Sigurður Eggerz sendir stjórnarráðinu 2.000 orða skeyti um fund ríkisráðs í Kaupmannahöfn. Þetta var lengsta skeyti sem sent hafði verið til Íslands.

**1941** Togarinn Sviði frá Hafnarfirði ferst út af Snæfellsnesi og 25 manna áhöfn með honum.

**1942** Enrico Fermi tekst að koma af stað kveðjuverkun kjarnaklofnunar í Chicago.

**1953** Helga Brynjólfsdóttir í Hafnarfirði fellur frá, 106 ára og 184 daga gömul. Fram til ársins 1980 er hún sá Íslendingur sem hefur lifað hvað lengst.

**1971** Sex arabísk furstadæmi mynda Sameinuðu arabísku furstadæmin.

LOGI MÁR EINARSSON: NÝKJÖRINN FORMAÐUR ARKITEKTAFÉLAGSINS

# Mikilvægt að standa saman

Logi Már Einarsson arkitekt var kjörinn nýr formaður Arkitektafélagsins fyrir rúmri viku. Logi Már er fæddur árið 1964, Akureyringur í húð og hár og útskrifaðist sem arkitekt frá Osló árið 1992.

„Þegar ég kom heim úr námi var kreppa í landinu og fyrstu fjögur árin vann ég því við ýmislegt sem til féll; hjá landslagsarkitekt, á auglýsingastofum og fleiri stöðum. Ég fékk því strax innsýn í óöruggt atvinnuástand. Ég skil því vel hvernig það er fyrir unga arkitekta að koma nýútskrifaðir heim í dag,“ segir Logi.

Í dag á Logi og rekur arkitektastofuna Kollgátu á Akureyri. „Arkitektar eru fyrsta tannhjólið í gangverki mannvirkjageirans og hrunið hafði því fyrst áhrif á okkar stétt. Það er ekki óvarlegt að ætla að hjá arkitektum hafi almennt orðið 60-80 prósenta veltufall. Því er mikilvægt að opna augu stjórnvalda fyrir þeim möguleikum sem felast í sérþekkingu og reynslu arkitekta við enduruppbyggingu samfélagsins. En til þess þurfa arkitektar að vera miklu duglegri að kynna fagið og stuðla að opinni umræðu um það. Arkitektafélaginu býður einnig það mikilvæga starf að auka á samheldni meðal félagsmanna, því það er ekkert launungarmál að það getur hrikt í stoðum þegar menn þurfa að bítast um hvern brauðmola sem hrekkur af borðinu.“

Logi segir einnig mikilvægt að nýta samkeppnisformið oftar þannig að nýtt fólk í faginu eigi einhvern möguleika á að skapa sér starfsvettvang. „Það hefur ýmislegt farið úrskeiðis í mótun byggðar síðustu áratugi og það þarf að laga. Við arkitektar eigum okkar þátt í þeirri þróun og við eigum að axla ábyrgð á því. Kannski héldum við ekki nógu fast í okkar grunngildi, og það hefur leitt til þessarar niðurstöðu. Nú þurfum við taka saman höndum með öðrum sem að þessum málum koma, rétta af kúrsinn og huga betur að hugtökum eins og sjálfbærni, gæðum, varanleika og samfellu,“ segir Logi og bætir við að góður arkitektúr geti skipt máli við til dæmis eflingu ferðaþjónustu.“



**HVETUR TIL SAMSTÖÐU** „Maðurinn býr yfir mikilli aðlögunarhæfni og við eigum að nýta okkur hrunið til algjörs endurmats og sem tækifæri til að byggja upp nýtt og manneskjulegra samfélag,“ segir Logi.

„Arkitektar hafa hingað til allir menntað sig erlendis. Þeir ná því síður að hafa áhrif inn í stjórnkerfið og tengslanet samfélagsins, líkt og tengdar stéttir, svo sem verkfræðingar sem flestir mennta sig hérlendis. Því er brýnt að bjóða upp á fullnaðarnám í arkitektúr hér á landi þannig að litið verði á arkitekta sem sjálfsagðan og nauðsynlegan hluta af samfélaginu.“

Logi segir að arkitektar verði að vera bjartsýnir á framtíðina. „Maðurinn býr yfir mikilli aðlögunarhæfni og við eigum að nýta okkur hrunið til algjörs endurmats og sem tækifæri til að byggja upp nýtt og manneskjulegra samfélag.“

juliam@frettabladid.is

---



†

*Ástkær móðir, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Danfríður Ásgeirsdóttir**

frá Reykjavík,

lést mánudaginn 29. nóvember á Droplaugarstöðum. Útförin fer fram frá Árbæjarkirkju föstudaginn 3. desember kl. 13.00.

**Fyrir hönd aðstandenda,**
**Brynjólfur John Gray og Valur Einarsson.**

---



†

*Okkar ástkæra móðir og tengdamóðir,*

**Þórdís Jónsdóttir – Lóa**

Grýtubakka 12,

lést á hjúkrunarheimilinu Eir að morgni föstudagsins 26. nóvember.

Jarðsett verður í kyrrþey.

**F.h. barnabarna og langömmubarna,**

| | |
|---|---|
| **Sveinbjörg I. Jónsdóttir** | **Þorvaldur Stefánsson** |
| **Birna Dís Benediktsdóttir** | **Birgir A. Ingimarsson** |

---



†

*Ástkær eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir og amma,*

**Guðrún Erla Hrafnhildur Ottósdóttir**

Tröllaborgum 13, Reykjavík,

lést á Landspítala við Hringbraut sunnudaginn 28. nóvember.

**Erlingur Kr. Stefánsson**

| | |
|---|---|
| **Andrés Erlingsson** | **Gyða Sigurlaugsdóttir** |
| **Guðbrandur Erlingsson** | **Jessika Larsson** |

**og barnabörn.**

---



†

*Elskulegur faðir, tengdafaðir, afi, langafi og langalangafi,*

**Ingi þór Jóhannsson**

sjómaður, til heimilis að Tjarnargötu 22 Keflavík,

lést á Hjúkrunarheimilinu Garðvangi í Garði þann 30. nóvember 2010. Útförin verður auglýst síðar.

**Ásrún Ingiþórs Ingadóttir**
**Ingvi Ingiþórs Ingason**

| | |
|---|---|
| **Ágúst Ingiþórs Ingason** | **Borgny Seland** |
| **Jóhann Ingiþórs Ingason** | **Sigríður T. Óskarsdóttir** |
| **Þórir Gunnar Ingason** | **Jónína S. Jóhannsdóttir** |

---



†

*Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Jón Guðmundur Bergmann**

fyrrverandi aðalgjaldkeri, áður til heimilis að Ljósvallagötu 24,

verður jarðsunginn frá Dómkirkjunni í Reykjavík föstudaginn 3. desember kl. 13.00. Þeim sem vilja minnast hans er vinsamlegast bent á líknarstofnanir.

| | |
|---|---|
| **Andreas Bergmann** | **Guðrún Gísladóttir Bergmann** |
| **Ingibjörg Bergmann** | **Þorbergur Halldórsson** |
| **Halldór Bergmann** | **Anna Lára Kolbeins** |
| **Guðrún Bergmann** | **Gísli G. Sveinbjörnsson** |

**barnabörn og barnabarnabörn**

---



†

*Ástkær eiginmaður, faðir og tengdafaðir,*

**Erlingur Þráinn Jóhannsson**

sundþjálfari og fyrrverandi íþróttafulltrúi Reykjavíkur, Engjaseli 52, Reykjavík,

lést á líknardeild Landspítalans í Kópavogi laugardaginn 27. nóvember. Útförin fer fram frá Bústaðakirkju mánudaginn 6. desember kl. 13.00.

**Hrafnhildur Hámundardóttir**

| | |
|---|---|
| **Jóhann Erlingsson** | **Lise Tarkiainen** |

---



†

*Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma, langamma og systir*

**Ingveldur Guðmundsdóttir**

lést þriðjudaginn 30. nóvember á Landspítalanum Háskólasjúkrahús - Fossvogi.

| | |
|---|---|
| **Amalía Berndsen** | **Sveinbjörn Þór Haraldsson** |
| **Sigríður Berndsen** | **Björn Jónsson** |
| **Berglind Berndsen** | **Guðmundur Gíslason** |
| **Birna Berndsen** | **Birkir Marteinsson** |

**Barnabörn og barnabarnabarn**

| | |
|---|---|
| **Elín Guðmundsdóttir** | **Gunnar Kristjánsson** |

---



†

*Ástkær móðir okkar, tengdadóttir, systurdóttir, mágkona og vinkona,*

**Ingibjörg R. Guðmundsdóttir**

formaður LÍV, Starhaga 14, Reykjavík,

verður jarðsungin frá Neskirkju föstudaginn 3. desember kl. 13.00.

| | |
|---|---|
| **Bjarni Jónsson** | **Jenný N. Sigurðardóttir** |
| **Andrés Jón Esrason** | |
| **Jón Eiríksson** | |
| **Timothy David Creighton** | **Ruth Barnett Creighton** |
| **Irina S. Ogurtsova** | |



**MARGT Í BOÐI** Jólasveinar fara á stjá í Árbæjarsafni á aðventunni.

# Jól í Árbæ

Ungir sem aldnir geta næstu þrjá sunnudaga rölt á milli húsanna í Árbæjarsafni og fylgst með undirbúningi jólanna eins og hann var í gamla daga.

Jólasýning Árbæjarsafns hefur undanfarin ár notið vinsælda og fest sig í sessi í menningarlífi höfuðborgarinnar á aðventunni. Margt má finna á sýningunni, Heimilisiðnaðarfélag Íslands verður meðal annars með jólamarkað og ýmislegt góðgæti verður á boðstólum í safninu.

Dagskrá verður um safnið allan daginn og má þar nefna sögustund klukkan 13.30 fyrir börn. Guðþjónusta hefst klukkan 14 í safnakirkjunni og munu séra Kristinn Ágúst Friðfinnsson og Sigrún Steingrímsdóttir organisti sjá um hana. Klukkustund síðar hefst jólatrésskemmtun á torginu þar sem sungin verða jólalög og dansað í kringum jólatré Árbæjarsafns.

Sýningin verður opin næstu þrjá sunnudaga milli klukkan 13 og 17. Aðgangseyrir er 600 krónur fyrir fullorðna en ókeypis er fyrir börn, ellilífeyrisþega og öryrkja. - jbá



**ARTHÚR BJÖRGVIN** Ætlar að ræða um efni Njálu við áhugasama viðskiptavini Skólavörubúðarinnar eftir námskeiðið.

# Námskeið um lífsleikni Njálu

Námskeið um hina nýju bók Arthúrs Björgvins Bollasonar, Lífsleikni Njálu, verður haldið í húsakynnum Skólavörubúðarinnar við Smáratorg á laugardaginn, 4. desember milli klukkan 14 og 17. Það er bæði hugsað fyrir kennara í bókmenntum, íslensku og lífsleikni sem og fyrir áhugasaman almenning sem vill kynna sér hvaða erindi Njála á við nútímann.

Það er höfundurinn sjálfur sem stendur að námskeiðinu í samráði við útgáfufyrirtækið A4. Í kjölfar námskeiðsins mun hann sitja í Skólavörubúðinni og skrafa við áhugasama viðskiptavini um Njálu og árita bókina fyrir þá sem vilja. - gun

# Gjöf til góðs

„Gefðu pakka á pakka“ nefnist átak sem hönnuðirnir í Arca design í Grímsbæ hafa hrundið af stað. Það felst í sölu á litlum hlut úr plexigleri sem lítur út eins og pakki og er seldur á kostnaðarverði til ágóða fyrir Mæðrastyrksnefnd.



Arca design sérhæfir sig í hönnun úr plexigleri og áli og fær allt skorið út fyrir sig hjá Logóflex Skiltagerð. Þar á bæ vinna göfugir menn gefa bæði vinnu og efni við pakka á pakka.

Pakkaskrautið fæst í hönnunarfyrirtækinu Arca design í Grímsbæ að Efstalandi 26. Það kostar 500 krónur og ágóðinn rennur óskiptur til Mæðrastyrksnefndar. - gun

# Dagleg gleðistund

Skemmtiatriði sem hefst á slaginu 12.34 alla daga desembermánaðar fram til jóla er það sem Jóladagatal Norræna hússins snýst einkum um. Markmiðið með því er að bjóða upp á einstaka dagskrá á aðventunni þar sem jólin sjálf koma ekki endilega við sögu heldur er lagt upp með að skapa stemningu fjarri því amstri sem vill fylgja jólaundirbúningi. Meðal þátttakenda þetta árið eru Ugla Egilsdóttir og Saga Garðarsdóttir, Ragnheiður Gröndal, Hafdís Bjarnadóttir, Amiina, Ómar Ragnarsson, Árni Þórarinsson og Víkingur Heiðar.

Hið óvænta er haft að leiðarljósi því gestir geta fengið að vita hverjir verða með en ekki hvenær þeir koma fram. Þannig er hvert atriði líkt og óvænt gjöf. Líkt og fyrri ár er dagatalið gert af listamanni og í ár er það Sigtryggur Berg Sigmarsson. Hann tekur líka þátt með hljómsveit sinni Stilluppsteypu.

Þess má geta að ókeypis er á alla viðburðina. - gun



**UNDIRBÚNINGSNEFND** Ilmur Dögg Gísladóttir dagskrárstjóri, Mads Holm kokkur, Þuríður Helga Kristjánsdóttir verkefnastjóri og Sigtryggur Berg Sigmarsson listamaður standa að undirbúningi jóladagatalsins. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM


# Hátíðartímar með Herjólfi – milli lands og Eyja

Í samráði við bæjarráð Vestmannaeyja tekur ný áætlun Herjólfs gildi frá og með **4. desember til 15. janúar.** Þegar skipstjóri metur það þannig að ekki gefi til siglinga um Landeyjahöfn verður siglt um Þorlákshöfn eins og lesa má í töflu. Farþegar eru hvattir til að fylgjast með áætlun á **www.herjolfur.is** þar sem jafnan verða nýuppfærðar upplýsingar.

## ALLA VIRKA DAGA OG UM HELGAR

LANDEYJAHÖFN

| | Klukkan | Klukkan | Klukkan | Klukkan |
|---|---|---|---|---|
| Frá Eyjum | 07:30 | 10:30 | 15:00 | 18:00 |
| Frá Landeyjahöfn | 09:00 | 12:00 | 16:30 | 20:30 |

ÞORLÁKSHÖFN

| | Klukkan | Klukkan |
|---|---|---|
| Frá Eyjum | 07:30 | 15:00 |
| Frá Þorlákshöfn | 11:15 | 19:00 |

## JÓL OG ÁRAMÓT

### ÞORLÁKSMESSA

LANDEYJAHÖFN

| | Klukkan | Klukkan | Klukkan | Klukkan |
|---|---|---|---|---|
| Frá Eyjum | 07:30 | 10:30 | 15:00 | 18:00 |
| Frá Landeyjahöfn | 09:00 | 12:00 | 16:30 | 20:30 |

ÞORLÁKSHÖFN

| | Klukkan | Klukkan |
|---|---|---|
| Frá Eyjum | 07:30 | 15:00 |
| Frá Þorlákshöfn | 11:15 | 19:00 |

### AÐFANGA- OG GAMLÁRSDAGUR

LANDEYJAHÖFN

| | Klukkan | Klukkan |
|---|---|---|
| Frá Eyjum | 10:30 | 13:30 |
| Frá Landeyjahöfn | 12:00 | 15:00 |

ÞORLÁKSHÖFN

| | Klukkan |
|---|---|
| Frá Eyjum | 07:30 |
| Frá Þorlákshöfn | 11:15 |

### JÓLADAGUR OG NÝÁRSDAGUR

LANDEYJAHÖFN

| | Klukkan |
|---|---|
| Frá Eyjum | 13:30 |
| Frá Landeyjahöfn | 15:00 |

ÞORLÁKSHÖFN – ENGIN FERÐ

### ANNAR Í JÓLUM

LANDEYJAHÖFN

| | Klukkan | Klukkan | Klukkan | Klukkan |
|---|---|---|---|---|
| Frá Eyjum | 07:30 | 10:30 | 15:00 | 18:00 |
| Frá Landeyjahöfn | 09:00 | 12:30 | 16:30 | 20:30 |

ÞORLÁKSHÖFN

| | Klukkan | Klukkan |
|---|---|---|
| Frá Eyjum | 07:30 | 15:00 |
| Frá Þorlákshöfn | 11:15 | 19:00 |

### 7. JANÚAR

LANDEYJAHÖFN

| | Klukkan | Klukkan | Klukkan | Klukkan | Klukkan |
|---|---|---|---|---|---|
| Frá Eyjum | 07:30 | 10:30 | 14:00 | 17:00 | 23:00 |
| Frá Landeyjahöfn | 09:00 | 12:30 | 15:30 | 18:30 | 00:00 |

ÞORLÁKSHÖFN

| | Klukkan | Klukkan |
|---|---|---|
| Frá Eyjum | 07:30 | 15:00 |
| Frá Þorlákshöfn | 11:15 | 19:00 |



HERJÓLFUR

EIMSKIP

Básaskersbryggju | 900 Vestmannaeyjar | Sími 481 2800 | Fax 481 2991 | www.herjolfur.is

Yfir hafið og heim

## krossgáta



**LÁRÉTT**
**2.** kyrr, **6.** mannþvaga, **8.** berja, **9.** borg, **11.** gangþófi, **12.** blakt, **14.** digurmæli, **16.** í röð, **17.** traust, **18.** ennþá, **20.** utan, **21.** skjótur.

**LÓÐRÉTT**
**1.** þurft, **3.** þys, **4.** garðplöntutegund, **5.** holufiskur, **7.** fíkinn, **10.** dýrafita, **13.** garðshorn, **15.** knippi, **16.** húðpoki, **19.** átt.

**LAUSN**

**LÁRÉTT: 2.** lygn, **6.** ös, **8.** slá, **9.** róm, **11.** il, **12.** flökt, **14.** grobb, **16.** hi, **17.** trú, **18.** enn, **20.** án, **21.** snar.

**LÓÐRÉTT: 1.** þörf, **3.** ys, **4.** glitbrá, **5.** nál, **7.** sólginn, **10.** mör, **13.** kot, **15.** búnt, **16.** hes, **19.** na.






# STAFAKARL

**BAKÞANKAR**
**Gerðar Kristnýjar**



Í glænýrri bók setur útlitsráðgjafinn Karl Berndsen fram bókstafina V, A, X og I til að sýna konum hvernig þær eiga að klæða sig. Samkvæmt Karli eru konur með vaxtarlag í anda V-sins, kosningabókstafs Kvennalistans sáluga, með breiðar axlir en þær sem eru eins og X eru víst með sama mjaðma- og brjóstmál en þó mittismjóar. A-konurnar eru mjaðmabreiðar og mitti I-kvennanna er ekki áberandi.

**MORGUNBLAÐIÐ** fjallaði um bók Karls 26. nóvember sl. og þar er I-konunni meira að segja lýst sem „kassalaga". Sjálf hef ég aldrei hitt kassalaga konu þótt mér hafi stundum fundist ýmsar þær sem á vegi mínum hafa orðið ótrúlega ferkantaðar. Nú vita allir að karlar eru ekkert betri í að klæða sig eftir vaxtarlagi en konur – þótt ekki sé mikið um það rætt alla jafna. Ég hef því tekið mér það birnuleyfi að semja kerfi í anda Karls fyrir þá. Í kerfinu mínu eru eftirfarandi bókstafir notaðir til að lýsa líkama íslenska karlmannsins: Þ, Ö, B og Æ.

**ÖLL** höfum við séð karla með kúluvambir en nú þurfum við ekki að nota jafnniðrandi orð um þetta vaxtarlag, heldur getum sagt: „Þú ert svona Þ-karl." Hugsið ykkur þægindin fyrir afgreiðslufólk í herrafataverslunum landsins! B-karlarnir eru síðan þeir sem eru allir í fellingum. Þeir geta enn keypt sér föt í venjulegum búðum og fara reglulega í Dressmann eftir góðum flíspeysum og flauelsbuxum við. Ö-karlinn er vitaskuld sá sem hefur farið heldur geyst í átinu og þarf ekki að útskýra það neitt frekar. Hann er löngu orðinn leiður á að fara í fatabúðir og sendir einhvern fyrir sig. Sá getur þá sagst vera að velja á félaga sinn sem sé með Ö-vaxtarlag – án þess að fara eitthvað nánar út í það.

**SVO** er það Æ-maðurinn. Hann sker sig frá hinum körlunum því hann ber ekki þetta heiti beint vegna vaxtarlagsins, heldur því að hann er einhvern veginn úti um allt. Hann rekur sig gjarnan utan í, hellir niður glösum og stundum rekst hann utan í konur sem segja þá: „Æ" um leið og þær dusta skanka mannsins af sér. Margar konur kannast við að hafa lent í Æ-manninum – sumar jafnvel oftar en einu sinni sama kvöldið. En nú eru jólin á næsta leiti og munu þau vonandi færa okkur öllum ró og frið. Þótt vaxtarlag okkar sé vissulega mismunandi reiði ég mig á að hjartalag okkar sé svipað. Það er það sem skiptir mestu.

## myndasögur

**Pondus** Eftir Frode Overli




**Gelgjan** Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




**Handan við hornið** Eftir Tony Lopes




**Barnalán** Eftir Kirkman/Scott




DESEMBER TILBOÐ
4BLS BÆKLINGUR
ALLAR VÖRUR VAXTALAUST Í ALLT AÐ 6 MÁNUÐI
0% VEXTIR
ALLAR VÖRUR VAXTALAUST Í 6 MÁNUÐI
TM85
FARTÖLVA Á TILBOÐI
149.900
EIN ÖFLUGASTA FARTÖLVAN Í DAG
TX86
199.900
ÖRÞUNN OG ÖFLUG LEIKJAVÉL
TM81
FARTÖLVA Á TILBOÐI
114.900
FÆST Í 3 LITUM
4GB MINNISLYKILL
2.990
1.5TB LACIE FLAKKARI
19.900
24" BENQ LCD SKJÁR
34.900
HVERGI BETRA VERÐ
500GB
14.900
1TB
24.900
iPAD
16GB iPAD WiFi
HVERGI BETRA VERÐ!
96.900
GLÆSILEGAR VERSLANIR
4BLS
BÆKLINGUR
STÚTFULLUR AF SJÓÐHEITUM TILBOÐUM
1TB
FULL HD MEDIA PLAYER
FULL HD 1080P ÞESSI SPILAR ALLT
ARGOSY
29.900
HD6850
ATI RADEON HD3D SKJÁKORT
34.900
3D SKJÁKORT
24"3D
79.900
FYRSTI 3D LED SKJÁR Í HEIMI
149.900
EEEBOX
MEDIA CENTER BORÐTÖLVA
69.900
2TB
SPILAR OG TEKUR UPP
49.900
8GB MP3
COBY MP757 SPILARI
14.990
24"LED
BENQ FULL HD VA-LED SKJÁR
54.900
RS120
ÞRÁÐLAUS
9.990
M6900
LEIKJAMÚS
6.990
MARGMIÐLUNAR SPILARI
9.990
LIFE CAM 720 HD
14.900
MS510
3D SKJÁVARPI
89.900
22"LCD
FULL HD SKJÁR
26.900
LEIKJA HEYRNARTÓL
4.990
Z323
HLJÓÐKERFI
12.900
TÖLVUTEK
Reykjavík • Borgartúni 31 • 563 6900 | Akureyri • Undirhlíð 2 • 430 6900
12MP MYNDAVÉL
16.900
7" MYNDARAMMI
12.900
OPNUNARTÍMAR
Virka daga
10:00 - 18:30
Laugardaga
11:00 - 16:00
TÖLVUTEK
Reykjavík • Borgartúni 31 • 563 6900 | Akureyri • Undirhlíð 2 • 430 6900
acer ASUS hp lenovo msi packard bell SONY TOSHIBA
Birt með fyrirvara um breytingar, innsláttarvillur og myndabrengl

# menning

menning@frettabladid.is

**ÁSTA Á FERLI** Sýning á verkum eftir Ástu Ólafsdóttur verður opnuð í Kubbnum, sýningarrými myndlistardeildar LHÍ, á morgun klukkan fimm. Sýningin spannar fjölbreytta myndlistarsköpun Ástu í meira en þrjá áratugi. Að sýningunni standa nemendur úr listfræði við Háskóla Íslands og myndlistarnemar úr Listaháskóla Íslands. Í tengslum við sýninguna hafa verk eftir Ástu verið sett upp víðar um borgina. Áður en sýningin verður opnuð heldur Jón Proppé listheimspekingur erindi um list Ástu og hefst það kl. 16.00 í fyrirlestrasal Listaháskólans.

## Himinfleyin fljúga út



**ÞRÁINN BERTELSSON**

DVD-útgáfa sjónvarpsþáttanna Sigla himinfley eftir Þráin Bertelsson er einn mest seldi mynddiskur landsins um þessar mundir. Þættirnir eru uppseldir hjá útgefanda en nýtt upplag er væntanlegt.

Tómas Hermannsson hjá Sögum útgáfu segir þetta koma sér ánægjulega á óvart. „Velgengni þessa disks er ótrúleg. Við erum með töluverðan fjölda diska í pöntun sem við náum ekki að afgreiða fyrr en næsta upplag kemur.“

Sjónvarpsþættirnir Sigla himinfley voru fyrst sýndir í Ríkissjónvarpinu árið 1994. Með aðalhlutverk fóru Gísli Sigurðsson, Ingvar Sigurðsson og Steinunn Ólína Þorsteinsdóttir. **- bs**


METSÖLULISTI EYMUNDSSON

SAMKVÆMT BÓKSÖLU Í EYMUNDSSON UM LAND ALLT

24.11.10 - 30.11.10



1 Furðustrandir – Arnaldur Indriðason



2 Ég man þig – Yrsa Sigurðardóttir



3 Eyjafjallajökull – Ari Trausti og Ragnar Th.



4 Stelpur! - Þóra Tómasdóttir og Kristín Tómasdóttir



5 Jólasyrpa 2010 – Walt Disney



6 Þokan - Þorgrímur Þráinsson



7 Gunnar Thoroddsen – Guðni Th. Jóhannesson



8 Ljósa – Kristín Steinsdóttir



9 Svar við bréfi Helgu – Bergsveinn Birgisson



10 Hreinsun – Sofi Oksanen

Eymundsson.is

Eymundsson
Bóksali frá 1872




**MARGRÉT SIGRÚN OG TÓMAS YOUNG** Unnu rannsóknina ásamt Colin Mercer og gerðu grein fyrir helstu niðurstöðum hennar á fundi í Bíó Paradís í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Skapandi greinar einn af undirstöðuatvinnuvegum

**Skapandi greinar eru einn af undirstöðuatvinnugreinum þjóðarinnar, samkvæmt nýrri samantekt um hagræn áhrif skapandi greina sem kynnt var í gær. Virðisaukaskattskyld velta í greininni nam 191 milljarði króna í fyrra. Um sex prósent vinnuaflsins starfa við skapandi greinar hér á landi.**

Helstu niðurstöður skýrslu um hagræn áhrif skapandi greina voru kynntar á opnum fundi í Bíói Paradís í gær. Fimm ráðuneyti og Íslandsstofa fjármagna rannsóknina sem er unnin að frumkvæði samráðsvettvangs skapandi greina. Rannsóknina unnu Colin Mercer sérfræðingur, Tómas Young og dr. Margrét Sigrún Sigurðardóttir, lektor við viðskiptafræðideild HÍ og forstöðumaður Rannsóknarmiðstöðva skapandi greina.

Tómas og Margrét Sigrún gerðu grein fyrir helstu niðurstöðum rannsóknarinnar í Bíói Paradís. Í máli þeirra kom meðal annars fram að virðisaukaskattskyld velta í skapandi greinum nam 191 milljarði króna árið 2009. Þau tóku sérstaklega fram að þar sem ýmsar skapandi greinar eru undanþegnar virðisaukaskatti, sé heildarvelta skapandi greina að líkindum talsvert meiri. Þetta er meiri velta en í landbúnaði og fiskveiðum samanlagt. Virðisaukaskattskyld velta skapandi greina er líka hærri en í byggingarstarfsemi og sambærileg við framleiðslu málma. Matvæla- og drykkjavöruiðnaður veltir talsvert meira en fyrrnefndar greinar en í þeirri tölu er fiskvinnsla og framleiðsla mjólkurafurða meðtalin.

Ársverk við skapandi greinar voru um 9.400 árið 2009. Flest voru þau árið 2008, eða rúmlega tíu þúsund. Stöðug aukning var í fjölda ársverka skapandi greina á árabilinu 2005-2008. Fjöldi ársverka minnkaði milli áranna 2008 og 2009, þó minna en í öðrum atvinnugreinum.

Katrín Jakobsdóttir, mennta- og menningarmálaráðherra, og Katrín Júlíusdóttir iðnaðarráðherra héldu tölu við þetta tilefni. Báðar töluðu þær um mikilvægi þess að kortleggja og gera grein fyrir hagrænum áhrifum skapandi greina á þessum tímapunkti. Skýrslan sýndi að skapandi greinar væru öflugur atvinnuvegur sem byggi á fjölbreyttum lausnum og efldi nýsköpun í öðrum greinum. Iðnaðarráðherra tók fram að skýrslan myndi leika lykilhlutverk við mótun heildstæðrar atvinnustefnu hér á landi.

Rannsóknin nær til áranna 2005 til 2009 og hófst vinna við hana í mars 2010. Tölfræðivinnslu verkefnisins er nú lokið en í framhaldinu verður skrifað um niðurstöðurnar, þar sem verður einnig fjallað um vægi ólíkra listgreina, rannsóknaraðferðir og samanburð við aðrar þjóðir. Lokaskýrslan mun liggja fyrir í mars 2011. Þá skilar líka starfshópur á vegum ríkisstjórnarinnar tillögum um hvernig hægt sé að bæta starfsumhverfi skapandi greina.

bergsteinn@frettabladid.is

### SKAPANDI GREINAR

Í rannsókninni eru skapandi greinar skilgreindar sem hér segir:

- Sjónlistir: arkitektúr, hönnun (grafísk-, fata-, vöru- og innanhúshönnun), myndlist, listhandverk og handverk
- Sviðslistir: leikhús, tónleikar, dans o.þ.h.
- Bækur og útgáfa: bókmenntir, fjölmiðlun, útgáfa (hefðbundin, sem og stafræn), bókasöfn, gagnavarsla o.þ.h.
- Hljóð og mynd: sjónvarp, kvikmyndir, myndbönd, útvarp, tónlistarupptökur, auglýsingar og nýmiðlar (tölvuleikir, samskiptaforrit, netið, hringitónar, forrit fyrir farsíma o.þ.h.)
- Menningararfur: bæði áþreifanlegur (staðir, byggingar, söfn, bókasöfn og gagnavörslur) og óáþreifanlegur (hefðir, venjur, siðir, sögur o.þ.h.)
- Hluti ferðaþjónustu: Í rannsókninni er ferðaþjónusta talin mikilvægur þáttur sem hefur áhrif á öll fyrrnefnd atriði hvað varðar eftirspurn eftir nýjum menningarafurðum og vörum skapandi greina.

# Meistarar orðsins heiðraðir

Álfrún Gunnlaugsdóttir, Matthías Johannessen og Thor Vilhjálmsson rithöfundar voru sæmd heiðursdoktorsnafnbót við Háskóla Íslands í gær. Háskólinn sæmdi þau hæsta heiðri fyrir sköpunarstarf þeirra. Í tilefni af þessu efndi Íslensku- og menningardeild og Hugvísindasvið til sérstaks bókmenntafagnaðar.

Í tilkynningu frá Háskóla Íslands segir að með þessu vilji skólinn senda skilaboð um mikilvægi orðsins listar og annarrar frjórrar menningarstarfsemi í íslensku samfélagi, enda gæti hann ekki staðið undir nafni sem þjóðskóli án þess að leggja rækt við íslenska menningu.



**HEIÐURSDOKTORAR** Álfrún, Matthías og Thor, nýbakaðir heiðursdoktorar við Háskóla Íslands. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# ÞJÓÐ VILL LJÓÐ

FÖGNUM GJÖFULU ÚTGÁFUÁRI MEÐ LJÓÐAKVÖLDI Á SÚFISTANUM,
LAUGAVEGI 18, KL. 20 Í KVÖLD – VERIÐ VELKOMIN!




*Vísnafýsn eftir Þórarin Eldjárn:*

★★★★★
Páll Baldvin Baldvinsson / Fréttablaðið

**„… bak við hverja stöku er heill heimur.“**
Ingveldur Geirsdóttir / Morgunblaðið




2. PRENTUN KOMIN

*Blóðhófnir eftir Gerði Kristnýju:*

**„Þungavigtarbók.“**
Þorsteinn frá Hamri

★★★★★
Ingveldur Geirsdóttir / Morgunblaðið

★★★★★
**„Lestrarnautn.“**
Friðrika Benónýsdóttir / Fréttablaðið

★★★★★
Páll Baldvin Baldvinsson / Fréttatíminn



2. PRENTUN KOMIN

*Síðdegi eftir Vilborgu Dagbjartsdóttur:*

★★★★
**„Meitlaður skáldskapur um það sem máli skiptir.“**
Friðrika Benónýsdóttir / Fréttablaðið




*Brúður eftir Sigurbjörgu Þrastardóttur:*

★★★★
**„… uppáhaldsbrúðargjöfin næstu árin.“**
Steinunn Inga Óttarsdóttir / Morgunblaðið

**„… glögg, fyndin og kaldhæðin en umfram allt lúmskt rómantísk.“**
Kristjana Guðbrandsdóttir / DV




2. PRENTUN KOMIN

*Ljóð af ættarmóti eftir Anton Helga Jónsson:*

★★★★★
**„Fín bók fyrir ferlega tíma.“**
Páll Baldvin Baldvinsson / Fréttatíminn

**„Ég mæli eindregið með þessari bók.“**
Kolbrún Bergþórsdóttir / Kiljan



2. PRENTUN KOMIN

*Tími hnyttninnar er liðinn eftir Berg Ebba Benediktsson:*

★★★½
**„Bergi Ebba tekst ætlunarverk sitt ágætlega.“**
Helgi Snær Sigurðsson / Morgunblaðið

**„… sprengiefni …“**
Stefán Snævarr / eyjan.is

FORLAGIÐ
www.forlagid.is

# Valinkunnir höfundar í hverju rúmi

**Tilkynnt var hvaða bækur væri tilnefndar til Íslensku bókmenntaverðlaunanna í flokki fagurbókmennta og fræðirita í Listasafni Íslands í gær. Við sama tækifæri voru kynntar tilnefningar til Íslensku þýðingarverðlaunanna.**



**TILNEFND** Rithöfundar, þýðendur og fræðimenn eftir að kynnt hafði verið um tilnefningar til Íslensku bókmennta- og þýðingarverðlaunanna. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Fimm bækur eru tilnefndar í hverjum flokki. Bækur á vegum Forlagsins og dótturútgáfna þess fá samtals sex af tíu tilnefningum; fjórar af fimm í flokki fagurbókmennta og tvær af fimm í flokki fræðirita.

Alls hljóta fjórar konur tilnefningar ár, tvær í hvorum flokki. Eingöngu karlar eru tilnefndir til þýðingarverðlaunanna í ár.

Ungskáldin ná ekki máli. Bergsveinn Birgisson er yngstur tilnefndra höfunda í báðum flokkum, 39 ára. Allir höfundarnir sem tilnefndir eru í flokki fagurbókmennta hafa verið tilnefndir til Íslensku bókmenntaverðlaunanna áður: Sigurður Guðmundsson fyrir Ósýnilegu konuna, Gerður Kristný fyrir Höggstað, Bergsveinn Birgisson fyrir Landslag er aldrei asnalegt, Bragi Ólafsson fyrir Sendiherrann, og Þórunn Erlu-Valdimarsdóttir fyrir Kalt er annars blóð, Upp á Sigurhæðir og Snorra á Húsafelli. Ekkert þeirra hefur þó hreppt hnossið hingað til.

Tvær bækur í flokki fagurbókmennta sækja efnivið í fornritin, Blóðhófnir eftir Gerði Kristnýju, sem byggir á Skírnismálum, og Mörg eru ljónsins eyru eftir Þórunni Erlu-Valdimarsdóttur, sem byggir á Laxdælu.

Sagnfræðin blífur í flokki fræðirita; þrjú rit eru hefðbundin sagnfræðirit en bók Einars Fals Ingólfssonar, Í fótspor Collingwood, er ljósmyndabók með sagnfræðilegum undirtón. Sveppabókin eftir Helga Hallgrímsson er eini fulltrúi raunvísindanna í flokki fræðirita í ár.

Þess má til gamans geta að Bragi Ólafsson og Sigrún Pálsdóttir, sem eru tilnefnd hvort í sínum flokknum, eru hjón. Eftir því sem næst verður komist er þetta í fyrsta skipti sem hjón fá tilnefningu sama árið.

Tvær þriggja manna dómnefndir meta tilnefningarnar til Íslensku bókmenntaverðlaunanna. Formenn nefndanna tveggja velja verðlaunabækurnar ásamt formanni lokadómnefndar, sem forseti Íslands skipar.

Fimm þýðingar eru tilnefndar til Íslensku þýðingarverðlaunanna og eru eldri kanónísk verk í öndvegi í ár. Gleðileikur Dantes er frá 14. öld, Lér konungur Shakespeares er frá 17. öld, Silas Marner eftir George Eliot frá 19. öld og Kaffihús tregans eftir Carson McCullers er frá 1951. Eina þýdda samtímaverkið sem fær tilnefningu að þessu sinni er ljóðabókin Vetrarbraut eftir Svíann Kjell Espmark, sem Njörður P. Njarðvík þýðir. Hin verkin fjögur eru frá 14., 17., 19. og miðhluta 20. aldar.

Þriggja manna dómnefnd valdi verkin sem tilnefnd eru. Íslensku þýðingarverðlaunin verða afhent 23. apríl á næsta ári.

bergsteinn@frettabladid.is

## Tilnefningar til íslensku bókmenntaverðlaunanna í flokki fagurbókmennta

**Dómnefnd skipuðu:** Formaður: Ingunn Ásdísardóttir, rithöfundur og þýðandi, Árni Matthíasson, blaðamaður og gagnrýnandi og Viðar Eggertsson leikhúsmaður.



**Gerður Kristný** fyrir *Blóðhófnir*
Útgefandi: Mál og menning



**Bergsveinn Birgisson** fyrir *Svar við bréfi Helgu.*
Útgefandi: Bjartur



**Þórunn Erlu-Valdimarsdóttir** fyrir *Mörg eru ljónsins eyru*
Útgefandi: JPV útgáfa




**Bragi Ólafsson** fyrir *handritið að kvikmynd Arnar Featherby og Jóns Magnússonar um uppnámið á veitingahúsinu eftir Jenný Alexson.*
Útgefandi: Mál og menning



**Sigurður Guðmundsson** fyrir *Dýrin í Saigon*
Útgefandi: Mál og menning.

## Tilnefningar til íslensku þýðingarverðlaunanna

**Dómnefnd skipuðu:** Kristján Árnason, Ragnheiður Margrét Guðmundsdóttir og Steinunn Inga Óttarsdóttir.

**Óskar Árni Óskarsson** fyrir *Kaffihús tregans* eftir Carson McCullers – Útgefandi: Bjartur

„Stíllinn einkennist í senn af léttleika og kaldhæðni, og njóta þessi einkenni sín vel í þýðingunni."



**Njörður P. Njarðvík** fyrir *Vetrarbraut* eftir Kjell Espmark.

Útgefandi: Uppheimar

„Þýðing Njarðar fangar vel lýríkina, jafnt í grimmd og fegurð ljóðanna."







**Erlingur E. Halldórsson** fyrir *Guðdómlega gleðileikinn* eftir Dante Alighieri
Útgefandi: Mál og menning

„Á frummálinu er Gleðileikurinn kveðinn undir svonefndum tersínahætti með þríteknu rími sem knýr frásögnina áfram, en lausamálsþýðing Erlings nær þó á sinn hátt með kjarnmiklu orðfæri að gera ferðalýsinguna ljóslifandi og koma til skila þeim lærdómi sem af henni má draga."




**Þórarinn Eldjárn** fyrir *Lé konung* eftir William Shakespeare

Útgefandi: Vaka Helgafell

„Þróttur og dirfska einkenna þýðingu Þórarins öðru fremur, og ber hún þess merki að vera gerð fyrir leiksvið þar sem miklu skiptir að tilsvörin séu í senn mergjuð og beinskeytt."

**Atli Magnússon** fyrir *Silas Marner* eftir George Eliot (Mary Ann Evans) Útgefandi: Bókafélagið Uglan

„Í þýðingunni ríkir trúverðug 19. aldar stemning, stéttaskiptingu og mismunun eru gerð góð skil og þýðingin er á fallegu og virðulegu máli sem hæfir bæði efni, sögusviði og tíma sögunnar."

## Tilnefningar til íslensku bókmenntaverðlaunanna í flokki fræðirita

**Dómnefnd skipuðu:** Formaður: Salvör Aradóttir, leikhúsfræðingur og þýðandi, Jón Ólafsson, prófessor við Háskólann á Bifröst og Þorgerður Einarsdóttir, prófessor við Háskóla Íslands




**Guðni Th. Jóhannesson** fyrir *Gunnar Thoroddsen – Ævisaga*
Útgefandi: JPV útgáfa




**Helgi Hallgrímsson** fyrir *Sveppabókin – Íslenskir sveppir og sveppafræði*
Útgefandi: Skrudda

**Sigrún Pálsdóttir** fyrir *Þóra biskups og raunir íslenskrar embættismannastéttar*
Útgefandi: JPV útgáfa







**Einar Falur Ingólfsson** fyrir *Sögustaðir – í fótspor W.G. Collingwoods*
Útgefandi: Crymogea og Þjóðminjasafn Íslands



**Margrét Guðmundsdóttir** fyrir *Saga hjúkrunar á Íslandi á 20. öld*
Útgefandi: Félag íslenskra hjúkrunarfræðinga



ÍSLENSKU BÓKMENNTA VERÐLAUNIN
*Tilnefning*

# ÍSLENSKU
# BÓKMENNTAVERÐLAUNIN
## TILNEFNINGAR 2010










### *BLÓÐHÓFNIR*
### GERÐUR KRISTNÝ

★★★★★

„Síðu eftir síðu við lesturinn undraðist ég hversu fá orð geta haft mikil áhrif … Ljóðabækur gerast ekki betri en Blóðhófnir.“

Ingveldur Geirsdóttir / Morgunblaðið

★★★★★

„… merkilegur og miskunnarlaus bálkur. Hann leiðir í ljós lifandi umsköpun nútímakonu á fornum arfi, djúpa tjáningu og skilning á máli og mynd, miðli og miði … Sannarlega eitt best heppnaða skáldverk þessa árs.“

Páll Baldvin Baldvinsson / Fréttatíminn

★★★★★

„Meitlaður texti sem talar til lesandans á mörgum sviðum. Lestrarnautn.“

Friðrika Benónýsdóttir / Fréttablaðið

### *DÝRIN Í SAIGON*
### SIGURÐUR GUÐMUNDSSON

★★★★

„… í senn skáldskapur og heimspekileg tilraun um manninn … ljóðrænt hugmyndaverk fullt með erótík … Það merkilega … er hversu læsileg bókin er og aðgengileg …“

Skafti Þ. Halldórsson / Morgunblaðið

„… höfundurinn lætur sig dreyma um aðstæður, eins og honum hefur tekist að skapa með ferðalagi sínu, þar sem mannfólkið afklæddist menningunni og nálgaðist hvert annað svipað og hestur mætir hesti, köttur ketti eða fugl fugli … hárbeitt og frumleg menningargagnrýni …“

Pétur Gunnarsson / TMM

### *HANDRITIÐ*
### *AÐ KVIKMYND ARNAR FEATHERBY OG JÓNS MAGNÚSSONAR UM UPPNÁMIÐ Á VEITINGAHÚSINU EFTIR JENNÝ ALEXSON*
### BRAGI ÓLAFSSON

★★★★

„… metnaðarfullt … launfyndin og spaklegt rannsókn á skáldsögunni og lífinu sjálfu.“

Jón Yngvi Jóhannsson / Fréttablaðið

„Hann hefur mikið vald á frásagnartækni og kemur lesendum sínum sífellt á óvart.“

Þorgerður E. Sigurðardóttir

MÁL OG MENNING
www.forlagid.is

GERÐUR, SIGURÐUR OG BRAGI – HJARTANLEGA TIL HAMINGJU!



**GYRÐIR ELÍASSON** Er tilnefndur til bókmenntaverðlauna Norðurlandaráðs fyrir smásagnasafnið Milli trjánna en Ísak Harðarson er tilnefndur fyrir ljóðabókina Rennur upp um nótt. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Gyrðir og Ísak tilnefndir fyrir Ísland

Gyrðir Elíasson og Ísak Harðarson eru tilnefndir fyrir Íslands hönd til bókmenntaverðlauna Norðurlandaráðs. Tilnefningarnar voru tilkynntar í gær. Gyrðir er tilnefndur fyrir smásagnasafnið Milli trjánna og Ísak fyrir ljóðabókina Rennur upp um nótt, sem báðar komu út í fyrra.

Athygli vekur að Noregur og Svíþjóð tilnefna sama verkið, En dåre fri eftir norska rithöfundinn Beate Grimsrud. Noregur tilnefndi að auki Innsirkling 2 eftir Carl Frode Tiller en Svíar Colosseum, Kolosseum eftir Önnu Hallberg.

Danir tilnefndu tvær skáldsögur, Stigninger og fald eftir Josefine Klougart og Vågen eftir Harald Voetmann. Af hálfu Finna eru tilnefndar bækurnar Flugtämjaren eftir Erik Wahlström og Herra Darwinin puutarhuri eftir Kristinu Carlson. Færeyingar tilnefna ljóðasafnið Útsýni eftir Tórodd Poulsen en Grænlendingar skáldsöguna Kakiorneqaqatigiit eftir Kristian Olsen Aaju. Álandseyjar tilnefna Blues från ett krossat världshus eftir Sonju Nordenswan og samíska tungumálasvæðið Bárbmoáirras eftir Kerttu Vuolab.

Dómnefnd velur verðlaunahafa á fundi í Ósló 12. apríl næstkomandi. Sama dag verður tilkynnt um niðurstöðuna en verðlaunin verða afhent á Norðurlandaráðsþingi í Kaupmannahöfn nóvember.

# Gera Garðinn frægan

**Um fimmtíu listamenn af átján þjóðernum setjast að í Garði á Suðurnesjum á næstu vikum og lýkur dvöl þeirra með menningarhátíð. Listakonan Mireya Samper er driffjöðurin í verkefninu og segir margra ára draum vera að rætast.**



**MIREYA SAMPER** Hafði lengi dreymt um að halda alþjóðlega listahátíð á Íslandi og lét að lokum drauminn rætast með listasmiðju í Garði. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

„Ég hef verið að hugsa um þetta í mörg ár,“ segir Mireya Samper, skipuleggjandi verkefnisins. „Ég var bara ekki búin að finna rétta staðinn. Síðan gerðist það í fyrra þegar ég var í Japan, að ég vaknaði um miðja nótt og þá laust því niður í höfuðið á mér að Suðurnesin væru málið.“

Eftir að hafa kannað ýmsa staði á Suðurnesjunum komst Mireya að samkomulagi við bæjaryfirvöld í Garði um að leggja til aðstöðu fyrir listamenn í átta vikur, frá því í lok nóvember til 10. janúar.

„Bæjaryfirvöld hafa tekið afar vel á móti okkur,“ segir hún „og leggja til húsnæði í eigu bæjarins og samkomuhúsið, sem verður okkar miðstöð meðan á verkefninu stendur.“

Alls munu um 50 listamenn af átján þjóðernum leggja leið sína í Garðinn næstu vikur, allt listamenn sem Mireya þekkir og hefur unnið með í gegnum tíðina. Hún segir að verkefnið eigi eflaust eftir að hafa góð áhrif á sveitarfélagið.

„Markmiðið er að fara í skólana og halda fyrirlestra, bíósýningar, myndlistarsýningar og fleira. Þrisvar í viku verður boðið upp á sérstakar listamannakynningar.“

Dvöl listamannanna lýkur síðan með menningarhátíð, Ferskum vindum, þar sem listamennirnir sýna afrakstur vinnu sinnar.

„Við viljum kynnast heimamönnum og skilja eftir okkur spor í formi sköpunar; við viljum endurgjalda heimamönnum gestrisnina á einhvern hátt og allir listamennirnir gefa því vinnu sína.“

Til stendur að Ferskir vindar verði haldnir reglulega héðan í frá, annaðhvort árlega eða á tveggja ára fresti. Mireya trúir því að hátíðin geti laðað erlenda ferðamenn til landsins.

„Ég held að þessi hátíð geti skipað mikilvægan sess í menningardagskrá Reykjaness í framtíðinni, sem og á lista yfir árlega alþjóða menningarviðburði. Það hafa nú þegar haft samband við mig ferðaskrifstofur frá Frakklandi, Þýskalandi og Hollandi sem hafa áhuga á að markaðssetja þessa hátíð, svo við sjáum hvað setur. Vonandi eigum við eftir að gera Garðinn frægan,“ segir hún kankvís.

Fjölmargir styrktaraðilar standa straum af kostnaðinum við verkefnið en verndari þess er Dorrit Moussaieff forsetafrú.

Nánari upplýsingar um verkefnið og listahátíðina má finna á fresh-winds.com.

bergsteinn@frettabladid.is






## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

**Fimmtudagur 02. desember**

### Tónleikar

**12.00** **Snorri Wium** syngur jóla- og aðventulög við undirleik Antoníu Hevesi á hádegistónleikum í Hafnarborg, menningar- og listamiðstöð Hafnarfjarðar að Strandgötu 34. Tónleikarnir hefjast kl. 12. Aðgangur er ókeypis.

**20.00** Í kvöld verða **Garðar Cortes** tenór og **Robert Sund** píanóleikari með tónleika í Selinu á Stokkalæk að Rangárvöllum. Tónleikarnir hefjast kl. 20.

**21.00** Aftan festival verður á **Mamma mía** í Sandgerði í kvöld kl. 21. Fram koma Addi, Matti Óla og 1860. Frítt inn. 18 ára aldurstakmark.

**21.00** Píanóleikarinn og organistinn **Gunnar Gunnarsson** verður með útgáfutónleika í Þjóðmenningarhúsinu í kvöld kl. 21.

**21.30** Thin Jim verður með tónleika á **Café Rosenberg** í kvöld. Fram koma **Margrét Eir, Jökull Jörgensen, Kristófer Jensson** auk fleiri tónlistarmanna. Um upphitunaratriði sér Halldór Fjallabróðir. Tónleikarnir hefjast kl. 21.30.

### Fræðsla

**20.00** Félagar úr **Vatnavinum** verða með fyrirlestur í Listasafni Reykjavíkur - Hafnarhúsi í kvöld kl. 20. Þar verður kynnt verkefnið Heilsulandið Ísland. Aðgangur er ókeypis og öllum opin.

### Sýningar

**Steinunn Marteinsdóttir** myndlistarkona sýnir Málverk og leirverk hjá Kaolin, Ingólfsstræti 8. Sýningin stendur til 14. desember og er opin á verslunartíma Kaolin, virka daga 10-18 og laugardaga 11-16.

### Upplestur

**12.15** **Hlöðver,** starfsmannafélagið í **Þjóðarbókhlöðu,** býður til skammdegislestrar í veitingastofu Þjóðarbókhlöðu í kvöld kl. 20. Allir velkomnir.

**Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is og einnig er hægt að skrá þá inni á visir.is.**


## Aðventuleikur blaðbera



Pósthúsið, dreifingaraðili Fréttablaðsins og annarra dreifinga, hefur sett í gang skemmtilegan aðventuleik fyrir blaðbera sína.

Einu sinni í viku út aðventuna verða nöfn duglegra blaðbera dregin út og fá þeir í verðlaun nýju DVD myndina með Audda og Sveppa eða PS3 leik frá Elko.

Tilkynnt verður um vinningshafa alla þriðjudaga fram að jólum á heimasíðu Pósthússins www.posthusid.is

Póst:húsið

Pósthúsið | Suðurhraun 1 | S: 585 8300 | www.posthusid.is

ÍSLENSKU BÓKMENNTA VERÐLAUNIN
Tilnefning

# ÍSLENSKU BÓKMENNTAVERÐLAUNIN

## TILNEFNINGAR 2010










### *GUNNAR THORODDSEN – ÆVISAGA*

GUÐNI TH. JÓHANNESSON

„Bókin markar tímamót í ritun ævisagna á Íslandi. Örlögum forystumanns íslenskrar þjóðar á tuttugustu öld er í senn lýst af ástríðu listamannsins og aga fræðimannsins.“

Dr. Svanur Kristjánsson stjórnmálafræðingur

„... gríðarlega læsileg bók ... vel unnin og skrifuð af mikilli hlýju ... hefur sterk áhrif á mann.“

Kolbrún Bergþórsdóttir / Kiljan

„Margar bækur hafa verið ritaðar um stjórnmálaskörunga 20. aldarinnar ... ber af í samanburði við þær flestar ... magnað verk ...“

Grímur Atlason / midjan.is

### *MÖRG ERU LJÓNSINS EYRU*

ÞÓRUNN ERLU-VALDIMARSDÓTTIR

★★★★

„... breið skáldsaga um ástina og dauðann ... mörgum þrepum ofar í bókmenntastiganum en formúlubókmenntirnar.“

Friðrika Benónýsdóttir / Fréttablaðið

★★★★

„... af þeim skáldsögum sem þessi penni hefur lesið á þessu hausti er Mörg eru ljónsins eyru sú merkilegasta vegna stílgáfu, næmni og skáldlegra tilþrifa. Þessa bók verða menn að lesa hægt og helst hafa yfir orðin til að finna galdurinn.“

Páll Baldvin Baldvinsson / Fréttatíminn

### *ÞÓRA BISKUPS OG RAUNIR ÍSLENSKRAR EMBÆTTISMANNA-STÉTTAR*

SIGRÚN PÁLSDÓTTIR

„Frábær bók. Heldur spennu og styrk alveg til enda. Frásögnin er hröð, fjörleg, svolítið gamansöm ...“

Gunnar Karlsson, prófessor emeritus við HÍ

★★★★

„... mun meira en ævisaga ... [Sigrún] gerir hinu hversdagslega ... ekki síður hátt undir höfði en hinum örlagaríkari þáttum. Fyrir vikið verður sagan fyllri og blæbrigðaríkari ...“

Karl Blöndal / Morgunblaðið

„Mjög hrifin ... mjög læsileg ... höfðar til stórs lesendahóps.“

Kolbrún Bergþórsdóttir / Kiljan

JPV ÚTGÁFA
www.forlagid.is

GUÐNI, ÞÓRUNN OG SIGRÚN – HJARTANLEGA TIL HAMINGJU!


KANYE WEST


GUSGUS

## > Í SPILARANUM

Kanye West - My Beautiful Dark Twisted Fantasy
Sigurður Guðmundsson - Nú stendur mikið til
Bruce Springsteen - The Promise
Jóel Pálsson - Horn
GusGus - 15 ára

# tónlist

tonlist@frettabladid.is

# Bright Eyes vaknar til lífsins

Hinn fjölhæfi tónlistarmaður Conor Oberst hefur undanfarin ár hvílt aðalbandið sitt, Bright Eyes, og einbeitt sér að öðrum verkefnum. Þar ber hæst bandið Conor Oberst and the Mystic Calley Band sem hann fer vitanlega fyrir en svo er hann einnig meðlimur í súpergrúppunni Monsters of Folk.

Oberst er farinn að huga aftur að Bright Eyes. Hann tók upp nýtt lag á dögunum og nú er von á nýrri breiðskífu. Platan kallast The People‘s Key og verður sú sjöunda í röðinni. Hún kemur út hjá Saddle Creek 15. febrúar næstkomandi.

Fram til þessa hefur mannaskipan Bright Eyes verið misjöfn eftir verkefnum og Oberst hefur alltaf verið eini fasti meðlimurinn. Nú skipar hins vegar þriggja manna kjarni sveitina. Auk Obersts eru í bandinu Nathaniel Walcott og Mike Mogis sem er í Monsters of Folk og hefur margoft starfað með Oberst.


**NÓG AÐ GERA** Tónlistarmaðurinn Conor Oberst hefur tekið upp plötu með aðalbandinu sínu Bright Eyes. Hún kemur út í febrúar á næsta ári.



## > Plata vikunnar

Agent Fresco - A Long Time Listening

★★★★★

„A Long Time Listening er einfaldlega besta plata ársins. Svo mörg voru þau orð.“ FGG



## TÓNNINN GEFINN
**Trausti Júlíusson**

# *Eno kominn aftur á kreik*

Það var kannski ekkert svo augljóst þegar hann stjórnaði samsöngnum í Hafnarhúsinu fyrir tveimur árum, en Brian Eno er örugglega einn af áhrifamestu tónlistarmönnum síðustu 40 ára. Hann var skrítna kryddið sem gerði Roxy Music svona brjálæðislega góða í upphafi ferilsins og sólóplöturnar hans á áttunda og níunda áratugnum voru sannkölluð brautryðjendaverk. Sem pródúser á hann líka frábæran feril.


**ÁHRIFAMIKILL** Eno þegar hann hafði hár og bar skrítin höfuðföt.

Eno var að senda frá sér nýja plötu, Small Craft on a Milk Sea. Hún er merkileg af tveimur ástæðum. Í fyrsta lagi er þetta fyrsta Eno-platan með nýju sólóefni í fimm ár, síðan Another Day on Earth kom út 2005. Í öðru lagi er þetta fyrsta plata Enos fyrir bresku raftónlistarútgáfuna Warp í Sheffield. Það er eitthvað fullkomið við að ambient-forsprakkinn Eno skuli nú gefa út hjá Warp sem hefur verið leiðandi í tilraunaglaðri og framsækinni raftónlist í yfir 20 ár. Eno fluttur inn til Aphex Twin og Squarepushers …

Small Craft on a Milk Sea kom út í Evrópu 15. nóvember. Eno vann hana með þeim Jon Hopkins og Leo Abrahams. Hún var tekin upp 2009 og 2010 og hefur að geyma sextán lög. Nokkur þeirra eru sveimverk í anda fyrri afreka Enos, en svo er líka taktfastari og háværari tónlist inn á milli. Flott plata sem ungir og eldri aðdáendur Brians Peters George St. John le Baptiste de la Salle Eno ættu ekki að láta fram hjá sér fara.





**THE BLACK EYED PEAS** Hip hop-sveitin The Black Eyed Peas hefur gefið út sína sjöttu plötu, The Beginning. NORDICPHOTOS/GETTY

# TÆPAR ÞRJÁTÍU MILLJÓNIR PLATNA Á FIMMTÁN ÁRUM

**Sjötta plata The Black Eyed Peas, The Beginning, kom út fyrir skömmu. Fimmtán ár eru liðin frá stofnun þessarar vinsælu hip-hop sveitar.**

Hljómsveitin The Black Eyed Peas hamrar járnið á meðan það er heitt því sjötta plata hennar, The Beginning, er nýkomin út, aðeins tæpu einu og hálfu ári á eftir hinni gríðarvinsælu The E.N.D. Sú plata hefur selst í rúmlega ellefu milljónum eintaka og er fyrsta platan í tvo áratugi með dúói eða hljómsveit sem nær fimm lögum inn topp 10-lista Billboard í Bandaríkjunum. Á meðal þeirra er að sjálfsögðu hið gríðarvinsæla I Gotta Feeling þar sem franski plötusnúðurinn David Guetta stjórnaði upptökum. Lagið komst í toppsæti vinsældalista í tuttugu löndum og var tilnefnt sem lag ársins á Grammy-hátíðinni.

Það getur verið erfitt að fylgja eftir slíkum vinsældum og forvitnilegt verður að sjá hvort The Black Eyed Peas tekst það með The Beginning. Forsprakkinn will.i.am. segir plötuna snúast um það sem er að gerast í heiminum um þessar mundir. „The Beginning snýst um að aðlagast nýrri tækni, eins og þrívídd, 360-myndefni og annars konar tölvutækni. Hún snýst einnig um tilraunamennsku og að nota lög sem við fílum úr fortíðinni og leika okkur með flotta takta,“ sagði hann. Þar á will m.a. við fyrsta smáskífulagið The Time (Dirty Bit) sem er byggt í kringum (I´ve Had) The Time of My Life úr myndinni Dirty Dancing frá árinu 1987 sem þau Bill Medley og Jennifer Warnes sungu.

### VINSÆL LÖG

- Don´t Phunk with My Heart
- My Humps
- Let´s Get It Started
- Where Is The Love?
- Shut Up
- I Gotta Feeling
- Boom Boom Pow

The Black Eyed Peas hefur verið lengi að. Sveitin var stofnuð árið 1995 af þeim William Adams (will.i.am) and Allan Pineda (apl.de.ap). Hún sló samt ekki í gegn fyrr en átta árum seinna með plötunni Elephunk. Þar söng Fergie í fyrsta sinn með Baununum og í kjölfarið vann sveitin sín fyrstu Grammy-verðlaun fyrir lagið Let´s Get It Started. Annað lag af plötunni, Shut Up, náði einnig miklum vinsældum. Þess má geta að Fergie var ekki fyrsti valkostur sem söngkona The Black Eyed Peas því Nicole Sherzinger úr The Pussycat Dolls var fyrst beðin um að ganga til liðs við will.i.am og félaga en gat ekki þekkst boðið vegna þess að hún var samningsbundin stúlknasveitinni Eden´s Crush.

Vinsældir The Black Eyed Peas hafa verið svakalegar á undanförnum árum. Sveitin hefur selt rúmlega 28 milljónir platna um allan heim og 20 milljónir smáskífna. Aðdáendahópurinn hefur stækkað með hverju árinu og á vafalítið eftir að gera það áfram með tilkomu nýju plötunnar.

freyr@frettabladid.is

## LAGALISTINN

Vikuna 25. nóvember - 1. desember 2010

| | Sæti | Flytjandi | Lag |
|---|---|---|---|
| ▶ | 1 | Páll Óskar og Memfismafían | *Það geta ekki allir...* |
| ▲ | 2 | Dikta | *Goodbye* |
| ▲ | 3 | Hjálmar | *Gakktu alla leið* |
| ▼ | 4 | Blaz Roca ásamt Bent og Ragga B. | *Allir eru að...* |
| ▲ | 5 | Rihanna | *Only Girl In The World* |
| ▲ | 6 | Jón Jónsson | *When You're Around* |
| ▼ | 7 | Hurts | *Wonderful Life* |
| ▲ | 8 | Robbie Williams / Gary Barlow | *Shame* |
| ▼ | 9 | Sálin hans Jóns míns | *Vatnið rennur undir brúnna* |
| ▲ | 10 | Ensími | *Aldanna ró* |

## TÓNLISTINN

Vikuna 25. nóvember - 1. desember 2010

| | Sæti | Flytjandi | Lag |
|---|---|---|---|
| ✱ | 1 | Frostrósir | *Hátíðin heilsar* |
| ▼ | 2 | Baggalútur | *Næstu jól* |
| ▼ | 3 | Bubbi | *Sögur af ást, landi og þjóð* |
| ▼ | 4 | Björgvin Halldórsson | *Duet II* |
| ▼ | 5 | Prófessorinn og Memfismafían | *Diskóeyjan* |
| ▶ | 6 | Hjálmar | *Keflavík Kingston* |
| ▲ | 7 | Sigurður G og Memfismafían | *Nú stendur mikið til* |
| ▼ | 8 | Blaz Roca | *Velkomin til KópaCabana* |
| ✱ | 9 | Agent Fresco | *A Long Time Listening* |
| ▲ | 10 | Raggi Bjarna | *75 ára afmælistónleikar* |

**Skýringar:**
▶ Stendur í stað síðan í síðustu viku ▼ Fellur um sæti síðan í síðustu viku ▲ Hækkar á lista síðan í síðustu viku ✱ Nýtt á lista

Listarnir eru teknir saman fyrir Félag hljómplötuframleiðenda. Listarnir eru birtir í heild sinni á Vísir.is. vísir

**Þátttakendur í Lagalistanum:** Bylgjan, FM957, Xið 977, Rás 2, Kaninn, tonlist.is. **Verslanir í Tónlistanum:** Skífan, Hagkaup, Penninn/Eymundsson, 12 tónar, Smekkleysa plötubúð, Havarí, Elkó, tonlist.is

# HORFÐU Á ÞÁTTINN 3. DES

## Í OPINNI DAGSKRÁ Á STÖÐ 2

DAGUR RAUÐA NEFSINS 2010

unicef

Einvala lið grínara og listamanna kemur fram og leggur bágstöddum börnum lið í stórskemmtilegri hátíðardagskrá í beinni útsendingu:

Ari Eldjárn
Edda Björgvins
Guðlaug Elísabet
Halldóra Geirharðsdóttir
Helga Braga Jónsdóttir
Hugleikur Dagsson
Ilmur Kristjánsdóttir
Jóhannes Haukur
Memfismafían
Ný dönsk
Sigtið
Sirkus Íslands
Spaugstofan
Steindi jr.
Uppistöðufélagið
Þorsteinn Bachmann
Þorsteinn Guðmundsson
Og fleiri og fleiri og fleiri ...



HAFÐU MUNNINN FYRIR NEÐAN NEFIÐ!

**Rauðu nefin** fást í verslunum Hagkaups og Bónuss og í útibúum Íslandsbanka

www.rauttnef.is

skemmtilegri

www.boddydesign.com

> VILL INDVERSKAR

**Freida Pinto** vill taka þátt í sjálfstæða kvikmyndageiranum á Indlandi. Freida, frægust fyrir hlutverk sitt í Slumdog Millionaire, segir margar góðar kvikmyndir gerðar víðar en í Bollywood og hana langi mikið til að vera hluti af þeim iðnaði.



# bíó

bio@frettabladid.is

# Óskar frændi skýtur sig í fótinn

Anne Hathaway og James Franco verða kynnar á næstu Óskarsverðlaunahátíð. Þetta kom fram í tilkynningu frá framleiðendum hátíðarinnar, þeim Bruce Cohen og Don Mischer. Flestir tóku fréttunum fagnandi enda hefur það verið hefð að miðaldra stjörnur á borð við Hugh Jackman, Steve Martin, Alec Baldwin og David Letterman haldi uppi stuðinu. Nú á hins vegar að reyna að yngja Óskarinn upp með yngri kynnum og vonast framleiðendurnir til þess að unga kynslóðin í Ameríku kynnist þessum merkilegu og frægu kvikmyndaverðlaunum sem hún hefur hingað til hundsað nánast algerlega.

En Óskarsakademían gæti verið í eilitlum vandræðum. Anne Hathaway þykir sýna fína takta í kvikmyndinni Love and other Drugs þar sem hún leikur á móti Jake Gyllenhaal og sumir gagnrýnendur hafa jafnvel gengið svo langt að orða hana við Óskarinn. Valið á James Franco þykir hins vegar enn merkilegra þar sem hann hefur fengið frábæra dóma fyrir leik sinn í Danny Boyle-myndinni 127 Hours en þar leikur hann fjallgöngumann sem sker af sér handlegginn undir ljúfum tónum Sigur Rósar.

Hathaway og Franco hafa bæði stýrt Saturday Night Live og leikkonan átt mjög eftirminnilegt atriði á Óskarnum fyrir tveimur árum þegar hún söng með Hugh Jackman. Þau hafa einnig kynnt sigurvegarana á Óskarnum en hvorugt hefur stýrt jafnstórri athöfn áður.



**KYNNAR** Anne Hathaway og James Franco verða kynnar á næstu Óskarsverðlaunahátíð. Tími miðaldra stjarna í þessu hlutverki er því liðinn í bili.

## Lækkaði launin



Jim Carrey féllst á umtalsverða launalækkun til að geta leikið í kvikmyndinni I Love You Phillip Morris á móti Ewan McGregor. Carrey hefur um árabil verið meðal launahæstu leikara Hollywood en sagðist í samtali við Parade-tímaritið að hann elskaði að leika í ögrandi og áhugaverðum myndum. „Það voru ekkert alltof mörg handrit sem ég fékk upp í hendurnar og langaði til að leika í en þetta var eitt þeirra. Ég elska náungann sem ég leik í þessari mynd og hata hann um leið,“ segir Carrey en myndin segir frá svikahrappnum Steven Jay Russell sem verður ástfanginn af klefafélaga sínum í fangelsi.

**LAUNALÆKKUN** Jim Carrey lækkaði launin svo hann gæti leikið í I Love You Phillip Morris.

## Dreymir um Hamlet

Johnny Depp viðurkennir í samtali við Vanity Fair að draumahlutverk hans sé danski prinsinn Hamlet úr leikverki William Shakespeare. Hann skuldi reyndar hinum sáluga Marlon Brando að leika þetta hlutverk. „Brando sagði við mig að ég ætti að taka mér frí í ár og stúdera Shakespeare. Eða stúdera Hamlet. Allavega, ég ætti að leika Hamlet áður en ég yrði of gamall,“ segir Depp í samtali við Vanity Fair og bætir því við að hann langi mikið til að uppfylla þennan draum síns látna vinar.



**LANGAR Í HAMLET** Johnny Depp dreymir um að leika Hamlet eftir William Shakespeare.




# Konungur kjánahrollsins

**Leslie Nielsen lést á sunnudaginn, 84 ára að aldri. Leslie var konungur fimmaura-brandaranna, skopstælinga og aulahrollsins og það er erfitt að sjá einhvern feta í fótspor hans.**

Sá sem hefur ekki séð fyrstu Naked Gun-myndina hefur einfaldlega farið á mis við eitthvað í lífinu. Hún er án nokkurs vafa besta skopstæling (spoof) sem gerð hefur verið í Hollywood og mættu höfundar Movie-myndaflokksins taka hana sér til fyrirmyndar í stað þess að angra kvikmyndagesti með skelfilegum leiðindum. Leslie Nielsen gerði þar Frank Drebin, seinheppinn lögreglumann frá Los Angeles, ódauðlegan. Svo ekki sé minnst á þátt Priscillu Presley eða O.J. Simpson. Svipbrigði Nielsens, eða réttara sagt svipbrigðaleysi, kitluðu hláturtaugar kvikmyndagesta, sérstaklega þegar honum tókst að framkvæma eitthvað ákaflega heimskulegt, án þess að gera sér grein fyrir því.

Nielsen byrjaði engu að síður feril sinn sem „alvarlegur“ leikari og fékk fína dóma fyrir leik sinn í Forbidden Planet frá árinu 1956 en hún var vísindaskáldsöguleg útgáfa af Ofviðrinu eftir William Shakespeare. Hann lék einnig stórt hlutverk í The Poseidon Adventure þar sem Ernest Borgnine og Gene Hackman voru aðalstjörnurnar. Það var hins vegar kvikmyndin Airplane frá árinu 1980 sem gerði Leslie að stórstjörnu. Þar birtist vörumerki hans fyrst, alvarlegur í bragði sagði hann frá einhverju skelfilegu og skaut fram einhverju súrrealísku og bráðfyndnu: „Surely you can't be serious?“ Og Leslie svaraði að bragði: „I am serious. And don't call me Shirley.“ Airplane ruddi jafnframt brautina fyrir skopstælingar enda leituðust framleiðendurnir Jim Abrahams, David Zucker og Jerry Zucker við að gera gys að hamfarakvikmyndum á borð við Zero Hour! og Airport sem höfðu notið mikilla vinsælda.

Nielsen þótti standa sig svo vel í Airplane að hann fékk aðalhlutverkið í sjónvarpsþáttunum Police Squad eftir sömu framleiðendur. Þeir voru sýndir við mismiklar vinsældir í tvö ár en sex árum eftir að hætt var við framleiðslu þeirra mættu þeir Jim Abrahams, David Zucker og Jerry Zucker með fyrstu Naked Gun-myndina sem fékk áhorfendur til að veltast um af hlátri. Það fjaraði hins vegar fljótlega undan ferli Leslie Nielsen eftir þá mynd, Naked Gun 2 1/2 var ágæt en þriðja myndin skelfileg. Í kjölfarið fór hann birtast í virkilega vondum b-myndum og undir lokin var Leslie Nielsen farinn að auglýsa heita potta sem meðal annars voru til sölu hér á Íslandi. Þrátt fyrir það verður hans alltaf minnst sem konungs aulabrandarans, leikarans sem fékk fólk til að hlæja að lélegum bröndurum.

freyrgigja@frettabladid.is



**SNILLINGUR?** Leslie Nielsen fengi seint Óskarinn fyrir leik sinn sem Frank Drebin í Naked Gun-myndunum en honum tókst að fá fólk til að hlæja að lélegum bröndurum.

**ÞAÐ SEM ÞÚ VISSIR EKKI UM LESLIE NIELSEN**

…gekk fjórum sinnum í hjónaband
…var í konunglega kanadíska flugflotanum
…brá fyrir í yfir hundrað myndum
…lék í fimmtán hundruð sjónvarpsþáttum
…brá sér í 220 mismunandi gervi
…var tvívegis tilnefndur til Emmy-verðlauna

NORDIC PHOTO/GETTY IMAGES

# Harðhausastuð og rómantík

Fjölbreytni ræður ríkjum í kvikmyndahúsum borgarinnar þótt myndir vikunnar séu ekki í hæsta gæðaflokki hjá erlendum kvikmyndaveitum. Fyrst ber þó að nefna The Joneses með þeim David Duchovny og Demi Moore eftir leikstjórann Derrick Borte. Hugmyndin á bak við myndina er nokkuð skondin en hún segir frá fjögurra manna fjölskyldu sem flytur í glæsilegt úthverfi. Eiginmaðurinn á allt dót heimsins, eiginkonan er glæsileg með lögulegar línur og krakkarnir snillingar á sínu sviði, sonurinn kann öll réttu trixin á hjólabrettinu og dóttirin veit nákvæmlega hvar flottustu fötin fást. Það er bara eitt; þau eru ekki fjölskylda heldur útsendarar stórfyrirtækja sem eru gerðir út af örkinni til að selja ríku fólki allt milli himins og jarðar.

Kvikmyndin Faster skartar Dwayne „The Rock“ Johnson í aðalhlutverkinu. Hann leikur glæpamann sem er nýsloppinn úr fangelsi og hyggst hefna bróður síns en sá var drepinn af miskunnarlausu glæpagengi. Dwayne er dyggilega studdur af gæðaleikaranum Billy Bob Thornton og þokkadísinni Cörlu Gugino. Þriðja myndin sem verður frumsýnd um helgina heitir Life as We Knew It. Hún skartar Katherine Heigl og Josh Duhamel í aðalhlutverkum. Þau leika Holly og Eric sem eiga fátt sameiginlegt, hún á bakarí, hann er ráðgjafi hjá NBA-liðinu Atlanta Hawks. Þegar sameiginlegir vinir þeirra láta lífið í bílslysi neyðast þau hins vegar til að snúa bökum saman og ala upp barnunga dóttur vina sinna.



**HARÐHAUSINN OG SÖLUFULLTRÚINN** Dwayne Johnson hyggur á hefndir í Faster sem verður frumsýnd um helgina, Demi Moore selur hins vegar allt í The Joneses.



# Flottar gjafir

# 20%

# afsláttur

af öllum náttfötum,
nærfötum og sokkum
í öllum deildum

**Prófaðu!**

Frí ráðgjöf
hjá stílista

Pantaðu tíma í síma
522 8005 eða á
stilisti@debenhams.is

Gildir út mánudag

VERÐDÆMI



Herrasloppur
**Verð nú 7.992,-**
Áður 9.990,-



Toppur
**Verð nú 1.432,-**
Áður 1.790,-

Buxur
**Verð nú 2.392,-**
Áður 2.990,-



Náttgallar
3 í pakka margar gerðir
**Verð nú 3.032,-**
Áður kr. 3.790,-

fókus

DEBENHAMS

HINN FULLKOMNI FATASKÁPUR

Lífsstílsbúð í SMÁRALIND
KONUR HERRAR BÖRN SNYRTIVÖRUR HEIMILI

# Fólk

folk@frettabladid.is



**3.075.643** fylgjast með djammdrottningunni Paris Hilton á samskiptasíðunni Twitter.

## Vill halda í æskuna

Leikarinn Tom Cruise er svo hræddur við að eldast að hann er farinn að stelast í snyrtivörur eiginkonu sinnar, leikkonunnar Katie Holmes.

„Tom er kominn með gráa fiðringinn. Hann kann illa við hrukkurnar sem eru farnar að myndast og þolir ekki gráu hárin á höfði sér. Hann er farinn að stelast í rándýru snyrtivörurnar hennar Katie í von um að slétta úr hrukkunum og viðhalda þannig unglegu útliti. Það fyndna er að hann er mjög ánægður með árangurinn,“ er haft eftir innanbúðarmanni.

Cruise notar reglulega maska til að hreinsa húðina enn betur, auk þess sem hann er farinn að læðast í andlitsfarða eiginkonunnar.



**FARÐAR SIG** Tom Cruise er farinn að stelast í snyrtivörur eiginkonu sinnar, Katie Holmes. NORDICPHOTOS/GETTY

## Gott að kyssa Ewan

Leikararnir Jim Carrey og Ewan McGregor leika á móti hvor öðrum í kvikmyndinni I Love You William Morris, en þar leika þeir tvo menn sem hittast í fangelsi og fella hugi saman.

Inntur eftir því hvernig það hafi verið að kyssa annan karlmann segir Carrey það hafa verið draumi líkast. „Ég meina, lítið á manninn, hann er myndarlegur. Ég viðurkenni það fúslega að hann er góður að kyssa. En ég þurfti að gleyma því um stund að ég væri að kyssa annan karlmann og ímynda mér að ég væri að kyssa manneskju sem ég elskaði.“



**KYSSTI MCGREGOR** Jim Carrey segir mótleikara sinn, Ewan McGregor, hafa kysst afburðavel. NORDICPHOTOS/GETTY


POPP

AGENT FRESCO

-UM ÞREKVIRKIÐ SEM NÝJA PLATAN ER.

FYLGIRIT MEÐ FRÉTTABLAÐINU Á MORGUN





TÓNLISTARVÍSITALAN 2010

HEITUSTU OG KÖLDUSTU PLÖTUR ÁRSINS

BIGGI VEIRA Í GUSGUS
- SÝNIR GRÆJURNAR

ÁRAMÓTAANNÁLL POPPS


## Stjörnurnar deila fatasmekk

**Þrátt fyrir dýran fatasmekk eiga stjörnurnar það til að kollfalla fyrir sömu flíkinni líkt og sjá má á meðfylgjandi myndum. Það getur verið skemmtilegt að sjá hvernig persónulegur stíll stjarnanna skín þó í gegn til dæmis með notkun fylgihluta.**



**PARIS HILTON** Hótelerfinginn klæddist þessum Louis Vuitton kjól þegar hún sótti Victoria's Secret tískusýninguna hinn 10. nóvember síðastliðinn.



**ZOE SALDANA** Avatar-leikkonan klæddist eins Louis Vuitton kjól og Hilton við góðgerðarsamkomu í febrúar á þessu ári.



**JENNIFER HUDSON** Söngkonan og Idol-stjarnan klæddist kjólnum frá Victoriu Beckham á Grammy-tónlistarhátíðinni í janúar á þessu ári.



**BLAKE LIVELY** Gossip Girl stjarnan er óhrædd við að sýna línurnar og kaus að klæðast þessum svarta kjól úr fatalínu Victoriu Beckham þegar hún sótti góðgerðarsamkomu í október í fyrra.



**DAISY LOWE** Breska fyrirsætan valdi að klæðast þessum gula kjól frá Dolce & Gabbana við afhendingu CFDA-verðlaunanna í nóvember. Hún klæddist svartri gollu og svörtum sokkabuxum við kjólinn.



**ASHLEY GREENE** Twilight-leikkonan hreifst einnig af D&G-kjólnum en ákvað að leyfa honum að njóta sín án allra fylgihluta.



**DREW BARRYMORE** Leikkonan deilir smekk með Mary J. Blige því hún klæddist sama gyllta kjól við frumsýningu myndarinnar Going the Distance. Barrymore bætti þó um betur og hafði belti um sig miðja.

**MARY J. BLIGE** R'n'B söngkonan klæddist þessum gyllta síðkjól frá hönnuðinum Catherine Malandrino við góðgerðarsamkomu.

## Besta plata Norðurlanda valin

Norrænu tónlistarverðlaunin 2010 verða afhent í fyrsta sinn á norsku tónlistarhátíðinni by:Larm 18. febrúar á næsta ári. 25 íslenskar plötur hafa verið tilnefndar til verðlaunanna og hefur blaðamaðurinn Arnar Eggert Thoroddsen umsjón með valinu hér á landi.

„Þetta er gert á vegum skipuleggjenda by:Larm hátíðarinnar. Hugmyndin er að búa til hliðstæðu við Mercury-verðlaunin í Bretlandi þar sem eru valdar plötur út frá innihaldi frekar en vinsældum. Menn eru að vonast til að þetta verði virt verðlaun,“ segir Arnar Eggert.

Fimmtíu íslenskir tónlistarspekúlantar taka þátt í valinu á bestu íslensku plötunni. Eftir að því er lokið fer Arnar Eggert með niðurstöðuna til Ósló ar 13. desember þar sem hann hittir aðra norræna umsjónarmenn. Efsta platan í valinu verður sjálfkrafa tilnefnd til verðlaunanna en saman munu Arnar og kollegar hans velja sjö plötur af þeim tólf sem komast í norræna lokavalið, sem alþjóðleg dómnefnd hefur umsjón með. „Ég þarf að fara út í ákveðna baráttu,“ segir Arnar Eggert og ætlar ekkert að gefa eftir í von um að koma fleiri íslenskum plötum að.

Auk Arnars stóðu fimm íslenskir tónlistarspekúlantar að valinu á tilnefndu plötunum 25. Þær komu út á tímabilinu 22. nóvember í fyrra til 22. nóvember í ár. Á meðal þeirra eru Dry Land með Bloodgroup, Terminal með Hjaltalín, Innundir skinni með Ólöfu Arnalds og Go með Jónsa. - fb



**ARNAR EGGERT THORODDSEN** Tónlistargagnrýnandi Moggans hefur umsjón með valinu hér á landi.

# Britney hrædd við kærastann

Fyrrverandi eiginmaður söngkonunnar Britney Spears heldur því fram í viðtali við tímaritið Star Magazine að hún búi við heimilisofbeldi.

Jason Alexander er æskuvinur Spears og fyrrverandi eiginmaður, en þau voru aðeins gift í 55 klukkustundir eins og frægt er orðið. Alexander og Spears hafa haldið góðu sambandi eftir að hjónaband þeirra var dæmt ógilt árið 2004 og segir Alexander að söngkonan hafi leitað til hans eftir að Jason Trawick, kærasti hennar, hafi slegið til hennar með þeim afleiðingum að hún hlaut glóðarauga. „Britney er í ofbeldisfullu sambandi og hún sagði mér að líf sitt hefði breyst í martröð. Ég hef miklar áhyggjur af henni og held að hún sé að segja mér þessi leyndarmál í von um að ég geri eitthvað til að koma henni út úr þessum aðstæðum,“ segir Alexander í viðtalinu.

Samkvæmt Star Magazine er þetta ekki eina leyndarmálið sem söngkonan treysti vini sínum fyrir því hún sagðist einnig hafa orðið ólétt eftir Trawick fyrr á árinu.



**TREYSTI VINI** Samkvæmt fyrrverandi eiginmanni Britney Spears býr hún við heimilisofbeldi. NORDICPHOTOS/GETTY

# Drekka bara kaffi

Sveitasöngkonan Taylor Swift og leikarinn Jake Gyllenhaal sáust í annað sinn saman á kaffihúsinu Frothy Monkey í borginni Nashville nú á þriðjudaginn var. Fylgst er með hverju skrefi parsins, sem hefur fengið gælunafnið „Jaylor“ í anda Brangelinu.

„Jake er hrifinn af cappuccino með smá sírópskvettu út í og fannst kaffibollinn sérstaklega góður á Frothy Monkey,“ var haft eftir heimildarmanni. Þau virðast afskaplega sólgin í kaffi því þau hafa sést á hinum ýmsu kaffihúsum víða í Bandaríkjunum næstum daglega undanfarna viku. Þau virðast heldur ekki nísk því samkvæmt einum kaffibarþjóni skildu þau eftir dágott þjórfé handa starfsfólki.



**KAFFISJÚK** Jake Gyllenhaal og nýja kærastan hans, sveitasöngkonan Taylor Swift, eru sólgin í kaffi.



**VALDIMAR** Hljómsveitin Valdimar stígur á svið á Nasa á laugardaginn. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Útgáfuhátíð Geimsteins

Elsta hljómplötuútgáfa landsins, Geimsteinn, heldur útgáfuhátíð á Nasa á laugardaginn. Þar verður öllum þeim sem gefa út á árinu hjá útgáfunni smalað saman í allsherjar veislu. Listamennirnir sem koma fram eru Bjartmar og Bergrisarnir, BlazRoca, Selma Björns og Miðnæturkúrekarnir, Klassart, Deep Jimi and the Zep Creams, Lifun og Valdimar. Geimsteinn hefur alla tíð veitt nýjum listamönnum brautargengi og ekki einskorðað sig við neina ákveðna tegund tónlistar og má segja að tónleikarnir endurspegli þá stefnu. Hátíðin hefst klukkan 22 og miðaverð er 1.500 krónur.

# Til heiðurs Deep Purple

**Söngvarinn Eyþór Ingi, sem sló í gegn í Bandinu hans Bubba, verður með tónleika til heiðurs rokksveitinni Deep Purple í Hvíta húsinu á Selfossi annað kvöld, föstudagskvöld. Eyþór Ingi og félagar hafa haldið heiðurstónleika sem þessa víða um landið á árinu og fengið mjög góðar viðtökur. Hljómsveitina skipa auk Eyþórs þeir Andri Ívarsson, Arnar Hreiðarsson, Jón Ingimundarson og Gunnar Leó Pálsson. Að sögn Eyþórs hefur mikil vinna farið í að hafa tónleikana eins flotta og mögulegt er, enda ekki auðvelt að heiðra eins merka hljómsveit og Deep Purple.**



**EYÞÓR INGI** Ætlar að heiðra hljómsveitina Deep Purple á Selfossi annað kvöld.








## Þú kemst í jólaskap með okkur

**Jólatrukkar Coca-Cola** koma við á öllum stærri verslunarkjörnum landsins næstu daga og vikur fram að jólum. Jólatrukkar Coca-Cola eru innfluttir frá Bandaríkjunum og sérhannaðir til að skapa jólastemningu þar sem þeir eru skreyttir jólaljósum og ríkulega útbúnir. Annar jólatrukkurinn er helgaður **stofu jólasveinsins** þar sem yngsta kynslóðin getur fengið mynd af sér með sjálfum **jólasveininum**. Í hinum jólatrukknum er áhugasömum boðið að spreyta sig á nýjustu **Playstation Move** leikjunum, sem byggja á hreyfingu leikmanna.

**Jólatrukkar Coca-Cola® verða við**
**Bónus Akranesi, í dag**
**fimmtudaginn 2. des. á milli kl. 16-18**

**Næstu viðkomustaðir jólatrukkanna verða eftirfarandi:**

| | | | |
|---|---|---|---|
| 3. des | Föstudagur | Bónus Langholti, Akureyri | kl. 16-18 |
| 4. des | Laugardagur | Nettó Glerártorgi, Akureyri | kl. 16-18 |
| 5. des | Sunnudagur | Kaupfélag Skagfirðinga, Sauðárkr. | kl. 14-16 |
| 8. des | Miðvikudagur | Bónus Tjarnarvöllum, Hafnarf. | kl. 16-18 |
| 9. des | Fimmtudagur | Nettó Mjódd | kl. 16-18 |
| 10. des | Föstudagur | Krónan Bíldshöfða | kl. 17-19 |
| 11. des | Laugardagur | Krónan Lindum | kl. 16-18 |
| 12. des | Sunnudagur | Bónus Korputorgi | kl. 16-18 |

Nánar á Coke.is

Coca-Cola Með þér um jólin

# Þrefaldur sigur hjá Glee-stjörnu

Lea Michele hefur slegið í gegn í sjónvarpsþáttunum Glee sem njóta fáránlegra vinsælda um hinn vestræna heim. Enn ein rósin verður sett í hnappagat Michele í kvöld þegar hún verður heiðruð á sérstöku kvennakvöldi Billboard-listans fyrir framúrskarandi frammistöðu á dans-, söng- og leiklistarsviðinu en Michele fer á kostum á öllum þessum sviðum í hverri einustu viku að mati samtakanna sem standa að þessu kvöldi.

Michele, sem leikur Rachel Berry í þáttunum, segir í viðtali við Billboard-tímaritið að þau kalli Matthew Morrison þrefalda ógnun. „Hann getur nefnilega gert allt, leikið, dansað og sungið. Ég er ákaflega spennt því nú fæ ég þetta uppnefni lánað. Sem er virkilega spennandi,“ segir Lea en meðal stórstjarna sem hafa komið fram í þættinum má nefna Britney Spears. „Við leggjum hart að okkur í Glee. Þegar við erum ekki að taka upp þátt erum við í upptökuveri eða á dansæfingum. Það er mikil vinna sem fer í að koma þessum þætti saman og að fá þessi verðlaun er frábært fyrir mig og mikill heiður.“



**GETUR ALLT** Lea verður heiðruð á kvennakvöldi Billboard-listans fyrir frammistöðu sína sem dansari, söngkona og leikkona.

# Lætur eiginkonuna um jólainnkaupin



Leikarinn Ben Affleck var gestur í spjallþætti Ellen DeGeneres fyrir stuttu og ræddi meðal annars jólainnkaupin, sem hann segir eiginkonu sína sjá alfarið um.

„Ég er alls ekki stoltur af þessu. Þetta er svolítið í anda sjötta áratugarins en konan mín er bara mun hæfari í þessu en ég. Þess vegna sér hún um mesta vinnuna og ég stend á hliðarlínunni og hvet hana áfram. Ég er mjög hvetjandi,“ sagði leikarinn, sem er kvæntur leikkonunni Jennifer Garner. Hann segir að hún sjái um að kaupa allar jólagjafir og skreyta heimilið fyrir hátíðina.

„Það tekur mig samt jafn langan tíma að kaupa jólagjöfina hennar og það tekur hana að kaupa þessar tuttugu gjafir sem við gefum ár hvert. Ég eyði miklum tíma í að velta þessu fyrir mér fram og til baka og er alltaf jafn taugaóstyrkur yfir að henni líki svo ekki gjöfin.“

**MEÐ VALKVÍÐA** Ben Affleck lætur eiginkonu sína sjá um öll jólainnkaupin og skreyta heimilið fyrir jólin.

# Finnst gott að eldast

Leikkonan Reese Witherspoon segist öruggari með sig nú þegar hún er komin á fertugsaldur en þegar hún var yngri. Þetta segir hún í viðtali við tímaritið Glamour.

„Ég held að konur verði öruggari með sig og líkama sinn eftir því sem þær verða eldri. Maður er ekki hræddur við að vera kynþokkafullur lengur og skammast sín ekki fyrir það heldur. Kynþokki er að mínu mati blanda af öryggi og visku. Mér líður mun betur núna en þegar ég var tvítug, ég er rólegri, ég þekki sjálfa mig betur og fyrir vikið finnst mér ég vera kynþokkafyllri,“ sagði leikkonan, sem á tvö börn með fyrrverandi eiginmanni sínum, leikaranum Ryan Philippe.

Hún gefur ungum leikkonum einnig gott ráð og það er að gleyma aldrei góða skapinu. „Það verður alltaf einhver yngri og fallegri til að taka þinn stað, þess vegna segi ég, og þetta er orðið að mottói: „Fyndni lafir ekki.“



**ÖRUGG** Leikkonan Reese Witherspoon er ánægð með sig nú þegar hún er komin á fertugsaldurinn.

NORDICPHOTOS/GETTY


**Egils Gull og Kareoke Sportbar kynna:**

Jólatilboð til fyrirtækja og fyrir einkasamkvæmi

frábær partýtilboð

Fimmtudaga og sunnudaga

Stór bjór 500 kr

Lítill bjór 300 kr

KARAOKE SPORT BAR

Frakkastígur 8

Símar 659 6049 og 770 3151








**STIEG LARSSON**

Bókaforlög keppast um að finna hinn nýja **Stieg Larsson**. Hjorth & Rosenberg, **Åsa Larsson** og **Lars Kepler** eru öll mögulegir arftakar.

# Arftakar Stiegs Larsson bíða í röðum eftir tækifæri

**Engin ný bók eftir Stieg Larsson kemur út fyrir þessi jól og keppast bókaforlög því um að nefna til sögunnar hina nýja Larsson í sænska glæpatómarúminu sem nú hefur myndast.**

Vinsældir Millennium-þríleiks sænska rithöfundarins Stiegs Larsson hafa orðið til þess að bókaforlög keppast nú um að nefna til sögunnar hinn næsta Stieg Larsson, rétt eins og keppt var um að finna hinn næsta Dan Brown eftir útgáfu Da Vinci-lykilsins. Millennium-bækurnar verða ekki fleiri og því hefur ákveðið glæpatómarúm myndast sem nú þarf að fylla.

Bókaforlagið Bjartur, sem gaf út bækurnar eftir Stieg Larsson, kynnir nú fyrstu bókina í nýrri glæpasagnaröð eftir Svíana Michael Hjorth og Hans Rosenfeldt. Þeir eru á fimmtugsaldri og hafa getið sér gott orð sem handritshöfundar að sjónvarpsþáttum í heimalandi sínu. Bókin nefnist Maðurinn sem var ekki morðingi og er kynnt sem næsta sprengja á eftir Stieg Larsson. Hún fjallar um hrokafullan réttarsálfræðing sem dregst inn í rannsókn lögreglunnar á morði á sextán ára pilti.

„Larsson lifir“ er tvíræð yfirskrift auglýsingar Forlagsins um bækur sænska krimmahöfundarins Åsa Larsson. Tímaritið Elle segir hana drottningu sænskra glæpasagna og annars staðar er hún borin saman við landa sinn Henning Mankell, Arnald Indriðason og norska höfundinn Karin Fossum. Eins og með Stieg Larsson, hafa tvær bækur Åsa Larsson verið kvikmyndaðar í Svíþjóð auk þess sem kvikmyndaréttur-inn hefur verið seldur til Bandaríkjanna.

Forlagið auglýsir einnig nýja bók, Dávaldinn, eftir hinn fyrrum dularfulla höfund, Lars Kepler. Raunverulegu höfundunum tveimur, hjónunum Alexöndru og Alexander Ahndoril, hefur verið lýst sem „verðugum arftökum höfundar Millennium-bókanna“.

Fleiri höfundar hafa verið nefndir til sögunnar sem mögulegir arftakar Stiegs Larsson. Í dagblaðinu New York Times birtist grein þar sem Yrsa Sigurðardóttir var nefnd í því samhengi ásamt Henning Mankell og landa hans frá Svíþjóð, Kjell Eriksson, auk Norðmannsins Jo Nesbø, sem skrifar glæpasögur um leynilögreglumanninn Harry Hole, og Karin Fossum. Ekki má heldur gleyma Svíanum Jens Lapidus sem skrifar á raunsæjan hátt um sænsku undirheimana. „Við erum ánægð með að Stieg Larsson og Henning Mankell skuli hafa opnað dyrnar fyrir okkur,“ sagði Nesbø í viðtali við Reuters um norska glæpahöfunda. „Einu sinni ferðuðumst við alltaf til Spánar til að kynna bækurnar okkar en núna komu allt í einu sjö spænskir blaðamenn til Óslóar til að hitta okkur. Vinsældir Stiegs Larsson þar hafa því haft mikið að segja.“

> Það nær enginn að skrifa þrjár bækur og deyja áður en þær koma út.
>
> SVEINN SVERRISSON VERSLUNARSTJÓRI Í EYMUNDSSON, KRINGLUNNI

Sveinn Sverrisson, verslunarstjóri í Eymundsson, Kringlunni, telur að sú aðferð forlaga að auglýsa höfunda sem arftaka Stiegs Larsson virki mjög vel í löndum utan Skandinavíu, þar á meðal í Bretlandi og Bandaríkjunum. Erfiðara sé að sannfæra Íslendinga og aðra Norðurlandabúa um þetta, enda þekkja þeir mun betur til norrænu krimmahefðarinnar. „Þegar það er verið að segja að allir séu næstu Stieg Larsson er erfitt að geta sagt hver það er í raun og veru. Ég held að það sé meira verið að spá í hver er næsti forvígismaður norræna krimmans. Hver er frambærilegasti höfundurinn til að kynna utan Skandinavíu sem arftaka. Við eigum okkar Larsson í Arnaldi og Yrsa er líka að koma sterk til leiks í útflutningi,“ segir Sveinn.

Aðspurður segir hann að erfitt verði að feta alveg í fótspor Stiegs Larsson. „Það nær enginn að skrifa þrjár bækur og deyja áður en þær koma út. Það er mystíkin sem Larsson hefur vegna þess. Ég held samt að það séu margir sem geta skrifað jafngóða krimma.“

freyr@frettabladid.is

# The Dark Knight Rises sú síðasta

Christian Bale lýsti því yfir fyrir nokkru að hann hygðist leggja skikkju Batman á hilluna eftir næstu mynd. Og nú hefur leikstjóri myndanna tekið af öll tvímæli; The Dark Knight Rises verður sú síðasta sem hann leikstýrir. Nolan lyfti grettistaki af Leðurblökumanninum eftir að George Clooney hafði nánast gengið af honum dauðum. Nú er ljóst að Nolan hyggst gera sívinsælan þríleik og leikstjórinn hlakkar mikið til ef marka má viðtal við hann í Entertainment Weekly. „Ég er mjög ánægður með að gera aðra Batman-mynd, það hefði verið erfitt að setjast niður og skrifa eitthvað nýtt eftir Inception,“ útskýrir Nolan, en Inception er spáð mikilli velgengni á komandi Óskarsverðlaunahátíð. „Það verður mjög gott að skrifa eftir fyrirfram ákveðnum reglum og umhverfi Batman-heimsins.“



**SÚ SÍÐASTA** The Dark Knight Rises verður síðasta Batman-myndin sem Chris Nolan leikstýrir um höfuðóvin glæpamanna í Gotham-borg.

Nolan viðurkennir einnig að hann sé ákaflega ánægður með að vera að ljúka við síðasta kaflann í sögunni um auðjöfurinn Bruce Wayne, sem berst gegn þrjótum Gotham-borgar í líki Leðurblökumannsins. „Við þurfum ekki að hafa neinar áhyggjur af því hvað kvikmyndaverinu finnst, við getum bara gert þennan lokakafla nákvæmlega eins og við viljum.“ Nolan útilokaði ekki að notfæra sér ónotaðar upptökur með Heath Ledger í hlutverki Jókersins en slíkt yrði ekki gert án samþykkis frá fjölskyldu leikarans. Hann bætti einnig við að Gátumeistarinn verði ekki næsti aðalþrjótur. „Við notfærum okkur þær persónur sem eru til fyrir og svo verða einhverjar nýjar kynntar til leiks.“


ELM
OUTLET
RÝMUM TIL
Vegna óska viðskiptavina
verður lagersala ELM framlengd
og stendur út laugardaginn
4. desember.
Lagersalan er að Laugavegi 97
Opið frá kl. 12-18






Forsetafrúin Dorrit Moussaieff tendraði ljósin á jólatré Kringlunnar og Sveppi skemmti börnunum. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

# Sveppi og Dorrit í jólaskapi

**Það var hátíðleg stund í Kringlunni um helgina þegar kveikt var á jólatrénu. Það var forsetafrúin Dorrit Moussaieff sem tendraði ljósin á trénu og við sama tækifæri hófst góðgerðasöfnun á jólapökkum undir jólatréð. Gleðin skein úr andlitum barna sem voru viðstödd en auk forsetafrúarinnar mættu sjónvarpsstjarnan Sveppi og jólasveinar á staðinn og sungu fyrir börnin. Þá sungu Frostrósir ásamt Stúlknakór Reykjavíkur.**



Gleðin skein úr andlitum barnanna í Kringlunni.



Jólasveinarnir skutust óvænt til byggða til að gleðja krakkana.



Garðar Thor Cortes og Jóhann Friðgeir eru alltaf jafn heillandi.



**Í JÓLASKAPI** Krakkarnir í hljómsveitinni Amiinu hafa sett upp jóladagatal á heimasíðu sveitarinnar, amiina.com. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Amiinu-krakkar búa til jóladagatal

Krakkarnir í hljómsveitinni Amiinu eru komnir í jólaskap eins og sést vel þegar farið er inn á heimasíðu sveitarinnar, amiina.com. Síðunni hefur verið umbylt og á forsíðunni tekur nú á móti gestum skemmtilegt jóladagatal.

Hægt var að opna fyrsta gluggann í gær og þar var að finna áður óútgefið lag. Lagið mun hafa átt að nota í bíómynd en aldrei varð af því. Meðlimir Amiinu unnu lagið sérstaklega fyrir þetta tilefni.

Ýmislegt verður í boði í jóladagatali Amiinu eftir því sem líður að jólum. Þar verður að finna ljósmyndir, tónlist vitanlega og á sjálfan aðfangadag verður eitthvað sérstaklega veglegt að finna í glugganum.

# Syngja lög Waits

Hljómsveitin The Bad Livers and Broken Hearts Band flytur tónlist eftir Tom Waits í Tjarnarbíói á tvennum tónleikum á laugardagskvöld. Uppselt er á þá fyrri sem hefjast kl. 20 en hinir síðari verða kl. 22.30. Í sveitinni eru þeir Sigtryggur Baldursson, Pétur Þór Benediktsson, Frank Hall, Leifur Jónsson, Páll Ívan Pálsson og Kjartan Guðnason. Einnig koma við sögu ýmsir söngvarar sem taka lagið, þar á meðal Ragnhildur Gísladóttir, Krummi, Baddi, Björn Hlynur, Didda, Jónas Sig, Högni úr Hjaltalín og Ólafur Darri Ólafsson. Flutt verða lög af ferli herra Waits í ýmsum útsetningum.

Sami grunnhópur með öðrum gestum hélt svipaða tónleika í Íslensku óperunni fyrir þremur árum við góðar undirtektir og hafa komið fram margar áskoranir um að endurtaka leikinn.

# Jólabúðin þín

**byggtogbúið**

**ATHUGIÐ! Opið til 22 til jóla**

Skreytum, bökum, eldum, borðum, pökkum, gefum og njótum jólanna

## MAGNAÐ helgartilboð

Frá fimmtudegi til sunnudags

**ÞRÁÐLAUS VEÐURSTÖÐ**
Innbyggð veðurspá
50%

Verð áður 9.999 kr.
Tilboð 5.000 kr.
Þú sparar 4.999 kr.

**TRISTAR vöfflujárn**
Bakar belgískar vöfflur
30%

Verð áður 9.990 kr.
Tilboð 6.990 kr.
Þú sparar 3.000 kr.

**TRISTAR Pönnukökupannan**
Einnig fyrir spanhellur

40%
Verð áður 4.990 kr.
Tilboð 2.990 kr.
Þú sparar 2.000 kr.

**TRISTAR SALT OG PIPARKVÖRN**

20%
Verð áður 5.990 kr.
Tilboð 4.792 kr.
Þú sparar 1.198 kr.

**BABYLISS EASYCUT HÁRKLIPPUR**
Skemmtileg nýjung

20%
Verð áður 12.999 kr.
Tilboð 10.399 kr.
Þú sparar 2.600 kr.

**ALLAR ELDHÚSVOGIR**
30%


**Kitchen Aid Hrærivél + áhaldasett**



| Áhaldasett | +hvít | +lituð |
|---|---|---|
| Verð áður ........... | 99.980 | 102.980 |
| Tilboðsverð ........... | 79.990 | 82.990 |
| Þú sparar ........... | 19.990 | 19.990 |

**Pókertaska**
300 peninga
25%

Verð áður 7.990 kr.
Tilboð 5.990 kr.
Þú sparar 2.000 kr.

## TOPP 10

**JÓLAGJAFIRNAR**



1. iRobot ryksuguvélmenni - gæludýraútgáfa
2. Garmin leiðsögutæki NuVI 1490T í bílinn
3. Eva Solo karafla fyrir ísskáp
4. Kitchen Aid hrærivéla jólatil boðið
5. Íslenska pönnukökupannan
6. Thermos hitakanna
7. Sodastream tæki
8. Cuisinart heilsugrill
9. Stafrænn myndarammi
10. Veðurstöð

## TÉKKLISTI

*- MIKILVÆGAR JÓLAVÖRUR*

- ☐ Aðventuljósaperur
- ☐ Sogskálar
- ☐ Grenilengjur
- ☐ Fjöltengi
- ☐ Kökukefli
- ☐ Piparkökumót
- ☐ Kjöthitamælar
- ☐ Seríufestingar
- ☐ Reykskynjarar
- ☐ Hnetubrjótar
- ☐ Laufabrauðsjárn
- ☐ Límbönd
- ☐ Jólapappír
- ☐ Litaðar ljósaperur
- ☐ Girni
- ☐ Merkimiðar
- ☐ Gaskveikjari
- ☐ Dragbönd
- ☐ Krókar
- ☐ Kjöttvinni

## ÁHUGAVERÐAR vörur


**Saltkristalslampi**
Náttúrulegur steinn úr Himalaya fjöllum sem hreinsar loftið með neikvæðum jónum.
Verð 3.999 kr.

**NAFNABANGSI**
Veldu nafn á bangsann sem þú vilt.

Verð 1.499 kr.

**PARTY ALIAS SPILIÐ**
Það vinsælasta í dag.

Verð 5.999 kr.

**Stafrænn myndarammi 7"**

Verð 13.995 kr.

**TATTÚERMI**
Prófaðu áður en það verður ÓAFTURKRÆFT..

Verð 499 kr.

**GARMIN SPORTÚR FR205**
Æfingaáætlun, taktmiðandi, hraðaæfingar, hámörk og/eða lágmörk..

Verð 29.900 kr.

**Kauptu tvær seríur og *fáðu ódýrari á ½ virði!***

Vertu með okkur á Facebook og þú getur unnið iRobot ryksuguvélmenni, drögum einn heppinn 20. desember.
www.facebook.com/byggt.og.buid

**byggtogbúið**
KRINGLUNNI
Sími 568 9400 | www.byggtogbuid.is
www.facebook.com/byggt.og.buid

# Barton reynir að bjarga sér



**REYNIR AÐ BJARGA SÉR** Mischa Barton hyggst snúa aftur í sviðsljósið sem fatahönnuður.

Sjónvarpsstjarnan Mischa Barton var skærasta stjarna Hollywood-borgar þegar sjónvarpsþættirnir The O.C. voru sýndir úti um allan heim. Svo var framleiðslu þeirra hætt og Barton hefur aldrei almennilega fundið sig nema kannski á knæpum og í örmum vafasamra náunga. Raunar gekk sápuóperan svo langt að Mischa var vistuð á geðdeild til skamms tíma.

En nú hyggst þessi bandaríska táningsstjarna hins vegar snúa aftur í sviðsljósið, ekki sem leikkona heldur fatahönnuður. Hana langar til að hanna ódýr föt fyrir konur á aldrinum 20 til 30 ára en þess má geta The O.C. var jafnmikil tískusýning og Gossip Girl er í dag. „Fatalínan mín á að vera fyrir konur á þessum aldri sem langar að vera tískulegar í útliti en hafa kannski ekki efni á að borga himinháar upphæðir fyrir fötin.“

# Góðir gestir í jólaglöggi

**Útón hélt sitt árlega jólaglögg á Kaffi Rosenberg á þriðjudagskvöld. Hljómsveitin Of Monsters and Men spilaði lög af plötu sinni sem er væntanleg á næsta ári.**

Í hófinu var boðið upp á jólaglögg, bjór, gos, kaffi og piparkökur, sem gestirnir slógu að sjálfsögðu ekki hendinni á móti. Helstu hagsmunafélög tónlistarmanna og útgefenda stóðu að glögginu en þau eru: Félag íslenskra hljómlistarmanna (FÍH), Félag tónskálda og textahöfunda (FTT), Tónskáldafélag Íslands (TÍ), Félag íslenskra tónlistarmanna (FÍT), Samband flytjenda og hljómplötuframleiðenda (SFH) og Félag hljómplötuframleiðenda (FHF).



Kjartan Holm og Anna Hildur kíktu í jólaglöggið. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



Þær Sigríður og Signý voru á meðal gesta.



Útvarpskonan Andrea Jónsdóttir og tónlistarmaðurinn Ölvis litu við.



Skúli mennski og Eyjólfur Eyvindarson, eða Sesar A, létu sig ekki vanta.

# Íslenskur iPhone-leikur á markað

„Grunnpælingin er að færa heim klassískrar tónlistar nær börnum,“ segir Viggó Ingimar Jónasson, en í dag kemur út íslenskur tölvuleikur fyrir iPhone sem byggður er á vinsælum barnabókum Hallfríðar Ólafsdóttur um forvitnu músina Maxímús.

Viggó Ingimar stofnaði fyrirtækið Fancy Pants Global fyrir rúmu ári ásamt félögum sínum, en fljótlega eftir stofnun fyrirtækisins kom upp sú hugmynd að gera tölvuleik fyrir Maxímús Músíkus ehf. „Við fengum úthlutað skrifstofurými í Kveikjunni, frumkvöðlasetri Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands í Hafnarfirði, en þar voru stelpurnar í Maxímús Músíkus einnig með skrifstofu. Í einhverjum kaffitímanum kom svo bara þessi klikkaða hugmynd um að gera tölvuleik fyrir þær,“ segir Viggó. Hann segir marga unga krakka í dag ekki kynnast klassískri tónlist, þar sem foreldrarnir spili bara FM 957 og X-ið. „Við fórum að hugsa hvernig við gætum fært þennan klassíska heim nær krökkunum og gert hann áhugaverðan og skemmtilegan. Við hönnuðum því leik þar sem krakkarnir geta spilað á hljóðfærin sem eru áberandi í klassískri tónlist,“ segir Viggó.



FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

**VILJA FÁ KRAKKANA Í KLASSÍKINA** Strákarnir hjá fyrirtækinu Fancy Pants Global hafa hannað íslenskan iPhone-leik sem kynnir klassíska tónlist fyrir ungu fólki.

Hann segir leikinn einfaldlega vera þannig að hægt sé að velja sér nokkrar tegundir hljóðfæra, lítill lagstúfur sé spilaður og sá sem spili leikinn eigi að endurtaka nóturnar sem hann heyrir. Viggó segir þó að þeir sem eigi iPhone hér á landi gætu átt í erfiðleikum með að eignast leikinn. „Þeir sem nota iPhone hafa aðgang að miðlægri búð sem heitir App Store og þangað geta allir sótt leiki, þar á meðal leikinn okkar, og borgað um tvo dali fyrir. App Store er hins vegar ekki lögleg á Íslandi,“ segir Viggó, en bætir við í léttum dúr að einhverjar krókaleiðir séu þó mögulegar. - ka


BESTA SKEMMTUNIN
SAMBÍÓIN

★★★★ - BOXOFFICE MAGAZINE
★★★★ - ORLANDO SENTINEL
★★★★ - TIME OUT NEW YORK
Harry Potter, Hermione Granger, Ron Weasley og Voldemort eru komin aftur í magnaðasta ævintýri allra tíma

THE JONESES

ROBERT DOWNEY JR. ZACH GALIFIANAKIS
FROM THE DIRECTOR OF OLD SCHOOL AND THE HANGOVER
DUE DATE
LEAVE YOUR COMFORT ZONE
COMING SOON

GNARR

RED

SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | | |
|---|---|---|
| LIFE AS WE KNOW IT Forsýning | kl. 8 | L |
| HARRY POTTER | kl. 5:30 - 8:30 - 10:30 | 10 |
| HARRY POTTER | kl. 5:30 - 8:30 | VIP |
| DUE DATE | kl. 5:50 - 8 - 10:20 | 10 |
| RED | kl. 8 - 10:20 | 12 |
| ÓRÓI | kl. 8 - 10:20 | 10 |
| FURRY VENGEANCE | kl. 5:50 | L |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| HARRY POTTER | kl. 6 - 9 | 10 |
| DUE DATE | kl. 6 - 8 | 10 |
| RED | kl. 10:10 | 12 |

SAMBÍÓIN EGILSHÖLL

| | | |
|---|---|---|
| HARRY POTTER | kl. 5, 6, 8, 9, 10:10 | 10 |
| DUE DATE | kl. 5.50, 8, og 10.20 | 10 |
| GNARR | kl. 5.40 | L |
| RED | kl. 8 | 12 |

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI

| | | |
|---|---|---|
| THE JONESES | kl. 5:50 - 8 - 10:10 | 10 |
| HARRY POTTER | kl. 5:30 - 8:30 | 10 |
| THE SWITCH | kl. 5:50 | 10 |
| DUE DATE | kl. 8 - 10:20 | 10 |

MIÐASALA Á SAMbio.is



SMÁRABÍÓ HÁSKÓLABÍÓ
FULLKOMIN GÆÐI!

HVERSU LANGT MYNDIR ÞÚ GANGA FYRIR ÞÁ SEM ÞÚ ELSKAR
RUSSELL CROWE THE NEXT THREE DAYS
12 LÚXUS

FRÁBÆR TEIKNIMYND MEÐ ÍSLENSKU TALI
Niko
L ÍSL. TAL ★★★★ -B.B., MBL

EPÍSK STÓRMYND EFTIR LEIKSTJÓRA THE OTHERS
AGORA
14 ★★★ -S.V., MBL

DRAUMURINN UM VEGINN L
jackass 3D 12
MISSIÐ EKKI AF ÞESSUM MAGNAÐA VÍSINDASKÁLDSÖGUTRYLLI Í BÍÓ!
SKYLINE 12
ARTÚR 3 L ÍSL. TAL

SMÁRABÍÓ Nánar á Miði.is

| | | |
|---|---|---|
| THE NEXT THREE DAYS | KL. 5.20 - 8 - 10.40 | 12 |
| THE NEXT THREE DAYS LÚXUS | KL. 5.20 - 8 - 10.40 | 12 |
| NIKO OG LEIÐIN TIL STJARNANNA | KL. 3.40 - 6 | L |
| SKYLINE ÓTEXTAÐ | KL. 8 - 10.10 | 12 |
| JACKASS 3D ÓTEXTAÐ | KL. 5.50 - 8 - 10.10 | 12 |
| UNSTOPPABLE | KL. 10.10 | L |
| EASY A | KL. 5.50 - 8 | L |
| ARTHÚR 3 | KL. 3.40 | L |
| ÚTI ER ÆVINTÝRI 2 | KL. 3.40 | L |
| AULINN ÉG 3D ÍSL. TAL | KL. 3.40 | L |

HÁSKÓLABÍÓ Nánar á Miði.is

| | | |
|---|---|---|
| AGORA | KL. 6 - 9 | 14 |
| NIKO OG LEIÐIN TIL STJARNANNA | KL. 6 | L |
| DRAUMURINN UM VEGINN | KL. 6 | L |
| SKYLINE ÓTEXTAÐ | KL. 8 - 10.10 | 12 |
| UNSTOPPABLE | KL. 8 - 10.10 | L |
| BRIM | KL. 6 | 12 |
| YOU WILL MEET A TALL DARK STRANGER | KL. 8 - 10.15 | L |

BORGARBÍÓ Nánar á Miði.is

| | | |
|---|---|---|
| THE NEXT THREE DAYS | KL. 8 - 10.15 | 12 |
| NIKO OG LEIÐIN TIL STJARNANNA | KL. 6 | L |
| ARTÚR 3 | KL. 6 | L |
| JACKASS 3D | KL. 8 - 10 | 12 |

5% facebook/smarabio • Sími 564 0000
Nánari upplýsingar og miðasala á midi.is



NÝTT Í BÍÓ
LAUGARÁSBÍÓ
Sími: 553 2075
- bara lúxus

RUSSELL CROWE THE NEXT THREE DAYS
Niko
jackass 3D
UNSTOPPABLE
ARTÚR 3
Úti er ævintýri 2

LAUGARÁSBÍÓ SÝNINGARTÍMAR

| | | |
|---|---|---|
| THE NEXT THREE DAYS | 8 og 10.30 | 12 |
| NIKO OG LEIÐIN TIL STJARNANNA | 6 - ISL TAL | L |
| JACKASS – ÓTEXTUÐ | 10.30 | 12 |
| UNSTOPPABLE | 8 og 10.15 | L |
| ARTÚR 3: TVEGGJA HEIMA STRÍÐ | 6 - ISL TAL | L |
| ÚTI ER ÆVINTÝRI | 6 - ISL TAL | L |



BÍÓ ★ PARADÍS

| | |
|---|---|
| THE SOCIAL NETWORK(L) | 18:00 |
| INHALE(16) | 20:20 |
| ÓRÓI(L) | 20:20 |
| BRIM(12) | 18:20 |
| FEATHERED COCAINE(L) | 18:30, 20:10 |
| INSIDE JOB(L) | 20:30 |

CAFÉ
MUNIÐ AÐGANGSKORTIN! Allt að 37% afsláttur

YOU DON'T GET TO 500 MILLION FRIENDS WITHOUT MAKING A FEW ENEMIES

SÝNINGATÍMAR FIMMTUDAG
INHALE
BÍÓDAGAR HAUST 2010 SÍÐASTA SÝNINGARVIKA Á SJÓ HEITUSTU HEIMILDARMYNDUM ÁRSINS!
BRIM
MEÐ STUÐNINGI REYKJAVÍKURBORGAR / BIOPARADIS.IS


ZO•ON
ICELAND
Við erum í jólaskapi!
Í dag 2. desember er ZO•ON verslunin í Kringlunni í jólaskapi.
Ingó úr Veðurguðunum syngur vel valin lög fyrir framan verslunina kl. 17:00.
Af þessu tilefni verður 10% afsláttur af ZO•ON fatnaði í versluninni okkar í Kringlunni.
Þeir sem líta við fá flottan ZO•ON bol á meðan birgðir endast.
ZO•ON útivistarfatnaður fæst í verslun okkar í Kringlunni og í Bankastræti
en auk þess í öllum helstu verslunum með útivistarfatnað á Íslandi.
ZO•ON
ICELAND
www.zo-on.is

# sport

sport@frettabladid.is



**B-LIÐ NJARÐVÍKUR** mætir í Borgarnes í kvöld þar sem liðið mætir Skallagrími í fyrsta leiknum í 16 liða úrslitum Poweradebikarsins í körfubolta. Lið Njarðvíkinga er skipað mörgum kunnum köpum eins og Brenton Birmingham, Teiti Örlygssyni, Friðriki Ragnarssyni, Hermanni Haukssyni og Sverri Þór Sverrissyni svo einhverjir séu nefndir og nú er að sjá hvort bikarævintýri liðsins haldi áfram. Brenton var sem dæmi með 18 stig þegar liðið sló b-lið Stjörnunnar út í síðustu umferð.

## Umbar græða og græða

**Greiðslur ensku úrvalsdeildarliðanna til umboðsmanna frá 1. október 2009 til 30. september 2010.**

| | |
|---|---|
| 1. Chelsea | 1.697 milljónir króna |
| 2. Liverpool | 1.650 m. kr. |
| 3. Man. City | 1.087 m. kr. |
| 4. Tottenham | 979 m. kr. |
| 5. Sunderland | 807 m. kr. |
| 6. Arsenal | 668 m. kr |
| 7. Everton | 657 m. kr. |
| 8. Bolton | 648 m. kr. |
| 9. West Ham | 624 m. kr. |
| 10. Wigan | 449 m. kr. |
| 11. Newcastle | 441 m. kr. |
| 12. Man. Utd | 422 m. kr. |
| 13. Aston Villa | 416 m. kr. |
| 14. Stoke | 401 m. kr. |
| 15. Fulham | 381 m. kr. |
| 16. Blackburn | 269 m. kr. |
| 17. Birmingham | 277 m. kr. |
| 18. Wolves | 235 m. kr. |
| 19. WBA | 112 m. kr. |
| 20. Blackpool | 8,2 m. kr. |

# Umboðsmenn græða á tá og fingri

**Það gefur vel í aðra hönd að vera umboðsmaður góðra knattspyrnumanna. Ensk úrvalsdeildarlið greiddu umboðsmönnum tólf milljarða íslenskra króna á einu ári. Umboðsmenn eru ekki vinsælir hjá stjórum stóru liðanna á Englandi. Ólafur Garðarsson umboðsmaður segir flesta umboðsmenn vera heiðarlega.**

**FÓTBOLTI** Umboðsmenn knattspyrnumanna eru ekki alltaf þeir vinsælustu í knattspyrnuheiminum. Þeir hafa verið kallaðir blóðsugur og krabbamein á íþróttinni. Ekki verður lagður dómur á það hér hvort það sé rétt en staðfest er að margir þeirra græða stjarnfræðilegar upphæðir.

Því til sönnunar hefur nú verið gefið út að liðin í ensku úrvalsdeildinni greiddu umboðsmönnum heila tólf milljarða íslenskra króna á einu ári. Ekki eru öll félög sátt við þessa þróun mála og Blackpool hefur gengið fram fyrir skjöldu og lætur leikmenn alfarið um að greiða umboðsmönnum.

### Finn einstaka sinnum fyrir tortryggni

Ólafur Garðarsson hefur verið umboðsmaður íslenskra knattspyrnumanna í fimmtán ár og þekkir orðið atvinnumannaheiminn vel. Hann er meðal annars með Hermann Hreiðarsson á sínum snærum og hefur því margoft samið við lið í ensku úrvalsdeildinni. Fréttablaðið ræddi við hann um umboðsmannaheiminn.

„Ég hef aldrei fundið fyrir neikvæðu viðhorfi í minn garð þegar ég er að starfa erlendis. Ég hef átt mjög gott samstarf við mörg félög og sum þeirra oftar en einu sinni. Þegar neikvæð umræða um umboðsmenn kemur upp finn ég einstaka sinnum fyrir tortryggni en ég hef alltaf skilið vel við alla á mínum ferli,“ segir Ólafur þegar hann er spurður hvort umboðsmönnum sé almennt mætt með neikvæðu viðhorfi af stjórnarmönnum félaga.

„FIFA gefur út leiðbeiningar til umboðsmanna og ég fer eftir þeim. Ég hef samt heyrt af umboðsmönnum sem fara á skjön við þessar reglur. Það er einn þekktur stjóri á Englandi sem bað mig um að tala við ákveðinn aðila því hann vildi ekki kaupa ákveðinn leikmann út af umboðsmanni hans. Þetta er því sjálfsagt til. Flestir sem ætla sér að vinna í þessari grein til frambúðar passa samt upp á að koma vel fram við þá sem þeir þurfa að vinna með. Annars kemur það í bakið á þeim. Svo er það eflaust í þessari starfsgrein eins og öðrum að það er misjafn sauður í hverju fé,“ segir Ólafur.



**ÓLAFUR GARÐARSSON UMBOÐSMAÐUR** Segir umboðsmenn almennt koma vel fram en misjafn sauður sé í þar inni á milli eins og í öðrum starfsgreinum.

Mikið havarí var í kringum mál Wayne Rooney á dögunum og Sir Alex Ferguson, stjóri Manchester United, kenndi umboðsmanni hans, Paul Stretford, um að leikstýra því máli.

„Það var sumt í því máli sem benti til að það væri rétt hjá Ferguson. Það er samt ómögulegt að segja. Engu að síður er það í þessu eins og öðru að þegar menn eru að selja vöru er betra að hafa fleiri en einn áhugasaman kaupanda til þess að fá sem best verð,“ segir Ólafur, sem telur umboðsmenn ekki vera orðna of valdamikla í knattspyrnuheiminum.

### Áhugamálið varð að alvöru starfi

Ólafur segir að þeir umboðsmenn sem geri það virkilega gott séu með marga sterka leikmenn á sínum snærum.

„Eitthvað af þessum tólf milljörðum hefur farið annað en til mín,“ segir Ólafur léttur. „Ef umboðsmaður hefur marga skjólstæðinga getur hann haft það gott. Það er mikið um útlagðan kostnað í þessu starfi því það þarf að fljúga víða og kynna leikmenn. Þetta snýst um að hafa nokkra leikmenn á fínum launum svo þetta standi undir sér. Ef menn eru bara með 2-3 leikmenn dugar það ekki fyrir ferðakostnaði,“ segir Ólafur en af hverju er hann í þessu starfi?

„Ég byrjaði fyrir fimmtán árum og þá var þetta áhugamálið mitt. Ég tók starfið samt fljótt alvarlega því ég uppgötvaði snemma að það byggðist upp á samböndum. Ég fór því víða að hitta fólk úti um alla Evrópu og byggði upp sambönd. Þetta hefur síðan undið upp á sig. Ég er alltaf með 20-25 leikmenn á mínum snærum erlendis. Ég er bara að vinna fyrir 3-5 menn hér heima,“ segir Ólafur, sem hefur enn gaman af starfinu.

**henry@frettabladid.is**



**WAYNE ROONEY** Er sagður láta umboðsmenn stýra sér. Þeir græddu vel er Rooney þvingaði í gegn risasamning hjá Manchester United. NORDIC PHOTOS/GETTY IMAGES

## Redknapp kallar umba hálfvita

Umboðsmenn í Bretlandi eru ekki hátt skrifaðir hjá mörgum knattspyrnustjórum. Harry Redknapp, stjóri Spurs, hafði þetta að segja.

„Það sem mér finnst ótrúlegt er að það séu til menn sem hringja í stjórnarformannninn og kvarta ef þeirra maður er ekki að spila. Þetta finnst mér afar furðulegt og ég á erfitt með að sætta mig við þetta. Sem betur fer hlustar stjórnarformaðurinn ekki á þá en hann segir mér frá þessum hálfvitum sem hringja. Ef þessir menn hafa eitthvað að segja þá eiga þeir að banka á dyrnar hjá mér,“ sagði Redknapp.

Ólafur Garðarsson segir skiljanlegt að umboðsmenn skipti sér af á ákveðnum sviðum.

„Það er oft erfitt fyrir leikmann að rífast í vinnuveitanda sínum ef það eru deilur um launaliðinn. Þá er gott að hafa umboðsmann til þess að klára það mál. Ég hringi samt ekki í forráðamenn og rífst ef leikmenn eru ekki að spila,“ segir Ólafur.

„Það getur virkað öfugt og menn spyrja sig hvers lags liðleskja slíkur leikmaður það sé. Það er ekki mitt hlutverk að standa í slíku,“ segir Ólafur.





**EINN SIGUR Í ÁTTA LEIKJUM** Valsmenn byrjuðu tímabilið illa undir stjórn Júlíusar Jónassonar. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Þjálfaraskipti í N1 deild karla:

# Júlíus hættur með Valsliðið

**HANDBOLTI** Júlíus Jónasson er hættur sem þjálfari karlaliðs Vals en í tilkynningu á heimasíðu félagsins í gær segir að Handknattleikdsdeild Vals og Júlíus hafa komist að samkomulagi um að Júlíus láti af störfum.

Júlíus var á sínu fyrsta tímabili með Valsliðið en liðið hefur aðeins unnið einn af fyrstu átta leikjum sínum í N1 deild karla og er í botnsæti deildarinnar.

Júlíus er á leiðinni út til Danmerkur til þess að stjórna kvennlandsliðinu á Evrópumótinu og hefði hvort sem er misst af tveimur leikjum liðsins. Heimir Ríkharðsson aðstoðarþjálfari Val og Óskar Bjarna Óskarsson yfirþjálfari handknattleiksdeildar Vals, áttu að stýra liðinu á meðan Júlíus væri á EM en þeir munu nú taka við liðinu tímabundið.

Óskar Bjarni þjálfaði Valsliðið á undan Júlíusi og Heimir var þá aðstoðarmaður hans. Fyrstu tveir leikir nýju þjálfaranna verða á móti Selfossi, fyrst í deildinni í Vodafone-höllinni í kvöld og svo í 8 liða liða úrslitum bikarsins á Selfossi á sunnudaginn. **- óój**

Þín verslun
Seljabraut
25 ára!
Nýtt og betra kjötborð,
frábær afmælistilboð og
25% afsláttur í hverri hillu!
Kíktu í heimsókn,
við tökum vel á móti þér.
Þín verslun | Seljabraut 54 | sími 557 1780
Opnunartími: Mán.–fös. 9–21 / lau.–sun. 10–21

Víðir Sigurðsson og Tindur héldu upp á útgáfu Íslenskrar knattspyrnu 2010:

# Þrítugasta bókin komin út

**FÓTBOLTI** Víðir Sigurðsson og Bókaútgáfan Tindur héldu í gær kynningarfund vegna bókarinnar Íslensk knattspyrna 2010 sem kom út í gær. Bókin er ómissandi heimild um íslenska knattspyrnusögu og fékk Víðir mikið hrós frá Geir Þorsteinssyni, formanni KSÍ, á fundinum í gær.

Þetta er þrítugasta bókin í bókaflokknum og í tilefni af því var heiðursgesturinn Sigurður Sverrisson sem skrifaði fyrstu bókina árið 1981. Sigurður og Víðir sáu í sameiningu um bókina 1982 en frá árinu 1983 hefur Víðir skrifað bókina einn en undir hans handleiðslu hefur bókin vaxið og dafnað.

Bókin er nú 240 blaðsíður og þar af eru nú 96 síður í lit, fleiri en nokkru sinni fyrr, og hefur litasíðum fjölgað um sextán frá síðasta ári.

Í bókinni er fjallað um allt sem gerðist í íslenskum fótbolta á árinu 2010. Mjög ítarlega er sagt frá gangi mála á Íslandsmótinu í öllum deildum og flokkum. Bókin er myndskreytt með um 360 myndum, og þar eru m.a. litmyndir af meistaraliðum ársins í öllum flokkum, öllum liðum í efstu deild karla ásamt mörgum fleirum.

Stór viðtöl eru í bókinni við Alfreð Finnbogason úr Breiðabliki sem var valinn besti leikmaður Íslandsmóts karla, og við Rakel Logadóttur, Íslandsmeistara með Val og landsliðskonu. Enn fremur er rætt við Eyjólf Sverrisson þjálfara 21-árs landsliðs Íslands um frábæra frammistöðu þess. Eyjólfur fékk í gær árleg heiðursverðlaun Tinds sem eru alltaf afhent við útgáfu bókarinnar. **- óój**



**FRUMKVÖÐULL** Víðir Sigurðsson afhendir Sigurði Sverrissyni bókina í gær en Sigurður skrifaði fyrstu bókin árið 1981. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# HEILSA OG VELLÍÐAN

cleanaer

THE BRITISH ALLERGY FOUNDATION SEAL OF APPROVAL

**Cleanaer**
LOFTHREINSITÆKI með JÓNATÆKNI sem minnkar ryk og lykt í andrúmsloftinu. Dregur úr frjókorna- og dýraofnæmi. Vottað af bresku ofnæmissamtökunum. Hljóðlaust.

VERÐ **9.995** FRÁBÆRT VERÐ

MELISSA

**Melissa 638154**
Öflugar KLIPPUR fyrir hár og skegg með 3 - 12mm stillingum, 4 kömbum, skærum, greiðu og hreinsibursta.

VERÐ **1.995** FRÁBÆRT VERÐ

**Philips QG3030**
32mm MULTI TRIMMER fyrir skegg, nef og eyru. Mjög nákvæm rakvél, hárklippur með 9 stillingum, skeggsnyrtir með 9 stillingum (1 til 18mm), Trimmer fyrir nef, eyru og augnabrýr, SteelWave sjálfbrýnandi hnífar. Með innb. hleðslurafhlöðu.

VERÐ **6.995** FRÁBÆRT VERÐ

PHILIPS

**Philips HQ6950**
Philishave RAKVÉL með Reflex Action hnífum, Super Lift & Cut og bartskera, Easy Grip og 10 daga endingu á rafhlöðu. Hljóðlát.

VERÐ **9.995** FRÁBÆRT VERÐ

PHILIPS

**Philips HS8420**
Philishave Cool Skin RAKVÉL með Flex Tracker hnífum og 10 daga hleðslu. Vatnsheld og má nota í sturtu og skola með vatni. Nivea krem eða gel tryggir mýkri rakstur og hentar viðkvæmri húð. Hleðslu- og áfyllingarstandur fylgir.

TILBOÐ **17.995** FULLT VERÐ 22.995

PHILIPS

**Philips RQ1150**
SensoTouch RAKVÉL með GyroFlex 2D, DualPrecision hausar með SkinGlide, Super lift and cut system. Aquatec seal fyrir rakstur í sturtu með geli eða raksápu. Rafhleðsla endist í allt að 14 daga.

TILBOÐ **24.995** FULLT VERÐ 29.995

VIDAL SASSOON

**VidalSassoon VSIR1968E**
19mm KRULLUJÁRN með bursta, keramík húð, hitastilli og köldum enda. Hámarkshiti 200°.

VERÐ **2.995** FRÁBÆRT VERÐ

MELISSA

**Melissa 635104**
Flott 5 í 1 HÁRSNYRTISETT með sléttujárni með keramik húð og 2 hitastigum, 19 og 25mm krullujárni og fjölda aukahluta.

VERÐ **3.995** FRÁBÆRT VERÐ

PHILIPS

**Philips HP8309**
SalonStraight Essential SLÉTTUJÁRN með keramík plötum. Professional styling temp að 210°C fyrir allar hárgerðir. Stafræn hitastilling. 30sek að hitna.

VERÐ **4.995** FRÁBÆRT VERÐ

TONI&GUY

**Toni&Guy TG467DE**
Vandaður 2000w HÁRBLÁS-ARI með 3 hitastillingum og 2 hraðastillingum. Aðeins 0,45kg.

TILBOÐ **5.995** FULLT VERÐ 6.995

TONI&GUY

**Toni&Guy TGST2971E**
Sacha Mascolo Professional SLÉTTUJÁRN með 25mm Tourmaline keramík plötum, 80-200° hitastillingum. Aðeins 30 sek. að hitna.

TILBOÐ **7.995** FULLT VERÐ 8.995

exido

**Exido 231018**
100w HITAPÚÐI með sjálfvirkum slökkvara, 3 stillingum og tvöfaldri ofhitnunarvörn. Því má áklæði. Stærð (HxWxD): 37 x 27 x 1 sm.

VERÐ **4.995** FRÁBÆRT VERÐ

exido

**Exido 231014**
Shiatsu NUDDKODDI með 2 sjálfstæðum nuddkúlum. 12v straumbreytir og 12v tengi í bíl fylgir. Stærð: (HxBxD): 40,5 x 33 x 12 sm.

VERÐ **6.995** FRÁBÆRT VERÐ

exido

**Exido 231012**
SHIATSU nudd fyrir fæturnar. Tveir tvöfaldir nuddhausar gefa shiatsu nudd undir fæturna. Hægt að þvo áklæði. Stærð (HxBxD): 35 x 27 x 7.5sm

TILBOÐ **7.995** FULLT VERÐ 12.995

MELISSA

**Melissa 631149**
Shiatsu nuddsæti með innbyggðri Infrared hitun, 10 stillingum, 4 sjálfstæðum nuddkúlum ofl. Tekur 12/220v.

TILBOÐ **19.995** FULLT VERÐ 24.995

Scholl

**Scholl DRMA7742**
Shiatsu NUDDSÆTI með 3 stillingum, 4 sjálfstæðum kúlum sem nudda bakið, Infrared hitun og fjarstýringu.

TILBOÐ **24.995** FULLT VERÐ 29.995

MELISSA

**Melissa 631155**
90w vatns FÓTANUDDTÆKI með 3 stillingum, hiti og loftbólur úr 36 holum. 150 nuddstaðir. Naglasnyrtisett, viðarbursti og náttursvampur fylgja.

VERÐ **6.995** FRÁBÆRT VERÐ

MELISSA

**Melissa 630020**
BLÓÐÞRÝSTINGSMÆLIR. Mælingasvið: þrýstingur: 0-300 mmHg og púls: 30-180 púlsar/mín. Samþ. samkv. MDD. Skekkjuföll: þrýstingur: +/- 3 mmHg og púls: +/- 5%. Slekkur á sér eftir 3 mín.

VERÐ **5.995** FRÁBÆRT VERÐ

PHILIPS

**Philips HX1622**
TANNBURSTI með hleðslu, Gum Protection og Double Cleaning Action - aðal burstinn hreinsar og Active Tip burstinn erfiða staði ofl.

VERÐ **5.995** FRÁBÆRT VERÐ

PHILIPS

**Philips HX6311**
Sonicare BARNATANNBURSTI með skiptibursta, mæliklukku, ítarlegri hreinsun fyrir viðkvæmar tennur og góma, KidPacer hljóðum, stillingum fyrir aldur, hleðslurafhlöðu ofl.

TILBOÐ **14.995** FULLT VERÐ 19.995

Scholl

**Scholl DR5590E**
Nett NUDDTÆKI með 2 hausum innrauðri hitun og kæligeli. Notar AA rafhlöður.

TILBOÐ **3.995** FULLT VERÐ 4.995

**Heimilistæki** ht.is

HAFNARGÖTU 90 **REYKJANESBÆ** S: 414 1740 • EYRARVEGI 21 **SELFOSSI** S: 480 3700 • GARÐARSBRAUT 18A **HÚSAVÍK** S: 464 1600 • GLERÁRGÖTU 36 **AKUREYRI** S: 460 3380 • SUÐURLANDSBRAUT 26 **REYKJAVÍK** S: 569 1500

## ÚRSLIT Í GÆR

### N1 deild karla

**STAÐAN Í DEILDINNI:**

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **Akureyri** | **8** | **8** | **0** | **0** | **248-204** | **16** |
| Fram | 9 | 7 | 0 | 2 | 310-258 | 14 |
| **HK** | **9** | **6** | **0** | **3** | **299-300** | **12** |
| FH | 9 | 5 | 0 | 4 | 256-245 | 10 |
| **Haukar** | **9** | **5** | **0** | **4** | **231-231** | **10** |
| Afturelding | 8 | 1 | 0 | 7 | 198-230 | 2 |
| **Selfoss** | **8** | **1** | **0** | **7** | **226-262** | **2** |
| Valur | 8 | 1 | 0 | 7 | 195-233 | 2 |

**NÆSTU LEIKIR:**

| | |
|---|---|
| **Afturelding-Akureyri** | **Í kvöld kl. 18.30** |
| Valur-Selfoss | Í kvöld kl. 19.30 |
| **Haukar-Afturelding** | **Fös 10.des. kl. 19.30** |
| HK-Valur | Lau 12.des. kl. 16.00 |
| **Selfoss-FH** | **Lau 12.des. kl. 16.00** |
| Akureyri-Fram | Lau 12.des. kl. 16.30 |

### Sænski körfuboltinn

**08 Stockholm HR-Solna Vikings 76-92**
Logi Gunnarsson skoraði 23 stig og hitti úr 9 af 12 skotum þar af 5 af 7 þriggja stiga skotum.

### Enski deildarbikarinn

**Birmingham-Aston Villa 2-1**
1-0 Sebastian Larsson, víti (12.), 1-1 Gabriel Agbonlahor (30.), 2-1 Nikola Zigic (84.)

**Ipswich-West Bromwich Albion 1-0**
1-0 Grant Leadbitter, víti (69.)
Birmingham og Ipswich eru komin í undanúrslit ásamt West Ham og Arsenal.

### Evrópudeildin

**G-riðill**
Zenit-Anderlecht 3-1
Hajduk Split-AEK Aþena 1-3

**B-riðill**
Atletico Madrid-Aris Thessaloniki 2-3
Rosenborg-Bayer Leverkusen 0-1

**H-riðill**
Young Boys-Stuttgart 4-2
Odense-Getafe 1-1

**A-riðill**
**Manchester City-Salzburg 3-0**
1-0 Mario Balotelli (18.), 2-0 Mario Balotelli (65.), 3-0 Adam Johnson (78.).
Lech Poznan-Juventus 1-1

**I-riðill**
Metalist Kharkiv-Debreceni 2-1
Sampdoria-PSv Eindhoven 1-2

**C-riðill**
Sporting Lisbon-Lille 1-0
Gent-Levski Sofia 1-0

# Framarar enn á blússandi siglingu

**Fram vann sinn sjötta sigur í röð í N1-deild karla er liðið vann HK með tíu marka mun í gær. Um leið hirtu þeir annað sætið af Kópavogsliðinu sem hefur nú tapað tveimur í röð eftir sex leikja sigurgöngu fyrr í haust.**

**HANDBOLTI** Fram vann í gær tíu marka sigur á HK í N1-deild karla, 36-26, og þar með sinn sjötta sigur í röð í deildinni. Liðið hefur ekki tapað síðan það mætti Akureyri um miðjan október. Fram hefndi í kvöld fyrir tapið í leik þessara liða fyrr í haust en með þeim sigri fóru HK-ingar á mikið skrið og unnu sex leiki í röð.

En HK virtist einfaldlega einu númeri of lítið í gær. Lykilmenn náðu sér ekki á strik nema í stuttan hluta af leiknum og sú leikgleði og sterka liðsheild sem hefur verið einkennandi fyrir HK í vetur var víðs fjarri í þessum leik.

Fram var skrefinu framar allan fyrri hálfleikinn og var með fimm marka forystu í hálfleik. Ólafur Bjarki Ragnarsson hafði þá ekki skorað eitt einasta mark en hann hefur verið drjúgur fyrir liðið í haust.

En þegar að Ólafur Bjarki komst í gang í seinni hálfleik fóru hlutirnir loksins að ganga fyrir HK. Hann reif aðra leikmenn með sér og skyndilega var staðan orðin 24-23 og Framarar virtust mát. HK ákvað að taka Halldór Jóhann Sigfússon, besta leikmann Fram, úr umferð með þessum góða árangri.

En þá stigu aðrir leikmenn upp og Fram sigldi aftur fram úr. Reyndar var um algera slátrun að ræða síðustu tólf mínútur leiksins því þá skoraði Fram tólf mörk gegn aðeins þremur frá HK.

Og það tókst liðinu þrátt fyrir meiðslavandræðin í herbúðum þeirra bláklæddu. Jóhann Gunnar Einarsson var ekki í hópnum vegna meiðsla og þeir Róbert Aron Hostert (sem var frábær í fyrri hálfleik) og Magnús Stefánsson fóru báðir meiddir af velli. Andri Berg Haraldsson fékk einnig rautt spjald á versta tíma, einmitt þegar HK minnkaði muninn í eitt mark.

„Við spiluðum mjög vel framan af leik en svo kom smá hikst á okkar leik í síðari hálfleik," sagði Reynir Þór Reynisson, þjálfari Fram. „En þá héldum við ró á okkar leik og eftir að við skoruðum 1-2 mörk til viðbótar var aftur komið jafnvægi í leikinn. Þrátt fyrir öll þessi áföll sem við lentum í sýndum við gríðarlegan styrk og persónuleika og kláruðum þennan leik mjög sannfærandi. Mér fannst við betri allan tímann og að sigurinn hafi verið verðskuldaður."

Kristinn Guðmundsson, aðstoðarþjálfari HK, sagði að leikmenn hefðu ekki sýnt nægilega mikla samstöðu inni á vellinum.

„Í varnarleiknum stóðum við okkur mjög illa og við vorum skrefinu á eftir öllum þeirra aðgerðum. Við náðum aðeins að koma þeim úr jafnvægi með því að taka Halldór Jóhann úr umferð og hleypa spennu í leikinn," sagði Kristinn. „En um leið og þeir skriðu frá okkur aftur þá komu veikleikar okkar í ljós. Við vorum bara ekki með góða liðsheild inni á vellinum í kvöld og það er ekki það sem við höfum verið þekktir fyrir í vetur. Við verðum að skoða ástæður þess mjög vel og bæta okkur. En þegar við erum ekki upp á okkar besta þá endar þetta svona."

eirikur@frettabladid.is



**FRÁBÆR Í GÆR** Halldór Jóhann Sigfússon átti frábæran leik með Fram gegn HK í gær.
FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

### Fram-HK 36-26 (18-13)

**Mörk Fram (skot)**: Andri Berg Haraldsson 7 (13), Arnar Birkir Hálfdánsson 6/1 (7/1), Einar Rafn Eiðsson 6/2 (9/3), Róbert Aron Hostert 4 (4), Haraldur Þorvarðarson 4 (5), Halldór Jóhann Sigfússon 3 (3), Matthías Daðason 3 (4), Magnús Stefánsson 3 (5), Jóhann Karl Reynisson (1), Kristján Svan Kristjánsson (3).
**Varin skot**: Magnús Erlendsson 14 (39/6, 36%), Björn Viðar Björnsson 0 (1/1).
**Hraðaupphlaup**: 7 (Einar Rafn 2, Matthías 2, Haraldur 1, Róbert Aron 1, Arnar Birkir 1).
**Fiskuð víti**: 4 (Halldór Jóhann 1, Andri Berg 1, Matthías 1, Arnar Birkir 1).
**Utan vallar**: 8 mínútur.
**Mörk HK (skot)**: Ólafur Bjarki Ragnarsson 8/5 (14/5), Daníel Berg Grétarsson 7 (11), Atli Ævar Ingólfsson 4 (8), Bjarki Már Elíasson 4/2 (8/2), Hörður Másson 2 (4), Hákon Bridde 1 (1), Brynjar Freyr Valsteinsson (1).
**Varin skot**: Björn Ingi Friðþjófsson 13/1 (45/3, 29%), Valgeir Tómasson 0 (4/1).
**Hraðaupphlaup**: 4 (Daníel Berg 2, Bjarki Már 1, Ólafur Bjarki 1).
**Fiskuð víti**: 7 (Ólafur Bjarki 3, Hörður 2, Bjarki Már 1, Daníel Berg 1).
**Utan vallar**: 8 mínútur.
**Dómarar**: Anton Gylfi Pálsson og Hlynur Leifsson.



Þríleik Rhein-Neckar Löwen og Kiel lauk í gær:

# Nú tókst Guðmundi að vinna Kiel

**HANDBOLTI** Rhein-Neckar Löwen, lið Guðmundar Guðmundssonar, vann þriggja marka sigur á Kiel, liði Alfreðs Gíslasonar, 29-26, í þýsku úrvalsdeildinni í handbolta í gærkvöldi. Ólafur Stefánsson og Aron Pálmarsson áttu báðir góðan leik, Ólafur var mjög góður í seinni hálfleik en Aron átti sviðið í þeim fyrri.

Ólafur Stefánsson skoraði þrjú mörk fyrir Rhein-Neckar Löwen og Róbert Gunnarsson skoraði eitt mark. Aron Pálmarsson skoraði fjögur mörk fyrir Kiel og komu þau öll í fyrri hálfleik. Guðjón Valur Sigurðsson kom inn á í liði Rhein-Neckar Löwenen á lokamínútunum en hann er að koma til baka eftir erfið hnémeiðsli. Þetta var fyrsti leikur hans síðan á EM í byrjun ársins.

Þetta var þriðji og síðasti leikurinn í þríleik liða þeirra Alfreðs Gíslasonar og Guðmundar Guðmundssonar á aðeins ellefu dögum. Fyrstu tveir leikirnir voru í Meistaradeildinni en leikurinn í gær var í þýsku úrvalsdeildinni. Kiel vann fyrsta leikinn 30-27 eftir að hafa náð mest níu marka forystu en liðin skildu síðan jöfn 30-30 í síðasta leik þar sem Kiel stal stiginu með því að skora þrjú síðustu mörkin. Nú tókst hins vegar lærisveinum Guðmundar að klára leikinn og tryggja sér flottan sigur en Kiel tapaði þarna mikilvægum stigum í toppbaráttunni. Kiel er nú fjórum stigum á eftir toppliði HSV Hamburg en Rhein-Neckar Löwen er síðan einu stigi á eftir Kiel.

Aron Pálmarsson var í byrjunarliðinu hjá Kiel og var mjög ákveðinn frá fyrstu mínútu. Aron kom Kiel meðal annars yfir í fyrsta sinn, 10-9, þegar hann skoraði sitt þriðja mark á fyrstu 18 mínútum leiksins. Aron skoraði alls fjögur mörk í fyrri hálfleiknum, með langskotum og gegnumbrotum en hann átti einnig tvær línusendingar sem gáfu mark og eina sem gaf víti og mark.

Ólafur Stefánson byrjaði leikinn ekki vel en var mjög sterkur á lokasprettinum þegar Rhein-Neckar Löwen stakk af og tryggði sér öruggan sigur. **- óój**



**ÁNÆGÐUR** Guðmundur Guðmundsson, þjálfari Rhein-Neckar Löwen.
MYND/NORDIC PHOTOS/BONGARTS

Man. City og Lech Poznan komust í gær í 32 liða úrslit Evrópudeildarinnar:

# City áfram en Juventus úr leik

**FÓTBOLTI** Manchester City tryggði sér sæti í 32 liða úrslitum Evrópudeildarinnar með 3-0 sigri á austuríska liðinu Red Bull Salzburg á heimavelli í gær. Ítalska liðið Juventus er hins vegar úr leik eftir 1-1 jafntefli á móti Lech Poznan í Póllandi á sama tíma.

Mario Balotelli skoraði tvö fyrstu mörkin fyrir Manchester City í snjókomunni og Adam Johnson innsiglaði síðan sigurinn.

Juventus þurfti að vinna Lech Poznan í Póllandi til þess að eiga möguleika á að komast áfram en náði aðeins 1-1 jafntefli. Lech Poznan er með þriggja stiga forskot á Juventus fyrir lokaumferðina og með betri innbyrðisárangur sem þýðir að Juventus getur ekki náð þeim. Liðin gerðu 3-3 jafntefli í leik liðanna á Ítalíu.

Artjoms Rudnevs kom pólska liðinu í 1-0 eftir tólf mínútur en það nægði ekki ítalska liðinu að Vincenzo Iaquinta jafnaði leikinn sex mínútum fyrir leikslok. **- óój**



**ÖRUGGUR SIGUR** Manchester City átti ekki vandræðum í snjókomunni í gær.
MYND/NORDICPHOTOS/GETTY


Tilvalin jólagjöf

Nýju vinsælu Golf Street skórnir komnir aftur



Golf Street golfskór
**Verð kr. 19.995**
Stærðir: 39 - 47 | Vörunr. 39184-54301



Golf Street golfskór
**Verð kr. 19.995**
Stærðir: 39 - 47 | Vörunr. 39184-56496



Golf Street golfskór
**Verð kr. 19.995**
Stærðir: 39 - 47 | Vörunr. 39184-56497

ecco KRINGLAN Sími 553 8050
STEINAR WAAGE SKÓVERSLUN SMÁRALIND Sími 551 8519
STEINAR WAAGE SKÓVERSLUN KRINGLAN Sími 568 9212
ecco®



# Allt lagt undir

## Englendingar hafa unnið hörðum höndum að því síðustu daga að tryggja sér HM 2018 en kosið verður í dag um hvar HM í knattspyrnu fer fram 2018 og 2022.

**FÓTBOLTI** Í dag kemur í ljós hvar HM í knattspyrnu verður haldið árið 2018 annars vegar og 2022 hins vegar. Mesta spennan er um hvort Englendingar fái að halda keppnina í fyrsta sinn síðan 1966.

Mikið hefur verið fjallað um umsókn Englands, ekki síst í ljósi umfjöllunar sumra fjölmiðla í Bretlandi um meinta spillingu í framkvæmdastjórn Alþjóða knattspyrnusambandsins, FIFA, sem ákveður hvaða umsóknir verða samþykktar. Breska dagblaðið The Sunday Times fletti ofan af tveimur meðlimum stjórnarinnar sem voru viljugir að selja atkvæði sín í kjörinu. Sjónvarpsþátturinn Panorama, sem BBC sendi út á mánudagskvöldið, staðhæfði að þrír meðlimir til viðbótar hefðu gerst sekir um mútuþægni og spillingu í starfi.

Þeim tveimur sem The Sunday Times fjallaði um var vikið úr starfi og munu þeir því ekki taka þátt í atkvæðagreiðslunni.

Englendingar hafa lagt allt í sölurnar til tryggja sér HM 2018. Vilhjálmur Bretaprins, David Cameron forsætisráðherra og David Beckham hafa verið í Zürich í Sviss undanfarna daga og rætt þar við forráðamenn FIFA og meðlimi framkvæmdastjórnarinnar.

Veðbankar eru ekki vongóðir fyrir hönd Englendinga en líkurnar hafa þó eitthvað aukist síðan þáttur BBC var sendur út á mánudagskvöldið og eftir að þremenningarnir fóru til Sviss til að tala máli ensku umsóknarinnar. Veðbankar telja líklegast að Rússland, sem aldrei áður hefur haldið keppnina, hreppi hnossið.

Þrátt fyrir það ákvað Vladimír Pútín, forsætisráðherra Rússlands, að fara ekki til Zürich nú. Hann sagðist ekki vilja beita framkvæmdastjórnina þrýstingi fyrir kosninguna í dag. Hins vegar setti hann ekki fyrir sig að ræða við Alþjóða Ólympíunefndina árið 2007 áður en ákveðið var hvar vetrarólympíuleikarnir yrðu haldnir árið 2014. Það bar árangur þar sem rússneska borgin Sochi varð fyrir valinu.

Ekki má útiloka umsókn Spánar og Portúgals enda er mikill meðbyr með Spánverjum sem eru ríkjandi heims- og Evrópumeistarar. Það er þó talið spilla fyrir að Portúgal hélt EM í knattspyrnu fyrir aðeins sex árum. Umsókn Hollands og Belgíu er spáð minnstu brautargengi og er líklegt að hún falli úr leik strax í fyrstu umferð í dag.

eirikur@frettabladid.is




## Umsóknir fyrir HM 2018 og 2022

Staðhæfingar um ólöglegt samráð Spánar/Portúgals og Katar hafa komið fram, sem og ásakanir um mútuþægni meðlima framkvæmdastjórnar FIFA. Sumir umsóknaraðilanna eru sagðir íhuga málsókn.




| Umsóknir fyrir HM 2018 | Þátttaka á HM | Stærsti leikvangur |
|---|---|---|
| **1 England** | 13 sinnum | Wembley |
| *Í forsvari*: Geoff Thompson | Hélt keppnina 1966 | 90.000 |
| + „Vagga“ knattspyrnunnar, glæsilegir leikvangar, markaðsvænt | | |
| – Fyrrverandi formaður hætti vegna ásakana um keppnisaðila | | |
| **2 Holland/Belgía** | 9/11 | De Nieuwe Kuip |
| Francois De Keersmaecker, Michael van Praag | | 86.000 |
| + „Grænt“ mót, gekk vel að halda EM 2000 | | |
| – Þarf að stórbæta umgjörð, umsókn áhrifalítil | | |
| **3 Rússland** | 9 | Luzhniki-leikvangurinn |
| Igor Shuvalov | | 78.360 |
| + Aldrei haldið stórmót áður, sterkur fjárhagur, stuðningur ríkisstjórnar | | |
| – Komst ekki á HM 2010, áhyggjur af öryggismálum | | |
| **4 Spánn/Portúgal** | 13/5 | Camp Nou |
| Angel M Villar, Gilberto Madail | | 106.000 |
| + Spánn heimsmeistari, gott umhverfi, stuðningur S-Ameríku | | |
| – Portúgal hélt EM 2004, FIFA ekki hrifið af tvöfaldri umsókn | | |

**Kosningin:** 24 meðlimir framkvæmdastjórnar FIFA hafa atkvæðisrétt. Sá umsóknaraðili sem hlýtur fæst atkvæði í hverri umferð er úr leik þar til einn fær meirihluta atkvæðanna.

Heimild: FIFA

| Umsóknir fyrir HM 2022 | Þátttaka á HM | Stærsti leikvangur |
|---|---|---|
| **5 Bandaríkin** | 9 | Rose Bowl |
| Sunil Gulati | Hélt keppnina 1994 | 91.000 |
| + Obama styður umsóknina, grunngerð til staðar frá 1994 | | |
| – Knattspyrna nýtur meiri vinsælda en er ekki meðal vinsælustu íþrótta | | |
| **6 Katar** | 0 | Lusail-þjóðarleikvangurinn |
| Khalifa Al-Thani | | 86.000 |
| + HM í fyrsta sinn í Mið-Austurlöndum, ótakmarkað fjármagn | | |
| – Mikill hiti, vináttulandsleikur Englands og Brasilíu floppaði | | |
| **7 Suður-Kórea** | 8 | Ólympíuleikvangurinn |
| Han Sung-Joo | Hélt keppnina með Japan 2002 | 69.960 |
| + Hefur náð góðum árangri, samgöngur í heimsklassa | | |
| – Hélt nýlega HM | | |
| **8 Japan** | 4 | Yokohama |
| Motoaki Inukai | Hélt keppnina með S-Kóreu 2002 | 72.327 |
| + Nýjungagirni, framsýni og frábærir leikvangar | | |
| – Hélt nýlega HM | | |
| **9 Ástralía** | 3 | Melbourne |
| Frank Lowy | | 100.108 |
| + Mikil íþróttaþjóð, hélt Ólympíuleikana 2000 | | |
| – Leikvangar einnig notaðir undir aðrar íþróttagreinar | | |

© GRAPHIC NEWS




REYKJAVÍK • Fiskislóð 1 • Sími 580 8500 • **mánud.–föstud. 10–18** • **laugard. 10–16**
AKUREYRI • Tryggvabraut 1-3 • Sími 460 3630 • **mánud.–föstud. 8–18** • **laugard. 10–16**

**Ellingsen**
– FULLT HÚS JÓLAGJAFA

# JÓLAGJÖF ÚTIVISTARFÓLKSINS FÆST Í ELLINGSEN



COLUMBIA Softshell flíspeysa. Vindheld með Omni-Shield ytra lagi.
**Verð frá 17.990 kr.**

Bakpokar. Léttir, sterkir og einstaklega vandaðir.
**Verð frá 9.990 kr.**

COLUMBIA jakki. Vatns- og vindheldur með Omni-Tech ytra lagi.
**Verð frá 24.990 kr.**

Barnavettlingar í mörgum litum og gerðum.
**Verð frá 890 kr.**

COLUMBIA barnaúlpa. Vatns- og vindheld með Omni-Shield ytra lagi og Omni-Heat einangrun.
**Verð frá 16.990 kr.**

COLUMBIA snjóbrettabuxur. Omni-Tech vatnsvörn, úr öndunarefni með límdum saumum.
**Verð frá 14.990 kr.**

SNOW COMMANDER loðfóðruð stígvél. Vatnsheld og þola allt að 32. gráðu frost.
**Verð frá 11.290 kr.**

COLUMBIA flíspeysa. Hentar allt árið.
**Verð frá 9.790 kr.**

DIDRIKSONS úlpa. Vatns- og vindheld fóðruð úlpa sem andar vel.
**Verð frá 26.990 kr.**

Barnahúfur í mörgum stærðum, gerðum og litum.
**Verð frá 2.190 kr.**

DIDRIKSONS úlpa. Frábær í snjóinn.
**Verð frá 9.900 kr.**

Columbia göngubuxur. Einstaklega léttar og endingargóðar, fljótar að þorna og með UPF 30 sólarvörn.
**Verð frá 17.990 kr.**

Kuldastígvél. Vatnsheld og þola mikið álag.
**Verð frá 6.490 kr.**

COLUMBIA gönguskór úr vatnsheldu leðri. Sérstyrktur hæll og einstaklega gott grip.
**Verð frá 27.990 kr.**

**JÓLA-TILBOÐ!**



BUGABOOT
Dömuskór
**JÓLATILBOÐ**
**19.990 kr.**



BUGABOOT
Herraskór
**JÓLATILBOÐ**
**19.990 kr.**



SHASTA
Dömuskór
**JÓLATILBOÐ**
**19.990 kr.**



SHASTA
Herraskór
**JÓLATILBOÐ**
**22.990 kr.**



DASKA
Dömu- og herraskór
**JÓLATILBOÐ**
**29.990 kr.**

PIPAR\TBWA • SÍA

# golf

golfogveidi@frettabladid.is

**20** **ALÞJÓÐA- OG LANDSDÓMARAR** í golfi starfa á Íslandi. Átta hafa R&A réttindi en tólf landsdómararéttindi.

**32.000** **GOLFVELLIR** voru skráðir í heiminum árið 2009. Helmingur þeirra er í Bandaríkjunum.



**KOMINN Á LOKAMÓTIÐ** Birgir Leifur spilar á Spáni um helgina. Þá ræðst hvort hann kemst á Evrópumótaröðina.

Úrtökumótin í Evrópu:

## Birgir kominn á lokamótið

Birgir Leifur Hafþórsson, kylfingur úr GKG, er kominn á lokaúrtökumótið fyrir Evrópumótaröðina í Katalóníu á Spáni. Hann lék lokahringinn á öðru úrtökumótinu af þremur á 68 höggum, eða fjórum höggum undir pari, og endaði í öðru sæti.

Í lokamótinu í Katalóníu verða leiknir sex hringir og efstu 30 kylfingarnir í því móti vinna sér inn keppnisrétt á Evrópumótaröðinni. - shá

Umhverfismál fá aukið vægi:

## Edwin fær sæti í umhverfisnefnd

Nýverið tók Edwin Roald Rögnvaldsson golfvallahönnuður sæti í Umhverfisnefnd samtaka evrópskra golfvallahönnuða, EIGCA. Eitt af fyrstu hlutverkum nefndarinnar eftir aðkomu Edwins að henni er að aðstoða við mótun allsherjarstefnu GEO, Golf Environment Organization, um sjálfbæra þróun í skipulagningu, hönnun og byggingu golfvalla.



**EDWIN ROALD RÖGNVALDSSON**

Íslenskir golfvellir eru um margt prýðileg dæmi um heilbrigða nálgun hvað þetta varðar, að sögn Edwins, og vonast hann til að geta komið því til skila. Reiknað er með að Haukadalsvöllur við Geysi, sem Edwin hannaði, verði notaður sem dæmi á sérstakri vefsíðu GEO um sjálfbæra þróun. - shá



**VIÐ GAMLA VÖLLINN** Hér er jarðýta við endurgerð 5. brautar á Hólsvelli í Siglufirði og bærinn í baksýn. Þess verður kannski ekki langt að bíða að ýtan fari í öllu umfangsmeiri verkefni rétt handan árinnar.

MYND/EDWIN ROALD

# Byggja golfvöll í gamalli námu

**Siglfirðingar stefna að uppbyggingu nýs níu holu golfvallar við skógræktina í Hólsdal, þar sem gömul náma verður nýtt að hluta undir vallarstæðið. Það skýrist snemma á næsta ári hvenær hægt verður að hefjast handa.**

Rauðka ehf. og Golfklúbbur Siglufjarðar (GKS) hafa skrifað undir viljayfirlýsingu um golfvöllinn en grunnhugmyndin að verkefninu er uppbygging samfélagsins og að auka við það þjónustustig sem fyrir er í Fjallabyggð.

Ólafur Kárason, sem hefur unnið að verkefninu fyrir hönd GKS, segir vallarstæðið liggja vestan Hólsár, en golfvöllur klúbbsins er austan árinnar. Gömul malarnáma er í hjarta svæðisins og verður hún grædd upp sem hluti nýs vallar. Þá er þó aðeins hálf sagan sögð því á staðnum verður byggt upp almennt útivistarsvæði með fjölbreyttum gönguleiðum, reiðgötum og stangveiði auk þess sem enn verður aukið við glæsilegt skógræktarsvæði sem fyrir er. „Það verður ekki kastað til hendinni við golfvöllinn. Allt verður fyrsta flokks með fullkomnu vökvunarkerfi svo dæmi sé nefnt.“

Ólafur segir að nú standi yfir viðræður við sveitarfélagið um aðkomu þess við uppgræðslu malarnámunnar. Þar sé mikilvægt verkefni sem felist í að græða sár í bæjarlandinu.

Edwin Roald Rögnvaldsson golfvallahönnuður hefur unnið tillögu að hönnun svæðisins fyrir GKS. Hann telur svæðið undir völlinn afburðagott þar sem áin og skógurinn verði í forgrunni og bjóði upp á sérstöðu meðal golfvalla á Norðurlandi.

Rauðka ehf. stendur fyrir metnaðarfullu verkefni við uppbyggingu á Siglufirði í samstarfi við fjölda aðila í ferðaþjónustu. Fyrirtækið opnaði fyrr á þessu ári nýjan veitingastað og kaffihús við höfnina. Einnig kemur félagið að opnun frumkvöðlaseturs, upplýsingamiðstöð fyrir ferðafólk og að rekstri skíðasvæðisins. Eins er hafinn undirbúningur að byggingu 64 herbergja hótels við höfnina sem verður í anda gömlu húsanna þriggja sem þegar hafa verið gerð upp.

Finnur Yngvi Kristinsson, verkefnisstjóri hjá Rauðku, segir að hugmyndin að uppbyggingu golfvallar og útivistarsvæðis sé komin frá golfklúbbnum en falli vel að verkefni Rauðku um uppbygginguá Siglufirði. „Aðkoma okkar er að leggja fram allt að 40 milljónir króna, eða helming kostnaðar við verkefnið. Við búumst við að heildarkostnaður verði 70 til 80 milljónir. Til að þetta komist á koppinn verður þó að tryggja alla fjármögnunina áður en hafist verður handa.“

Finnur segir að ef fjármögnun gangi að vonum verði hægt að hefjast handa með litlum fyrirvara. Þá sé góður möguleiki á að kylfingar nyrðra geti hafið golfleik á nýjum velli árið 2014.




**NÝI VÖLLURINN** Á frumdrögum Edwins Roalds Rögnvaldssonar sést grunnhugmyndin að svæðinu. Eftir er að laga hönnunina að gildandi skipulagi á Siglufirði og þörfum einstakra útivistarhópa.

MYND/EDWIN ROALD

KYLFINGURINN

## Sá ekki kúluna fara í holuna

**Halldór Ingólfsson,** þjálfari Hauka í handbolta, hefur farið holu í höggi.

Halldór Ingólfsson, þjálfari Hauka í handbolta, er ansi liðtækur kylfingur sem spilar um 30 hringi á ári. Hann hefur farið holu í höggi en sá ekki kúluna fara ofan í. Halldór spilar aðallega golf með gömlum félögum úr handboltanum.

**Uppáhaldsgolfholan?** Þetta er erfið spurning. Ég verð samt eiginlega að segja holan þar sem ég fór holu í höggi í denn. Það var sjötta holan á Nesvellinum gamla, verst að það er búið að leggja hana af. Það er búið að breyta vellinum svo maður fær ekki að spila hana lengur. Þetta var par 3 hola, um 140 metra löng. Það er langt síðan þetta var, það var hrikalegur hliðarvindur og ég sló upp í vindinn. Ég sá ekki neitt og týndi í raun kúlunni. Við leituðum í smá stund en svo þegar strákarnir ætluðu að klára þá fundum við kúluna í holunni. Ég sá ekki neitt en þetta var hola í höggi engu að síður.

**Forgjöfin?** Ég er með 4,9 að mig minnir. Markmiðið er að halda mér þar, gott að vera með svona lága forgjöf af því að ég spila líka svo lítið.

**Hversu lengi hefur þú spilað golf?** Ég byrjaði fimmtán ára í golfi. Nesvöllurinn var rétt hjá heimilinu og við höfðum verið að leika okkur þarna sem pollar. Vorum mikið að flækjast fyrir gömlu körlunum.

**Hverjir eru golffélagarnir?** Við félagarnir erum með golfklúbb, erum tuttugu sem spilum reglulega saman. Mínir helstu golffélagar eru Jón Karl Björnsson, Palli Ólafs og Ólafur Björnsson.

**Hvað spilar þú marga hringi á ári?** Ég fer einu sinni til tvisvar í viku – þetta eru svona þrjátíu hringir á ári.

**Hvað er í pokanum?** Ég er með Ping G57 járnkylfur, Ping G3 driver og pútterinn er eldgamall jálkur sem ég man ekki hvað heitir. Hann hefur reynst vel svo ég hef haldið tryggð við hann.



**HALLDÓR INGÓLFSSON** Byrjaði að spila golf þegar hann var um fimmtán ára. Hann spilar um þrjátíu hringi á ári.

## Hollráð Hinna

### Agaleysi 2

Agaleysi er mjög til vansa á íslenskum golfvöllum að sögn Hinriks Gunnars Hilmarssonar, sem annast hefur eftirlit, vallarvörslu og dómgæslu hjá Golfklúbbi Reykjavíkur. Eftirfarandi er gott að hafa í huga:

1. Eitt af því sem of margir kylfingar hafa tamið sér er að fylgja ekki leiðbeiningum um hámarkshraða við daglegan leik (ekki í keppni þótt það megi skoða einnig) og telja að hámarkstími sé sá tími sem leika á 18 holur. Það er að sjálfsögðu ekki þannig – fyrst og fremst eiga kylfingar að halda í við leikhópinn á undan þannig að aldrei sé meira en ein hola auð á undan.
2. Sumir kylfingar stytta sér oft leið á golfvellinum og spila þar af leiðandi færri holur. Til dæmis er ekki óalgengt í Grafarholtinu að skella sér af 10. flöt og yfir á 17. teig og spila 12 holur. Þetta er að sjálfsögðu allt í lagi ef umferð á golfvellinum er ekki mikil. Hins vegar er þetta bannað ef umferð er mikil og völlurinn nánast fullur. Reglan er að sá leikhópur sem lengra er kominn á réttinn!
3. Það er ofar mínum skilningi hversu mörgum kylfingum reynist erfitt að hleypa fram úr þegar þeir eru seinir eða eru að leita að boltanum sínum. Að mínu viti er þetta sjálfsagt og kylfingar ættu að temja sér þetta og vera meðvitaðir um það hvenær þörf er á þessu. Það að hleypa fram úr hjálpar til við að halda uppi leikhraða og góðum anda á golfvellinum.





BYKO
25%
afsláttur af öllum
jólaseríum
og jólaskrauti!
Jól í BYKO
Jól í BYKO
EXPO · www.expo.is
Jólaleikur BYKO
Aðalvinningur
300.000 kr.
50 aukavinningar.
Heildarverðmæti vinninga
er ein milljón króna!
Komdu og verslaðu í næstu
BYKO verslun, settu nafnið þitt
í pott og draumurinn gæti ræst!
TAKTU ÞÁTT!
300.000 kr. aðalvinningurinn gildir sem inneign í eftirtöldum verslunum:
BYKO
ELKO
INTERSPORT
HÚSGAGNAHÖLLIN
KRÓNAN
Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/ eða myndabrengl.
LENGRI OPNUNARTÍMAR Í BREIDD OG KAUPTÚNI UM HELGINA LAUGARDAG: 10-18, SUNNUDAG: 11-18

# dagskrá

## > Leslie Nielsen



„Að gera ekki neitt er mjög erfitt.. það er engin leið að vita hvenær því hlutverki er lokið.“

***Leslie Nielsen heitinn skemmti mörgum með gamanleik sínum og má þá kannski einna helst nefna seríuna um lögreglumanninn Frank Drebin, en Naked Gun 2½: The Smell of Fear er á dagskrá Stöðvar 2 Bíó í kvöld kl. 20.***

## VIÐ TÆKIÐ FREYR BJARNASON HORFÐI Á EL CLÁSICO

# *Listviðburður í boði Barcelona*

Það var hrein unun að horfa á El Clásico á mánudagskvöld. Eiginlega var þetta ekki bara fótboltaleikur, því heimamenn í Barcelona buðu upp á listviðburð sem erfitt verður að leika eftir. Sendingarnar voru hnitmiðaðar, Börsungarnir kvikir í hreyfingum og leikmenn Real Madrid hálfgerðir áhorfendur allan tímann, eins ótrúlegt og það hljómar þegar snillingurinn Ronaldo og félagar eru annars vegar. Í raun væri ekki vitlaust að sýna upptökuna af þessum leik á listasafni eða fótboltaminjasafni til marks um fótbolta í hæsta gæðaflokki. Leikurinn bauð upp á meira en góðan fótbolta því hasarinn var töluverður og gulu spjöldin fuku á loft hvað eftir annað. Það átti sinn þátt í að gera þennan El Clásico að einum þeim skemmtilegasta í manna minnum og að leik sem fótboltaunnendur eiga eftir að tala um í langan tíma.

Mánudagskvöld eru venjulega ekki mikil fótboltakvöld en þessi undantekning var kærkomin því eftirvæntingin eftir leiknum gerði mánudaginn mun bærilegri en ella. Fleiri svona kvöld, takk fyrir.



**STÓRSIGUR** 5-0 sigur Barcelona hefði auðveldlega getað verið stærri gegn erkifjendunum í Real Madrid.

### SJÓNVARPIÐ

**15.30 Í skýjunum skellur hans hlátur** Heimildarþáttur um hrossagaukinn. (e)
**16.00 Kiljan** (e)
**16.50 Jóladagatalið - Jól í Snædal** (Jul i Svingen) (e)
**17.20 Táknmálsfréttir**
**17.30 Heilabrot** (5:8) (Hjärnstorm) (e)
**18.00 Stundin okkar**
**18.25 Jóladagatalið - Jól í Snædal** (Jul i Svingen)
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veðurfréttir**
**19.35 Kastljós**
**20.10 Bræður og systur** (82:87) (Brothers and Sisters) Bandarísk þáttaröð um hóp systkina og viðburðaríkt líf þeirra.
**21.00 Aðþrengdar eiginkonur**
**21.45 Tíu mínútna sögur – Á göngu** (2:11) (Ten Minute Tales) Flokkur þögulla breskra stuttmynda.
**22.00 Tíufréttir**
**22.10 Veðurfréttir**
**22.20 Sporlaust** (14:24)
**23.05 Konur í kvikmyndum** (From Weepies to Chick Flicks) Bresk heimildamynd. (e)
**00.00 Kastljós** (e)
**00.25 Fréttir** (e)
**00.35 Dagskrárlok**

### STÖÐ 2 BÍÓ

**08.00 What a Girl Wants**
**10.00 The Cable Guy**
**12.00 Mee-Shee: The Water Giant**
**14.00 What a Girl Wants**
**16.00 The Cable Guy**
**18.00 Mee-Shee: The Water Giant**
**20.00 Naked Gun 2 ½: The Smell of Fear**
**22.00 Missionary Man**
**00.00 The Ranch**
**02.00 Fracture**
**04.00 Missionary Man**
**06.00 When Harry Met Sally**

### STÖÐ 2

**07.00 Latibær** (14:18)
**07.25 Elías**
**07.40 Galdrabókin** (2:24)
**07.50 Nornfélagið**
**08.15 Oprah**
**08.55 Í fínu formi**
**09.10 Bold and the Beautiful**
**09.30 The Doctors**
**10.15 Sjálfstætt fólk**
**11.00 Gilmore Girls**
**11.45 Logi í beinni**
**12.35 Nágrannar**
**13.00 NCIS** (24:25)
**13.45 La Fea Más Bella** (280:300)
**14.30 La Fea Más Bella** (281:300)
**15.15 The O.C. 2** (10:24)
**16.00 Barnatími Stöðvar 2** Camp Lazlo, Gulla og grænjaxlarnir
**16.40 Latibær** (14:18)
**17.05 Bold and the Beautiful**
**17.30 Nágrannar**
**17.58 The Simpsons** (9:21)
**18.23 Veður** Markaðurinn.
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**18.47 Íþróttir**
**18.54 Ísland í dag**
**19.16 Veður**
**19.25 Two and a Half Men** (13:24)
**19.50 How I Met Your Mother** (10:24)
**20.20 Eldsnöggt með Jóa Fel** (10:12)
**21.00 NCIS: Los Angeles** (16:24) Spennuþættir sem gerast í Los Angeles.
**21.50 Human Target** (7:12)
**22.35 Life on Mars** (3:17)
**23.25 Spaugstofan**
**23.55 Hlemmavídeó** (6:12)
**00.25 The Mentalist** (8:22)
**01.10 Numbers** (6:16)
**02.00 Mad Men** (1:13)
**02.50 Skeleton Man**
**04.25 NCIS: Los Angeles** (16:24)
**05.10 The Simpsons** (9:21)
**05.35 Fréttir og Ísland í dag**

### STÖÐ 2 SPORT *besta sætið*

**07.00 Enski deildabikarinn: Birmingham - Aston Villa**
**14.35 RN Löwen - Kiel**
**16.10 Man. City - Salzburg**
**17.55 Steaua - Liverpool**
**20.00 Sheriff - AZ Alkmaar**
**22.00 European Poker Tour 6 - Pokers** Sýnt frá evrópsku mótaröðinni í póker en að þessu sinni verður farið til Barcelona þar sem pókermenningin er í hávegum höfð.
**22.50 Main Event** Sýnt frá World Series of Poker Main Event þar sem allir bestu spilarar heims eru mættir til leiks.
**23.40 Til síðasta manns** (3/8) Raunveruleikaþáttaröð þar sem fylgst er með hópi ungra íþróttamanna sem sérhæfa sig í ólíkum bardagalistum. Í þáttunum heimsækja þeir afskekkta staði víðs vegar um heiminn þar sem þeir kynnast nýjum bardagaaðferðum og etja kappi við frumbyggja.
**00.35 Steaua - Liverpool**

### STÖÐ 2 SPORT 2 *enski boltinn*

**16.30 Newcastle - Chelsea**
**18.15 Stoke - Man. City**
**20.00 Premier League World 2010/11** Áhugaverður þáttur þar sem enska úrvalsdeildin er skoðuð frá hinum ýmsu óvæntu og skemmtilegum hliðum.
**20.30 Football Legends - Maradona** Þættir um bestu knattspyrnumenn veraldar fyrr og síðar en í þessum þætti verður fjallað um sjálfan kónginn, Diego Armando Maradona.
**20.55 Ensku mörkin 2010/11** Sýnt frá öllum leikjunum í ensku úrvalsdeildinni. Öll mörkin, allir leikirnir og öll helstu tilþrifin krufin til mergjar.
**21.25 Premier League Review 2010/11** Flottur þáttur um ensku úrvalsdeildina þar sem leikir helgarinnar verða skoðaðir.
**22.25 West Ham - Wigan**

### SKJÁR EINN

**06.00 Pepsi MAX tónlist**
**07.10 Nýtt útlit** (11:12) (e)
**08.00 Dr. Phil** (e)
**08.40 Rachael Ray** (e)
**09.25 Pepsi MAX tónlist**
**12.00 Nýtt útlit** (11:12) (e)
**12.50 Pepsi MAX tónlist**
**15.45 Parenthood** (9:13) (e)
**16.35 Rachael Ray**
**17.20 Dr. Phil**
**18.00 America's Next Top Model** (9:13) (e)
**18.50 Real Hustle** (10:10)
**19.15 Game Tíví** (12:14)
**19.45 Whose Line is it Anyway?(2:39)**
**20.10 The Office** (16:26)
**20.35 30 Rock - NÝTT!** (1:22) Bandarísk gamanþáttaröð. Þetta er fjórða þáttaröðin og hún byrjar með látum.
**21.00 House** (15:22)
**21.50 CSI: Miami** (10:24)
**22.40 Jay Leno** S
**23.25 Nurse Jackie** (9:12) (e)
**23.55 United States of Tara** (9:12) (e)
**00.25 Last Comic Standing** (12:14) (e)
**01.10 The Cleaner** (5:13) (e)
**01.55 She's The Man** (e)
**03.40 Pepsi MAX tónlist**

### SKJÁR*GOLF*

**06.00 ESPN America**
**08.40 Golfing World** (e)
**09.30 Nedbank Challenge 2010** (1:4)
**14.30 Nedbank Challenge 2010** (1:4) (e)
**17.10 Golfing World** (e)
**18.00 Golfing World**
**18.50 Nedbank Challenge 2010** (1:4) (e)
**23.50 Golfing World** (e)
**00.40 European Tour - Highlights 2010** (9:10) (e)
**01.30 ESPN America**

### STÖÐ 2 EXTRA

**19.25 American Dad** (2:20)
**19.50 The Doctors** Spjallþættir framleiddir af Opruh Winfrey þar sem fjórir læknar veita aðgengilegar og gagnlegar upplýsingar um þau heilsufarsmál sem hvað helst brenna á okkur.
**20.30 Entourage** (8:12)
**21.00 Fréttir Stöðvar 2**
**21.25 Ísland í dag**
**21.50 Gossip Girl** (4:22) Fjórða þáttaröðin um líf fordekraðra unglinga sem búa á Manhattan og leggja línurnar í tísku og tónlist enda mikið lagt upp úr útliti og stíl aðalsögupersónanna.
**22.35 Hawthorne** (1:10) Dramatísk þáttaröð sem fjallar um hjúkrunarfræðinga á Richmond Trinity-spítalanum í Virginíu.
**23.20 Medium** (10:22) Sjötta þáttaröð þessa dulmagnaða spennuþáttar sem fjallar um sjáandann Allison Dubois.
**00.05 Nip/Tuck** (9:19) Sjötta sería þessa vinsæla framhaldsþáttar sem fjallar um skrautlegt og skrítið líf lýtalæknanna Seans McNamara og Christians Troys.
**00.50 Entourage** (8:12)
**01.15 The Doctors**
**01.55 Fréttir Stöðvar 2**
**02.45 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV**

### N4

**18.15 Að norðan með Hildu Jönu Gísladóttur** Fjölbreyttur þáttur um norðlenskt mannlíf.

### ÍNN

**20.00 Hrafnaþing** Þversagnir í fjárútlátum ríkisins eru æpandi.
**21.00 Undir feldi** Frosti og Heimir með hressandi Evrópuumræðu.
**21.30 Rokk og tjatjatja** Sennilega flottasti þáttur um íslensk tónskáld og tónverk og það á ÍNN.
**Dagskrá ÍNN er endurtekin um helgar og allan sólarhringinn.**

### OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

### ÚTVARP FM

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| FM 88,5 XA-Radíó | FM 90,9 Gullbylgjan | FM 93,5 Rás 1 | FM 96,3 FM Suðurland | FM 97,7 X-ið | FM 99,4 Útvarp Saga | FM 102,9 Lindin |
| FM 90,1 Rás 2 | FM 91,9 Kaninn | FM 95,7FM957 | FM 96,7 Létt Bylgjan | FM 98,9 Bylgjan | FM 102,2 Útvarp Latibær | FM 105,5 Útvarp Boðun |



## Í KVÖLD



**STÖÐ 2 KL. 22.30**
**Life on Mars**

Bandarískur sakamálaþáttur sem fjallar um lögregluvarðstjórann Sam sem lendir í bílslysi í miðri morðrannsókn og vaknar upp sem lögreglumaður snemma á 8. áratugnum. Þættirnir eru frábær endurgerð á samnefndum breskum þáttum.

## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.39** Morgunútvarp hefst **06.40** Veðurfregnir **06.50** Bæn **07.03** Vítt og breitt **07.30** Fréttayfirlit **08.00** Morgunfréttir **08.05** Morgunstund með KK **08.30** Fréttayfirlit **09.05** Okkar á milli **09.45** Morgunleikfimi **10.03** Veðurfregnir **10.13** Litla flugan **11.03** Samfélagið í nærmynd **12.00** Hádegisútvarpið **12.20** Hádegisfréttir **12.45** Veðurfregnir **12.50** Dánarfregnir og auglýsingar **13.00** Heimur hugmyndanna **14.03** Á tónsviðinu **15.03** Útvarpssagan: Himnaríki og helvíti **15.25** Bláar nótur í bland **16.00** Síðdegisfréttir **16.05** Víðsjá **18.00** Kvöldfréttir **18.20** Auglýsingar **18.21** Spegillinn **18.50** Veðurfregnir **18.53** Dánarfregnir **19.00** Sinfóníukvöld - Á leið í tónleikasal **19.27** Sinfóníutónleikar **22.05** Veðurfregnir **22.11** Leikritakvöld útvarpsins: Loginn helgi **00.05** Næturtónar

## BBC entertainment

**12.30** The Weakest Link **13.20** Deal or No Deal **13.55** Monarch of the Glen **14.45** ‚Allo ‚Allo! **15.20** ‚Allo ‚Allo! **15.50** Only Fools and Horses **16.20** Hotel Babylon **17.10** The Weakest Link **17.55** Deal or No Deal **18.30** Only Fools and Horses **19.00** The Office **19.30** Top Gear 2008. Vietnam Special **20.45** Silent Witness **21.35** The Office **22.05** Top Gear 2008: Vietnam Special **23.20** Come Dine With Me **23.45** Come Dine With Me

## DR 1

**12.05** Aftenshowet 2. del **12.30** Grøn glæde **13.00** Danmark Ekspeditionen **13.30** Stemmer fra Vollsmose **14.00** DR Update - nyheder og vejr **14.10** Boogie Mix **15.00** Hjerteflimmer Classic **15.30** Fillmore **15.50** Nik &a Jan **16.00** Karlsson på taget **16.30** Ulands Fandango **17.00** Aftenshowet **17.30** TV Avisen med Sport og Vejret **18.00** Aftenshowet 2. del **18.30** Jamie Olivers familiejul **19.00** Sporløs **19.30** Fra hus og hjem **20.00** TV Avisen **20.25** Jersild Live **20.50** SportNyt **21.00** Den sidste fjende **22.25** Kriminalkommissær Foyle **00.00** Boogie Mix

## NRK 1

**12.10** Filmavisen 1960 **12.20** Folk **12.50** Klasse 10 B **13.30** Fredag i hagen **14.00** NRK nyheter **14.10** Poirot **15.00** Hjarte i Afrika **15.50** Tid for tegn **16.00** NRK nyheter **16.10** V-cup skiskyting **16.40** Oddasat - nyheter på samisk **16.55** Nyheter på tegnspråk **17.00** Jul på Månetoppen **17.30** Filmavisen 1960 **17.40** Distriktsnyheter **18.45** Schrödingers katt **19.15** Sjøsprøyt **19.55** Distriktsnyheter **20.30** Debatten **21.30** Storbynatt **22.00** Kveldsnytt **22.15** Radioresepsjonen på TV **22.45** Nasjonalgalleriet **23.15** Stjernesmell **00.00** Solgt!

## SVT 1

**12.05** Engelska Antikrundan **13.00** Robins **14.20** Rebecca och Fiona **14.35** Hannah Montana **15.00** Rapport **15.05** Vem tror du att du är? **16.10** Skidskytte **17.00** Rapport med A-ekonomi **17.10** Regionala nyheter **17.15** Go'kväll **17.45** Julkalendern **18.00** Kulturnyheterna **18.15** Regionala nyheter **18.30** Rapport med A-ekonomi **19.00** Mitt i naturen **19.30** Kinas mat **20.00** Plus **21.00** Debatt **21.45** Etnisk plastikkirurgi **22.30** Min jul **22.35** Veckans brott **23.35** Uppdrag Granskning


# Välj.

Eða **veldu** eins og sagt er á íslensku. Nýtt samstarf SAS og Icelandair þýðir að núna áttu möguleika á að velja á milli miklu fleiri áfangastaða en áður. Við bjóðum nú uppá þann möguleika að bóka flug til Evrópu og lengra á frábæru verði á **www.flysas.is**

| | | |
|---|---|---|
| Berlín | Ósló | Bergen |
| München | Kaupmannahöfn | London |
| Hamborg | Stokkhólmur | París |
| Varsjá | Helsinki | Frankfurt |
| Zürich | Gautaborg | Peking |
| Mílanó | Stafangur | Tokyo |
| Vilníus | Þrándheimur | Bangkok |

**Ávallt með SAS**
Engin dulin gjöld - innritun án endurgjalds - sætabókun án endurgjalds
Farangursheimild án endurgjalds - EuroBonus-punktar - 25% barnaafsláttur

**flysas.is**

ICELANDAIR

SAS Scandinavian Airlines
A STAR ALLIANCE MEMBER

# LÁTTU ÞÉR LÍKA VIÐ VÍSI
## og þú gætir fengið óvæntan jólaglaðning

**DREGIÐ VERÐUR DAGLEGA TIL 20. DESEMBER**

Settu „Like“ við Vísi á Facebook og þú gætir unnið flatskjá, flottan N8 síma, góða jólabók eða einhvern annan spennandi glaðning fyrir jólin.



Flott 22“ Panasonic Pure Line sjónvarp með innbyggðri iPod vöggu.
Sjónvarpsmiðstöðin



N8 sími.

Bækur frá Sölku.



Fjöldi annarra vinninga.

**Það er auðvelt að láta sér líka við Vísi á facebook.com/visir.is**

vísir.is

**BESTI BITINN Í BÆNUM**



*„Mér finnst plokkfiskurinn á Frú Berglaugu alveg æðislegur. Hann er svona ekta íslenskur skyndibiti.“*

Rakel Mjöll Leifsdóttir, söngkona Útidúrs

# Niðurskurður í jóladagatali Sjónvarpsins

„Í ár er jóladagatalið norskt,“ segir Sigrún Stefánsdóttir, dagskrárstjóri Sjónvarpsins. Jóladagatalið hefur verið fastur dagskrárliður í Sjónvarpinu allt frá árinu 1986 og eflaust muna margir eftir þekktum persónum úr jóladagatalinu sem stytti börnum stundir á meðan beðið var eftir jólunum. Aðeins einu sinni áður hefur efnið verið erlent, en árið 1993 sýndi Sjónvarpið jóladagatal um Múmínálfana. Hún segir ástæðuna fyrir erlenda efninu afar einfalda. „Þetta er afskaplega dýrt efni í framleiðslu og eins og allir vita vöðum við ekki í peningum hérna.“

Sjónvarpið hefur haft þá hefð að gefa út dagatal samhliða sjónvarpsefninu en þar verður einnig niðurskurður. „Við erum að tapa peningum á því að gefa það út,“ segir Sigrún og bætir við að áhuginn á jóladagatalinu hafi farið minnkandi með árunum.

Sjónvarpið hefur oft á tíðum endursýnt gamalt jóladagatal og segir Sigrún að það hafi komið til umræðu í ár. „Já, það kom til greina. En af tveimur mögulegum kostum fannst mér þessi kostur vera betri. Ég vildi frekar bjóða upp á nýtt og flott efni,“ segir Sigrún. Hún segist ekki hafa orðið vör við gagnrýni. „Það væri voðalega gaman að geta gert allt, en þannig er nú bara ekki það líf sem við búum við í dag,“ segir Sigrún en bætir við að jóladagatalið í ár verði mjög skemmtilegt og öll fjölskyldan eigi eflaust eftir að hafa gaman af. Jóladagatalið heitir á frummálinu „Jul i Svingen“ en í íslenskri þýðingu kallast það „Jól í Snædal“. - ka



**VÖÐUM EKKI Í PENINGUM** Sigrún Stefánsdóttir dagskrárstjóri Sjónvarpsins segir niðurskurðinn hafa verið óumflýjanlegan en telur að enginn eigi að verða fyrir vonbrigðum með jóladagatalið í ár.


**ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ**

551 1200 / midasala@leikhusid.is / www.leikhusid.is

**Leitin að jólunum**

| | | |
|---|---|---|
| Lau 4.12. Kl. 11:00 U | Lau 11.12. Kl. 11:00 U | Lau 18.12. Kl. 11:00 U |
| Lau 4.12. Kl. 13:00 U | Lau 11.12. Kl. 13:00 U | Lau 18.12. Kl. 13:00 U |
| Lau 4.12. Kl. 14:30 U | Lau 11.12. Kl. 14:30 U | Lau 18.12. Kl. 14:30 U |
| Sun 5.12. Kl. 11:00 U | Sun 12.12. Kl. 11:00 U | Sun 19.12. Kl. 11:00 U |
| Sun 5.12. Kl. 13:00 U | Sun 12.12. Kl. 13:00 U | Sun 19.12. Kl. 13:00 U |
| Sun 5.12. Kl. 14:30 U | Sun 12.12. Kl. 14:30 U | Sun 19.12. Kl. 14:30 U |

**Finnski hesturinn** (Stóra sviðið)

| | |
|---|---|
| Lau 4.12. Kl. 20:00 Ö | Sun 5.12. Kl. 20:00 Síðasta sýn. Ö |

**Fíasól** (Kúlan)

| | | |
|---|---|---|
| Sun 5.12. Kl. 13:00 Ö | Sun 19.12. Kl. 13:00 | Fim 30.12. Kl. 16:00 Ö |
| Sun 5.12. Kl. 15:00 Ö | Sun 19.12. Kl. 15:00 | Sun 2.1. Kl. 13:00 |
| Sun 12.12. Kl. 13:00 | Þri 28.12. Kl. 16:00 Ö | Sun 2.1. Kl. 15:00 |
| Sun 12.12. Kl. 15:00 | Mið 29.12. Kl. 16:00 U | |

**Hænuungarnir** (Kassinn)

| | | |
|---|---|---|
| Fös 3.12. Kl. 20:00 Ö | Lau 4.12. Kl. 20:00 Ö | Fös 10.12. Kl. 20:00 Aukas. Ö |

**Íslandsklukkan** (Stóra sviðið)

| | | |
|---|---|---|
| Fös 10.12. Kl. 19:00 Aukas. U | Fim 30.12. Kl. 19:00 U | Sun 16.1. Kl. 19:00 Ö |
| Lau 11.12. Kl. 19:00 Aukas. U | Fös 7.1. Kl. 19:00 Ö | Lau 22.1. Kl. 19:00 |
| Sun 12.12. Kl. 19:00 Aukas. U | Lau 15.1. Kl. 19:00 Ö | Sun 23.1. Kl. 19:00 |

**Gerpla** (Stóra sviðið)

| | |
|---|---|
| Fös 2.12. Kl. 20:00 Ö | Fim 3.12. Kl. 20:00 Aukas. U |

**Lér konungur** (Stóra sviðið)

| | | |
|---|---|---|
| Sun 26.12. Kl. 20:00 Frums. U | Lau 8.1. Kl. 20:00 4. sýn Ö | Fös 14.1. Kl. 20:00 7. sýn Ö |
| Þri 28.12. Kl. 20:00 2. sýn Ö | Sun 9.1. Kl. 20:00 5. sýn Ö | Fös 21.1. Kl. 20:00 8. sýn |
| Mið 29.12. Kl. 20:00 3. sýn Ö | Fim 13.1. Kl. 20:00 6. sýn Ö | |

FINNSKI HESTURINN „Fimm stjörnu Ólafía Hrönn“ GB, Mbl


## ÍSLEIFUR B. ÞÓRHALLSSON: FÓLK VILL FARA Á JÓLATÓNLEIKA Í KREPPUNNI

# 300 milljónir í kassann hjá Björgvini og Frostrósum

Risarnir í jólatónleikahaldi, Jólagestir Björgvins Halldórssonar og Frostrósir, velta 300 milljónum íslenskra króna í miðasölu þetta árið.

Þetta er samkvæmt útreikningum Fréttablaðsins á tölum frá vefsíðunni midi.is og tónleikahöldurum. Þrjátíu og níu þúsund gestir greiða að meðaltali tæpar átta þúsund krónur inn á 34 tónleika en þessi fjöldi verður að teljast algjört einsdæmi í íslenskri tónleikasögu.

Um fjórtán þúsund manns sækja tónleika Björgvins og um 25 þúsund manns ætla að sjá Frostrósir þetta árið, en tónleikaveislan hefst um helgina. Reyndar virðist áhugi á jólatónleikum vera mjög mikill um þessar mundir; það seldist upp á tvenna aðventutónleika Baggalúts fyrir norðan án þess að þeir væru auglýstir að neinu ráði og Sigríður Beinteinsdóttir verður með veglega jólatónleika í Grafarvogskirkju föstudaginn 10. desember sem bætt hefur verið við miðum á vegna mikillar eftirspurnar. Þá má ekki gleyma árlegum Þorláksmessutónleikum Bubba Morthens í Háskólabíói. Og þannig mætti áfram telja.



**MÖGNUÐ EFTIRSPURN** 39 þúsund Íslendingar ætla annað hvort að fara á Frostrósir eða Jólagesti **Björgvins Halldórssonar.** Miðasalan nemur þrjú hundruð milljónum íslenskra króna. Frostrósahópurinn lagði af stað í tónleikaferðina í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Ísleifur B. Þórhallsson, sem skipuleggur Jólagesti Björgvins, bendir á að þessum tölum verði að taka með fyrirvara. Sumir miðar hafi verið seldir til fyrirtækja með afslætti og þá séu alltaf einhver sæti stök í salnum sökum þess miðakerfis sem stuðst sé við. „En jú, það er rétt, þetta eru ansi margir gestir. Rúmlega tíu prósent af þjóðinni fara á aðra hvora tónleikana.“ Hann segir það jafnframt merkilegt að tónleikaraðirnar tvær virðist aldrei hirða gesti hvor af annarri. „Bilið breikkaði aðeins í fyrra en núna selst upp á ferna jólatónleika hjá okkur og Frostrósum. Okkur finnst stundum eins og tónleikarnir styðji hverjir aðra þótt þeir séu í bullandi samkeppni, það myndast bara einhver stemning. Við höfum heyrt það hjá midi.is að öll önnur miðasala leggist af í smástund þegar opnað sé fyrir sölu á þessa jólatónleika.“

Fréttablaðið tók saman svipaðar tölur góðærisárið mikla árið 2007 og náði miðasalan þá ekki helmingi sölunnar í ár, nam þá 120 milljónum króna. Ísleifur segir það ekkert skrýtið. „Þetta helst í hendur við kreppuna, fólk er ekki að kaupa dýrari bíl, íbúð eða fara til útlanda, það leyfir sér í staðinn að fara á jólatónleika.“

freyrgigja@frettabladid.is






# Halda Harry Potter hlutverkaleik

„Við gerðum þetta í fyrra og þá vorum við þrír. Við ætlum að reyna að gera þetta aftur núna og fá vonandi fleiri til að vera með,“ segir Ólafur Sverrir Guðmundsson, en hann og vinur hans, Kristján Karl, ætla að halda Harry Potter hlutverkaleik á föstudaginn. Hlutverkaleikir sem þessir kallast á enskri tungu „larp“ en það er stytting á orðunum „live action role-playing“. Fjölmargir hafa staðfest komu sína, en Ólafur og Kristján skráðu atburðinn á Facebook. „Upphaflega hugsunin var sú að engir tveir mættu vera í sama hlutverki, en ef mjög margir mæta eru ekki nógu margar persónur fyrir alla svo fólk má í rauninni vera hver sem er,“ segir Ólafur. Hann bætir þó við að enginn megi vera Voldemort því hann sé of máttugur.

Hann segir þá Kristján vera búna að ákveða sín hlutverk. „Ég ætla að vera Cedric Diggory og Kristján verður sjálfur Harry Potter.“ Þeir félagarnir héldu svipaðan hlutverkaleik í fyrra. „Við vorum með Pokémon-þema síðast. Þá vorum við samt bara þrír,“ segir Ólafur en bætir við að það hafi heppnast stórkostlega og því langi þá að endurtaka leikinn. „Við ætluðum að útbúa fullt af sprotum sem fólk gæti fengið hjá okkur, en ég efast um að við náum að gera mjög marga sprota. Það er líka bara hægt að nota greinar eða eitthvað,“ segir Ólafur.



**TILBÚNIR Í GALDRASLAG** Þeir Ólafur Sverrir og Kristján Karl vonast eftir því að sem flestir geti mætt í Harry Potter hlutverkaleikinn á föstudaginn. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Hlutverkaleikurinn fer fram á föstudaginn klukkan átta og verður haldinn fyrir aftan Miðbæ á Háaleitisbrautinni. „Við hvetjum alla til að mæta. Við ætlum allavega bara að fíflast og fá okkur bjór,“ segir Ólafur.

- ka


Þú færð Fréttablaðið á kostnaðarverði á 120 stöðum um land allt. Nánari upplýsingar á visir.is/dreifing



Allt sem þú þarft...

# Vorum að taka inn nýja línu í borðstofuhúsgögnum frá Karel Mintjens í eik og hvíttaðri eik






















## Full búð af nýjum vörum
## 25% afsláttur af öllum vörum!

**Opið virka daga 10 - 18 | laugardaga 11 - 16 | sunnudaga til jóla 13 - 16**

Síðumúla 30 - 108 Reykjavík - Sími 568 4242 - www.heimahusid.is

HEIMA HÚSIÐ

Ocodrop mood lifum

GALLERY GÓLF
PARKET • FLÍSAR

# FRÉTTABLAÐIÐ

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 VISIR.IS

Ritstjórn: 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is Auglýsingadeild: auglysingar@frettabladid.is PRENTUN: Ísafoldarprentsmiðja

9 771670 387005

Póstdreifing

DREIFING: dreifing@posthusid.is
EF BLAÐIÐ BERST EKKI: 512 5060



FRÉTTIR VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN

VÍSIR.IS

Meiri Vísir.


## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Eins og svart og hvítt

Hanna Birna Kristjánsdóttir oddviti Sjálfstæðismanna í borgarstjórn og Jón Gnarr borgarstjóri og oddviti Besta flokksins voru gestir Kastljóssins í gær þar sem þau ræddu nýja fjárhagsáætlun borgarinnar. Það vakti athygli hve harkalega oddvitarnir tókust á enda fór það svo að Sigmar Guðmundsson þáttastjórnandi benti þeim á að lítið færi fyrir boðuðum samstöðustjórnmálum. Það vakti ekki minni athygli að oddvitarnir klæddust nánast eins jökkum, hún hvítum jakka með svörtum bryddingum en hann í svörtum jakka með hvítum bryddingum. Það eina sem vantaði var að Sigmar klæddist jakka í stíl, en hann á víst einn slíkan.



### Nafnlaus í framboði

Fram hefur komið að **Rúnar Þór Jónsson** hlaut ekki nema eitt atkvæði í framboði sínu til stjórnlagaþings. Þarf það ef til vill ekki að koma á óvart því frambjóðandinn óskaði samkvæmt heimildum blaðsins nafnleyndar við kjörstjórnina. Hans er því hvergi getið á vefnum kosning.is þar sem aðrir frambjóðendur voru kynntir og hvergi er mynd af honum að finna í kynningarefni. Óvíst er hvað frambjóðandanum gekk til með þessu og þá sömuleiðis hvort hann hefur greitt sjálfum sér atkvæði, eða hvort einhver hafi valið hann af rælni á kjörstað. Rúnar Þór var því útilokaður í þriðju lotu talningar með sitt eina atkvæði. Sex kusu þann sem næstfæst atkvæði fékk. - óká



## Mest lesið VÍSIR.IS

1. Tók sex mínútur að finna vændiskonu
2. Þingmaður misskildi úrslit kosninganna
3. Sá sem var fyrst útilokaður fékk eitt atkvæði
4. Shahla Jahled hengd í nótt
5. Ekkert ákveðið með framhald


Fréttablaðið er nú með 187% meiri lestur en Morgunblaðið.




Meðallestur á tölublað, höfuðborgarsvæðið, 18–49 ára. Könnun Capacent í ágúst til október 2009 og 2010.



